

**I EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

<b>2005/EES/58/01</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB frá 5. febrúar 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 95/70/EB um lágmarksráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum sjúkdómum sem herja á samlokur (tvískelja lindýr) . . . . .	1
<b>2005/EES/58/02</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/114/EB frá 19. febrúar 2003 um þriðju breytingu á ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublaðingar og/eða iðradreps. . . . .	3
<b>2005/EES/58/03</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/236/EB frá 3. apríl 2003 um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna . . . . .	4
<b>2005/EES/58/04</b>	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB frá 8. maí 2002 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar á rafmagnsbakarofnum til heimilisnota . . . . .	5
<b>2005/EES/58/05</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2382/2002 frá 30. desember 2002 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 . . . . .	17
<b>2005/EES/58/06</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 223/2003 frá 5. febrúar 2003 um kröfur sem gerðar eru um merkingar í tengslum við lífræna framleiðslu fódurs, fódurblandna og fóðurefna og breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 . . . . .	19
<b>2005/EES/58/07</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 545/2003 frá 27. mars 2003 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 . . . . .	25
<b>2005/EES/58/08</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2003 frá 1. apríl 2003 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum. . . . .	27
<b>2005/EES/58/09</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2003 frá 15. janúar 2003 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu . . . . .	29

<b>2005/EES/58/10</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 544/2003 frá 27. mars 2003 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu . . . . .	32
<b>2005/EES/58/11</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 665/2003 frá 11. apríl 2003 um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu . . . . .	35
<b>2005/EES/58/12</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 739/2003 frá 28. apríl 2003 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu . . . . .	39
<b>2005/EES/58/13</b>	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/23/EB frá 25. mars 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum ímasamoxi, oxasúlfúroni, etoxýsúlfúroni, foramsúlfúroni, oxadiargýli og sýasófamiði . . . . .	42
<b>2005/EES/58/14</b>	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði. . . . .	46
<b>2005/EES/58/15</b>	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/11/EB frá 6. febrúar 2003 um tuttugustu og fjórðu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (pentabrómdífenýletra, oktabrómdífenýletra). . . . .	51
<b>2005/EES/58/16</b>	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB frá 11. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum 2,4-DB, beta-sýflútríni, sýflútríni, ípródíoni, línúroni, malínhýdrasíði og pendímetalíni . . . . .	53
<b>2005/EES/58/17</b>	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/39/EB frá 15. maí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum própínebi og própýsamiði . . . . .	60
<b>2005/EES/58/18</b>	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/16/EB frá 19. febrúar 2003 um aðlögun að tækniframförum á III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur . . . . .	63
<b>2005/EES/58/19</b>	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/359/EB frá 13. maí 2002 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara sem komast í snertingu við neysluvatn skv. 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE . . . . .	64
<b>2005/EES/58/20</b>	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/88/EB frá 9. desember 2002 um breytingu á tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreiflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum . . . . .	67
<b>2005/EES/58/21</b>	Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 185 frá 27. júní 2002 um breytingu á ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 (eyðublað E 108) og ákvörðun nr. 170 frá 11. júní 1998 (samantekt skrána sem kveðið er á um í 4. mgr. 94 gr. og 4. mgr. 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972) (2003/148/EB). . . . .	121
<b>2005/EES/58/22</b>	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/77/EB frá 16. september 2002 um samkeppni á mörkuðum fyrir rafræn fjarskiptanet og þjónustu . . . . .	127

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/58/01

frá 5. febrúar 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 95/70/EB um lágmarksráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum sjúkdómum sem herja á samlokur (tvískelja lindýr) (\*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 432)

(2003/83/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 95/70/EBE frá 22. desember 1995 um lágmarksráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum sjúkdómum sem herja á samlokur (tvískelja lindýr) <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/293 /EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 95/70/EB eru tilgreindir alvarlegir lindýrasjúkdómar sem tiltekin ákvæði um vöktun og eftirlit með sjúkdómum, eins og kveðið er á um í þeirri tilskipun, gilda um.
- 2) Til að taka tillit til þróunar sjúkdómsástandsins í Bandalaginu og í þriðju löndum, sem og vísindapekkingar og fenginnar reynslu á síðustu árum, ber að uppfæra listann yfir lindýrasjúkdóma, sjúkdómsvalda og smitnæmar tegundir í viðauka D við tilskipun 95/70/EB.
- 3) Gefa skal sjúkdómum, sem gætu valdið lindýrastofninum alvarlegum skaða ef þeir bærust eða breiddust út í Bandalaginu, sérstakan gaum, svo sem þeim sem eru tilkynningarskyldir til Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (International Office of Epizootics (OIE)) og þeim sem eru sjaldgæfir eða framandi í Bandalaginu.
- 4) Tegundirnar sem tilgreindar eru sem smitnæmar fyrir sjúkdómum og sjúkdómsvöldum, sem um ræðir, skulu a.m.k. vera þær sem mælt er fyrir um í nýjustu útgáfu Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar af alþjóðadýraheilbrigðisreglum fyrir lagadýr.

5) Veita skal nægan tíma til að fullnægja þessum nýju kröfum.

6) Breyta ber tilskipun 95/70/EB til samræmis við þetta.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðauka D við tilskipun 95/70/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 8. apríl 2003.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 32, 7.2.2003, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 6.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 332, 30.12.1995, bls. 33.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 100, 11.4.2001, bls. 30.

## VIDAUKI

## „VIDAUKI D

Sjúkdómur	Sjúkdómsvaldur	Smitnæmar tegundir
Bónamíósis	<i>Bonamia exitiosus</i>	<i>Tiostrea chilensis</i> og <i>Ostrea angasi</i>
	<i>Mikrocytos roughleyi</i>	<i>Saccostrea (Crassostrea) commercialis</i>
Marteilíósis	<i>Marteilia sydneyi</i>	<i>Saccostrea (Crassostrea) commercialis</i>
Dvergkornadreyri	<i>Mikrocytos mackini</i>	<i>Crassostrea gigas</i> ; <i>C. virginica</i> ; <i>Ostrea edulis</i> ; <i>O. conchaphila</i>
Perkinsósis	<i>Perkinsus marinus</i>	<i>Crassostrea virginica</i> og <i>C. gigas</i>
	<i>Perkinsus olseni/atlanticus</i>	<i>Haliotis ruber</i> ; <i>H. cyclobates</i> ; <i>H. scalaris</i> ; <i>H. laevigata</i> ; <i>Ruditapes philippinarum</i> og <i>R. decussates</i>
MSX-sjúkdómur	<i>Haplosporidium nelsoni</i>	<i>Crassostrea virginica</i> og <i>C. gigas</i>
SSO-sjúkdómur	<i>Haplosporidium costale</i>	<i>Crassostrea virginica</i>
Hrönnunarheilkenni sæeyrum	í <i>Candidatus Xenohaliotis californiensis</i>	Dýr af ættkvíslinni <i>Haliotis</i> , þ.m.t. svört sæeyru ( <i>H. cracherodii</i> ), rauð sæeyru ( <i>H. rufescens</i> ), bleik sæeyru ( <i>H. corrugata</i> ), græn sæeyru ( <i>H. fulgens</i> ) og hvít sæeyru ( <i>H. sorenseni</i> )

*Aths.:* Til smitnæmra tegunda teljast einnig aðrar tegundir sem eru tilgreindar fyrir sjúkdómsvaldinn sem um ræðir í nýjustu útgáfu Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar af alþjóðaheilbrigðisreglum fyrir lagardýr.“

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/58/02

frá 19. febrúar 2003

um þriðju breytingu á ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðradreps (\*)

(2003/114/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB <sup>(2)</sup>, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði sem ekki er viðurkennt, að því er varðar fisksjúkdómanna veirublæðingu (VHS) og/eða iðradrep (IHN), skulu aðildarríkin leggja fram viðeigandi skjöl, sem tryggja ásamt innlendum ákvæðum að skilyrðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE séu uppfyllt.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2002/1005/EB <sup>(4)</sup>, eru settar fram skrár yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar sem eru á svæðum sem hafa ekki verið viðurkennd með tilliti til tiltekinnna fisksjúkdóma.
- 3) Þýskaland hefur lagt fram skjöl því til stuðnings að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar fyrir eldisstöð í Bæjaralandi á svæði sem ekki er viðurkennt með tilliti til veirublæðingar og iðradreps, sem tryggja ásamt innlendum ákvæðum að farið sé að reglum um slíka stöðu.
- 4) Framkvæmdastjórnin hefur farið yfir skjölin með aðstoð sérfræðinga í aðildarríkjunum.
- 5) Af gögnunum, sem Þýskaland lagði fram um viðkomandi eldisstöð, má ráða að hún standist kröfur 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE. Eldisstöðin uppfyllir því skilyrði fyrir stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar á

svæði sem ekki er viðurkennt og skal bæta henni á skrána yfir viðurkenndar eldisstöðvar sem er að finna í II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB.

- 6) Breyta ber ákvörðun 2002/308/EB til samræmis við þetta.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi viðurkennd fiskeldisstöð bætist við lið 3.5 í II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB:

„6.	Fischzucht Graf Anlage D-87743 Egg an der Günz	Fischzucht Graf GbR Engishausen 64 D-87743 Egg an der Günz“
-----	---	---

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið, ESB L 46, 20.2.2003, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 6.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 106, 23.4.2002, bls. 28.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 349, 24.12.2002, bls. 109.

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/58/03

frá 3. apríl 2003

um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna (\*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 1104)

(2003/236/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/33/EB <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 20. gr.,

Í stað fyrstu undirgreinar 7. mgr. 2. gr. a ákvörðunar 92/486 /EBE komi eftirfarandi:

„Fyrir tímabilið frá 1. apríl 2003 til 31. mars 2004 skulu samræmingaryfirvöldin, sem kveðið er á um í 1. gr., sjá til þess að samningarnir, sem um getur í þeirri grein, séu framlengdir um eitt ár.“

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

1) Þar til ný tölvukerfishögun hefur verið sett upp, einkum sá hluti sem á að nota í Animo-netkerfið, eins og skilgreint er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/24/EB frá 30. desember 2002 um þróun á samþættu dýraheilbrigðistölvukerfi <sup>(3)</sup>, skal tryggja samfelldni netkerfisins.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. apríl 2003.

3. gr.

2) Til samræmis við það ber að breyta ákvörðun 92/486/EBE frá 25. september 1992 um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna <sup>(4)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2002/615/EB <sup>(5)</sup>.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. apríl 2003.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 87, 4.4.2003, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 6.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 315, 19.11.2002, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 8, 14.1.2003, bls. 44.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 291, 7.10.1992, bls. 20.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 196, 25.7.2002, bls. 60.

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/40/EB

2005/EES/58/04

frá 8. maí 2002

## um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar á rafmagnsbakarofnum til heimilisnota (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum <sup>(1)</sup>, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 92/75/EBE skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdartilskipanir fyrir heimilistæki, þ.m.t. rafmagnsbakarofna.
- 2) Raforkunotkun rafmagnsbakarofna er verulegur hluti af heildarorkuþörf heimila í Bandalaginu. Unnt er að draga verulega úr raforkunotkun þessara tækja.
- 3) Samhæfðir staðlar eru tækniforskriftir sem evrópskar staðlastofnanir samþykkja, eins og um getur í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998, sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu <sup>(2)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 98/48/EB <sup>(3)</sup>.
- 4) Aðildarríkjunum ber að veita umbeðnar upplýsingar um hávaðamengun samkvæmt tilskipun ráðsins 86/594/EBE frá 1. desember 1986 um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum <sup>(4)</sup>.
- 5) Tilskipun ráðsins 79/531/EBE frá 14. maí 1979 um beitingu tilskipunar 79/530/EBE um að tilgreina orkunotkun heimilistækja með merkingu að því er varðar rafmagnsbókunarofna <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, skal felld niður frá og með þeim degi er þessi tilskipun öðlast gildi.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót skv. 10. gr. tilskipunar 92/75/EBE.

## 1. gr.

1. Tilskipun þessi gildir um bakarofna til heimilisnota sem ganga fyrir rafmagni, þ.m.t. ofnar sem eru hluti af stærri búnaði.
2. Eftirtaldir ofnar falla ekki undir ákvæði þessarar tilskipunar:
  - a) bakarofnar sem geta einnig notað aðra orkugjafa,
  - b) bakarofnar sem falla ekki undir gildissvið samhæfðu staðlanna sem um getur í 2. gr.,
  - c) færanlegir bakarofnar sem eru ekki hluti af föstum búnaði, sem eru innan við 18 kg að þyngd og eru ekki ætlaðir í innbyggðar innréttingar.
3. Orkunotkun vegna gufuframleiðslu fellur ekki undir þessa tilskipun nema um sé að ræða heita gufu.

## 2. gr.

1. Upplýsinganna, sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, verður aflað með mælingum sem gerðar eru í samræmi við samhæfða staðla sem Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) hafa samþykkt samkvæmt umboði frá framkvæmdastjórninni í samræmi við tilskipun 98/34/EB en tilvísunarnúmer þeirra hafa verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og aðildarríkin hafa birt tilvísunarnúmer innlendu staðlanna sem þessir samhæfðu staðlar eru teknir upp í.

Ákvæði I., II. og III. viðauka við þessa tilskipun, sem lúta að þeirri kröfu að veittar séu upplýsingar um hávaða, gilda því aðeins að aðildarríkin krefjast þess skv. 3 gr. tilskipunar 86/594/EBE. Þessar upplýsingar skulu metnar í samræmi við þá tilskipun.

2. Í þessari tilskipun hafa hugtökin, sem eru notuð, sömu merkingu og í tilskipun 92/75/EBE.

## 3. gr.

1. Tækniskjölin, sem um getur í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skulu hafa að geyma:

- a) nafn og heimilisfang birgis,
- b) almenna lýsingu á tegundinni þannig að hana megi sanngreina ótvírætt og auðveldlega,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 128, 15.5.2002, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 9.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 297, 13.10.1992, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 344, 6.12.1986, bls. 24.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 145, 13.6.1979, bls. 7.

c) upplýsingar, þ.m.t. teikningar eftir þörfum um helstu hönnunareinkenni tegundarinnar, einkum atriði sem hafa afgerandi áhrif á orkunotkun hennar,

d) skýrslur um viðeigandi mælingar sem gerðar hafa verið samkvæmt prófunaraðferðum samhæfðu staðlanna sem um getur í 1. mgr. 2. gr.,

e) leiðbeiningar um notkun, ef þær eru fyrir hendi.

2. Merkimiðinn, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skal vera eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa tilskipun.

Merkimiðinn skal settur á hurð tækisins þannig að hann sjáist greinilega og ekkert skyggi á hann. Þegar um er að ræða bakarofna með mörgum hölfum skal sérstakur merkimiði vera á hverju hólfi, nema þeim hölfum sem falla ekki undir gildissvið samhæfðu staðlanna sem um getur í 2. gr.

3. Innihald og form upplýsingablaðsins, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skal vera í samræmi við það sem tilgreint er í II. viðauka við þessa tilskipun.

4. Ef tækin eru boðin til sölu, leigu eða kaupleigu með prentuðum eða skriflegum upplýsingum eða á annan hátt þar sem ekki er gert ráð fyrir því að hugsanlegur viðskiptamaður geti séð tækið með eigin augum, s.s. með skriflegu tilboði, í póstpöntunarlista, auglýsingum á Netinu eða öðrum rafrænum miðli, skulu upplýsingarnar vera allar þær sömu og eru tilgreindar í III. viðauka.

Þessi krafa gildir einnig um tilboð um innbyggða bakarofna í fastar eldhúsinnréttingar.

5. Orkunýtniflokkur hvers hólfs í bakarofni skal ákvarðaður í samræmi við IV. viðauka.

6. Hugtökin sem nota skal á merkimiðanum og upplýsingablaðinu, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skulu valin úr töflunni sem er sett fram í V. viðauka við þessa tilskipun.

4. gr.

Fram til 30. júní 2003 skulu aðildarríkin leyfa markaðssetningu, sölu og/eða útstillingu á framleiðsluvörum, svo og

dreifingu á upplýsingum um framleiðsluvörur sem um getur í 4. mgr. 3. gr. og samrýmast ekki þessari tilskipun.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2003.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Ákvörðun 79/531/EBE er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2003.

7. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. maí 2002.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Loyola DE PALACIO

*varaforseti.*








*I. VIÐAUKI*

**MERKIMIÐINN**

**Útlit merkimiða**

1. Merkimiðinn skal vera á viðeigandi tungumáli í samræmi við eftirfarandi teikningar:

<b>Orka</b>		Rafmagnsbakarofn
Framleiðandi Gerð		Kennimerki <b>A B C 1 2 3</b>
Góð nýtni 		  
Slæm nýtni Orkunotkun (kWh) Hitun: Hefðbundin hitun Blásturshitun <i>(miðað við staðlað magn)</i>		<b>X.YZ</b>  <b>X.YZ</b>
Nýtanlegt rými (lítrar)		XYZ
Stærð: Lítill Meðalstór Stór		
Hávaði (dB(A) re 1 pW)		
Nánari upplýsingar er að finna í bæklingum sem fylgja vörunum  Staðall EN 50304 Rafmagnsbakarofnar Tilskipun 2002/40/EB um orkumerkingar		

2. Hér á eftir er tilgreint hvaða upplýsingar skuli koma fram:

**Athugasemd**

- I. Nafn birgis eða vörumerki.
- II. Tegundaauðkenni birgis.
- III. Orkunýtniflokkur ofnhólfs eða ofnhólfa tegundarinnar, ákvarðaður í samræmi við IV. viðauka. Örvarddurinn með kennistafnum skal vera í sömu hæð og oddur örvarinnar fyrir viðkomandi orkunýtniflokk.
- Örin með kennistafnum skal vera a.m.k. jafnbreið örinni fyrir orkunýtniflokkinn en ekki meira en tvöföld sú breidd.
- IV. Hafi tegund verið úthlutað umhverfismerki ESB í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins <sup>(1)</sup>) má setja afrit af umhverfismerkinu hér, með fyrirvara um kröfur reglugerðarinnar um veitingu umhverfismerkisins.
- V. Orkunotkun í kWh vegna hitunarinnar (hefðbundin hitun og/eða blásturshitun) (í tækjum), miðað við staðlað magn sem er ákvarðað í samræmi við prófunaraðferðir samhæfðu staðlanna sem um getur í 2. gr.
- VI. Nýtanlegt rými hólfsins í lítrum, ákvarðað í samræmi við samhæfðu staðlana sem um getur í 2. gr.
- VII. Stærð tækisins skal ákvörðuð sem hér segir:
- |            |  |
|------------|--|
| litill:    | $12\text{ l} \leq \text{rými} < 35\text{ l}$ |
| meðalstór: | $35\text{ l} \leq \text{rými} < 65\text{ l}$ |
| stór:      | $65\text{ l} \leq \text{rými}$ .             |
- Þessi kenniör skal vera í sömu hæð og viðeigandi stærð.
- VIII. Ef við á, hávaði sem mældur er við notkun sem orkunýtni miðast við, ákvarðaður í samræmi við tilskipun 86/594/EEB <sup>(2)</sup>.

**Athugasemd:**

Sambærileg hugtök á öðrum tungumálum er að finna í V. viðauka.

**Prentun**

3. Hér á eftir eru tilteknir hlutar merkimiðans skilgreindir:

Litir:

CMYK: blár, blárauður, gulur, svartur.

Dæmi 07X0: 0 % blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

Örvar

A X0X0

B 70X0

C 30X0

D 00X0

E 03X0

F 07X0

G 0XX0


Litur rammans: litur X070.

Kenniör orkunýtniflokksins er á svörtum bakgrunni.

Allur texti er svartur. Bakgrunnur er hvítur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Viðeigandi staðlar eru EN 60704 -2-10 (hávaðamæling) og EN 60704-3 (sannprófun).



## II. VIÐAUKI

## UPPLÝSINGABLAÐ

Upplýsingablaðið skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar. Setja má upplýsingarnar fram í töflu yfir margar tegundir frá sama birgi, en í því tilviki skulu þær gefnar í tilgreindri röð eða með lýsingu á tækinu:

1. Vörumerki birgis.
2. Tegundarauðkenni birgis.
3. Orkunýtniflokkur ofnhólfs eða ofnhólfa tegundarinnar, ákvarðaður í samræmi við IV. viðauka, tilgreindur sem „Orkunýtniflokkur á kvarðanum A (góð nýtni) til G (slæm nýtni)“. Ef þessar upplýsingar eru í töflu má gefa þær upp á annan hátt, að því tilskildu að ljóst sé að kvarðinn er frá A (góð nýtni) til G (slæm nýtni). Tilgreina skal við hvers konar hitun orkunýtniflokkurinn miðast.
4. Ef upplýsingarnar eru gefnar upp í töflu og ef sum tækjanna, sem tilgreind eru í töflunni, hafa fengið umhverfismerki Evrópusambandsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 má tilgreina þær upplýsingar hér. Í því tilviki skal koma fram í yfirskriftinni „umhverfismerki Evrópusambandsins“ og færslan skal vera afrit af umhverfismerkinu. Þetta ákvæði er með fyrirvara um kröfur samkvæmt kerfinu um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins.
5. Orkunotkun í kWh vegna hitunarinnar (hefðbundin hitun og/eða blásturshitun og/eða heit gufa) (frá tækjum), miðað við staðlað magn sem er ákvarðað í samræmi við prófunaraðferðir samhæfðu staðlanna sem um getur í 2. gr.
6. Nýtanlegt rými hólfsins í lítrum, ákvarðað í samræmi við samhæfðu staðlana sem um getur í 2. gr.
7. Stærðin er ákvörðuð sem hér segir:

lítið:	$12\text{ l} \leq \text{rými} < 35\text{ l}$
meðalstórt:	$35\text{ l} \leq \text{rými} < 65\text{ l}$
stórt:	$65\text{ l} \leq \text{rými}$ .

Þessi kenniör skal vera í sömu hæð og viðkomandi stærð.
8. Tíminn sem það tekur að „baka“ staðlað magn, ákvarðað í samræmi við prófunaraðferðir samhæfðu staðlana sem um getur í 2. gr.
9. Hávaði við notkun sem orkunýtni miðast við, ef við á, ákvarðaður í samræmi við tilskipun 86/594/EBE <sup>(1)</sup>.
10. Yfirlýsing um orkunotkun þegar hitun er ekki í gangi og bakarofninn er á lægstu orkunotkunarstillingu, um leið og viðeigandi, samhæfður staðall fyrir orkunotkun í reiðuhum liggur fyrir.
11. Stærð stærstu bökunarplötu, tilgreind í cm<sup>2</sup> og ákvörðuð sem „yfirborð“ samkvæmt samhæfða staðlinum sem um getur í 2. gr.

Ef afrit af merkimiðanum, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu, er að finna á upplýsingablaðinu þarf aðeins að tilgreina viðbótarupplýsingar.

*Ath.:*

Sambærileg hugtök á öðrum tungumálum er að finna í V. viðauka.

---

<sup>(1)</sup> Viðeigandi staðlar eru EN 60704 -2-10 (hávaðamæling) og EN 60704-3 (sannprófun).

*III. VIÐAUKI***PÓSTVERSLUN OG ÖNNUR FJARSALA**

Póstpöntunarlistar, orðsendingar, skrifleg tilboð, auglýsingar á Netinu eða öðrum rafrænum miðlum, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., þ.m.t. tilboð um eldhúsinnréttingar, skulu innihalda eftirtaldar upplýsingar, gefnar upp í þeirri röð sem er tilgreind:

- |   |                              |
|---|------------------------------|
| 1. Vörumerki og tegundarauðkenni birgis | (1. og 2. liður II. viðauka) |
| 2. Orkunýtniflokkur                     | (3. liður II. viðauka)       |
| 3. Orkunotkun                           | (5. liður II. viðauka)       |
| 4. Nýtanlegt rými                       | (6. liður II. viðauka)       |
| 5. Stærð                                | (7. liður II. viðauka)       |
| 6. Hávaði                               | (9. liður II. viðauka)       |

Ef frekari upplýsingar eru í upplýsingablaðinu skulu þær veittar á þann hátt sem skilgreint er í II. viðauka og koma fram í upptalningunni hér að framan í þeirri röð sem er gefin upp fyrir upplýsingablaðið.

*Ath.:*

Sambærileg hugtök á öðrum tungumálum er að finna í V. viðauka.

---

## IV. VIÐAUKI

## ORKUNÝTNIFLOKKUR

Orkunýtniflokkur ofnhólfs skal ákvarðaður sem hér segir:

Tafla 1 — Lítil ofnhólf

Orkunýtniflokkur	Orkunotkun E <sup>(1)</sup> (kWh) miðað við staðlað magn
A	$E < 0,60$
B	$0,60 \leq E < 0,80$
C	$0,80 \leq E < 1,00$
D	$1,00 \leq E < 1,20$
E	$1,20 \leq E < 1,40$
F	$1,40 \leq E < 1,60$
G	$1,60 \leq E$

<sup>(1)</sup> Ákvarðað skv. V. athugasemd í I. viðauka.

Tafla 2 — Meðalstór ofnhólf

Orkunýtniflokkur	Orkunotkun E <sup>(1)</sup> (kWh) miðað við staðlað magn
A	$E < 0,80$
B	$0,80 \leq E < 1,00$
C	$1,00 \leq E < 1,20$
D	$1,20 \leq E < 1,40$
E	$1,40 \leq E < 1,60$
F	$1,60 \leq E < 1,80$
G	$1,80 \leq E$

<sup>(1)</sup> Ákvarðað skv. V. athugasemd í I. viðauka.

Tafla 3 — Stórt ofnhólf

Orkunýtniflokkur	Orkunotkun E <sup>(1)</sup> (kWh) miðað við staðlað magn
A	$E < 1,00$
B	$1,00 \leq E < 1,20$
C	$1,20 \leq E < 1,40$
D	$1,40 \leq E < 1,60$
E	$1,60 \leq E < 1,80$
F	$1,80 \leq E < 2,00$
G	$2,00 \leq E$

<sup>(1)</sup> Ákvarðað skv. V. athugasemd í I. viðauka.

## V. VIÐAUKI

## HUGTÖK SEM SKULU NOTUÐ Á MERKIMÍÐANUM OG UPPLÝSINGABLAÐINU

Hugtök sem nota skal á tungumálum Bandalagsins:

Athugasemd Merkimiði I. viðauki	Upplýsingablað II. viðauki	Póstverslun III. viðauki	ES	DA	DE	EL	EN	FR	IT	NL	PT	SV	FI
⊗			Energía	Energi	Energie	Ενέργεια	Energy	Énergie	Energia	Energie	Energia	Energi	Energia
⊗			Horno eléctrico	El-ovne	Elektro-backöfen	Ηλεκτρικός φούρνος	Electric oven	Four électrique	Forno elettrico	Elektrische oven	Forno eléctrico	Elektrisk ugn	Sähköuuni
I	1	1	Fabricante	Mærke	Hersteller	Προμη-θευτής	Manu-facturer	Fabricant	Costruttore	Fabrikant	Fabricante	Leverantör	Tavaran-toimittaja
II	2	1	Modelo	Model	Modell	Μοντέλο	Model	Modèle	Modello	Model	Modelo	Modell	Malli
⊗			Más eficiente	Lavt forbrug	Niedriger Verbrauch	Πιο αποδοτικό	More efficient	Économe	Bassi consumi	Efficiënt	Mais eficiente	Låg förbrukning	Vähän kuluttava
⊗			Menos eficiente	Højt forbrug	Hoher Verbrauch	Λιγότερο αποδοτικό	Less efficient	Peu économe	Alti consumi	Inefficiënt	Menos eficiente	Hög förbrukning	Paljon kuluttava
	3	2	Clase de eficiencia energética ... en una escala que abarca de A (más eficiente) a G (menos eficiente)	Relativt energi-forbrug ... på skalaen A (lavt forbrug) til G (højt forbrug)	Energie-effizienz-klasse ... auf einer Skala von A (niedriger Verbrauch) bis G (hoher Verbrauch)	Τάξη ενεργειακής απόδοσης ... σε μια κλίμακα από το A (πιο αποδοτικό) έως το G (λιγότερο αποδοτικό)	Energy efficiency class ... on a scale of A (more efficient) to G (less efficient)	Classement selon son efficacité énergétique ... sur une échelle allant de A (économe) à G (peu économe)	Classe di efficienza energetica ... su una scala da A (bassi consumi) a G (alti consumi)	Energie-efficiëntie-klasse ... op een schaal van A (efficiënt) tot G (inefficiënt)	Classe de eficiência energética ... numa escala de A (eficiente) a G (ineficiente)	Energi-effektivitets-klass på en skala från A (låg förbrukning) till G (hög förbrukning)	Energiatehokkuusluokka asteikolla A:sta (vähän kuluttava) G:hen (paljon kuluttava)
V	5	3	Consumo de energía	Energi-forbrug	Energie-verbrauch	Κατανάλωση ενέργειας	Energy consumption	Consommation d'énergie	Consumo di energia	Energie-verbruik	Consumo de energia	Energi-förbrukning	Energian-kulutus



Athugasemd Merkimiði I. viðauki	Upplýsingablað II. viðauki	Póstverslun III. viðauki	ES	DA	DE	EL	EN	FR	IT	NL	PT	SV	FI
V	5	3	kWh	kWh	kWh	kWh	kWh	kWh	kWh	kWh	kWh	kWh	kWh
V	5	3	Función de calentamiento	Opvarmningsfunktion	Beheizung	Λειτουργία θέρμανσης	Heating function	Fonction chauffage	Funzione di riscaldamento	Verhittingsfunctie	Função de aquecimento	Värmningsfunktion	Kuumennustapa
V	5	3	Calentamiento convencional	Traditionel opvarmning	Konventionelle Beheizung	Συμβατική	Conventional	Classique	Convezione naturale	Conventioneel	Conven-cional	Konventio-nell värmning	Ylä-alalämpö
V	5	3	Convección forzada	Varmluft	Umluft / Heißluft	Με κυκλοφορία αέρα	Forced air convection	Convection forcée	Funzione di riscaldamento a convezione forzata	Geforceerde luchtcon-vec-tie	Convecção forçada de ar	Värmning med varmluft	Kiertoilma
V	5	3	Con carga normal	Baseret på standard-belastning	Bei Standard-beladung	Με βάση τυποποιημένο φορτίο	Based on standard load	Calculée en charge normalisée	Riferito al carico normalizzato	Gebaseerd op norm-belasting	Com base na carga-padrão	Baserad på provning med standardlast	Perustuu standardin mukaiseen testiin
VI	6	4	Volumen neto (litros)	Netto-volumen (liter)	Netto-volumen (Liter)	Ωφέλιμος όγκος (Λίτρα)	Usable volume (litres)	Volume utile (litres)	Volume utile (litri)	Netto volume (liter)	Volume útil Litros	Användbar volym (liter)	Käyttötilavuus (litraa)
VII	7	5	Tipo	Type	Typ	Τύπος	Size	Type	Tipo	Type	Tipo	Storlek	Koko
VII	7	5	Pequeño	Lille	Klein	Μικρός	Small	Faible volume	Piccolo	Klein	pequeno	Liten	Pieni
VII	7	5	Medio	Mellemstort	Mittel	Μεσαίος	Medium	Volume moyen	Medio	Middelgroot	médio	Medelstor	Keski-kokoinen
VII	7	5	Grande	Stort	Groß	Μεγάλος	Large	Grand volume	Grande	Groot	grande	Stor	Suuri
	8		Tiempo de cocción con carga normal	Tilberedning stid ved standard-belastning	Kochzeit bei Standard-beladung	Χρόνος για ψήσιμο τυποποιημένου φορτίου	Time to cook standard load	Temps de cuisson en charge normale	Tempo necessario per cottura carica normale	Bereidings-tijd bij standaard-belasting	Tempo de cozedura da carga-padrão	Tillagnings-tid för en standardlast	Paisto aika vakio-kuormalla

Athugasemd Merkimiði I. viðauki	Upplýsingablað II. viðauki	Póstverslun III. viðauki	ES	DA	DE	EL	EN	FR	IT	NL	PT	SV	FI
VIII	9	6	Ruido [dB(A) re 1 pW]	Lydeffekt- niveau dB(A) (Støj)	Geräusch (dB(A) re 1 pW)	Θόρυβος [dB(A) ανά 1 pW]	Noise (dB(A) re 1 pW)	Bruit [dB(A) re 1 pW]	Rumore [dB(A) re 1 pW]	Geluids- niveau dB(A) re 1 pW	Nível de ruído dB(A) re 1 pW	Bullernivå dB(A)	Ääni (dB(A) re 1 pW)
⊗			Ficha de información detallada en los folletos del producto	Brochurene om produkt- erne inde- holder yder- ligere oplys- ninger	Ein Daten- blatt mit weiteren Geräte- angaben ist in den Prospekten enthalten	Περισσότερες πληροφορίες στο ενημερω- τικό φυλλάδιο	Further information is contained in product brochures	Une fiche d'informa- tion détaillée figure dans la brochure	Gli opuscoli illustrativi contengono una scheda particolareg- giata	Een kaart met nadere gegevens is opgenomen in de brochures over het apparaat	Ficha pormenor- izada em folheto do produto	Produkt- broschyren innehåller ytterligare information	Tuote- esitteissä on lisätietoja
	11		Superficie de la placa de cocción de mayor tamaño	Arealet af den største bageplade	Größe des größten Backblechs	Η μεγαλύτερη επιφάνεια ψησίματος εκφραζόμενη	The area of the largest baking sheet	Aire de la surface de la plus grande plaque pour pâtisserie	Superficie del piano di cottura più grande	Oppervlakte van de grootste bakplaat	Área da superfície da maior placa de pastelaria	Ytan för den största bakplåten	Suurimman leivinpellin ala
⊗			Norma EN 50304	Standard: EN 50304	Norm EN 50304	Πρότυπο EN 50304	Norm EN 50304	Norme EN 50304	Norma EN 50304	Norm EN 50304	Norma EN 50304	Standard EN 50304	Standardi EN 50304
			Directiva 2002/40/CE sobre etiquetado energético de los hornos eléctricos	Direktiv 2002/40/EF om energi- märkning af el-ovne	Richtlinie Energie- etikettierung 2002/40/EG für Elektro- backöfen	Οδηγία 2002/40/EK για την επισ- ήμανση της κατανάλωσης ηλεκτρικής ενέργειας	Energy Label Directive 2002/40/EC of electric ovens	Directive «Étiquetage énergétique» 2002/40/CE des fours électriques	Direttiva 2002/40/CE sull'etichetta- tura dei forni elettrici	Richtlijn 2002/40/EG over energie- etikettering van elektrische ovens	Directiva «etiquetagem energética» 2002/40/CE dos fornos elétricos	Direktiv 2002/40/EG om energi- märkning av elektriska hushålls- ugnar	Direktiivi 2002/40/EY sähköuunien energia- merkinnästä

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2382/2002

2005/EES/58/05

frá 30. desember 2002

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2002 <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skráin yfir þriðju lönd, sem tiltekna landbúnaðarafurðir, sem eru lífræn framleiðsla, verða að vera upprunnar í til að markaðssetja megi þær í Bandalaginu, sbr. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, er sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1162/2002 <sup>(4)</sup>. Sú skrá var samin í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.
- 2) Gildistími skráningar Sviss í skránni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, rennur út 31. desember 2002. Gildistími skráningar Argentínu, Ástralíu, Tékklands, Ungverjalands og Ísraels rennur út 30. júní 2003. Til að komast hjá röskun í viðskiptum þarf að framlengja skráningu þessara landa.
- 3) Viðkomandi þriðju lönd hafa látið framkvæmdastjórninni í té viðeigandi upplýsingar um framkvæmd reglna, sem eru sambærilegar við þær sem eru settar í reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Auk þess hefur skilvirk

framkvæmd verið staðfest með vettvangsrannsóknum framkvæmdastjórnarinnar í þessum þriðju löndum.

- 4) Ungversk yfirvöld hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að tiltekinn aðili, sem annast skoðun og gefur út vottorð, hafi lagt niður starfsemi í Ungverjalandi. Því ber að fella heiti þess aðila brott úr viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 94/92.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 94/92 í samræmi við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 94/92 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. desember 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 358, 31.12.2002, bls. 120. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 21.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 75, 16.3.2002, bls. 21.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 11, 17.1.1992, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 170, 29.6.2002, bls. 44.

*VIÐAUKI*

Ákvæðum viðaukans við reglugerð (EBE) nr. 94/92 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 5. liðar textans sem fjallar um Argentínu, Ástralíu, Tékkland, Ungverjaland, Ísrael og Sviss:

„5. **Gildistími skráningar** 30.6.2008“

2. Í textanum sem fjallar um Ungverjaland:

— í 3. lið falli orðin „og SKAL“ brott,

— í 4. lið falli orðin „og SKAL (skrifstofa í Ungverjalandi)“ brott.

---

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 223/2003

2005/EES/58/06

frá 5. febrúar 2003

um kröfur sem gerðar eru um merkingar í tengslum við lífræna framleiðslu fódurs, fódurblandna og fódurefna og breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2002 <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 1. gr. og öðrum undirlið 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ber að samþykkja reglugerð um kröfur um merkingu, eftirlit og varúðarráðstafanir vegna fódurs, fódurblandna og fódurefna, að svo miklu leyti sem þessar kröfur varða lífræna framleiðsluáðferð.
- 2) Markaðurinn fyrir gæludýrafóður og loðdýrafóður er aðgreindur frá markaðnum fyrir fódur handa búfænaði. Auk þess gilda reglur um merkingar, framleiðslu og skoðun, sem kveðið er á um í 5., 6., 8. og 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, ekki um eldisdýr í sjó og vatni eða eldisafurðir. Þar af leiðandi gildir þessi reglugerð einungis um fódur handa lífrænt ræktuðu búfé en ekki um gæludýrafóður, loðdýrafóður og fódur handa eldisdýrum í sjó og vatni.
- 3) Sérstakar ráðstafanir um merkingar fódurs handa lífrænt ræktuðu búfé skulu gera framleiðendum kleift að átta sig á því hvaða fódur má nota í samræmi við ákvæðin um lífræna framleiðslu. Upplýsingar um lífræna framleiðslu skulu ekki vera meira áberandi en lýsing eða heiti á fóðrinu, sem um getur í tilskipun ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fódurs <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/2/EB <sup>(4)</sup>, og í tilskipun ráðsins 96/25/EB frá 29. apríl 1996 um dreifingu fódurefnis, breytingu á tilskipunum 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE og 93/74/EBE og niðurfellingu á tilskipun 77/101/EBE <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/46/EB <sup>(6)</sup>.

- 4) Enn fremur ber að tilgreina miðað við þyngd þurrefnis hlutfall lífrænt framleiddra fódurefna, hlutfall fódurefna í aðlögun og heildarhlutfall fódurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum til að gera framleiðendum kleift að fara að reglum um dagskammta, sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Þar af leiðandi ber einnig að breyta B-hluta I. viðauka við þá reglugerð. Þar af leiðandi ber einnig að breyta B-hluta I. viðauka við þá reglugerð.

- 5) Nokkur vörumerki á framleiðsluvörum, ætluðum til fódurs, sem standast ekki kröfur reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, eru með upplýsingum sem rekstraraðilar kunna að skoða sem tilvísun til lífrænnar framleiðslu. Nauðsynlegt er að kveða á um aðlögunartímabil til að gera eigendum þessara vörumerkja kleift að aðlagast nýju reglunum. Þetta aðlögunartímabil skal þó aðeins gilda um vörumerki með framangreindum upplýsingum ef sótt hefur verið um skráningu þess fyrir birtingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1804/1999 frá 19. júlí 1999 um viðbót við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 þannig að hún taki til búfjárframleiðslu <sup>(7)</sup> og ef rekstraraðilinn hefur verið upplýstur með tilhlýðilegum hætti um að ekki sé um lífræna framleiðslu varanna að ræða.

- 6) Lágmarkskröfur um skoðun og varúðarráðstafanir, sem gilda um einingur sem framleiða fódur, gera það að verkum að nauðsynlegt er að hrinda í framkvæmd sérstökum ráðstöfunum sem fella ber inn í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

- 7) Sú meginregla að halda öllum búnaði, sem notaður er í einingum sem framleiða lífrænar fódurblandur, aðgreindum frá búnaði, sem notaður er í sömu einingu fyrir hefðbundnar fódurblandur, telst vera árangursrik leið til að koma í veg fyrir íblöndun vara og efna sem eru ekki leyfileg í lífrænni framleiðslu. Því ber að fella þá meginreglu inn sem ákvæði inn í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Þó er búist við að tafarlaus framkvæmd ákvæðisins hafi mikil efnahagsleg áhrif á fódurblanduðnað nokkurra aðildarríkja og þar með á lífrænan búskap. Af þeirri ástæðu og til að

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 31, 6.2.2003, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 21.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 75, 16.3.2002, bls. 21.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 86, 6.4.1979, bls. 30.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 63, 6.3.2002, bls. 23.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 234, 1.9.2001, bls. 55.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 222, 24.8.1999, bls. 1.

gera lífræna framleiðslugeiranum kleift að laga sig að nýjum kröfum um aðgreindar framleiðslulínur skal sá möguleiki vera fyrir hendi að víkja frá þessu ákvæði um fimm ára skeið. Enn fremur ber að endurskoða þetta mál vandlega í náninni framtíð á grundvelli frekari upplýsinga og fenginnar reynslu.

- 8) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fóður, fódurblöndur og fôðurefni, sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, ef á þessum framleiðsluvörum eru, eða ætlunin er að setja á þær, upplýsingar um lífræna framleiðslu. Reglugerð þessi gildir ekki um gæludýrafóður, loðdýrafóður eða fóður handa eldisdýrum í sjó og vatni.

##### 2. gr.

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 4. gr. tilskipunar 2092/91/EB.

Að auki:

1. „fôðurefni úr lífrænni framleiðslu“: fôðurefni sem eru lífrænt ræktuð eða tilreidd úr slíkum efnum,
2. „fôðurefni úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap“: fôðurefni í aðlögun eða tilreidd úr slíkum efnum.

##### 3. gr.

1. Í merkingum, auglýsingum og viðskiptaskjölum er varða framleiðsluvörunnar, sem um getur í 1. gr., er einungis heimilt að vísa til lífrænnar framleiðslu ef:

- a) vörunar eru framleiddar, tilreiddar eða fluttar inn af rekstraraðila sem ber að lúta eftirlitsráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,
- b) vörunar og efnið, sem þær eru samsettar úr og öll önnur efni sem notuð eru við tilreiðslu þessara framleiðsluværa, hafa ekki fengið meðhöndlun þar sem jónandi geislun kemur við sögu,
- c) skilyrðin, sem um getur í liðum 4.12, 4.13, 4.14, 4.16, 4.17 og 4.18 í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, eru uppfyllt eftir þörfum,

d) fôðurefni úr lífrænni framleiðslu eru ekki sett í framleiðsluvöruna um leið og sams konar fôðurefni, sem framleidd eru með hefðbundnum aðferðum,

e) fôðurefni úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap eru ekki sett í framleiðsluvöruna samtímis sams konar fôðurefnum sem framleidd eru með hefðbundnum aðferðum.

2. Með fyrirvara um 4. og 5. gr. skal eingöngu vísa til lífrænnar framleiðslu, sem um getur í 1. mgr., með eftirfarandi upplýsingum:

- a) „lífrænt framleitt“, ef minnst 95% af þurrefni framleiðsluvörunnar er lífrænt framleitt fôðurefni,
- b) „heimilt að nota í lífræna framleiðslu í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91“ ef um er að ræða framleiðsluvörur sem samanstanda af mismunandi magni fôðurs úr lífrænni framleiðslu og/eða fôðurefnum úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap og/eða hefðbundnum efnum.

##### 4. gr.

1. Þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 3. gr.:

- a) verða að vera aðgreindar frá upplýsingunum sem um getur í 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE eða 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 96/25/EB,
- b) mega ekki vera í lit eða með sniði eða stafagerð sem er meira áberandi en lýsing eða heiti á fôðrinu, sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE eða b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 96/25/EB eftir því sem við á,
- c) verða að vera með upplýsingum innan sama sjónsviðs sem segja til um, miðað við þýngd þurrefnis:
  - i) hlutfall fôðurefna úr lífrænni framleiðslu,
  - ii) hlutfall fôðurefna úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap,
  - iii) hlutfall fôðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum,
- d) verða að hafa meðfylgjandi nafn og/eða kenninúmer skoðunaraðilans eða -yfirvaldsins sem rekstraraðilinn, sem sá um síðustu tilreiðsluna, heyrir undir,
- e) verða að hafa skrá yfir heiti fôðurefna úr lífrænni framleiðslu,
- f) verða að hafa skrá yfir heiti fôðurefna úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap.

2. Upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., má einnig fylgja tilvísun til þeirrar kröfu að nota beri fóður í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um samsetningu dagskammta.

3. Aðildarríkin skulu ákveða hvort krafist skuli nafns og/eða kenninúmers skoðunaraðilans eða -yfirvaldsins sem um getur í d-lið 1. mgr. og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. gr.

Einungis er heimilt að nota vörumerki og vörulýsingar með upplýsingum, sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, ef minnst 95% af þurrefni framleiðsluvörunnar er föðurefni úr lífrænni framleiðslu.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3., 4. og 5. gr. er heimilt, til 1. júlí 2006, að nota vörumerki með upplýsingunum, sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, í merkingum og

auglýsingum á framleiðsluvörum, sem um getur í 1. gr. og uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar, ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

- a) vörumerkið var skráð fyrir 24. ágúst 1999 og vörumerkið er í samræmi við tilskipun ráðsins 89/104/EBE<sup>(1)</sup>, og
- b) á vörumerkinu komi alltaf fram skýrar, áberandi og auðlæsilegar upplýsingar þess efnis að vörunar hafi ekki verið framleiddar í samræmi við lífræna framleiðsluhætti sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

7. gr.

Ákvæðum B-hluta I. viðauka og ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 6. ágúst 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

---

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 1.

## VIÐAUKI

1. Eftirfarandi málslíður bætist við lið 4.4 í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

„Þessar tölur skal gefa upp sem hundraðshluta af þurrefni fódurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum.“

2. Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt sem hér segir:

- 2.1. Eftirfarandi komi í stað 2. liðar almennu ákvæðanna:

„Ákvæðin, sem um getur í 3. lið, og ákvæði um fyrsta eftirlit í þáttum A, B, C, D og E í sérákvæðum þessa viðauka skulu einnig gilda um rekstraraðila sem eru þegar í rekstri á þeim degi sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2491/2001.“

- 2.2. Eftirfarandi komi í stað 4. liðar almennu ákvæðanna:

„Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, skal tilkynna eftirlitsaðila eða -yfirvaldi í tæka tíð um allar breytingar á lýsingunni eða þeim hagnýtu ráðstöfunum, sem um getur í 3. lið, og á ákvæðum um fyrsta eftirlit í þáttum A, B, C, D og E í sérákvæðum þessa viðauka.“

- 2.3. Eftirfarandi orð bætast við á eftir „11. gr.“ í fyrsta undirlið þriðju undirgreinar 3. liðar almennu ákvæðanna:

„og/eða reglugerð (EB) nr. 223/2003“

- 2.4. Eftirfarandi bætist við annan undirlið 6. liðar almennu ákvæðanna:

„og, ef við á, samsetningu fódurblöndu.“

- 2.5. Eftirfarandi komi í stað b-liðar 7. liðar almennu ákvæðanna:

„heiti afurðarinnar eða lýsing á fódurblöndunni ásamt tilvísun til lífrænnar framleiðslu í samræmi við ákvæði 5. gr. þessarar reglugerðar eða 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2003, eftir því sem við á.“

- 2.6. Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnar C-hluta almennu ákvæðanna:

„C. Innflutningur plantna, plöntuafurða, búfjár, búfjárafurða og matvæla úr plöntu- og/eða búfjárafurðum, fódurs, fódurblandna og fódurefna frá þriðju löndum.“

- 2.7. Eftirfarandi E-hluta er bætt við:

„E — EININGAR SEM FRAMLEIÐA DÝRAFÓÐUR, FÓÐURBLÖNDUR OG FÓÐUREFNI

Þessi þáttur gildir um allar einingar, sem koma að tilreiðslu, sem skilgreind er í 3. mgr. 4. gr., á afurðum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr., fyrir eigin reikning eða vegna þriðja aðila.

1. **Fyrsta eftirlit**

Í nákvæmu lýsingunni á einingunni, sem um getur í 3. lið almennu ákvæðanna í þessum viðauka, skal:

- tilgreina aðstöðu fyrir viðtöku, tilreiðslu og geymslu framleiðsluvara, ætluðum til dýrafóðurs, fyrir og eftir vinnslu þeirra,
- tilgreina aðstöðu fyrir geymslu annarra framleiðsluafurða sem notaðar eru við tilreiðslu fódurs,
- tilgreina aðstöðu til að geyma framleiðsluvörur til hreinsunar og sótthreinsunar,
- tilgreina, ef nauðsyn krefur, lýsingu á fódurblöndunni sem rekstraraðilinn hyggst framleiða, í samræmi við a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE, og tegundir eða flokk búfjár, sem fódurblandan er ætluð,
- tilgreina, ef nauðsyn krefur, heiti fódurefna sem rekstraraðilinn hyggst tilreiða.

Ráðstafanirnar, sem rekstraraðilar gera og um getur í 3. lið almennu ákvæðanna í þessum viðauka, skulu fela í sér:

- sér í lagi ábendingu um þær varúðarráðstafanir sem ber að gera til að draga úr hættu á mengun með óleyfilegum efnum eða framleiðsluvörum, hreinsunaraðgerðir sem gripið er til og eftirlit með skilvirkni þeirra,
- tilgreiningu allra þátta í starfseminni sem skipta sköpum við að tryggja ætíð að framleiðsluvörurnar, sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr. og tilreiddar eru í slíkum einingum, uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar og reglugerðar (EB) nr. 223/2003,
- mótun, framkvæmd, og uppfærslu viðeigandi aðferða og samræmi við þær ef miðað er við meginreglurnar um HACCP-kerfið (áhættugreining á mikilvægum eftirlitsstöðum).



Skoðunaraðilinn eða -yfirvaldið skal nota þessar aðferðir við almennt mat á þeirri áhættu sem fylgir hverri tilreiðslueiningu og semja skoðunaráætlun. Skoðunaráætlunin skal kveða á um lágmarksfjölda slembisýna miðað við hugsanlega áhættu.

## 2. Skriflegt bókhald

Til að hægt sé að hafa eðlilegt eftirlit með vinnslunni skal bókhaldið, sem um getur í 6. lið almennu ákvæðanna, taka til upplýsinga um uppruna, eðli og magn fôðurefna, aukefna, sölu og fullunninna vara.

## 3. Tilreiðslueiningar

Við tilreiðslu framleiðsluvara verða rekstraraðilar að sjá til þess:

- a) að lífrænt framleiddu fôðri eða fôðri unnu úr því, fôðri í aðlögun eða fôðri unnu úr því og hefðbundnu fôðri sé haldið vel aðgreindu,
- b) að öllum búnaði, sem er notaður í einingum sem tilreiða fôðurlöndur sem falla undir þessa reglugerð, sé haldið vel aðgreindum frá búnaði sem er notaður fyrir fôðurlöndur sem falla ekki undir þessa reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar fyrstu undirgreinar getur vinnsla farið fram til 31. desember 2007 þótt sami búnaður sé notaður, að því tilskildu:

- að vinnsla ólíkra vara sé aðskilin í tíma og að viðeigandi hreingerning fari fram undir eftirliti áður en tilreiðsla framleiðsluvara, sem falla undir þessa reglugerð, hefst og er rekstraraðilum skylt að skrá þessar aðgerðir,
- að rekstraraðilar sjái til þess að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir miðað við þá áhættu sem metin er í samræmi við 1. lið og, ef nauðsyn krefur, tryggi að framleiðsluvörur, sem samrýmast ekki ákvæðum þessarar reglugerðar, séu ekki markaðssettar með upplýsingum um lífrænan búskap.

Undanþágan, sem kveðið er á um í öðrum undirlið, er með fyrirvara um fyrirframleyfi skoðunaraðila eða -yfirvalds. Slíkt leyfi gæti gilt fyrir eina tilreiðsluadgerð eða fleiri.

Vinna framkvæmdastjórnarinnar við að athuga ákvæði b-liðar fyrstu undirgreinar hefst fyrir 31. desember 2003. Með tilliti til þeirrar athugunar er heimilt að endurskoða dagsetninguna 31. desember 2007 ef þörf krefur.

## 4. Skoðunarheimsóknir

Auk tilskilinnar árlegrar heimsóknar skal skoðunaraðilinn eða -yfirvaldið fara í markvissar heimsóknir á grundvelli almenns mats á þeirri hugsanlegu áhættu að ekki sé farið að ákvæðum þessarar reglugerðar. Skoðunaraðilinn eða -yfirvaldið skal huga sérstaklega að þýðingarmiklum eftirlitsþáttum, sem honum er bent á, með það í huga að ganga úr skugga um hvort vöktun og eftirlit sé með eðlilegum hætti. Heimilt er að skoða allt athafnasvæðið, sem rekstraraðilinn notar við starfsemi sína, eins oft og áhættan gefur tilefni til.

## 5. Flutningur afurða til annarra framleiðslu- og tilreiðslueininga eða geymslusræða

Rekstraraðilar skulu sjá til þess að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

- a) lífrænt framleiddu fôðri eða fôðri unnu úr því, fôðri í aðlögun eða fôðri unnu úr því og hefðbundnu fôðri skal haldið vel aðgreindu í flutningi,
- b) heimilt er að nota ökutæki og/eda gáma, sem hafa verið notuð til að flytja framleiðsluvörur sem reglugerð þessi tekur ekki til, til flutninga á framleiðsluafurðum sem reglugerð þessi tekur til ef:
  - viðeigandi hreingerning fer fram undir eftirliti áður en tilreiðsla framleiðsluvara, sem falla undir þessa reglugerð, hefst og er rekstraraðilum skylt að skrá þá aðgerð,
  - rekstraraðilar sjá til þess að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir miðað við þá áhættu sem metin er í samræmi við 1. lið og, ef nauðsyn krefur, tryggja að framleiðsluvörur, sem samrýmast ekki ákvæðum þessarar reglugerðar, séu ekki markaðssettar með upplýsingum um lífrænan búskap,
  - skoðunaraðili eða -yfirvald rekstraraðilans hefur fengið vitneskju um flutninginn og samþykkt hann. Slíkt samþykki gæti gilt fyrir einn flutning eða fleiri,
- c) fullunnar vörur, sem um getur í þessari reglugerð, skulu fluttar aðgreindar frá öðrum fullunnum vörum, í rúmi eða tíma,
- d) í flutningi skal skrá magn framleiðsluvara í upphafi og við hverja afhendingu.

**6. Tekið við afurðum**

Þegar rekstraraðili tekur við framleiðsluvöru, eins og um getur í 1. gr., skal hann athuga hvort pakkningar eða gámur er lokaður, sé þess krafist, og hvort merkingar, sem um getur í 7. lið almennu ákvæðanna í þessum viðauka, eru fyrir hendi. Rekstraraðilinn skal bera upplýsingarnar á merkimiðanum, sem um getur í 7. lið almennu ákvæðanna, saman við upplýsingarnar í fylgiskjölunum. Geta skal skýrt um niðurstöður þessarar sannprófunar í bókhaldinu sem um getur í 6. lið almennu ákvæðanna.“

---

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 545/2003

2005/EES/58/07

frá 27. mars 2003

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 223/2003 <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skráin yfir þriðju lönd, sem tiltekna landbúnaðarafurðir, sem eru lífræn framleiðsla, verða að vera upprunnar í til að markaðssetja megi þær í Bandalaginu, sbr. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, er sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2382/2002 <sup>(4)</sup>. Sú skrá var samin í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.
- 2) Kostaríka lagði fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um að verða tekið upp í skrána sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91. Yfirvöld á Kostaríka lögðu fram upplýsingarnar sem krafist er skv. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 94/92.
- 3) Athugun á þessum upplýsingum og viðræður við yfirvöld á Kostaríka, sem fylgdu í kjölfarið, hafa leitt til þeirrar niðurstöðu að í landinu séu reglur um framleiðslu og eftirlit með landbúnaðarafurðum jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

- 4) Innflutningur frá Kostaríka til Bandalagsins fer nú fram skv. 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram vettvangs-eftirlit, sem kveðið er á um í 5. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, með því að framleiðslureglum og eftirlitsráðstöfunum sé beitt í reynd á Kostaríka.
- 6) Enn fremur hafa áströlsk yfirvöld tilkynnt framkvæmdastjórninni að tiltekinn aðili, sem annast skoðun og gefur út vottorð, hafi lagt niður starfsemi. Því ber að fella heiti þess aðila brott úr viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 94/92.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 94/92 í samræmi við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 94/92 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. mars 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 81, 28.3.2003, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 22.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 31, 6.2.2003, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 11, 17.1.1992, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 358, 31.12.2002, bls. 120.

*VIDAUKI*

Ákvæðum viðaukans við reglugerð (EBE) nr. 94/92 er breytt sem hér segir:

1. Á eftir textanum sem fjallar um Ástralíu bætist eftirfarandi texti við:

„Kostaríka

1. Afurðaflokkar:

- a) óunnar ræktunarafurðir í skilningi a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,
- b) unnar ræktunarafurðir, ætlaðar til manneldis, í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

2. Uppruni:

Afurðir í flokki 1 a) og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) sem hafa verið framleidd á Kostaríka.

3. Skoðunaraðilar: Eco-LOGICA og BCS Oeko-Garantie.

4. Aðili sem gefur út vottorð: Ministerio de Agricultura y Ganadería.

5. Gildistími skráningar: 30.6.2006.“

2. Í 3. lið textans sem fjallar um Ástralíu fellur undirliðurinn „— Organic Vignerons Association of Australia Inc. (OVAA)“ brott.

---

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 599/2003

2005/EES/58/08

frá 1. apríl 2003

## um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 <sup>(1)</sup> frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 223/2003 <sup>(2)</sup>, einkum öðrum undirlið 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Verndun heilbrigðis og velferðar dýra hlýtur einkum að byggjast á fyrirbyggjandi ráðstöfunum, t.d. vali á kyni og stofnum og réttri samsetningu fóðurs.
- 2) Í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 eru settar fram nákvæmar kröfur um samsetningu fóðurs. Einkum eiga lífsnauðsynleg efni á borð við vítamín að fást með náttúrlegum hætti, þ.e. með fóðri.
- 3) Samræmdar reglur um lífræna búfjárframleiðslu voru settar nýlega og vera kann að dýraræktarmenn eigi enn í erfiðleikum með að útvega dýr sem geta aðlagast staðháttum og/eða að koma á viðunandi stjórnunarkerfi og að sjá dýrunum fyrir þeim frumþáttum sem þau þarfnast til að ná réttum vexti, einkum tilteknum fituleysanlegum vítamínum fyrir jörturdýr.
- 4) Undanþágu er því þörf til að leyfa, í undantekningar-tilvikum og aðeins á aðlögunartímabili, notkun A-, D- og E-vítamína við sérstakar aðstæður.

5) Leyfinu fylgir sú kvöð að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni um það.

6) Nefndin, sem komið var á fót í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, skilaði ekki álitni innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setti. Framkvæmdastjórnin hefur samkvæmt fjórðu málsgrein 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 vísað tillögunni til ráðsins. Þar eð ráðið tók ekki afstöðu innan þess þriggja mánaða frests, sem kveðið er á um í fimmtu málsgrein 14. gr. sömu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, ber framkvæmdastjórninni að samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt sem hér segir:

- a) B-hluta I. viðauka er breytt í samræmi við 1. lið viðaukans við þessa reglugerð,
- b) C- og D-hluta II. viðauka er breytt í samræmi við 2. lið viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. apríl 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 85, 2.4.2003, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 22.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 31, 6.2.2003, bls. 3.

## VIÐAUKI

1. Eftirfarandi komi í stað liðar 4.10 í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:
  - „4.10. Að því er alifugla varðar skal fôður þeirra í sláturreldi innihalda að minnsta kosti 65% korn, sem er blanda af korni, prótínjurtum og olíufræjum.“
2. Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt sem hér segir:
  - a) Við C-hluta bætist eftirfarandi liður 2.3:
    - „2.3. Egg og eggjaafurðir til fôðrunar alifugla, helst frá sömu bújörð.“
  - b) D-hluta er breytt sem hér segir:
    - i) Eftirfarandi undirgrein bætist við lið 1.2:

„Þrátt fyrir fyrstu undirgrein og á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2005 er lögbærum yfirvöldum hvers aðildarríkis heimilt að leyfa notkun tilbúinna vítamína af gerðinni A, D og E fyrir jórturdýr að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

      - tilbúin vítamín eru eins og náttúrleg vítamín og,
      - leyfið, sem aðildarríkin gefa út, byggist á nákvæmum viðmiðunum og er tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar.

Framleiðendur geta aðeins nýtt sér þetta leyfi ef þeir hafa sýnt skoðunaraðila eða -yfirvaldi aðildarríkis fram á það með óyggjandi hætti að ekki sé unnt að tryggja heilbrigði og velferð dýra í landi þeirra án þessara tilbúnu vítamína.“
    - ii) Eftirfarandi liður 2 bætist við :
      - „Ölger“.

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 61/2003

2005/EES/58/09

frá 15. janúar 2003

um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1937/2002 <sup>(2)</sup>, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksgildi leifa: allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í Bandalaginu í dýrallyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.
- 2) Ekki skal ákvarða hámarksgildi leifa fyrr en nefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif þessara leifa á iðnaðarvinnslu matvæla.
- 3) Við ákvörðun á hámarksgildi dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundirnar, sem leifarnar kunna að finnast í, magnið, sem má vera í hverjum viðkomandi vef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvef), og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með leifum (leifamerki).
- 4) Til að auðvelda eftirlitið með leifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf Bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksgildi leifa í markvefjum lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarksgildi leifa í vöðva- eða fituvef.

- 5) Þegar um er að ræða dýrallyf fyrir varpfugla, mjólkandi dýr eða býflugur skal einnig ákvarða hámarksgildi leifa í eggjum, mjólk eða hunangi.
- 6) Bæta ber sefalóníum og perimetríni við í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 7) Bæta ber triklórmetíasíði við í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 8) Veita skal nægilegan frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýrallyfjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB <sup>(3)</sup>.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún gildir frá sextugasta degi eftir birtingu hennar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 11, 16.1.2003, bls. 12. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 23.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 297, 31.10.2002, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Erkki LIIKANEN

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_



## VIÐAUKI

A. Eftirfarandi efni eða efnum er bætt við í I. viðauka (skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem hámarksgildi leifa hefur verið ákveðið fyrir):

1. Sýkingarlyf.
- 1.2. Sýklalyf.
- 1.2.2. Sefalósporín.

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir
„Sefalóníum	Sefalóníum	Nautgripir	20 µg/kg	Mjólk“

2. Sniklalyf.
- 2.2. Útsniklalyf.
- 2.2.3. Pýretróíð.

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir
„Permetrín	Permetrín (summa myndbrigða )	Nautgripir	50 µg/kg 500 µg/kg 50 µg/kg 50 µg/kg 50 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk (*)

(\*) Fara ber að öðrum ákvæðum tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/82/EB (Stjtið. EB L 290, 29.10.1998, bls. 25).“

B. Eftirfarandi efni eða efnum er bætt við í II. viðauka (skrá yfir efni þar sem hámarksgildi leifa hefur verið ákveðið):

2. Lífræn efnasambönd.

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir
„Triklórmetíasíð	Öll spendýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.“

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 544/2003

2005/EES/58/10

frá 27. mars 2003

um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2003 <sup>(2)</sup>, einkum 6., 7. og 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksgildi leifa [á hámarksmagns leifa] allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í Bandalaginu í dýralyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.
- 2) Ekki skal ákvarða hámarksgildi leifa fyrr en nefndin um dýralyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif þessara leifa á iðnaðarvinnslu matvæla.
- 3) Við ákvörðun á hámarksgildi dýralyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundirnar, sem leifarnar kunna að finnast í, magnið, sem má vera í hverjum viðkomandi vef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvef), og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með leifum (leifamerki).
- 4) Til að auðvelda eftirlitið með leifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf Bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksgildi leifa í markvefjum lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr

skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarksgildi leifa í vöðva- eða fituvef.

- 5) Þegar um er að ræða dýralyf fyrir varpfugla, mjólk-andi dýr eða býflugur skal einnig ákvarða hámarksgildi leifa í eggjum, mjólk eða hunangi.
- 6) Bæta ber basíttrasíni við í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 7) Bæta ber brennisteini við í II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 8) Veita skal nægilegan frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýralyfjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB <sup>(3)</sup>.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá sextugasta degi eftir birtingu hennar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 81, 28.3.2003, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 24.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 11, 16.1.2003, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. mars 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Erkki LIIKANEN

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_

## VIDAUKI

A. Ákvæðum I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf.
- 1.2 Sýklalyf.
- 1.2.12 Pólýpeptíð.

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir
„Basítrasín	Summa af basítrasíni A, basítrasíni B og basítrasíni C	Kanínur	150 µg/kg 150 µg/kg 150 µg/kg 150 µg/kg 150 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru“

B. Ákvæðum II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

1. Ólífræn efni

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir
„Brennisteinn	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis“

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 665/2003

2005/EES/58/11

frá 11. apríl 2003

um breytingu á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2003 <sup>(2)</sup>, einkum 7. og 8. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun 2404. fundar ráðs Evrópusambandsins (á sviði landbúnaðar) um að samþykkja ekki drög að ráðstöfunum sem framkvæmdastjórnin leggur til varðandi ákvörðun hámarksgilda leifa [α: hámarksmagns leifa] fyrir norgestómet (COM(2001) 627 lokagerð),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 verður að ákvarða hámarksgildi leifa allra lyfjafræðilega virkra efna sem eru notuð í Bandalaginu í dýrallyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.
- 2) Ákvarða skal hámarksgildi leifa að undangenginni könnun nefndarinnar um dýrallyf á öllum viðeigandi upplýsingum, sem umsækjandinn lætur í té í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) 2377/90, og með tilliti til viðeigandi birtra vísindaupplýsinga um skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu, að meðtöldum t.d. áliti vísindanefndarinnar um dýraheilbrigðisráðstafanir sem tengjast lýðheilsu, skýrslum sameiginlegrar sérfræðinganeftdar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA) eða skýrslum frá alþjóðlega viðurkenndum rannsóknarstofnunum.
- 3) Við ákvörðun á hámarksgildum dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundirnar, sem leifarnar kunna að finnast í, magnið, sem má vera í hverjum viðkomandi vef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvef), og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með leifum (leifamerki). Þegar um er að ræða dýrallyf, sem ætluð eru mjólkandi dýrum, skal ákvarða hámarksgildi leifa í mjólk.

4) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 er kveðið á um að ákvörðun hámarksgilda leifa skuli á engan hátt hafa áhrif á beitingu annarrar viðeigandi löggjafar Bandalagsins.

5) Að því er varðar eftirlit með lyfjaleifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf Bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksgildi leifa í markvefjum lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti ávallt að ákvarða hámarksgildi leifa í vöðva- eða fituvef.

6) Efnin norgestómet og flúgestonasetat eru prógestagenhormón og sæta því takmörkum og notkunareftirliti eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 96/22/EB frá 29. apríl 1996 <sup>(3)</sup>. Við ákveðnar aðstæður er heimilt að gefa húsdýrum þessi hormón en einungis í tengslum við lækningar eða dýrarækt. Slíkar aðstæður krefjast þess m.a. að dýralæknir gefi lyfin eða hafi sjálfur umsjón með lyfjagjöfnni. Að auki skal dýralæknirinn skrá tegund meðferðar, gerðir vara, sem leyfi hefur verið veitt fyrir, dagsetningu meðferðar og auðkenni meðhöndlaðra dýra.

7) Þar að auki er í skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/22/EB, lagt bann við því að aflóga undaneldisdýrum séu gefin hormón í lækninga- eða dýraræktunarskyni á fitunartímanum undir lok æxlunarskeiðsins. Enn fremur er kveðið á um að kjöt eða aðrar afurðir dýra, sem gefin hafa verið hormón vegna lækninga- eða dýraræktunarmedferðar, skuli ekki markaðssettar til manneldis nema þær hafi verið meðhöndlaðar í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 96/22/EB og að biðtíminn, sem mælt er fyrir um, hafi verið virtur áður en dýrunum var sláttrað.

8) Eftir upphaflegt mat sitt taldi nefndin um dýrallyf að ekki væri nauðsynlegt, í því skyni að vernda lýðheilsu, að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir norgestómet þegar það er notað í dýrallyf sem eru leyfð í samræmi við löggjöf Bandalagsins. Því var lagt til að efninu verði bætt við í skrána í II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90. Enn fremur taldi nefndin um dýrallyf, af sömu ástæðum, að ekki væri nauðsynlegt að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir flúgestonasetat í öðrum markvefjum en mjólk.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 145/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 24.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 11, 16.1.2003, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3.

- 9) Heildarmat á fyrirliggjandi áhættumati þessara efna og öllum fyrirliggjandi vísindalegum upplýsingum og gögnum, með hliðsjón af eðlislægum eiginleikum prógestagenhormóna og faraldursfræðilegum niðurstöðum, sýnir að neytendum getur verið hættu búin ef þeir fá í sig of mikið magn hormónaleifa og umbrots-efna þeirra.
- 10) Í ljósi eðlislægra eiginleika prógestagenhormóna og þess að ekki er hægt að tryggja að góðum starfsvenjum við dýralækningar sé alltaf beitt og því þurfi yfirvöld að hafa yfir að ráða úrræðum til eftirlits með ólöglegri notkun þessara hormóna, er þess að auki krafist í tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996<sup>(1)</sup> að yfirvöld láti rannsaka tilvik þar sem grunur vaknar um að dýrum hafi verið gefin hormónin eða rannsóknarniðurstöður hafa staðfest það.
- 11) Í reglugerð (EBE) nr. 2377/90 varðandi hámarksgildi leifa er kveðið á um að aðildarríkin megi ekki banna eða hindra, á yfirráðasvæðum sínum, markaðssetningu dýrafóðurs, sem er upprunnið úr öðrum aðildarríkjum, af þeirri ástæðu að það innihaldi leifar dýralyfja ef viðkomandi efni eru skráð í II. viðauka tilskipunarinnar.
- 12) Þar eð einungis eru notuð innlend vikmörk, eins og sakir standa, til að setja í gang eftirlits- og rannsóknarmálsmeðferðina, sem kveðið er á um í tilskipun 96/23/EB, er talið viðeigandi að sett séu í Bandalaginu samræmd mörk fyrir norgestómet í öllum vefjum og fyrir flúgestonasetat í öllum vefjum nema mjólk. Í reglugerð ráðsins 2584/2001 frá 19. desember 2001<sup>(2)</sup> eru ákvörðuð hámarksgildi leifa fyrir flúgestonasetat í mjólk.
- 13) Með tilliti til þess að greind hafa verið hugsanleg, skaðleg áhrif á heilsu manna, sem orsakast af því að húsdýrum eru gefin þessi hormón, sama í hvaða tilgangi þau eru gefin, og að lokinni umfjöllun um nauðsyn þess að hafa, eins og sakir standa, áfram til reiðu á markaði Bandalagsins sum þessara efna, sem nú eru notuð til lækningar eða ræktunar húsdýra, og einnig að teknu tilliti til þeirra ströngu skilyrða sem gilda samkvæmt tilskipun 96/22/EB um veitingu leyfis til notkunar þessara efna til lækninga eða dýraræktunar, er við hæfi að halda áfram umfjöllun um efnin og vefina samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2377/90 í því skyni að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir þessi efni.
- 14) Að því tilskildu að ekki sé ástæða til að ætla að leifar efnanna, sem um er að ræða, í því magni sem um ræðir, stofni heilsu neytenda í hættu skulu hámarksgildi leifa ákvörðuð í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90. Í ljósi heildarmats á áhættumati prógestagenhormóna, ef menn fá í sig of mikið magn hormónaleifa og umbrotsefna þeirra, er nauðsynlegt að áhætta neytenda sé endurskoðuð reglulega á grundvelli nýrra vísindarannsókna.
- 15) Fastanefndin um dýralyf, sem um getur í 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2377/90, skilaði ekki jákvæðu álitum um fyrirhugaðar ráðstafanir framkvæmdastjórnarinnar að skrá norgestómet í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 og á 2404. fundi sínum 21. janúar 2002 staðfesti landbúnaðarráðið það álit nefndarinnar, með því að leggja, með einföldum meirihluta, gegn samþykkt þessara ráðstafana (COM(2001) 627 lokagerð). Ráðið var hlynnt því að kveðið yrði á um samræmd eftirlitsmörk fyrir prógestagenhormón, sem eru notuð í dýralyfjum, á grundvelli greiningaraðferða sem eru fullgiltar á tilskilinn hátt og hægt væri að beita við reglubundið eftirlit. Mörkin, sem framkvæmdastjórnin lagði til fyrir norgestómet, voru ekki talin viðunandi.
- 16) Framkvæmdastjórnin fór því fram á það við nefndina um dýralyf að hún legði fram vísindalegt mat á fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. staða fullgildingar greiningaraðferða um eftirlit með lyfjaleifum, og að hún legði til, ef því verður við komið, gildi leifa fyrir norgestómet í öllum markvefjum, þ.m.t. mjólk, og fyrir flúgestonasetat í öllum markvefjum nema mjólk.
- 17) Að teknu tilliti til viðbragða nefndarinnar um dýralyf, þarfarinnar fyrir frekari fullgildingu greiningaraðferða og vísindalegra óvissuþátta er engu að síður talið viðeigandi að skrá norgestómet, að því er varðar alla vefi, og flúgestonasetat, að því er varðar alla vefi nema mjólk, í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 í samræmi við þau skilyrði og hámarksgildi leifa sem eru tilgreind fyrir hvort þessara efna um sig í viðaukunum við þessa tillögu framkvæmdastjórnarinnar að reglugerð.
- 18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún gildir frá sextugasta degi eftir birtingu hennar.

<sup>(1)</sup> Stjótd. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjótd. EB L 345, 29.12.2001, bls. 7.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Erkki LIIKANEN

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_

## VIDAUKI

Eftirfarandi efnum er bætt við í III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90:

6. Lyf sem virka á æxlunarfæri.

6.1. Prógestagen.

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir
„Flúgestonasetat ( <sup>1</sup> )	Flúgestonasetat	Sauðfê, geitur	0,5 µg/kg 0,5 µg/kg 0,5 µg/kg 0,5 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru
Norgestómet ( <sup>1</sup> )	Norgestómet	Nautgripir	0,5 µg/kg 0,5 µg/kg 0,5 µg/kg 0,5 µg/kg 0,15 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk

(<sup>1</sup>) Bráðabirgðagildi fyrir hámarksgildi leifa falla úr gildi 1.1.2008. Einungis notað í tengslum við lækningar eða dýrarækt.“



## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 739/2003

2005/EES/58/12

frá 28. apríl 2003

um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

skrokkum í alþjóðaviðskiptum og því ætti einnig ávallt að ákvarða hámarksgildi leifa í vöðva- eða fitu-vef.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2003 <sup>(2)</sup>, einkum 7. og 8. gr.,

5) Þegar um er að ræða dýrallyf fyrir varpfugla, mjólk-andi dýr eða býflugur skal einnig ákvarða hámarksgildi leifa í eggjum, mjólk eða hunangi.

6) Bæta ber oxólínsýru og flúgestoni við í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 verður smám saman að ákvarða hámarksgildi leifa allra lyfja-fræðilega virkra efna sem eru notuð í Bandalaginu í dýrallyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

7) Veita skal nægilegan frest áður en þessi reglugerð öðlast gildi svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, á markaðs-leyfum sem hafa verið veitt fyrir viðkomandi dýrallyfjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB <sup>(3)</sup>.

2) Ekki skal ákvarða hámarksgildi leifa fyrr en fastanefndin um dýrallyf hefur kannað allar viðeigandi upplýsingar varðandi skaðleysi leifa viðkomandi efnis fyrir þá sem neyta matvæla úr dýraríkinu og áhrif þessara leifa á iðnaðarvinnslu matvæla.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

3) Við ákvörðun á hámarksgildi dýrallyfjaleifa í matvælum úr dýraríkinu er nauðsynlegt að tilgreina dýrategundirnar, sem leifarnar kunna að finnast í, magnið, sem má vera í hverjum viðkomandi vef úr dýri sem hefur fengið lyfjameðferð (markvef), og hvaða eiginleikar leifarinnar skipta máli við eftirlit með leifum (leifamerki).

1. gr.

4) Til að auðvelda eftirlitið með leifum, sem kveðið er á um í viðeigandi löggjöf Bandalagsins, skal að jafnaði ákvarða hámarksgildi leifa í markvefjum lifrar eða nýrna. Hins vegar eru lifur og nýru oft fjarlægð úr

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá sextugasta degi eftir birtingu hennar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 106, 29.4.2003, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 24.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 11, 16.1.2003, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. apríl 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Erkki LIIKANEN

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 er breytt sem hér segir:

1. Sýkingarlyf.

1.2. Sýklalyf.

1.2.3. Kínólón.

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir
„Oxólínsýra	Oxólínsýra	Svín	100 µg/kg	Vöðvi
			50 µg/kg	Húð og fita
			150 µg/kg	Lifur
		Kjúklingar <sup>(1)</sup>	150 µg/kg	Nýru
			100 µg/kg	Vöðvi
			50 µg/kg	Húð og fita
		Fiskar með uggunum	150 µg/kg	Lifur
			150 µg/kg	Nýru
			100 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum

<sup>(1)</sup> Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneldis.“

6. Lyf sem virka á æxlunarfæri.

6.1. Prógestagen.

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir
„Flúgestonasetat	Flúgestonasetat	Geitur <sup>(1)</sup>	1 µg/kg	Mjólk

<sup>(1)</sup> Einungis til notkunar í leggöng í tengslum við dýrarækt.“

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/23/EB

2005/EES/58/13

frá 25. mars 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum ímasamoxi, oxasúlfúroni, etoxýsúlfúroni, foramsúlfúroni, oxadíargýli og sýasófamíði (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/81/EB <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirlögdum í Frakklandi 2. desember 1997 umsókn frá Cyanamid NV/SA (nú BASF AG) um skráningu virka efnisins ímasamox í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1998/676/EB <sup>(3)</sup> að tilskildu skjölin væru fullfrágengin að því leyti að þau fullnægðu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfunum í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
- 2) Yfirlögdum á Ítalíu barst sams konar umsókn 29. maí 1998 frá Novartis Protezione Pianta SpA (nú Syngenta) varðandi oxasúlfúron. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/237/EB <sup>(4)</sup> var því lýst yfir að umsóknin væri fullfrágengin.
- 3) Yfirlögdum á Ítalíu barst sams konar umsókn 3. júlí 1996 frá Hoechst Schering AgrEvo GmbH (nú Bayer Crop Science) varðandi etoxýsúlfúron. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/591/EB <sup>(5)</sup> var því lýst yfir að umsóknin væri fullfrágengin.
- 4) Yfirlögdum í Þýskalandi barst sams konar umsókn 30. mars 2000 frá Aventis Crop Science (nú Bayer Crop Science) varðandi foramsúlfúron. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/540/EB <sup>(6)</sup> var því lýst yfir að umsóknin væri fullfrágengin.
- 5) Yfirlögdum á Ítalíu barst sams konar umsókn 16. júní 1997 frá Rhone-Poulenc Agro SA (nú Bayer Crop Science) varðandi oxadíargýl. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/398/EB <sup>(7)</sup> var því lýst yfir að umsóknin væri fullfrágengin.
- 6) Yfirlögdum í Frakklandi barst sams konar umsókn 16. desember 1999 frá Ishira Sangyo Kaisha Ltd varðandi sýasófamíð. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/412/EB <sup>(8)</sup> var því lýst yfir að umsóknin væri fullfrágengin.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 81, 28.3.2003, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 25.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 276, 12.10.2002, bls. 28.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 317, 26.11.1998, bls. 47.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 87, 31.3.1999, bls. 15.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 239, 30.8.1997, bls. 48.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 230, 12.9.2000, bls. 14.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 176, 20.6.1998, bls. 34.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 155, 28.6.2000, bls. 62.

- 7) Áhrif þessara virku efna á heilbrigði manna og umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjendur hafa í huga. Tilnefndu skýrslugjafaríkin lögðu drög að matsskýrslum um efnin fyrir framkvæmdastjórnina 9. september 1999 (ímasamox), 10. maí 2000 (oxasúlfúron), 20. maí 1998 (etoxýsúlfúron), 1. júní 2001 (foramsúlfúron), 20. júlí 1999 (oxadíargýl) og 27. ágúst 2001 (sýasófamíð).

- 8) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað drögin að matsskýrslunum innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra. Endurskoðuninni lauk 3. desember 2002 með endurmatsskýrslum framkvæmdastjórnarinnar um ímasamox, oxadíargýl, oxasúlfúron, etoxýsúlfúron, foramsúlfúron og sýasófamíð.

- 9) Endurskoðun á ímasamoxi, oxasúlfúroni, foramsúlfúroni, oxadíargýli og sýasófamíði leiddi ekki í ljós nein álitæfni eða vandamál er gæfu tilefni til samráðs við vísindanefndina um plöntur.

- 10) Að því er varðar etoxýsúlfúron hafa gögn og upplýsingar verið lagðar fyrir vísindanefndina um plöntur til sérstakrar umfjöllunar. Í fyrsta samráði var vísindanefndinni boðið að setja fram athugasemdir um myndun legæxla í rottum. Í álit <sup>(9)</sup> sínu taldi nefndin að fjölgun legæxla í rottum skipti engu máli að því er varðar áhættu fyrir menn þar sem æxlin mynduðust einungis við inngjöf stórra skammta sem hefðu í för með sér veruleg, almenn eiturhrif. Ekki var talið nauðsynlegt að láta fara fram fleiri rannsóknir á verkunarmáta. Eftir var til frekara samráðs varðandi hugsanlega áhættu fyrir vatnalífverur. Í öðru álit <sup>(10)</sup> sínu kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að matið, að því er varðar áhættu fyrir vatnalífverur af völdum etoxýsúlfúrons, sé ófullnægjandi í ýmsu tilliti, einkum að því er varðar lífverur sem búa í seti. Áhættumatið fyrir vatnplöntur og þörungum, að því er varðar umbrotsefnið Hoe 136086 úr etoxýsúlfúroni, var einnig talið ófullnægjandi.

<sup>(9)</sup> Álit vísindanefndarinnar um plöntur varðandi mat á etoxýsúlfúroni með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (SCP/ETHOXY/002-lokaútg., dagsett 22. september 2000).

<sup>(10)</sup> Álit vísindanefndarinnar um plöntur varðandi mat á etoxýsúlfúroni með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (SCP/ETHOXY-Bis/002-lokaútg., dagsett 7. júní 2001).

Umsækjandinn lét síðar í té viðbótarrannsóknir og -upplýsingar að því er varðar virka efnið og skýrslugjafarrikið endurskoðaði niðurbrotsefni þess.

- 11) Mismunandi rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir því að plöntuvarnarefni, sem innihalda viðkomandi, virk efni, uppfylli almennt kröfurnar, sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar notkunaraðferðirnar sem voru skoðaðar og tíundaðar í endurmatsskýrslum framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta þessum virku efnum við í I. viðauka til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjunum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda þetta virka efni, í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.
- 12) Endurmatsskýrslur framkvæmdastjórnarinnar eru nauðsynlegar til að tryggja rétta framkvæmd aðildarríkjanna á nokkrum þáttum samræmdu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE. Rétt þykir að aðildarríkin sjái til þess að hagsmunaaðilar hafi aðgang að lokagerðum endurmatsskýrslunnar, að undanskildum trúnaðarupplýsingum í skilningi 14. gr. tilskipunar 91/414/EBE, eða sé veittur aðgangur að þeim.
- 13) Að skráningu lokinni skulu aðildarríkin fá hæfilegan frest til að hrinda ákvæðum tilskipunar 91/414/EBE í framkvæmd að því er varðar plöntuvarnarefni sem innihalda ímasamox, oxasúlfúron, etoxýsúlfúron, foramsúlfúron, oxadíargýl eða sýasófamið, einkum til að endurskoða gildandi bráðabirgðaleyfi og, innan þessa frests, að breyta þessum leyfum í full leyfi, breyta þeim eða afturkalla í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE.
- 14) Rétt þykir því að breyta tilskipun 91/414/EBE til samræmis við það.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 2004.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*3. gr.*

1. Aðildarríkin skulu endurskoða leyfið fyrir hvert plöntuvarnarefni sem inniheldur ímasamox, oxasúlfúron, etoxýsúlfúron, foramsúlfúron, oxadíargýl eða sýasófamið til að ganga úr skugga um að skilyrðin, er varða þessi virku efni og eru sett fram í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, hafi verið uppfyllt. Þau skulu breyta leyfinu eða afturkalla það í samræmi við tilskipun 91/414/EBE fyrir 31. desember 2003 ef nauðsyn krefur.

2. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 30. júní 2003, endurmeta hvert heimilað plöntuvarnarefni, sem inniheldur ímasamox, oxasúlfúron, etoxýsúlfúron, foramsúlfúron, oxadíargýl eða sýasófamið, annaðhvort sem eina virka efnið eða eitt af nokkrum virkum efnum sem eru öll skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, og skal endurmatið vera í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE á grundvelli skjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við hana. Þau skulu ákvarða á grundvelli matsins hvort varan uppfylli skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Ef nauðsyn krefur og eigi síðar en 31. desember 2004 skulu þau breyta eða afturkalla leyfið fyrir hvert slíkt plöntuvarnarefni.

*4. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

*5. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. mars 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

## Í I. viðauka er eftirfarandi línur bætt við í lok töflunnar:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki <sup>(1)</sup>	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
„41	Ímasamox CAS-nr. 114311-32-9 CIPAC-nr. 619	(±)-2-(4-ísóprópýl-4-metýl-5-oxó-2-imidasólín-2-ýl)-5-(metoxýmetýl) nikótínsýra	950 g/kg	1. júlí 2003	30. júní 2013	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir.  Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um ímasamox, einkum I. og II. viðbætur við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002.  Við heildarmatið ber aðildarríkjunum að gefa sérstakan gaum að mögulegri mengun grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða veðurfarsþætti. Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.
42	Oxasúlfúron CAS-nr. 144651-06-9 CIPAC-nr. 626	Oxetan-3-ýl 2[(4,6-dimetýlpýrimidín-2-ýl) karbamóýl-súlfamóýl] bensóat	960 g/kg	1. júlí 2003	30. júní 2013	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir.  Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um oxasúlfúron, einkum I. og II. viðbætur við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002.  — Aðildarríkin skulu gefa vernd grunnvatns sérstakan gaum þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða veðurfarsþætti.  Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.
43	Etoxýsúlfúron CAS-nr. 126801-58-9 CIPAC-nr. 591	3-(4,6-dimetoxýpýrimidín-2-ýl)-1-(2-etoxyfenoxý-súlfonýl) þvagefni	950 g/kg	1. júlí 2003	30. júní 2013	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir.  Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um etoxýsúlfúron, einkum I. og II. viðbætur við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002.  Aðildarríkin skulu gefa vernd vatnaplantna, sem eru utan markhóps, og þörungna í framræsluskurðum sérstakan gaum.  Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki <sup>(1)</sup>	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
44	Foramsúlfúron CAS-nr. 173159-57-4 CIPAC-nr. 659	1-(4,6-dímetoxýpýrimídín-2-ýl)-3-(2-dímetýlkarbamóýl-5-formamidófenýlsúlfonýl) þvagefni	940 g/kg	1. júlí 2003	30. júní 2013	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir.  Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um foramsúlfúron, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002.  Við heildarmatið ber aðildarríkjunum að gefa vernd vatna-plantna sérstakan gaum. Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.
45	Oxadíargýl CAS-nr. 39807-15-3 CIPAC-nr. 604	5-tert-bútýl-3-(2,4-díklór-5-própargýloxýfenýl)-1,3,4 oxadíasól-2-(3H)-on	980 g/kg	1. júlí 2003	30. júní 2013	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir.  Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um oxadíargýl, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002.  Við heildarmatið ber aðildarríkjunum að gefa vernd þörungna og vatnaplantna sérstakan gaum. Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.
46	Sýasófamið CAS-nr. 120116-88-3 CIPAC-nr. 653	4-klór-2sýanó-N,N-dímetýl-5-P-tólýlimidasól -1-súlfonamið	935 g/kg	1. júlí 2003	30. júní 2013	Einungis má leyfa að efnið sé notað til sveppaeyðingar.  Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um sýasófamið, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002. Við heildarmatið:  — ber aðildarríkjunum að gefa vernd vatnalífvera sérstakan gaum,  — ber aðildarríkjunum að gefa hvarfafræði niðurbrots hjá umbrotsefninu CTCA í jarðvegi sérstakan gaum, einkum í Norður-Evrópu.  Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eða setja takmarkanir á notkun eftir því sem við á.

<sup>(1)</sup> Frekari upplýsingar um kenni og forskrift virku efnanna er að finna í endurmatsskýrslunni.“

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/95/EB

2005/EES/58/14

frá 27. janúar 2003

## um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 8. nóvember 2002 <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Misræmi í lögum eða stjórnsýsluákvæðum, sem aðildarríkin samþykkja að því er varðar takmarkanir á notkun hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði, gæti skapað viðskiptahindranir og valdið röskun á samkeppni innan Bandalagsins og gæti þar með haft bein áhrif á stofnun og starfsemi innri markaðarins. Það virðist því nauðsynlegt að samræma lög aðildarríkjanna á þessu sviði, efla heilsuvernd manna og stuðla að endurnýtingu og förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs á vistvænan hátt.
- 2) Á fundi sínum í Nice 7., 8. og 9. desember 2000 staðfesti Evrópuráðið ályktun frá 4. desember 2000 um varúðarregluna.
- 3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 1996 um endurskoðun á áætlun Bandalagsins varðandi meðferð úrgangs er lögð áhersla á nauðsyn þess að draga úr magni hættulegra efna í úrgangi og bent á hugsanlegan ávinning þess að koma á reglum sem gilda alls staðar í Bandalaginu og miða að því að halda í lágmarki magni slíkra efna í framleiðsluvörum og framleiðsluferlinu.
- 4) Í ályktun ráðsins frá 25. janúar 1988 um aðgerðaráætlun Bandalagsins til að verjast umhverfismengun af völdum kadmíums <sup>(5)</sup> er framkvæmdastjórnin hvött

til að þróa án tafar sérstakar ráðstafanir fyrir slíka áætlun. Einnig þarf að vernda heilbrigði manna og því ber að hrinda í framkvæmd heildaráætlun um takmörkun á notkun kadmíums sem hvetur til rannsóknar á staðgönguefnum. Í ályktuninni er lögð áhersla á að takmarka beri notkun kadmíums við tilvik þar sem aðrir hentugir og öruggir kostir eru ekki í boði.

- 5) Fyrirliggjandi heimildir gefa til kynna að ráðstafanir um söfnun, meðhöndlun og förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem settar voru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang <sup>(6)</sup>, eru nauðsynlegar til að draga úr vanda við meðhöndlun úrgangs sem tengist umræddum þungmálum og logavarnarefnum. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir verður haldið áfram að farga verulegum hluta af raf- og rafeindabúnaðarúrgangi eftir núverandi förgunarleiðum. Jafnvel þótt raf- og rafeindabúnaðarúrgangi væri safnað sérstaklega fyrir endurvinnslu myndi magn kvikasilfurs, kadmíums, blýs, sexgilds króms, fjölbrómaðs bífenýls og fjölbrómaðs difenýletra, sem hann inniheldur, líklega stofna heilbrigði manna og umhverfinu í hættu.
- 6) Að teknu tilliti til tæknilegrar og efnahagslegrar hagkvæmni og í því skyni að draga verulega úr áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið er nauðsynlegt að skipta út þessum efnum í raf- og rafeindabúnaði og láta önnur örugg eða öruggari efni koma í stað þeirra til að unnt sé að ná því verndarstigi sem ákveðið hefur verið í Bandalaginu. Líklegt er að takmörkun á notkun þessara efna auki möguleikana á því að raf- og rafeindabúnaðarúrgangur verði enduruninn, að endurvinnsla verði arðvænleg og að unnt verði að draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu starfsmanna í endurvinnslustöðvum.
- 7) Efnin, sem fjallað er um í þessari tilskipun, hafa verið vel rannsökuð og metin á vísindalegan hátt og gerðar hafa verið ýmsar ráðstafanir vegna þeirra, bæði á vettvangi Bandalagsins og innanlands.
- 8) Í ráðstöfunum, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, er tekið tillit til núverandi, alþjóðlegra viðmiðunarreglna og tilmæla og byggjast þær á mati á fyrirliggjandi vísinda- og tækniupplýsingum. Ráðstafanirnar

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 26.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 195 og Stjtið. EB C 240 E, 28.8.2001, bls. 303.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 116, 20.4.2001, bls. 38.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 148, 18.5.2001, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 15. maí 2001 (Stjtið. EB C 34 E, 7.2.2002, bls. 109), sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. desember 2001 (Stjtið. EB C 90 E, 16.4.2002, bls. 12) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 10. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. desember 2002 og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2002.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 30, 4.2.1988, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 37, 13.2.2003, bls. 24.



eru nauðsynlegar til að ná því verndarstigi sem ákveðið hefur verið fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið, að teknu tilliti til áhættunnar sem myndi líklega skapast í Bandalaginu ef engar slíkar ráðstafanir væru fyrir hendi. Stöðugt ber að endurskoða ráðstafanirnar og, ef nauðsyn krefur, aðlaga þær með tilliti til fyrirbyggjandi tækni- og vísindaupplýsinga.

- 9) Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um öryggis- og heilbrigðiskröfur og sérstaka löggjöf Bandalagsins um meðferð úrgangs, einkum tilskipun ráðsins 91/157/EBE frá 18. mars 1991 um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni <sup>(1)</sup>.
- 10) Taka ber tillit til tækniþróunar á sviði raf- og rafeindabúnaðar sem inniheldur ekki þungmálma, fjölbrómaðan difenýletra og fjölbrómað bifeníl. Um leið og vísindaleg gögn liggja fyrir og að teknu tilliti til varúðarreglunnar ber að rannsaka bann við öðrum hættulegum efnum og skipta þeim út fyrir önnur umhverfissvænni efni til að tryggja a.m.k. sams konar vernd fyrir neytendur.
- 11) Heimila ber undanþágur frá kröfunni um útskiptingu efna ef hún er ekki möguleg út frá vísinda- og tæknilegu sjónarmiði eða ef neikvæð áhrif útskiptingarinnar vega þyngra en ávinningurinn fyrir menn og umhverfið. Þegar hættulegum efnum er skipt út fyrir önnur í raf- og rafeindabúnaði skal það gert þannig að það samrýmist heilbrigði og öryggi notenda raf- og rafeindabúnaðar.
- 12) Þar sem hagkvæmt er að endurnota, endurnýja og framlengja endingartíma búnaðarins er nauðsynlegt að varahlutir séu fáanlegir.
- 13) Framkvæmdastjórnin skal, með nefndarmeðferð, laga undanþágur frá kröfunni um að taka hættuleg efni úr notkun í áföngum eða banna notkun þeirra, að framförum á sviði vísinda og tækni.
- 14) Samþykka skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(2)</sup>.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

### Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að samræma lög aðildarríkjanna um takmörkun á notkun hættulegra efna í

raf- og rafeindabúnaði, efla heilsuvernd manna og stuðla að endurnýtingu og förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs á vistvænan hátt.

*2. gr.*

### Gildissvið

1. Með fyrirvara um 6. gr. gildir þessi tilskipun um raf- og rafeindabúnað, sem heyrir undir 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7. og 10. flokk í I. viðauka A við tilskipun nr. 2002/96/EB, og um rafljósaperur og ljós til heimilisnota.
2. Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um öryggis- og heilbrigðiskröfur og sérstaka löggjöf Bandalagsins um meðferð úrgangs.
3. Þessi tilskipun gildir ekki um varahluti til viðgerðar eða endurnotkunar á raf- og rafeindabúnaði sem er markaðssettur fyrir 1. júlí 2006.

*3. gr.*

### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „raf- og rafeindabúnaður“: búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið, sem er í einhverjum af þeim flokkum sem eru tilgreindir í I. viðauka A við tilskipun 2002/96/EB og hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1 000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1 500 volt þegar um er að ræða jafnstraum,
- b) „framleiðandi“: aðili sem, óháð sölutækni sem notuð er, þ.m.t. notkun fjarsamskiptamiðla í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga <sup>(3)</sup>,
- i) framleiðir og selur raf- og rafeindabúnað undir eigin vörumerki,
- ii) endurselur búnað, undir eigin vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða en endursöluaðilinn telst þó ekki vera „framleiðandi“ ef vörumerki framleiðandans er á búnaðinum eins og kveðið er á um í i-lið, eða
- iii) flytur raf- og rafeindabúnað inn eða út úr aðildarríki í atvinnuskyni.

Sá sem eingöngu leggur til fjármagn samkvæmt einhvers konar samningi um fjármögnun skal ekki teljast „framleiðandi“ nema hann starfi einnig sem framleiðandi í skilningi i- til iii-liðar.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 78, 26.3.1991, bls. 38. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/101/EB (Stjótið. EB L 1, 5.1.1999, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjótið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjótið. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2002/65/EB (L 271, 9.10.2002, bls. 16).

## 4. gr.

**Forvarnir**

1. Aðildarríkin skulu, frá og með 1. júlí 2006, tryggja að nýr raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölbrómuð bifeníl eða fjölbrómaða dífenýletra. Fram til 1. júlí 2006 er heimilt að viðhalda innlendum ráðstöfunum, sem voru samþykktar í samræmi við löggjöf Bandalagsins áður en tilskipun þessi var samþykkt, sem takmarka eða banna notkun þessara efna í raf- og rafeindabúnað.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um þá notkun sem um getur í viðaukanum.

3. Evrópuþingið og ráðið skulu, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar, um leið og vísindaleg gögn liggja fyrir og í samræmi við reglur um iðefnastefnu, sem mælt er fyrir um í sjöttu aðgerðaráætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála, taka ákvörðun um hvort banna skuli önnur hættuleg efni og um útskiptingu þeirra fyrir umhverfisvænni kosti, er tryggi a.m.k. sams konar vernd fyrir neytendur.

## 5. gr.

**Aðlögun að framförum í vísindum og tækni**

1. Breytingar, sem gera þarf til að laga ákvæði viðaukans að framförum í vísindi og tækni, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr. með eftirfarandi að markmiði:

- a) að ákvarða, eftir því sem þörf krefur, ásætlanlegan hámarksstyrk efnanna, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., í tilteknum efnivið og íhlutum raf- og rafeindabúnaðar,
- b) að undanskilja efnivið og íhluta raf- og rafeindabúnaðar ákvæðum 1. mgr. 4. gr. ef ógerlegt er, frá tæknilegu eða vísindalegu sjónarmiði að sleppa þeim eða skipta þeim út fyrir önnur efni með breyttri hönnun eða með því að nota efnivið eða íhluti sem krefjast ekki notkunar efniviðarins eða efnanna sem um getur í 1. mgr. 4. gr. eða þar sem neikvæð áhrif á umhverfi, heilbrigði og/eða öryggi neytanda af völdum þess að skipta út fyrir önnur efni vega þyngra en ávinningurinn sem hlýst af áhrifum útskiptingarinnar á umhverfið, heilbrigði og/eða öryggi neytenda,
- c) að endurskoða hverja undanþágu í viðaukanum á a.m.k. fjögurra ára fresti eða fjórum árum eftir að viðkomandi þætti er bætt í skrána með það í huga að vega og meta hvort fella eigi tiltekinn efnivið eða íhluti brott úr viðaukanum ef ógerlegt er, frá tæknilegu eða vísindalegu sjónarmiði, að sleppa þeim eða skipta þeim út með breyttri hönnun eða með því að nota efnivið eða íhluti

sem krefjast ekki notkunar efniviðarins og efnanna, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., eða þar sem neikvæð áhrif á umhverfi, heilbrigði og/eða öryggi neytanda af völdum þess að skipta út fyrir önnur efni vega þyngra en ávinningurinn sem hlýst af áhrifum útskiptingarinnar á umhverfið, heilbrigði og/eða öryggi neytenda.

2. Áður en viðaukanum er breytt skv. 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin m.a. hafa samráð við framleiðendur raf- og rafeindabúnaðar, endurvinnsluaðila, meðhöndlunaraðila, umhverfissamtök og starfsmanna- og neytendasamtök. Athugasemdir skulu sendar áfram til nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 7. gr. Framkvæmdastjórnin skal gera grein fyrir þeim upplýsingum sem hún fær í hendur.

## 6. gr.

**Endurskoðun**

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 13. febrúar 2005, endurskoða ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun með hliðsjón af nýjum vísindalegum gögnum ef nauðsyn krefur.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en þann dag, leggja fram tillögur um að fella búnað, sem tilheyrir 8. og 9. flokki í I. viðauka A við tilskipun 2002/96/EB, undir gildissvið þessarar tilskipunar.

Framkvæmdastjórnin skal einnig kanna þörfina á að aðlaga efnaupptalninguna í 1. mgr. 4. gr. á grundvelli vísindalegra staðreynda og með hliðsjón af varúðarreglunni og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögur að slíkum aðlögunum, ef við á.

Við endurskoðunina skal gefa sérstakan gaum þeim áhrifum sem önnur hættuleg efni og efniviður, sem notaður er í raf- og rafeindabúnað, hefur á umhverfið og heilbrigði manna. Framkvæmdastjórnin skal skoða möguleikann á því að skipta út slíkum efnum og efniviði og skal hún leggja tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið um að rýmka gildissvið 4. gr., ef við á.

## 7. gr.

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið er á fót með 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE<sup>(1)</sup>.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39.

8. gr.

#### Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum á innlendum ákvæðum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

9. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 13. ágúst 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði allra laga og stjórnsýslufyrirmæla sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

10. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

11. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 2003.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. DRYS

*forseti.*

## VIÐAUKI

**Notkun blýs, kvikasilfurs, kadmíums og sexgilds króms sem er undanþegin kröfum 1. mgr. 4. gr.**

1. Kvikasilfur í samþjöppuðum flúrlömpum, ekki yfir 5 mg í hverjum lamp.
2. Kvikasilfur í aflöngum flúrlömpum til almennra nota, ekki yfir:

— halófosfat	10 mg
— trifosfat með hefðbundinn endingartíma	5 mg
— trifosfat með langan endingartíma	8 mg
3. Kvikasilfur í aflöngum flúrlömpum til sérstakra nota.
4. Kvikasilfur í öðrum lömpum sem ekki er getið sérstaklega í þessum viðauka.
5. Blý í gleri bakskautslampa, rafeindaíhluta og flúrlampa.
6. Blý sem hluti málmblendis í stáli, sem inniheldur allt að 0,35% blý miðað við þyngd, í áli, sem inniheldur allt að 0,4% blý miðað við þyngd, og í koparblendi, sem inniheldur allt að 4% blý miðað við þyngd.
7. — Blý í lóðningarefni með hátt bræðslumark (t.d. blý-/tinlóðningarefni sem inniheldur meira en 85% blý),  
— blý í lóðningarefni fyrir netþjóna, diska sem geyma gögn og gagnageymslur (undanþága veitt til ársins 2010),  
— blý í lóðningarefni fyrir netgrunnvirkisbúnað til að tengja, senda merki, senda út og netkerfisstjórnunarbúnað fyrir fjarskipti,  
— blý í rafeindahlutum úr keramíki (t.d. þrýstiraftæknilegur búnaður).
8. Kadmíumhúðun að undanskilinni notkun sem er bönnuð samkvæmt tilskipun 91/338/EBE <sup>(1)</sup> um breytingu á tilskipun 76/769/EBE <sup>(2)</sup> um takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna.
9. Sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kælikerfi úr stáli í ísogskælum.
10. Framkvæmdastjórnin skal meta, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr., notkun:

— deca BDE,
— kvikasilfurs í aflöngum flúrlömpum til sérstakra nota,
— blýs í lóðningarefni fyrir netþjóna, diska sem geyma gögn og gagnageymslur, netgrunnvirkisbúnað til að tengja, senda merki, senda út og netkerfisstjórnunarbúnað fyrir fjarskipti (í því skyni að setja tiltekin tímamörk varðandi þessa undanþágu), og
— ljósapera,

til að ákvarða, eins fljótt og auðið er, hvort breyta skuli þessum liðum á samsvarandi hátt.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 186, 12.7.1991, bls. 59.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/11/EB

2005/EES/58/15

frá 6. febrúar 2003

**um tuttugustu og fjórðu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (pentabrómdífenýletra, oktabrómdífenýletra) (\*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 8. nóvember 2002,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 14. gr. sáttmálans skal koma á fót svæði án innri landamæra þar sem frjálssir vöruflutningar, frjálss för fólks, frjálss þjónustustarfsemi og frjálssir fjármagnsflutningar eru tryggðir.
- 2) Áhætta, sem steðjar að umhverfinu vegna pentabrómdífenýletra (pentaBDE) og oktabrómdífenýletra (oktaBDE), hefur verið metin samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna <sup>(4)</sup>. Áhættumatið fyrir pentabrómdífenýletra og oktabrómdífenýletra leiddi í ljós að þörf var á að draga úr áhrifum þessara efna á umhverfið. Í álitum sínum frá 4. febrúar 2000 og 31. október 2002 staðfesti vísindanefndin um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið niðurstöður matsins fyrir pentabrómdífenýletra og oktabrómdífenýletra þess efnis að nauðsynlegt væri að draga úr áhrifum efnanna til að vernda umhverfið. Í álitum sínu frá 19. júní 2000 staðfesti nefndin enn fremur áhyggjur sínar varðandi váhrif sem börn á brjósti yrðu fyrir frá pentabrómdífenýletra og að hugsanlega mætti rekja aukinn styrk pentabrómdífenýletra í brjóstamjólk til óþekktrar notkunar efnisins.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt tilmæli innan ramma reglugerðar (EBE) nr. 793/93 varðandi áætlun um að draga úr áhættu að því er varðar pentabrómdífenýletra <sup>(5)</sup> og oktabrómdífenýletra <sup>(6)</sup> með því að kveða á um takmarkanir á markaðssetningu og notkun efnanna til að geta stýrt umhverfisáhættunni. Einnig var mælt til þess að í öllum aðgerðum skuli tekið tillit til þess að ungbörn geti orðið fyrir váhrifum frá efnunum í mjólk.

4) Í þágu heilsu- og umhverfisverndar skal banna markaðssetningu og notkun á pentabrómdífenýletra og oktabrómdífenýletra og markaðssetningu vara sem innihalda annað eða bæði þessara efna.

5) Með stöðluðum greiningaraðferðum á borð við gas- og massagreiningu (GC-MS) er unnt að greina pentabrómdífenýletra og oktabrómdífenýletra í styrk sem er meiri en 0,1%.

6) Áhættumat fyrir dekabrómdífenýletra lá fyrir í ágúst 2002 og leiddi í ljós fjölda óvissupáttar varðandi hugsanleg áhrif þessa efnis á umhverfið. Bandalagið skal án tafar grípa til ráðstafana í því skyni að draga úr áhættunni og setja þegar í stað fram áætlun um takmörkun áhættu. Framkvæmdastjórnin væntir þess að niðurstöður áætlunarinnar um takmörkun áhættu liggi fyrir eigi síðar en 30. júní 2003. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað meta niðurstöðurnar og leggja fram tillögu um viðeigandi og strangar ráðstafanir til að bregðast við þeirri áhættu sem hefur verið sannreynð. Evrópuþingið og ráðið skal taka tillöguna til umfjöllunar án tafar. Takmarkanir, sem Bandalagið hefur samþykkt, á markaðssetningu og notkun dekabrómdífenýletra öðlast gildi án frekari tafar nema niðurstöður frekari prófana, sem kveðið er á um í framangreindu áhættumati, verði þær að dekabrómdífenýletri gefi ekki tilefni til áhyggna og núverandi óvissa verði því úr sögunni.

7) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf Bandalagsins þar sem mælt er fyrir um lágmarkskröfur um vernd starfsmanna sem finna má í tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(7)</sup>, og í einstökum sértilskipunum sem byggjast á henni, einkum tilskipun ráðsins 90/394/EBE frá 28. júní 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) <sup>(8)</sup> og tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifa valda á vinnustað (fjórtaða sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) <sup>(9)</sup>.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 42, 15.2.2003, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 26.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 112 og Stjtið. EB C 25, 29.1.2002, bls. 472.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 193, 10.7.2001, bls. 27.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 6. september 2001 (Stjtið. EB C 72 E, 21.3.2002, bls. 235), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. desember 2001 (Stjtið. EB C 110 E, 7.5.2002, bls. 23) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 10. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 69, 10.3.2001, bls. 30.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 249, 17.9.2002, bls. 27.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 196, 26.7.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/38/EB (Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 66).

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

3. gr.

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. febrúar 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmda-stjórninni þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Þau skulu beita þessum ákvæðum eigi síðar en 15. ágúst 2004.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2003

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

P. EFTHYMIU

*forseti.*

## VIÐAUKI

Eftirfarandi liður [44] bætist við I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE:

„[44] pentabrómafleiða af dífenýletra,  $C_{12}H_5Br_5O$

1. Má hvorki markaðssetja né nota sem efni eða efnisþátt í öðrum efnum eða efnablöndum í meiri styrk en 0,1% miðað við massa.
2. Vörur má ekki setja á markað ef þær eða logavarðir hlutar þeirra innihalda þetta efni í meiri styrk en 0,1% miðað við massa.“

Eftirfarandi liður [45] bætist við I. viðauka við tilskipun 76/69/EBE:

„[45] oktabrómafleiða af dífenýletra,  $C_{12}H_2Br_8O$

1. Má hvorki markaðssetja né nota sem efni eða efnisþátt í öðrum efnum eða efnablöndum í meiri styrk en 0,1 % miðað við massa.
2. Vörur má ekki setja á markað ef þær eða logavarðir hlutar þeirra innihalda þetta efni í meiri styrk en 0,1% miðað við massa.“

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/31/EB

2005/EES/58/16

frá 11. apríl 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum 2,4-DB, beta-sýflútrín, sýflútrín, ípródíon, línúron, malínhýdrasíði og pendímetalín (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/23/EB <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2266/2000 <sup>(4)</sup>, er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar skráningar þeirra í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Í þessari skrá eru 2,4-DB, beta-sýflútrín, sýflútrín, ípródíon, línúron, malínhýdrasíði og pendímetalín.
- 2) Áhrif þessara virku efna á heilsu manna og umhverfið hafa verið metin í samræmi við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 3600/92, að því er varðar þær notkunaraðferðir sem tilkynnendur hafa lagt til. Á grundvelli reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/94 frá 27. apríl 1994 um ákvæði til framkvæmdar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 að því er varðar virk efni í plöntuvarnarefnum og um tilnefningu skýrslugjafarriks <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2230/95 <sup>(6)</sup>, voru eftirfarandi skýrslugjafarriki tilnefnd og lögðu þau viðeigandi matsskýrslur og tilmæli fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3600/92: 2,4-DB: skýrslugjafarrikið Grikkland lagði fram allar viðeigandi upplýsingar 30. apríl 1996, beta-sýflútrín: skýrslugjafarrikið Þýskaland lagði fram allar viðeigandi upplýsingar 4. nóvember 1996, sýflútrín: skýrslugjafarrikið Þýskaland lagði fram allar viðeigandi upplýsingar 4. nóvember 1996, ípródíon: skýrslugjafarrikið Frakkland lagði fram allar viðeigandi upplýsingar 18. júlí 1996, línúron: skýrslugjafarrikið Breska konungsríkið lagði fram allar viðeigandi upplýsingar 31. október 1996, malínhýdrasíði: skýrslugjafarrikið Danmörk lagði fram allar viðeigandi upplýsingar 5. september 1997, pendímetalín: skýrslugjafarrikið Spánn lagði fram allar viðeigandi upplýsingar 20. maí 1998.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 101, 23.4.2003, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 27.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 81, 28.3.2003, bls. 39.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 259, 13.10.2000, bls. 27.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 107, 28.4.1994, bls. 8.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 225, 22.9.1995, bls. 1.

- 3) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað matsskýrslurnar innan ramma fasta-nefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.
- 4) Í samræmi við 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE og með tilliti til hugsanlegrar, óhagstæðrar ákvörðunar að því er varðar 2,4-DB og pendímetalín, skipulagði framkvæmdastjórnin þríliða fund hinn 7. maí 1998 og 4. júní 1999 með þeim aðila sem leggur fram megingögnin og skýrslugjafarrikinu. Sá aðili, sem lagði fram megingögnin, útvegaði frekari gögn, að því er varðar bæði efnin, í því skyni að bregðast við vandkvæðum í upphafi.
- 5) Endurskoðun allra virku efnanna lauk 3. desember 2002 með endurmatsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar fyrir 2,4-DB, beta-sýflútrín, sýflútrín, ípródíon, línúron, malínhýdrasíði og pendímetalín.
- 6) Endurskoðun á 2,4-DB, línúroni, malínhýdrasíði og pendímetalíni leiddi ekki í ljós nein þau álitaeftirbætur eða vandamál er gæfu tilefni til samráðs við vísindanefndina um plöntur.
- 7) Skýrsla um beta-sýflútrín og sýflútrín og frekari upplýsingar varðandi bæði efnin voru lagðar fyrir vísindanefndina um plöntur til sérstakrar umfjöllunar. Farið var fram á það við nefndina að hún fjallaði um viðeigandi, fæðutengt áhættumat sem hægt væri að nota og að hún staðfesti að fyrirbyggjandi umhverfiseiturefnafræðileg gögn styddu einungis notkun í gróðurhúsum og við fræðihöndlun. Nefndin lagði til í álit <sup>(7)</sup> <sup>(8)</sup> sínu að auk mats til langs tíma á bráðri, fæðutengdri áhættu, eins og venja er að láta fara fram að því er varðar plöntuvarnarefni, ættu beta-sýflútrín og sýflútrín einnig að gangast undir mat til skamms tíma á bráðri, fæðutengdri áhættu til að meta hugsanleg taugaeiturhrif þeirra. Nefndin staðfesti að hægt væri að álíta svo að notkun við fræðihöndlun og í gróðurhúsum (nema þegar um nytjaliðdýr er að ræða) væri örugg fyrir land- og vatnalífverur utan markhóps vegna sérstakra notkunarastæðna og óhreyfanleika beta-sýflútríns og sýflútríns í jarðvegi. Nefndin styður enn fremur þær niðurstöður, sem aðildarríkin komust að í sínu mati, að notkun beta-sýflútríns og sýflútríns við úðun akra hafi ekki talist nægilega örugg samkvæmt viðmiðunum í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Samkvæmt álit vísindanefndarinnar um plöntur var unnið mat til skamms tíma á fæðutengdri áhættu og

<sup>(7)</sup> Álit vísindanefndarinnar um plöntur viðvíkjandi skráningu beta-sýflútríns í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna. (Álit vísindanefndarinnar um plöntur frá 28. janúar 2000).

<sup>(8)</sup> Álit vísindanefndarinnar um plöntur viðvíkjandi skráningu sýflútríns í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna. (Álit vísindanefndarinnar um plöntur frá 28. janúar 2000).

það rætt við aðildarríkin. Komist var að þeirri niðurstöðu að ekki sé líklegt að neysla efnaleifa til skamms tíma fari yfir áætlanleg mörk.

- 8) Skýrslan um ípródíon hefur verið lögð fyrir vísindanefndina um plöntur til sérstakrar umfjöllunar. Farið var fram á það við vísindanefndina að hún fjallaði um áætlaðan styrk í jarðvegi og grunnvatni umhverfisins og um viðtekin váhrif á notendur sem skýrslugjafarrikið lagði til. Í álit<sup>(1)</sup> sínu samþykkti nefndin að fyrirbyggjandi upplýsingar væru fullnægjandi til að meta með öyggjandi hætti hvernig útskolun efnis væri háttad í jarðvegi þar sem sýrustigið er herra en 6. Vert er þó að rannsaka nánar mat á útskolun í jarðvegi þar sem sýrustig er undir 6 þar eð útskolun efnaleifa yfir styrknum 0,1 ug/l í jarðvegi við sýrustig undir 6 getur átt sér stað við raunhæfar, viðkvæmar aðstæður. Nefndin taldi ekki þörf á að nota viðbótaröryggisþátt við afleiðslu viðtekinnna váhrifa á notendur. Tekið var tillit til athugasemda vísindanefndarinnar við gerð þessarar tilskipunar og endurmatsskýrslunnar.

- 9) Mismunandi rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuvarnarefni, sem innihalda 2,4-DB, beta-sýflútrín, sýflútrín, ípródíon, línúron, malínhýdrasíð eða pendímetalín, uppfylli almennt kröfurnar, sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar notkunaraðferðirnar sem voru skoðaðar og tíundaðar í endurmatsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta þessum virku efnum við í I. viðauka til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjunum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda þetta virka efni, í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

- 10) Endurmatsskýrsla framkvæmdastjórnarinnar er nauðsynleg til að tryggja rétta framkvæmd aðildarríkjanna á nokkrum þáttum samræmdu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE. Því þykir rétt að kveða á um að aðildarríkin sjái til þess að endanlega endurmatsskýrslan sé eða verði aðgengileg öllum hagsmunaaðilum en það á þó ekki við um trúnaðarupplýsingar í henni.

- 11) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja skráningunni.

- 12) Eftir skráningu skulu aðildarríkin fá hæfilegan frest til að hrinda ákvæðum tilskipunar 91/414/EBE í framkvæmd að því er varðar plöntuvarnarefni sem innihalda 2,4-DB, beta-sýflútrín, sýflútrín, ípródíon, línúron, malínhýdrasíð eða pendímetalín, einkum til að endurskoða gildandi leyfi sem á að tryggja að skilyrðin varðandi þessi virku efni, sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, séu uppfyllt. Kveða skal á um lengri frest til að leggja fram og meta öll skjöl um hvert plöntuvarnarefni í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE.

- 13) Rétt þykir því að breyta tilskipun 91/414/EBE til samræmis við það.

- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### *1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

##### *2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. júlí 2004.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

##### *3. gr.*

1. Aðildarríkin skulu endurskoða leyfið fyrir hvert plöntuvarnarefni sem inniheldur 2,4-DB, beta-sýflútrín, sýflútrín, ípródíon, línúron, malínhýdrasíð eða pendímetalín til að ganga úr skugga um að skilyrðin, er varða þessi virku efni og sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, hafi verið uppfyllt. Ef nauðsyn krefur og eigi síðar en 30. júní 2004 skulu þau breyta leyfinu eða afturkalla það.

<sup>(1)</sup> Álit vísindanefndarinnar um plöntur varðandi viðbótarspurningar framkvæmdastjórnarinnar um mat á ípródíoni með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE. SCP/IPRODIO/002 - lokaútg., dagsett 31. janúar 2001.



2. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 31. desember 2003, endurmeta hvert heimilað plöntuvarnarefni, sem inniheldur 2,4-DB, beta-sýflútrín, sýflútrín, ípródíon, línúron, malínhýdrasíð eða pendímetalín, annaðhvort sem eina virka efnið eða eitt af nokkrum virkum efnum sem eru öll skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, og skal endurmatið vera í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE á grundvelli skjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við hana. Þau skulu ákvarða á grundvelli matsins hvort varan uppfylli skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Ef nauðsyn krefur og eigi síðar en 31. desember 2007 skulu þau breyta leyfinu eða afturkalla það.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. apríl 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

VIÐAUKI

Bæta skal eftirfarandi færslum við í lok töflunnar í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki <sup>(1)</sup>	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
„47	2,4-DB CAS-nr.94-82-6 CIPAC-nr.83	4-(2,4-díklórífenoxý) smjörsýra	940 g/kg	1. janúar 2004	31. desember 2013	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um 2,4-DB, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002. Við heildarmatið ber aðildarríkjunum: að gefa vernd grunnvatns sérstakan gaum þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða veðurfarsþætti. Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.
48	Beta-sýflútrín CAS-nr.68359-37-5 óskilgreind þrívíddarefnafræði CIPAC-nr. 482	(1RS,3RS;1RS,3SR)-3- (2,2-díklórvinýl)-2,2-dímetylsýkló-própankarboxýlsýra (SR)-α-sýanó-(4-flúor-3-fenoxý-fenýl)-metýlester	965 g/kg	1. janúar 2004	31. desember 2013	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem skordýraeitur. Önnur notkun en sú sem tengist skautjurtum í gróðurhúsum og fræmeðhöndlun er eins og sakir standa ekki studd full-nægjandi gögnum og hefur ekki reynst viðunandi samkvæmt viðmiðunum í VI. viðauka. Til að hægt sé að veita leyfi fyrir slíkri notkun þarf að safna gögnum og upplýsingum til að færa sönnur á að notkunin sé viðunandi fyrir neytendur og umhverfið og leggja þær fyrir aðildarríkin. Þetta varðar einkum gögn sem á að nota til að meta af mikilli nákvæmni áhættu af völdum meðhöndlunar laufblaða utandyra og áhættu af neyslu matvæla vegna meðhöndlunar laufblaða ætra plantna. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um beta-sýflútrín, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002. Við heildarmatið ber aðildarríkjunum: að gefa vernd liðdýra utan markhóps sérstakan gaum. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhættu.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki <sup>(1)</sup>	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
49	Sýflútrín CAS-nr. 68359-37-5 (óskilgreind þrívaldarefnafræði)  CIPAC-nr. 385	(RS),-α-sýanó-4-flúor-3-fenoxýbensýl-(1RS,3RS;1RS,3SR)-3-(2,2-díklórvinýl)-2,2-dímetýlsýkló-própankarboxýlat	920 g/kg	1. janúar 2004	31. desember 2013	<p>Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem skordýraeitur.</p> <p>Önnur notkun en sú sem tengist skrautjurtum í gróðurhúsum og fræðehöndlun er eins og sakir standa ekki studd fullnægjandi gögnum og hefur ekki reynst viðunandi samkvæmt viðmiðunum í VI. viðauka. Til að hægt sé að veita leyfi fyrir slíkri notkun þarf að safna gögnum og upplýsingum til að færa sönnur á að notkunin sé viðunandi fyrir neytendur og umhverfið og leggja þær fyrir aðildarríkin. Þetta varðar einkum gögn sem á að nota til að meta af mikilli nákvæmni áhættu af völdum meðhöndlunar laufblaða utandyrna og áhættu af neyslu matvæla vegna meðhöndlunar laufblaða ætra plantna.</p> <p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um sýflútrín, einkum I. og II. viðbætur við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002.</p> <p>Við heildarmatið ber aðildarríkjunum: að gefa vernd liðdýra utan markhóps sérstakan gaum. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhættu.</p>
50	Ípródíon CAS-nr. 36734-19-7 CIPAC-nr. 278	3-(3,5-díklórphenýl)-N-ísóprópýl-2,4-díoxó-imidasólidín-1-karboxímið	960 g/kg	1. janúar 2004	31. desember 2013	<p>Einungis má leyfa að efnið sé notað til sveppaeyðingar.</p> <p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um ípródíon, einkum I. og II. viðbætur við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002. Við heildarmatið ber aðildarríkjunum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— að gefa sérstakan gaum að mögulegri mengun grunnvatns þegar virka efnið er notað í stórum skömmtum (einkum í grassverðinum) í súran jarðveg (sýrustig undir 6) þegar um viðkvæm veðurskilyrði er að ræða.</li> <li>— að athuga vandlega áhættuna fyrir lagarhryggleysingja ef virka efnið er notað nálægt yfirborðsvatni. Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.</li> </ul>

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki <sup>(1)</sup>	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
51	Línúron CAS-nr.330-55-2 CIPAC-nr.76	3-(3,4-díklórfenýl)-1-metoxý-1-metýlpvagefni	900 g/kg	1. janúar 2004	31. desember 2013	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyði. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um línúron, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002. Við heildarmatið ber aðildarríkjunum: — að gefa vernd villtra spendýra, liðdýra utan markhóps og vatnalífvera sérstakan gaum. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhættu eftir því sem við á, — að gefa vernd notenda sérstakan gaum.
52	Malínhýdrasið CAS-nr.123-33-1 CIPAC-nr.310	6-hýdroxý-2H-pýridasín-3-on	940 g/kg Virku efnin skulu uppfylla kröfur tilskipunar ráðsins 79/117/EBE <sup>(2)</sup> , eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 90/533/EBE <sup>(3)</sup> .	1. janúar 2004	31. desember 2013	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem stýriefni. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um malínhýdrasið, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002. Við heildarmatið ber aðildarríkjunum: — að gefa liðdýrum utan markhópsins sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrði sem sett eru í leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á, — gefa sérstakan gaum að mögulegri mengun grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða veðurfarsþætti. Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki <sup>(1)</sup>	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
53	Pendímetalín CAS-nr. 40487-42-1 CIPAC-nr. 357	N-(1-etylprópýl)-2,6-dínitró- 3,4-xýliden	900 g/kg	1. janúar 2004	31. desember 2013	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna í endurmatsskýrslunni um pendímetalín, einkum I. og II. viðbætis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. desember 2002. Við heildarmatið ber aðildarríkjunum: — að gefa vernd vatnalífvera og landplantna utan mark-hópa sérstakan gaum. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhættu eftir því sem við á, — að gefa sérstakan gaum að því að virka efnið geti borist stutta vegalengd í andrúmsloftinu.

<sup>(1)</sup> Frekari upplýsingar um kenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurmatsskýrslunni.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 33, 8.2.1979, bls. 36.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 296, 27.10.1990 bls. 63.“

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/39/EB

2005/EES/58/17

frá 15. maí 2003

## um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum própínebi og própýsamíði (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2266/2000 <sup>(4)</sup>, er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar skráningar þeirra í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Skráin inniheldur própíneb og própýsamíð.
- 2) Áhrif þessara virku efna á heilsu manna og umhverfið hafa verið metin í samræmi við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 3600/92, að því er varðar þær notkunaraðferðir sem tilkynnendur hafa lagt til. Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/94 frá 27. apríl 1994 um ákvæði til framkvæmdar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 að því er varðar virk efni í plöntuvarnarefnum og um tilnefningu skýrslugjafaríkja <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2230/95 <sup>(6)</sup>, voru eftirfarandi skýrslugjafaríki tilnefnd og lögðu þau viðeigandi matsskýrslur og tilmæli fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3600/92: fyrir própíneb: skýrslugjafaríkið Ítalía lagði fram allar viðeigandi upplýsingar 17. júlí 1996; fyrir própýsamíð: skýrslugjafaríkið Svíþjóð lagði fram allar viðeigandi upplýsingar 19. maí 1998.
- 3) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurmetið matsskýrslurnar innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.
- 4) Í samræmi við 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE og með tilliti til hugsanlegrar, óhagstæðrar ákvörðunar að því er varðar própíneb skipulagði framkvæmdastjórnin þríhliða fund með þeim aðila, sem leggur fram megnið af gögnunum, og skýrslugjafaríkinu 4. desember 1997. Sá aðili, sem lagði fram

megnið af gögnunum, útvegaði frekari gögn í því skyni að ráða fram úr þeim atriðum sem fyrst gáfu tilefni til áhyggna.

- 5) Endurmati á öllum virku efnunum lauk 26. febrúar 2003 með endurmatsskýrslum framkvæmdastjórnarinnar um própíneb og própýsamíð.
- 6) Endurmat á própýsamíði leiddi ekki í ljós nein þau álítaefni eða vandamál er gæfu tilefni til samráðs við vísindanefndina um plöntur.
- 7) Skýrsla um própíneb hefur verið lögð fyrir vísindanefndina um plöntur til sérstakrar umfjöllunar. Óskað var eftir álit vísindanefndarinnar um mat á langtíma-áhrifum á fugla og um heppilegt dýralíkan til að nota við útreikning á viðteknum dagskammti og viðteknum váhrifum á notendur. Í álitinu <sup>(7)</sup> tilmæltu nefndin ýmsar aðstæður þar sem áhættan, sem fuglum stafar af própínebi, og áhættan, sem villtum spendýrum stafar af própínebi og umbrotsefninu PTU, hefur ekki verið rannsökuð nægilega og benti á leiðir til að bæta áhættumatíð. Nefndin lagði að auki áherslu á að nauðsynlegt væri að kveða skýrt að og rökstyðja alla endapunkta, gögn, forsendur og röksemdafærslu sem notuð eru við áhættumatíð. Nefndin áleit að rottur væru heppileg dýrategund til að reikna út viðtekinn dagskammt og váhrif á notendur. Tekið var tillit til tilmæla vísindanefndarinnar við frekara endurmat og við gerð þessar tilskipunar og endurmatsskýrslunnar. Þegar aðaltilkynnandi hafði í framhaldi af þessu lagt fram upplýsingarnar sem vantaði og skýrslugjafaríkið metið þær komust aðildarríkin að þeirri niðurstöðu á vettvangi fastanefndarinnar að áhættan fyrir fugla og villt spendýr væri ekki óviðunandi ef beitt væri viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr henni.
- 8) Margs konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuvarnarefni, sem innihalda própíneb og própýsamíð, uppfylli almennt kröfurnar, sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. og í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og lýst í endurmatsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta þessum virku efnunum við í I. viðauka til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda þetta virka efni, í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 148/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 27.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 101, 23.4.2003, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 259, 13.10.2000, bls. 27.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 107, 28.4.1994, bls. 8.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 225, 22.9.1995, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Álit vísindanefndarinnar um plöntur viðvíkjandi sérstökum spurningum framkvæmdastjórnarinnar um mat á própínebi með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE (SCP/PROPINEB/002-lokaútgáfa, samþykkt 8. nóvember 2001)

- 9) Endurmatsskýrsla framkvæmdastjórnarinnar er nauðsynleg til að tryggja rétta framkvæmd aðildarríkjanna á nokkrum þáttum samræmdu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE. Því þykir rétt að kveða á um að aðildarríkin sjái til þess að loka-gerð endurmatsskýrslunnar sé eða verði aðgengileg öllum hagsmunaaðilum en það á þó ekki við um trúnaðarupplýsingar í henni.
- 10) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja skráningunni.
- 11) Eftir skráningu skulu aðildarríkin fá hæfilegan frest til að hrinda ákvæðum tilskipunar 91/414/EBE í framkvæmd að því er varðar plöntuvarnarefni sem innihalda próbíneb og própýsamíð, og einkum til að endurmeta gildandi leyfi til að tryggja að skilyrðin varðandi þessi virku efni, sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, séu uppfyllt. Kveða skal á um lengri frest til að leggja fram og meta öll tilskilin skjöl um hvert plöntuvarnarefni í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/414/EBE.
- 12) Rétt þykir því að breyta tilskipun 91/414/EBE til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. október 2004.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*3. gr.*

1. Aðildarríkin skulu endurmeta heimildina fyrir hvert plöntuvarnarefni, sem inniheldur próbíneb eða própýsamíð, til að ganga úr skugga um að skilyrðin, er varða þessi virku efni og eru sett fram í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, hafi verið uppfyllt. Ef nauðsyn krefur, og eigi síðar en 30. september 2004, skulu þau breyta leyfinu eða afturkalla það.

2. Aðildarríkin skulu endurmeta hvert heimilað plöntuvarnarefni, sem inniheldur próbíneb eða própýsamíð, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, eigi síðar en 31. mars 2004 í samræmi við samræmdu meginreglurnar, sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, á grundvelli tilskilinnna skjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipunina. Þau skulu ákvarða á grundvelli matsins hvort varan uppfylli skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Ef nauðsyn krefur, og eigi síðar en 31. mars 2008, skulu þau breyta leyfinu eða afturkalla það.

*4. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. apríl 2004.

*5. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. maí 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

## VIDAUKI

## Bæta skal eftirfarandi færslum við í lok töflunnar í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki <sup>(1)</sup>	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
„54	Próbíneb CAS-númer 12071-83-9 (einliða) 9016-72-2 (einsleit fjölliða) CIPAC-númer 177	Sink-1,2-própýlenbis(díþíó-karbamat)-fjölliða	Tæknilega virka efnið á að vera í samræmi við forskrift Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna	1. apríl 2004	31. mars 2014	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um próbíneb, einkum I. og II. viðbætis, í lokagerð hennar frá 26. febrúar 2003 frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin: — gefa sérstakan gaum að mögulegri mengun grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- eða veðurfarsþætti, — gefa vernd lítilla spendýra, vatnalífvera og liðdýra utan markhóps sérstakan gaum. Í skilyrðum fyrir leyfi skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu ef við á, — kanna bráð, fæðutengd váhrif á neytendur með tilliti til endurskoðunar á leyfilegu hámarksgildi leifa í framtíðinni.
55	Própýsamíð CAS-númer 23950-58-5 CIPAC-númer 315	3,5-díklór-N-(1,1-dímetýlprop-2-ýnýl) bensamíð	920 g/kg	1. apríl 2004	31. mars 2014	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurmatsskýrslunnar um própýsamíð, einkum I. og II. viðbætis, í lokagerð hennar frá 26. febrúar 2003 frá hendi fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin: — gefa verndun notenda sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á, — gefa verndun fugla og villtra spendýra sérstakan gaum einkum ef efnið er notað á fengitíma. Í skilyrðum fyrir leyfi skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu ef við á.

<sup>(1)</sup> Frekari upplýsingar um kenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurmatsskýrslunni.“



## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/16/EB

2005/EES/58/18

frá 19. febrúar 2003

um aðlögun að tækniframförum á III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/1/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

Við tilvísunarnúmer 61 og 62 í g-dálki 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE komi dagsetningin „30.9.2004“, í stað „28.2.2003“.

að höfðu samráði við vísindanefnd um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli,

2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. febrúar 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

1) Samkvæmt vísindanefnd um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli er óhætt að nota moskusxýlen í snyrtivörur upp að fræðilegum hámarks-upptökuskammti sem nemur um 10 µg/kg á dag, þó ekki í vörur til munnhirðu.

2) Samkvæmt vísindanefnd um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli er óhætt að nota moskusketon í snyrtivörur upp að fræðilegum hámarks-upptökuskammti sem nemur um 14 µg/kg á dag, þó ekki í vörur til munnhirðu.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

3) Þar til áhættumati á þessum tveimur efnum er lokið, í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna <sup>(3)</sup>, eru þau skráð til bráðabirgða, til 28. febrúar 2003, í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

4) Áhættumati hefur ekki verið lokið í samræmi við framangreinda reglugerð. Af þessum sökum ber að framlengja það tímabil sem moskusxýlen og moskusketon má vera skráð í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2003.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum sem miða að því að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með snyrtivörur.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 46, 20.2.2003, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 28.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 5, 10.1.2003, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/58/19

frá 13. maí 2002

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara sem komast í snertingu við neysluvatn skv.  
2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE (\*)

(tilkynnt með númeri 1417 C(2002))

(2002/359/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE og velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða ákveðins vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum er varða samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr.

2) Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að nota sömu skilgreiningu á hugtakinu vörur eða vöruflokkur og notuð er í umboðunum og tækniforskriftunum.

3) Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka við þá tilskipun, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt, að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk, þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

4) Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE, svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og í öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar í III. viðauka. Aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna, sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. þáttar í III. viðauka, með stöðugu eftirliti.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í I. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandinn starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 127, 14.5.2002, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 29.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1.

*2. gr.*

Aðferðin við vottun á samræmi, eins og hún er sett fram í II. viðauka, skal tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum sem um getur í 4. gr. tilskipunar 89/106/EBE.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. maí 2002.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Erkki LIIKANEN

*framkvæmdastjóri.*

---

*I. VIÐAUKI*

Lagnasamstæður og safnkerfi, rör, geymar, ventlar, kranar, dælur, vatnsmælar, varnar- og öryggisbúnaður, lagnatengingar, lím, samskeyti, tengipéttingar, þéttingar, himnur, resín, efni til yfirborðsmeðferðar að meðtalinni klæðningu, smurefni og feiti sem eru í snertingu við neysluvatn.

*II. VIÐAUKI***STAÐFESTING Á SAMRÆMI**

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér á eftir, eru Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu/Evrópusamtök um tæknisamþykki (CEN/CENELEC/EOTA) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðkomandi tækniforskriftum sem um getur í 4. gr. tilskipunar 89/106/EBE.

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Staðfesting á samræmi kerfis/kerfa
<ul style="list-style-type: none"> <li>— Samstæður (lagna- og safnkerfi)</li> <li>— Rör</li> <li>— Geymar</li> <li>— Ventlar, kranar, dælur, vatnsmælar, varnar- og öryggisbúnaður</li> <li>— Lagnatengingar, lím, tengi, tengipéttingar og þéttingar</li> <li>— Himnur, resín</li> <li>— Efni til yfirborðsmeðferðar</li> <li>— Smurefni, feiti</li> </ul>	í búnaði fyrir flutning/dreifingu /geymslu neysluvatns til og að meðtöldum krana neytanda	—	1+ (1)

Kerfi 1+: sjá i-lið 2. liðar III. viðauka tilskipunar um samræmingu á byggingarvörum (89/106/EBE), með úttektarprófun á sýnum

(<sup>1</sup>) Nothæfi varanna, að undanskildum hreinlætiseiginleikum þeirra (hæfi til snertingar við neysluvatn) skal metið í samræmi við ákvæði ákvörðunar 1999/472/EB, birt í Stjtið. EB nr. L 184, 17.7.1999, bls. 42).

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar með tilliti til tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/88/EB

2005/EES/58/20

frá 9. desember 2002

**um breytingu á tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum (\*)**

EVROPUÞINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. ökutækja- og olíuáætlunin miðar að því að finna kostnaðarhagkvæmar leiðir til að uppfylla markmið Bandalagsins um loftgæði. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um úttekt á II. ökutækja- og olíuáætluninni er komist að þeirri niðurstöðu að þörf sé á frekari ráðstöfunum, einkum til að taka á málum er varða óson og losun mengandi agna. Nýleg vinna við þróun innlendra, efri marka losunar hefur sýnt að þörf er á frekari ráðstöfunum til að uppfylla markmið um loftgæði sem ákveðin eru í löggjöf Bandalagsins.
- 2) Strangir staðlar um útblástur frá ökutækjum á vegum hafa smám saman verið teknir upp. Þegar hefur verið ákveðið að þessir staðlar verði hertir. Hlutfall mengunarefna frá færanlegum vélum sem ekki eru notaðar á vegum verður þar af leiðandi hærra í framtíðinni.
- 3) Í tilskipun 97/68/EB <sup>(4)</sup> voru sett fram viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum.

4) Þó að tilskipun 97/68/EB hafi upphaflega aðeins átt við tiltekna þjöppukveikjuhreyfla er í 5. forsendu tilskipunarinnar fyrirhugað að rýmka síðar gildissvið hennar og að hún nái þá einkum yfir bensinhreyfla.

5) Losun frá litlum neistakveikjuhreyflum (bensinhreyflum) í mismunandi gerðum véla eykur verulega á þekkt vandamál er varða loftgæði, bæði núverandi og í framtíðinni, einkum myndun óson.

6) Losun frá litlum neistakveikjuhreyflum lýtur ströngum umhverfisstöðlum í Bandaríkjunum, sem sýnir að mögulegt er að minnka losunina verulega.

7) Þar sem löggjöf Bandalagsins á þessu sviði er ekki til er mögulegt að setja á markað hreyfla sem eru tæknilega fornfálegir með tilliti til umhverfismála og stofna þannig markmiðum Bandalagsins um loftgæði í hættu, eða að setja í framkvæmd innlend lög á þessu sviði sem gefa möguleika á að setja hindranir á viðskipti.

8) Tilskipun 97/68/EB samræmist vel samsvarandi, bandarískri löggjöf og áframhaldandi samræming er iðnaðinum sem og umhverfinu til hagsbóta.

9) Ákveðinn frestur er nauðsynlegur fyrir evrópskan iðnað, einkum fyrir framleiðendur sem eru ekki enn með hnattrænan rekstur, svo að hægt sé að fullnægja losunarstöðlunum.

10) Tveggja þrepa aðferð er notuð í tilskipun 97/68/EB fyrir þjöppukveikjuhreyfla en einnig í bandarískum lögum um neistakveikjuhreyfla. Þótt mögulegt hefði verið að nota eins þreps aðferð í löggjöf Bandalagsins hefði það orðið til þess að þetta svið hefði verið án laga í fjögur til fimm ár til viðbótar.

11) Til að ná fram nauðsynlegum sveigjanleika fyrir hnattræna samræmingu er hugsanlegri undanþágu, sem veita skal samkvæmt málsmeðferð í nefndum, bætt við.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 30.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 180 E, 26.6.2001, bls. 31.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 260, 17.9.2001, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 2. október 2001 (Stjtið. EB C 87 E, 11.4.2002, bls. 18), sameiginleg afstaða ráðsins frá 25. mars 2002 (Stjtið. EB C 145 E, 18.6.2002, bls. 17) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 2. júlí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/63/EB (Stjtið. EB L 227, 23.8.2001, bls. 41).

12) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.

13) Breyta ber tilskipun 97/68/EB til samræmis við þetta.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 97/68/EB:

1. Í 2. gr.:

a) eftirfarandi komi í stað áttunda undirliðar:

„—„markaðssetning“: það að koma hreyfli á framfæri í fyrsta skipti á markaðnum, gegn gjaldi eða ókeypis, með það í huga að dreifa honum og/eða nota hann innan Bandalagsins,“

b) eftirfarandi undirliðir bætist við:

„—„varahreyflar“: nýsmíðaður hreyfill sem kemur í stað hreyfils í vél og er aðeins útvegaður í þessu skyni,

— „hreyfill í handverkfæri“: hreyfill sem uppfyllir a.m.k. eina af eftirfarandi kröfum:

a) nota skal hreyfilinn í tæki sem notandinn heldur á allan þann tíma sem fyrirhuguð notkun þess fer fram,

b) hreyfilinn ber að nota í tæki sem skal vera hægt að nota í fleiri en einni stöðu, s.s. á hvolfi eða á hlið, til að ljúka fyrirhuguðu hlutverki þess,

c) nota skal hreyfilinn í tæki þar sem samanlögð þyngd hreyfilsins og tækisins miðað við þurrvigt er undir 20 kílógrömmum og a.m.k. eitt af eftirfarandi einkennum er einnig fyrir hendi:

i) notandinn skal ýmist styðja við tækið eða halda á því, allan þann tíma sem fyrirhuguð notkun þess fer fram,

ii) notandinn skal styðja við tækið eða halda því í rétttri stöðu allan þann tíma sem fyrirhuguð notkun þess fer fram,

iii) nota skal hreyfilinn í rafal eða dælu,

— „hreyfill sem ekki er haldið á“: hreyfill sem fellur ekki undir skilgreininguna á hreyfli í handverkfæri,

— „hreyfill í handverkfæri til notkunar í atvinnuskyni sem hægt er að nota í fleiri en einni stöðu“: hreyfill í handverkfæri sem uppfyllir kröfur í a- og b-lið skilgreiningar á hreyfli í handverkfæri, enda hafi framleiðandi hreyfilsins fært viðurkenningaryfirvöldum fullnægjandi sönnur á að endingartími innan losunarmarka í 3. flokki (samkvæmt lið 2.1 í 4. viðbæti við IV. viðauka) eigi við hreyfilinn,

— „endingartími innan losunarmarka“: fjöldi klukkustunda sem tilgreindur er í 4. viðbæti við IV. viðauka og er notaður til að ákvarða spillistudlana,

— „smærri hreyfilhópur“: neistakveikjuhreyfilhópur með færri en 5000 einingar í árlegri heildarframleiðslu,

— „smærri framleiðandi neistakveikjuhreyfla“: framleiðandi með færri en 25 000 einingar í árlegri heildarframleiðslu.“

2. Ákvæðum 4. gr. er hér með breytt sem hér segir:

a) 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i) í fyrsta málslíð komi „VII. viðauka“ í stað „VI. viðauka“,

ii) í öðrum málslíð komi „VIII. viðauka“ í stað „VII. viðauka“,

b) 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i) í a-lið komi „IX. viðauka“ í stað „VIII. viðauka“,

ii) í b-lið komi „X. viðauka“ í stað „IX. viðauka“,

c) í 5. mgr. komi „XI. viðauka“ í stað „X. viðauka“.

3. Í stað 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu samþykkja að gerðarviðurkenningar og, ef við á, viðkomandi viðurkenningarmerki í XII. viðauka séu í samræmi við þessa tilskipun.“

4. Ákvæðum 9. gr. er hér með breytt sem hér segir:

a) fyrirsögnin „Tímaáætlun-þjöppukveikjuhreyflar“ komi í stað fyrirsagnarinnar „Tímaáætlun“,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

b) í 1. mgr. komi „VII. viðauka“ í stað „VI. viðauka“,

c) eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. mgr.:

i) „VII. viðauka“ komi í stað „VI. viðauka“,

ii) „lið 4.1.2.1 í I. viðauka“ komi í stað „lið 4.2.1 í I. viðauka“,

d) eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. mgr.:

i) „VII. viðauka“ komi í stað „VI. viðauka“,

ii) „lið 4.1.2.3 í I. viðauka“ komi í stað „lið 4.2.3 í I. viðauka“,

e) í fyrstu undirgrein 4. mgr. komi „markaðssetningu hreyfla“ í stað „markaðssetningu nýrra hreyfla.“

5. Eftirfarandi grein bætist við:

„9. gr. a

#### **Tímaáætlun — Neistakveikjuhreyflar**

##### **1. SKIPTING Í UNDIRFLOKKA**

Í þessari tilskipun skal skipta neistakveikjuhreyflum í eftirfarandi undirflokka.

Aðalundirflokkur S: litlir hreyflar með nettóafl  $\leq 19$  kW

Skipta skal aðalundirflokk S í tvo flokka:

H: hreyflar fyrir vélar sem haldið er á

N: hreyflar fyrir vélar sem ekki er haldið á

Undirflokkur/flokkur	Slagrymi (í rúmsentímetrum)
Hreyflar í handverkfærum Undirflokkur SH:1	< 20
Undirflokkur SH:2	$\geq 20$ < 50
Undirflokkur SH:3	$\geq 50$
Hreyflar sem ekki er haldið á Undirflokkur SN:1	< 66
Undirflokkur SN:2	$\geq 66$ < 100
Undirflokkur SN:3	$\geq 100$ < 225
Undirflokkur SN:4	$\geq 225$

## **2. VEITING GERÐARVIÐURKENNINGA**

Eftir 11. ágúst 2004 er aðildarríkjum óheimilt að synja um gerðarviðurkenningu fyrir neistakveikjuhreyfil eða hóp þeirra eða um útgáfu skjalsins, sem lýst er í VII. viðauka, og þau mega ekki setja neinar aðrar gerðarviðurkenningarkröfur varðandi losun loftmengandi efna fyrir færanlegar vélar sem ekki eru notaðar á vegum en eru búnar hreyfli, ef hreyfillinn stenst þær kröfur sem settar eru fram í þessari tilskipun að því er varðar losun mengandi lofttegunda.

## **3. GERÐARVIÐURKENNINGAR, I. ÁFANGI**

Aðildarríkin skulu synja um gerðarviðurkenningu fyrir gerð hreyfla eða hóp þeirra og um útgáfu skjálanna, sem lýst er í VII. viðauka, og skulu synja um veitingu allra annarra gerðarviðurkenninga fyrir færanlegar vélar sem ekki eru notaðar á vegum og sem búnar eru hreyfli eftir 11. ágúst 2004, ef hreyfillinn stenst ekki þær kröfur sem tilgreindar eru í þessari tilskipun og losun mengandi lofttegunda frá hreyflinum er ekki í samræmi við viðmiðunarmörkin sem eru sett fram í töflunni í lið 4.2.2.1 í I. viðauka.

## **4. GERÐARVIÐURKENNINGAR, II. ÁFANGI**

Aðildarríkin skulu synja um gerðarviðurkenningu fyrir gerð hreyfla eða hóp þeirra og um útgáfu skjálanna, sem lýst er í VII. viðauka, og synja um veitingu allra annarra gerðarviðurkenninga fyrir færanlegar vélar með ísettum hreyfli sem ekki eru notaðar á vegum:

eftir 1. ágúst 2004 fyrir hreyfla í undirflokkum SN:1 og SN:2

eftir 1. ágúst 2006 fyrir hreyfla í undirflokkum SN:4

eftir 1. ágúst 2007 fyrir hreyfla í undirflokkum SH:1, SH:2 og SN:3

eftir 1. ágúst 2008 fyrir hreyfla í undirflokkum SH:3

ef hreyfillinn stenst ekki þær kröfur sem tilgreindar eru í þessari tilskipun og ef losun mengandi lofttegunda frá hreyflinum er ekki í samræmi við viðmiðunarmörkin í töflunni í lið 4.2.2.2 í I. viðauka.

## **5. MARKAÐSSETNING: FRAMLEIÐSLUDAGUR HREYFIS**

Aðildarríkin skulu, sex mánuðum eftir dagsetningarviðeigandi hreyflaflokks í 3. og 4. mgr., aðeins heimila markaðssetningu hreyfla, að undanskildum vélum og hreyflum sem ætlaðir eru til útflutnings til þriðju landa, hvort sem þeir hafa þegar verið settir í vélar eða ekki, ef þeir standast kröfur þessarar tilskipunar.

## 6. MERKINGAR TIL AÐ SÝNA AÐ SKILYRÐI II. ÁFANGA SÉU UPPFYLFT FYRR EN ÆTLAÐ VAR

Fyrir gerðir hreyfla eða hópa þeirra sem uppfylla viðmiðunarmörk, sem eru sett fram í töflunni í lið 4.2.2.2 í I. viðauka, fyrir dagsetningarnar sem mælt er fyrir um í 4. lið þessarar greinar, skulu aðildarríki heimila sérstakar merkingar og áletranir til að sýna að viðkomandi tæki uppfylli kröfur um viðmiðunarmörk fyrir dagsetningarnar sem mælt er fyrir um.

## 7. UNÐANÞÁGUR

Eftirfarandi vélar eru undanþegnar dagsetningum fyrir framkvæmd krafna II. áfanga um viðmiðunarmörk fyrir losun í þrjú ár eftir gildistöku þessara krafna um viðmiðunarmörk fyrir losun. Á þessum þremur árum skulu kröfur I. áfanga um viðmiðunarmörk fyrir losun gilda áfram:

- handkeðjusög: handverkfæri ætlað til að saga við með sögunarkeðju og sem halda skal með báðum höndum og slagrymi þess er meira en 45 cm<sup>3</sup>, samkvæmt EN ISO 11681-1,
- vél með handfang ofan á (þ.e. borar og keðjusagir fyrir trjávinnu sem haldið er á): handverkfæri með handfang ofan á vélinni sem ætlað er að bora holur eða saga við með sögunarkeðju (samkvæmt ISO 11681-2),
- handsláttuorf með blaði og brunahreyfli: handverkfæri með blaði úr málm eða plasti sem snýst og ætlað er til að klippa illgresi, runna, lítil tré og svipaðan gróður. Það skal vera hannað til notkunar í fleiri en einni stöðu samkvæmt EN ISO 11806, s.s. lárétt eða á hvolfi, og slagrymi skal vera meira en 40 cm<sup>3</sup>,
- limgerðisklippur sem haldið er á: handverkfæri ætlað til að klippa limgerði og runna með einu eða fleiri skurðarblöðum sem hreyfast fram og aftur, samkvæmt EN 774,
- aflknúin handsög með brunahreyfli: handverkfæri ætlað til að saga hörð efni, s.s. stein, malbik, steypu eða stál, með blaði úr málm sem snýst og slagrymi þess er meira en 50 cm<sup>3</sup>, samkvæmt EN 1454, og
- hreyfill, sem ekki er haldið á, með láréttum ás í undirflokki SN:3: einungis hreyflar með láréttum ás í undirflokki SN:3 sem ekki er haldið á og gefa afl sem nemur 2,5 kW eða minna og eru aðallega notaðir í sérstökum iðnaði, þ.m.t. í tættara, hjólsagir, loftblandara fyrir grasflatir og rafala.

## 8. VALFRJÁLS SEINKUN Á FRAMKVÆMD

Aðildarríkin geta þó, fyrir hvern flokk, frestað dagsetningunum sem nefndar eru í 3., 4. og 5. mgr. um tvö ár að því er varðar hreyfla sem voru framleiddir fyrir þær dagsetningar.“

### 6. Ákvæðum 10. gr. er hér með breytt sem hér segir:

#### a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Kröfur skv. 1. og 2. mgr. 8. gr., 4. mgr. 9. gr. og 5. mgr. 9. gr. a gilda ekki um:

— hreyfla fyrir herafra,

— hreyfla sem eru undanþegnir í samræmi við 1. mgr. a og 2. mgr.“,

#### b) eftirfarandi málsgrein er felld inn:

„1a. Varahreyfill skal vera í samræmi við þau viðmiðunarmörk sem sett voru fyrir hreyfilinn, sem hann kemur í stað, þegar hann var upphaflega markaðssettur. Textinn „VARAHREYFILL“ skal fylgja á merkimiða á hreyflinum eða honum bætt í notendahandbókina.“,

#### c) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„3. Kröfum skv. 4. og 5. mgr. 9. gr. a skal fresta um þrjú ár fyrir smærri framleiðendur hreyfla.

4. Í stað krafna skv. 4. og 5. mgr. 9. gr. a komi tilheyrandi kröfur skv. I. áfanga fyrir smærri hreyfilhóp sem nemur í mesta lagi 25 000 einingum að því tilskildu að mismunandi hreyfilhópar, sem þetta varðar, séu með mismunandi slagrymi stokka.“

### 7. Í stað 14. og 15. gr. komi eftirfarandi greinar:

„14. gr.

#### Aðlögun að tækniframförum

Allar breytingar, sem nauðsynlegar eru til að laga viðauka þessarar tilskipunar að tækniframförum, að undanskildum kröfunum sem eru tilgreindar í 1. lið, liðum 2.1 til 2.8 og 4. lið í I. viðauka, skulu samþykktar af framkvæmdastjórninni í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 15. gr.

14. gr. a

#### Málsmæðferð við undanþágur

Framkvæmdastjórnin skal kanna hugsanlega tæknilega erfiðleika við að hlíta kröfum skv. II. áfanga um tiltekna



notkun hreyflanna, einkum færanlegra véla með ísettum hreyflum í undirflokki SH:2 og SH:3. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að af tæknilegum ástæðum geti tilteknar færanlegar vélar, einkum hreyflar í handverkfærum til notkunar í atvinnuskyni sem hægt er að nota í fleiri en einni stöðu, ekki staðist þessar tímaáætlanir skal hún leggja fram skýrslu fyrir 31. desember 2003, ásamt viðeigandi tillögum um framlengingar á frestinum sem um getur í 7. mgr. 9. gr. a og/eða frekari undanþágur í fimm ár hið lengsta, nema í undantekningartilvikum, fyrir slíkar vélar, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr.

15. gr.

#### Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum á sviði vélknúinna ökutækja (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB (\*) gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(\*) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

8. Bæta skal eftirfarandi skrá yfir viðauka við upphaf þeirra:

„Skrá yfir viðauka

I. VIÐAUKI Gildissvið, skilgreiningar, tákn og skammstafanir, merking hreyfla, forskriftir og prófanir, forskriftir vegna mats á samræmi framleiðslu, færibreytur sem skilgreina hóp hreyfla, val á stofnhreyfli

II. VIÐAUKI Upplýsingaskjöl

1. viðbætur Grundvallareinkenni (stofn)hreyfils

2. viðbætur Grundvallareinkenni hreyfilhópsins

3. viðbætur Grundvallareinkenni hreyfilgerðar innan hóps

III. VIÐAUKI

Prófunaraðferð fyrir þjöppukveikjuhreyfla

1. viðbætur

Mæli- og sýnatökuaðferðir

2. viðbætur

Kvörðun greiningartækja

3. viðbætur

Mat á gögnum og útreikningar

IV. VIÐAUKI

Prófunaraðferð — Neistakveikjuhreyflar

1. viðbætur

Mæli- og sýnatökuaðferðir

2. viðbætur

Kvörðun greiningartækja

3. viðbætur

Mat á gögnum og útreikningar

4. viðbætur

Spillistuðlar

V. VIÐAUKI

Tæknilegir eiginleikar viðmiðunareldsneytis sem notað er við prófanir vegna gerðarviðurkenningar og til að sannprófa samræmi framleiðslu Viðmiðunareldsneyti í færanlegum vélum, sem ekki eru notaðar á vegum, fyrir þjöppukveikjuhreyfla

VI. VIÐAUKI

Greiningar- og sýnatökukerfi

VII. VIÐAUKI

Gerðarviðurkenningarvottorð

1. viðbætur

Niðurstöður úr prófunum á þjöppukveikjuhreyflum

2. viðbætur

Niðurstöður úr prófunum á neistakveikjuhreyflum

3. viðbætur

Búnaður og aukabúnaður sem er ísettur fyrir prófunina til að ákvarða afl hreyfils

VIII. VIÐAUKI

Númerakerfi fyrir viðurkenningarvottorð

IX. VIÐAUKI

Skrá yfir útgefnar gerðarviðurkenningar fyrir hreyfla/hópa hreyfla

X. VIÐAUKI

Skrá yfir framleidda hreyfla

XI. VIÐAUKI

Upplýsingablað fyrir gerðarviðurkennda hreyfla

XII. VIÐAUKI

Viðurkenning annarra gerðarviðurkenninga“.

9. Breyta ber viðaukunum í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

## 2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 11. ágúst 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

## 3. gr.

Eigi síðar en 11. ágúst 2004 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið og, ef við á, tillögu varðandi mögulegan kostnað, ávinning og hagkvæmni sem fylgir eftirfarandi:

a) minnkun á losun mengandi agna frá litlum neistakveikjuhreyflum með sérstöku tilliti til tvígengishreyfla. Í skýrslunni ber að taka tillit til:

i) mats á hlutfalli losunar mengandi agna frá slíkum hreyflum og hvernig fyrirhugaðar ráðstafanir varðandi minnkun á losun geta stuðlað að auknum loftgæðum og dregið úr áhrifum á heilsu,

ii) prófana, mæliaðferða og búnaðar sem hægt væri að nota til að meta losun mengandi agna frá litlum neistakveikjuhreyflum við veitingu gerðarviðurkenningar,

iii) vinnu og niðurstaðna innan agnamælingarkerfisins,

iv) þróunar prófunaraðferða, hreyfiltækni, útblásturs-hreinsunar og einnig bættra staðla fyrir eldsneyti og smurolíu, og

v) kostnaðar við að minnka losun mengandi agna frá litlum neistakveikjuhreyflum og kostnaðarhagkvæmni allra fyrirhugaðra ráðstafana,

b) minnkun á losun frá afþreyingarökutækjum, þ.m.t. snjósleðar og litlir kappakstursbílar (go-cart), sem ekki er fjallað um sem stendur,

c) minnkun á losun útblásturslofts og mengandi agna frá litlum þjöppukveikjuhreyflum niður fyrir 18 Kw,

d) minnkun á losun útblásturslofts og mengandi agna frá þjöppukveikjuhreyflum í tækjum sem hreyfast fyrir eigin afli. Setja skal fram prófunarlotu til að mæla slíka losun.

## 4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

## 5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. desember 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

H. C. SCHMIDT

*forseti.*

## VIÐAUKI

## 1. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka:

## a) Eftirfarandi komi í stað fyrsta málslíðar 1. liðar „GILDISSVIÐ“:

Þessi tilskipun gildir um alla hreyfla sem setja skal í færanlegar vélar sem ekki eru notaðar á vegum og um aukahreyfla sem settir eru í ökutæki sem ætluð eru til fólks- eða vöruflutninga á vegum,

## b) A-, B-, C-, D- og E-lið 1. liðar er breytt sem hér segir:

„A. þær eru gerðar til og eru færar um að hreyfa sig úr stað eða vera færðar eftir jörðinni, á vegum eða utan þeirra, og eru annaðhvort með

- i) þjöppukveikjuhreyfli með nettóafli í samræmi við lið 2.4 sem er meira en 18 kW en ekki meira en 560 kW <sup>(4)</sup> og eru keyrðar á breytilegum hraða fremur en einum stöðugum hraða.

Vélar með hreyfla, .....

(annað er óbreytt, fram að

„— færanlegir lyftikranar.“),

eða

- ii) þjöppukveikjuhreyfli með nettóafli í samræmi við lið 2.4 sem er meira en 18 kW en ekki meira en 560 kW og eru keyrðar á stöðugum hraða. Viðmiðunarmörk gilda aðeins frá 31. desember 2006.

Vélar með hreyfla, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, ná yfir en eru ekki takmarkaðar við:

— gasþjöppur,

— rafalásamstæður með breytilegu álagi, þ.m.t. kælieiningar og málmsuðusamstæður,

— vatnsdælur,

— umhirðu grassvarðar, kurlara, snjóruðningsbúnað, sópa,

eða

- iii) bensínknúnum neistakveikjuhreyfli með nettóafli í samræmi við lið 2.4 sem er ekki meira en 19 kW.

Vélar með hreyfla, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, ná yfir en eru ekki takmarkaðar við:

— garðsláttuvélar,

— keðjusagir,

— rafala,

— vatnsdælur,

— runnaklippur.

Þessi tilskipun gildir ekki um:

B. skip,

C. eimreiðar,

D. loftför,

E. afþreyingarökutæki, t.d.

— snjósleða,

— torfæruvélhjól,

— torfærufarartæki,“.

## c) 2. lið er breytt sem hér segir:

— eftirfarandi orð bætast við neðanmálsgrein 2 í lið 2.4:

„... að undanskildum kæliviftum loftkældra hreyfla sem er komið fyrir beint á sveifarásnum (sjá VII. viðauka við 3. viðbæti).“,

— eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2.8:

„— að því er varðar hreyfla sem prófa á í prófunarlotu G1 skal millihraðinn vera 85% af hámarksnafnhraða (sjá lið 3.5.1.2 í IV. viðauka).“,

— eftirfarandi liður bætist við:

„2.9. *stillanleg færileyta*: hvers konar stillanlegur búnaður, kerfi eða smíðaeining sem getur haft áhrif á losun eða á afköst hreyfils meðan á losunarprófun eða venjulegri keyrslu stendur,

2.10. *eftirmeðferð*: útblásturslofttegundir eru leiddar í gegnum búnað eða kerfi sem gegnir því hlutverki að breyta útblásturslofttegundunum efna- eða eðlisfræðilega áður en þær eru losaðar út í umhverfið,

2.11. *neistakveikjuhreyfill*: hreyfill sem notar neistakveikju,

2.12. *aukamengunarvarnarbúnaður*: allur búnaður sem skynjar færileytur fyrir notkun hreyfils til að hægt sé að stilla notkun einhvers hluta mengunarvarnarkerfisins,

2.13. *mengunarvarnarkerfi*: allur búnaður, kerfi eða smíðaeining sem stjórnar eða minnkar losun,

2.14. *eldsneytiskerfi*: allir ihlutir sem tengjast skömmun og blöndun eldsneytisins,

2.15. *aukahreyfill*: hreyfill sem settur er í eða á vélknúð ökutæki en sér ökutækinu ekki fyrir hreyfiafli,

2.16. *lengd prófunarþátta*: tíminn frá lokum hraða og/eða snúningsvægis fyrri prófunarþátta eða formeðhöndlunarafanga og til upphafs næsta prófunarþátta. Þar með er talinn tíminn sem tekur að breyta hraða og/eða snúningsvægi og að ná stöðugleika við upphaf hvers prófunarþátta.“,

— liður 2.9 verði liður 2.17 og núgildandi liður 2.9.1 til 2.9.3 verði liður 2.17.1 til 2.17.3.

## d) 3. lið er breytt sem hér segir:

— í stað liðar 3.1 komi eftirfarandi:

„3.1. Þjöppukveikjuhreyflar, sem samþykktir eru í samræmi við þessa tilskipun, skulu merktir með:“,

— eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 3.1.3:

„VIII. viðauka“ komi í stað „VII. viðauka“,

— eftirfarandi liður er felldur inn:

„3.2. Neistakveikjuhreyflar, sem samþykktir eru í samræmi við þessa tilskipun, skulu merktir með:

3.2.1. vörumerki eða viðskiptaheiti framleiðanda hreyfilsins,

3.2.2. EB-gerðarviðurkenningarnúmeri eins og það er skilgreint í VIII. viðauka“,

— liður 3.2 til 3.6 verði liður 3.3 til 3.7,

— lið 3.7 er breytt sem hér segir: „VII. viðauka“ komi í stað „VI. viðauka“,

e) 4. lið er breytt sem hér segir:

- eftirfarandi fyrirsögn bætist við: „4.1 Þjöppukveikjuhreyflar.“,
- núgildandi liður 4.1 verði liður 4.1.1 og tilvísun í lið 4.1.2.1 og 4.1.2.3 komi í stað tilvísunar í lið 4.2.1 og 4.2.3,
- núgildandi liður 4.2 verði liður 4.1.2 og er breytt sem hér segir: „VI. viðauka“ komi alls staðar í stað „V. viðauka“,
- núgildandi liður 4.2.1 verði liður 4.1.2.1, núgildandi liður 4.2.2 verði liður 4.1.2.2 og tilvísun í lið 4.1.2.1 komi í stað tilvísunar í lið 4.2.1, núgildandi liður 4.2.3 og 4.2.4 verði liðir 4.1.2.3 og 4.1.2.4,

f) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4.2. **Neistakveikjuhreyflar**

4.2.1. *Almennt*

Skýlt er að hanna, smíða og setja saman íhluti, sem geta haft áhrif á losun mengandi lofttegunda, þannig að við eðlilega notkun og þrátt fyrir hugsanlegan titring uppfylli hreyfillinn ákvæði þessarar tilskipunar.

Framleiðandinn skal gera þær tæknilegu ráðstafanir sem þarf til að tryggja að fyrirnefnd losun sé takmörkuð í reynd, samkvæmt þessari tilskipun, allan eðlilegan endingartíma hreyfilsins og við eðlilegar notkunarástæður í samræmi við 4. viðbæti við IV. viðauka.

4.2.2. *Forskriftir varðandi losun mengunarefna.*

Þeir loftkenndu efnispættir sem hreyfillinn, sem sendur hefur verið inn til prófunar, gefur frá sér skulu mældar samkvæmt þeim aðferðum sem lýst er í VI. viðauka (og skulu þ.m.t. hvers konar eftirmeðferðartæki).

Hægt er að viðurkenna önnur kerfi eða greiningartæki ef þau gefa sams konar niðurstöður og eftirfarandi viðmiðunarkerfi:

- kerfið sem lýst er á mynd 2 í VI. viðauka að því er varðar losun lofttegunda sem mæld er í óþynntu útblásturslofti,
- kerfið sem lýst er á mynd 3 í VI. viðauka að því er varðar losun lofttegunda sem mæld er í þynntu útblásturslofti þynningarkerfis fyrir heildarstreymi,

4.2.2.1. Losun kolsýrings, vetniskolefna, köfnunarefnisoxíða og summa vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða skal, í I. áfanga, ekki vera yfir gildunum sem sýnd eru í töflunni hér á eftir:

I. áfangi

Undirflokkur	Kolsýringur (CO) (g/kWh)	Vetniskolefni (HC) (g/kWh)	Köfnunarefnisoxíð (NO <sub>x</sub> ) (g/kWh)	Summa vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða (g/kWh)
				HC + NO <sub>x</sub>
SH:1	805	295	5,36	
SH:2	805	241	5,36	
SH:3	603	161	5,36	
SN:1	519			50
SN:2	519			40
SN:3	519			16,1
SN:4	519			13,4

4.2.2.2. Losun kolsýrings og summa vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða skal, í II. áfanga, ekki vera meiri en gildin sem sýnd eru í töflunni hér á eftir:

II. áfangi (\*)

Undirflokkur	Kolsýringur (CO) (g/kWh)	Summa vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða (g/kWh)
		HC + NO <sub>x</sub>
SH:1	805	50
SH:2	805	50
SH:3	603	72
SN:1	610	50,0
SN:2	610	40,0
SN:3	610	16,1
SN:4	610	12,1

Losun NO<sub>x</sub> hreyfla í öllum undirflokkum má ekki vera meiri en 10 g/kWh.

4.2.2.3. Þrátt fyrir skilgreininguna á „hreyfli í handverkfæri“ í 2. gr. þessarar tilskipunar þurfa tvígengis-hreyflar, sem eru notaðir til að knýja snjóblásara, eingöngu að fullnægja stöðlum SH:1, SH:2 eða SH:3.

(\*) Sjá 4. viðbæti í 4. viðauka: spillistuðlar reiknaðir með „

g) í stað liða 6.3 til 6.9 komi eftirfarandi liðir:

„6.3. Slagrými einstakra strokka, milli 85% og 100% af mesta slagrymi í hreyfilhópnum

6.4. Loftinntaksaðferð

6.5. Eldsneytistegund

— Dísilolía

— Bensín.

6.6. Gerð/hönnun brunahólfs

6.7. Ventlar og op — tilhögun, stærð og fjöldi

6.8. Eldsneytiskerfi

Fyrir dísilolíu:

— dæluening í raðolíuverki

— raðolíuverk

— deililólíuverk

— einstök eining

— sambyggður eldsneytisloki.

Fyrir bensín:

— blöndungur

— innsprautun eldsneytis um op

— bein innsprautun.

- 6.9. Ýmiss konar búnaður
- Útblásturshringrás
  - Vatnsinnspýting/-ýring
  - Loftinnndæling
  - Kælikerfi hleðslulofts
  - Gerð kveikju (þjöppukveikja, neistakveikja).

- 6.10. Eftirmeðferð útblásturslofts
- Oxunarhvati
  - Afoxunarhvati
  - Þrívirkur hvati
  - Hitahvarfrými
  - Agnasía“.

2. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka:

- a) eftirfarandi breytingar eru gerðar á textanum í töflunni í 2. viðbæti:

„Eldsneytisskammtur á slag ( $\text{mm}^3$ ) fyrir dísilhreyfla, eldsneytisstreymi (g/h) fyrir bensínhreyfla“ komi í stað „Eldsneytisskammtur á slag ( $\text{mm}^3$ )“ í 3. og 6. línu ,

- b) texta 3. viðbætis er breytt sem hér segir:

— í stað fyrisagnarinnar í 3. lið komi „ELDSNEYTISGJÖF FYRIR DÍSILHREYFLA“

— eftirfarandi liðir eru felldir inn:

„4. ELDSNEYTISGJÖF FYRIR BENSÍNHREYFLA

4.1. Blöndungur: .....

4.1.1. Tegund(ir): .....

4.1.2. Gerð(-ir): .....

4.2. Innsprautun eldsneytis um op: einspunkta eða margpunkta: .....

4.2.1. Tegund(-ir): .....

4.2.2. Gerð(-ir): .....

4.3. Bein innsprautun: .....

4.3.1. Tegund(-ir): .....

4.3.2. Gerð(-ir): .....

4.4. Eldsneytisstreymi [g/h] og hlutfall lofts miðað við eldsneyti við nafnhraða og með fullopna eldsneytisgjöf,

— núgildandi 4. liður verði 5. liður og eftirfarandi liðir bætist við:

„5.3. Breytilegt tímastillingarkerfi fyrir ventla (ef við á og við inntak og/eða útblástur)

5.3.1. Gerð: stöðug eða virk/óvirk

5.3.2. Stíllhorn kambáss“,

— eftirfarandi liðir bætist við:

„6. TILHÖGUN OPA

6.1. Staðsetning, stærð og fjöldi“

## „7. KVEIKJUKERFI

## 7.1. Háspennukefli

7.1.1. Tegund(-ir): .....

7.1.2. Gerð(-ir): .....

7.1.3. Fjöldi: .....

7.2. Kerti: .....

7.2.1. Tegund(-ir): .....

7.2.2. Gerð(-ir): .....

7.3. Segulkveikja: .....

7.3.1. Tegund(-ir): .....

7.3.2. Gerð(-ir): .....

7.4. Tímasetning kveikju: .....

7.4.1. Stöðuflyting miðað við efri dástöðu [sveifarhalli í gráðum] .....

7.4.2. Flytingarferill, ef við á: ..... “

## 3. Texta III. viðauka er breytt sem hér segir:

## a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„PRÓFUNARAÐFERÐIR FYRIR ÞJÖPPUKVEIKJUHREYFLA“,

## b) lið 2.7 er breytt sem hér segir:

„VII. viðauka“ komi í stað „VI. viðauka“ og „V. viðauka“ komi í stað „IV. viðauka“,

## c) lið 3.6 er breytt sem hér segir:

— liðum 3.6.1 og 3.6.1.1 er breytt sem hér segir:

„3.6.1. Forskriftir fyrir búnað skv. 1. lið A í I. viðauka:

3.6.1.1. Forskrift A: Fyrir hreyfla sem falla undir i-lið A-liðar 1. liðar í I. viðauka er farið í gegnum eftirfarandi áttþætta lotu (\*) við notkun aflmælis á prófunarhreyfilinn: (tafla óbreytt).

(\*) Eins og prófunarlota C1 í frumvarpi að ISO-staðli 8178-4.“,

— eftirfarandi liður bætist við:

„3.6.1.2. Forskrift B. Fyrir hreyfla sem falla undir ii-lið A-liðar í 1. lið er farið í gegnum eftirfarandi fimmþætta lotu <sup>(1)</sup> við notkun aflmælis á prófunarhreyfilinn:

Þáttanúmer	Snúningshraði	Álag í %	Vogtala
1	Nafnhraði	100	0,05
2	Nafnhraði	75	0,25
3	Nafnhraði	50	0,3
4	Nafnhraði	25	0,3
5	Nafnhraði	10	0,1



Álagstölurnar eru hlutfallsgildi snúningsvægis miðað við snúningsvægi við samfellt hámarksafl en það er skilgreint sem það hámarksafl sem unnt er að halda í ótakmarkaðan fjölda klukkustunda á ári, í prófunarröð með breytilegu afli, með tilgreindu tímabili á milli viðhaldsaðgerða og við tilgreind umhverfisskilyrði, enda fari viðhaldið fram eins og framleiðandinn mælir fyrir um <sup>(2)</sup>.

<sup>(1)</sup> Eins og prófunarlota D2 í ISO-staðli 8178-4: 1996(E).

<sup>(2)</sup> Nákvæmari útlístun á skilgreiningunni á samfelldu hámarksafl er á mynd 2 í ISO-staðli 8528-1: 1993(E).“.

— eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 3.6.3:

„3.6.3. Prófunarröð

Prófunarröðin skal hefjast. Prófunin skal fara fram í hækkandi röð þáttanúmera í framangreindum prófunarlotum.

Við hvern þátt tiltekinnar prófunarlotu“ (annað er óbreytt),

d) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið í 1. viðbæti:

Í lið 1 og 1.4.3 komi „VI. viðauka“ alls staðar í stað „V. viðauka“.

4. Eftirfarandi viðauki bætist við:

„IV. VIÐAUKI

**PRÓFUNARADFERÐ FYRIR NEISTAKVEIKJUHREYFLA**

1. INNGANGUR

1.1. Þessi viðauki lýsir aðferðinni við að ákvarða losun mengandi lofttegunda frá hreyflunum sem á að prófa.

1.2. Við prófunina skal koma hreyflinum fyrir á prófunarbekk og tengja hann við aflmæli.

2. AÐSTÆÐUR VIÐ PRÓFUN

2.1. **Aðstæður við prófun hreyfla**

Mæla skal, í Kelvin, alhita ( $T_a$ ) inntakslofts hreyfilsins við inntak og loftþrýsting án raka ( $p_s$ ), í kPa og færibreytan  $f_a$  skal ákvörðuð samkvæmt eftirfarandi:

$$f_a = \left( \frac{99}{p_s} \right)^{1,2} \times \left( \frac{T_a}{298} \right)^{0,6}$$

2.1.1. *Gildi prófana*

Til að prófun sé viðurkennd sem gild verður færibreytan  $f_a$  að vera þannig að:

$$0,93 \leq f_a \leq 1,07$$

2.1.2. *Hreyflar með hleðslulofiskælingu*

Hitastig kælimiðils og hleðslulofts skal skráð.

2.2. **Loftinntakskerfi hreyfils**

Í loftinntakskerfi prófunarhreyfilsins skal vera þrenging sem ekki vikur meira en 10% frá efri mörkum sem framleiðandi tilgreinir fyrir nýja loftsíu við notkunarskilyrði hreyfilsins sem eru tilgreind af framleiðandanum og hafa í för með sér hámarksloftstreymi við viðkomandi notkun hreyfilsins.

Fyrir litla neistakveikjuhreyfla (< 1 000 cm<sup>3</sup> slagrymi) skal nota kerfi sem er dæmigert fyrir ísetta hreyfilinn.

### 2.3. Útblásturskerfi hreyfils

Útblásturskerfi prófunarhreyfilsins skal vera þannig úr garði gert að bakþrýstingur útblásturs víki ekki meira en sem nemur 10% frá efri mörkum sem framleiðandi tilgreinir fyrir þau notkunarskilyrði sem hafa í för með sér tilgreint hámarksafl við viðkomandi notkun hreyfilsins.

Fyrir litla neistakveikjuhreyfla ( $< 1\,000\text{ cm}^3$  slagrymi) skal nota kerfi sem er dæmigert fyrir ísetta hreyfilinn.

### 2.4. Kælikerfi

Kælikerfið skal hafa nægilega afkastagetu til þess að viðhalda eðlilegum ganghita á hreyflinum eins og tilgreint er af framleiðanda. Þetta ákvæði á við einingar sem þarf að losa frá til að mæla aflið, eins og kælivifta blásara sem þarf að taka í sundur til að komast að sveifarásnum.

### 2.5. Smurolía

Nota skal smurolíu sem er í samræmi við forskriftir framleiðanda hreyfilsins fyrir tiltekinn hreyfil og fyrirhugaða notkun. Framleiðendur skulu nota smurolíu fyrir hreyfla sem er dæmigerð fyrir smurolíu fyrir hreyfla á almennum markaði.

Forskriftir smurolíunnar, sem notuð er við prófunina, skal skrá í lið 1.2 í 2. viðbæti VII. viðauka, fyrir neistakveikjuhreyfla, og afhenda með niðurstöðum prófunarinnar.

### 2.6. Stíllanlegir blöndungar

Prófa skal hreyfla með blöndunga, sem eru stíllanlegir að takmörkuðu leyti, við bæði mörk stillingarinnar.

### 2.7. Prófunareldsneyti

Eldsneytið skal vera það viðmiðunareldsneyti sem tilgreint er í V. viðauka.

Oktantölu og eðlismassa viðmiðunareldsneytisins, sem er notað við prófun, skal skrá í lið 1.1.1 í 2. viðbæti VII. viðauka, fyrir neistakveikjuhreyfla.

Fyrir tvígengishreyfla þarf hlutfall eldsneytis- og olíu í blöndunni að vera það hlutfall sem framleiðandinn mælir með. Hundraðshluta olíu í eldsneytis- og smurolíublöndunni sem tvígengishreyflarnir ganga fyrir og eðlismassa eldsneytisins, sem af þessu hlýst, skal skrá í lið 1.1.4 í 2. viðbæti VII. viðauka, fyrir neistakveikjuhreyfla.

### 2.8. Ákvörðun aflmælisstillinga

Mælingar á losun skulu miðast við óleiðrétt hemlunarafl. Fyrir prófunina skal fjarlægja allan aukabúnað sem er eingöngu nauðsynlegur til að keyra vélina og hægt er að koma fyrir á hreyflinum. Þegar aukabúnaður er ekki fjarlægður skal ákvarða aflið sem hann notar, til að reikna út stillingar aflmælisins, nema þegar um er að ræða hreyfla með aukabúnað sem er óaðskiljanlegur hluti hreyfilsins (t.d. kæliviftur loftkældra hreyfla).

Stillingar inntaksprengringa og bakþrýstings útblástursröra skal aðlaga efri mörkum sem framleiðandinn tilgreinir, fyrir hreyfla sem hægt er að aðlaga, í samræmi við liði 2.2 og 2.3. Ákvarða skal gildi mesta snúningsvægis við tilgreindan prófunarhraða með tilraunum til að unnt sé að reikna út snúningsvægið fyrir tilgreinda prófunarþætti. Að því er varðar hreyfla sem ekki eru hannaðir til notkunar við mismunandi snúningshraða á ferli snúningsvægis við fullt álag, skal framleiðandi gefa upp mesta snúningsvægi við mismunandi prófunarhraða. Stillingu hreyfilsins fyrir hvern prófunarþátt skal reikna út með formúlunni:

$$S = \left( (P_M + P_{AE}) \times \frac{L}{100} \right) - P_{AE}$$

þar sem:

S er aflmælisstillingin [kW],

$P_M$  er hámarksafl sem greinist eða er uppgæfið við prófunarhraða og við prófunaraðstæður (sjá 2. viðbæti VII. viðauka) [kW],

$P_{AE}$  er uppgæfið heildarafl sem aukabúnaður, sem festur er á fyrir prófunina og ekki er krafist í 3. viðbæti VII. viðauka, notar [kW],

L er hundraðshluti snúningsvægis sem tilgreint er fyrir prófunarþáttinn.

Ef hlutfallið

$$\frac{P_{AE}}{P_M} \geq 0,03$$

getur tæknipjónustan, sem veitir gerðarviðurkenningu, sannreynt gildi  $P_{AE}$ .

### 3. FRAMKVÆMD PRÓFUNAR

#### 3.1. Uppsetning mælibúnaðar

Mælitæki eru sett upp og sýnatökunemar staðsettir eins og krafist er. Þegar beitt er þynningarkerfi fyrir heildarstreymi til að þynna útblástursloftið skal útblástursrörið tengt kerfinu.

#### 3.2. Gangsetning þynningarkerfis og hreyfils

Þynningarkerfið og hreyfillinn skulu sett í gang og hituð upp þar til öll hita- og þrýstingsstig hafa náð stöðugleika við fullt álag og nafnhraða (liður 3.5.2).

#### 3.3. Stilling þynningarhlutfalls

Heildarþynningarhlutfall skal ekki vera lægra en fjórir.

Að því er varðar kerfi sem stýrast af styrk  $CO_2$  eða  $NO_x$  skal innihald  $CO_2$  eða  $NO_x$  í þynningarloftinu mælt við upphaf og við lok hverrar prófunar. Innbyrðis frávik mælds bakgrunnsstyrks  $CO_2$  eða  $NO_x$  í þynningarloftinu fyrir og eftir prófun skal vera innan við 100 milljónarluta (ppm) að því er varðar  $CO_2$  en innan 5 milljónarluta að því er varðar  $NO_x$ .

Þegar greiningarkerfi fyrir þynnt útblástursloft er notað skal viðeigandi bakgrunnsstyrkur ákvarðaður með því að veita þynningarlofti inn í sýnatökusekk meðan á allri prófunarröðinni stendur.

Hægt er að mæla samfelldan bakgrunnsstyrk (án sýnatökusekks) á a.m.k. þremur tímapunktum, við upphaf, endi og um miðbik lotunnar og reikna meðaltal hans. Að beiðni framleiðandans er hægt að sleppa bakgrunnsmælingum.

#### 3.4. Athugun greiningartækjanna

Greiningartæki fyrir losun skulu stillt á núll og kvörðuð.

#### 3.5. Prófunarlota

##### 3.5.1. Forskrift (c) fyrir vélar skv. iii-lið í 1. lið A í I. viðauka:

Við prófunina er farið í gegnum eftirfarandi prófunarlotur við notkun aflmælis á prófunarhreyfilinn, eftir því af hvaða gerð tiltekin vél er:

loti D <sup>(1)</sup>: hreyflar með stöðugan hraða og breytilegt álag, s.s. rafalasalastæður,

loti G1: búnaður sem er notaður á millihraða og ekki er haldið á,

loti G2: búnaður sem er notaður á nafnhraða og ekki er haldið á,

loti G3: búnaður sem haldið er á við notkun (handverkfæri).

<sup>(1)</sup> Eins og prófunarlota D2 í ISO-staðli 8168-4: 1996(E).

## 3.5.1.1. Prófunarþættir og vogtölur

Lota D											
Þáttanúmer	1	2	3	4	5						
Snúningshraði	Nafnhraði					Millihraði					Lítill hraði í lausagangi
Álag <sup>(1)</sup> %	100	75	50	25	10						
Vogtala	0,05	0,25	0,3	0,3	0,1						

Lota G1											
Þáttanúmer						1	2	3	4	5	6
Snúningshraði	Nafnhraði					Millihraði					Lítill hraði í lausagangi
Álag <sup>(1)</sup> %						100	75	50	25	10	0
Vogtala						0,09	0,2	0,29	0,3	0,07	0,05

Lota G2											
Þáttanúmer	1	2	3	4	5						6
Snúningshraði	Nafnhraði					Millihraði					Lítill hraði í lausagangi
Álag %	100	75	50	25	10						0
Vogtala	0,09	0,2	0,29	0,3	0,07						0,05

Lota G3											
Þáttanúmer	1										2
Snúningshraði											Lítill hraði í lausagangi
Álag <sup>(1)</sup> %	100										0
Vogtala	0,85(*)										0,15 (*)

(<sup>1</sup>) Álagstölurnar eru hlutfallsgildi snúningsvægis miðað við snúningsvægi við samfellt hámarksafl, en það er skilgreint sem það hámarksafl, sem unnt er að halda í ótakmarkaðan fjölda klukkustunda á ári í prófunarröð með breytilegu afli, með tilgreindu tímabili milli viðhaldsaðgerða og við tilgreind umhverfisskilyrði, enda fari viðhaldið fram eins og framleiðandinn mælir fyrir um. Nákvæmari útlistun á skilgreiningunni á samfelldu hámarksafli er á mynd 2 í ISO-staðli 8528-1: 1993(E).

(\*) Í l. áfanga má nota 0,90 og 0,10 í stað 0,85 og 0,15, í þeirri röð.

## 3.5.1.2. Val á hentugri prófunarlotu

Ef helsta lokanotkun hreyfilgerðar er þekkt er prófunarlota valin eftir dæmunum sem er að finna í lið 3.5.1.3. Ef helsta lokanotkun hreyfils er óviss er hentug prófunarlota valin eftir forskriftinni fyrir hreyfilinn.

## 3.5.1.3. Dæmi (listinn er ekki tæmandi)

Hefðbundin dæmi eru um:

lotu D:

rafalastæður með breytilegu álagi, þ.m.t. rafalastæður um borð í skipum og lestum (ekki til knúnings), kælieiningar og málmsuðustæður,

gasþjöppur,

lotu G1:

garðsláttuvélar með hreyfil að framan eða aftan,

golfbilar,

garðsópar,

snúnings- eða valsagarðsláttuvélar sem stjórnað er af gangandi manni,

snjóruðningsbúnaður,

sorpkvarnir,

lotu G2:

færanlegir rafalar, dælur, málmsuðutæki og loftþjöppur,

getur einnig tekið til búnaðar fyrir garðflatir og garða, sem keyrður er við nafnhraða hreyfils,

lotu G3:

blásarar,

keðjusagir,

limgerðisklippur,

færanlegar sögunarmyllur,

jarðtætarar,

úðarar,

sláttuorð með þræði,

sogbúnaður.

### 3.5.2. Undirbúningur hreyfilsins

Hreyfillinn og kerfið skal hitað upp við hámarkshraða og -snúningsvægi til þess að gera færíbreytur hreyfilsins stöðugar í samræmi við tilmæli framleiðandans.

*Aths.:* Undirbúningstíminn ætti einnig að koma í veg fyrir að útfellingar úr fyrri prófunum séu í útblásturskerfinu. Einnig þarf tíma til að ná stöðugleika á milli prófunarpunkta í þeim tilgangi að færa innbyrðis áhrif þeirra niður í lágmark.

### 3.5.3. Prófanaröð

Prófunarlotur G1, G2 eða G3 skulu fara fram í hækkandi röð þáttanúmera viðkomandi prófunarlotu. Hver sýnatökutími í þætti er a.m.k. 180 sek. Á síðustu 120 sek. viðkomandi sýnatökutíma skal styrkur losaðs útblásturs mældur og skráður. Fyrir hvern mælingarpunkt skal þáttur vera nægilega langur til að ná hitastöðugleika hreyfils áður en sýnataka hefst. Tímann, sem prófunarþátturinn tekur, skal skrá og setja í skýrslu.

- a) Fyrir hreyfla sem eru aflmælisprófaðir með hraðastýringu: Við hvern þátt prófunarlotunnar, að aðlögunartíma loknum, skal tilgreindum hraða haldið þannig að hann víki minna en  $\pm 1\%$  frá nafnhraða eða  $\pm 3 \text{ min}^{-1}$  hvor sem er hærri að hægum hraða í lausagangi undanskildum, en hann skal vera innan þeirra vikmarka sem framleiðandinn tilgreinir. Tilgreindu snúningsvægi skal haldið þannig að meðaltalið á þeim tíma sem mælingar eru gerðar víki minna en  $\pm 2\%$  frá mesta snúningsvægi við prófunarhraða.
- b) Fyrir hreyfla sem eru aflmælisprófaðir með álagsstýringu: Við hvern þátt prófunarlotunnar, að aðlögunartíma loknum, skal tilgreindur hraði ekki víkja meira en  $\pm 2\%$  frá nafnhraða eða  $\pm 3 \text{ min}^{-1}$  hvor sem er hærri, en skal í öllum tilvikum haldið innan  $\pm 5\%$ , að undanskildum litlum hraða í lausagangi, en hann skal vera innan þeirra vikmarka sem framleiðandinn tilgreinir.

Við hvern þátt prófunarlotunnar þar sem tilskilið snúningsvægi er 50% eða meira af hámarks-snúningsvægi við prófunarhraða skal tilgreindu meðalsnúningsvægi á gagnasöfnunartímabilinu haldið innan  $\pm 5\%$  frá tilskildu snúningsvægi. Meðan á þeim þáttum prófunarlotunnar stendur þar sem tilskilið snúningsvægi er minna en 50% af hámarkssnúningsvægi við prófunarhraða skal tilgreindu meðalsnúningsvægi á gagnasöfnunartímabilinu haldið innan  $\pm 10\%$  frá tilskildu snúningsvægi eða  $\pm 0,5 \text{ Nm}$ , hvort heldur er hærri tala.

### 3.5.4. Svörun greiningartækja

Niðurstöðurnar, sem fást úr greiningartækjunum, skulu skráðar á pappírsstrimil eða mældar með jafngildu gagnasöfnunarkerfi og útblástursloftið látið streyma í gegnum greiningartækin a.m.k. síðustu 180 sek. hvers prófunarþáttar. Ef notuð er aðferð með sýnatökusekk fyrir mælingar á þynntu CO og CO<sub>2</sub> (sjá lið 1.4.4 í 1. viðbæti) skal sýni safnað í sekkinn á síðustu 180 sek. hvers þáttar, og innihald sýnatökusekkjarins greint og skráð.

### 3.5.5. Ástand hreyfils

Snúningshraði og álag hreyfilsins, hitastig innsogslofts og eldsneytisstreymi skal mælt í hverjum prófunarþætti þegar hreyfillinn hefur náð stöðugleika. Öll önnur gögn, sem nauðsynleg eru vegna útreikninga, skulu skráð (sjá liði 1.1 og 1.2 í 3. viðbæti).

### 3.6. Endurtekin athugun greiningartækjanna

Eftir losunarprófunina skulu núllstillingarlofttegund og sama kvörðunarlofttegund notaðar til endurathugunar. Prófunin telst viðunandi ef mismunurinn milli þessara tveggja mælinga er minni en 2%.

---

## 1. viðbætur

### 1. AÐFERÐIR VIÐ MÆLINGAR OG SÝNATÖKU

Losun loftkenndra efnisþátta frá hreyflinum sem afhentur er til prófunar skal mæla með þeim aðferðum sem lýst er í VI. viðauka. Aðferðirnar í VI. viðauka lýsa ráðlögðum greiningarkerfum fyrir losun lofttegunda (liður 1.1).

#### 1.1. Forskriftir fyrir aflmæla

Nota skal hreyfilafmæli sem hefur þá eiginleika sem þarf til að framkvæma prófunarloturnar sem lýst er í lið 3.5.1 í IV. viðauka. Þau tæki, sem notuð eru til mælinga á snúningsvægi og hraða, skulu gera kleift að mæla öxulafi innan gefinna marka. Frekari útreikningar geta verið nauðsynlegir.

Nákvæmni mælitækjanna verður að vera slík að ekki sé farið út fyrir þau hámarksvikmörk sem gefin eru upp í lið 1.3.

### 1.2. Eldsneytissstreymi og heildarstreymi þynnts útblásturslofts

Nota skal eldsneytissstreymismæla, sem hafa þá nákvæmni sem tilgreind er í lið 1.3, til að mæla eldsneytissstreymið sem er notað til að reikna út losun (3. viðbætur). Þegar notað er þynningarkerfi fyrir heildarstreymi skal mæla heildarstreymi þynnts útblásturslofts ( $G_{TOTW}$ ) með einstreymisdælu (PDP) eða þrengslaröri fyrir markstreymi (CFV) — liður 1.2.1.2 í VI. viðauka. Nákvæmni mælinganna skal vera í samræmi við lið 2.2 í 2. viðbæti við III. viðauka.

### 1.3. Nákvæmni

Kvörðun allra mælitækja skal vera hægt að rekja til innlendra (alþjóðlegra) staðla og vera í samræmi við kröfurnar sem tilgreindar eru í töflu 2 og 3.

Tafla 2 — Leyfileg frávik tækja fyrir færðbreytur sem tengjast hreyfli

Nr.	Atriði	Leyfilegt frávik
1	Snúningshraði	± 2% af álestri eða ± 1% af hámarksgildi hreyfils, hvort heldur er meira
2	Snúningsvægi	± 2% af álestri eða ± 1% af hámarksgildi hreyfils, hvort heldur er meira
3	Eldsneytisnotkun <sup>(a)</sup>	± 2% af hámarksgildi hreyfils
4	Loftnotkun <sup>(a)</sup>	± 2% af álestri eða ± 1% af hámarksgildi hreyfils, hvort heldur er meira

<sup>(a)</sup> Útreikningar á losun með útblæstri, eins og lýst er í þessari tilskipun, byggjast á sumum tilvikum á mismunandi mæli- og/eða reikniðferðum. Vegna takmarkaðra heildarvirkmarka fyrir útreikning á losun með útblæstri skulu leyfileg gildi fyrir sum atriði, sem notuð eru í viðeigandi jöfnum, vera lægri en leyfileg víkmörk sem gefin eru í ISO-staðli 3046-3.

Tafla 3 — Leyfileg frávik tækja fyrir aðrar grunnfærðbreytur

Nr.	Atriði	Leyfilegt frávik
1	Hitastig ≤ 600 K	± 2 K alhiti
2	Hitastig ≥ 600 K	± 1% af álestri
3	Þrýstingur útblásturslofts	± 0,2 kPa að raungildi
4	Lágþrýstingur í soggrein	± 0,05 kPa að raungildi
5	Loftþrýstingur	± 0,1 kPa að raungildi
6	Annar þrýstingur	± 0,1 kPa að raungildi
7	Rakastig	± 3% að raungildi
8	Raunraki	± 5% af álestri
9	Streymi þynningarlofts	± 2% af álestri
10	Streymi þynnts útblásturslofts	± 2% af álestri

### 1.4. Ákvörðun loftkenndra efnispátta

#### 1.4.1. Almennar forskriftir fyrir greiningartæki

Greiningartækin verða að hafa mælisvið sem samrýmist þeirri nákvæmni sem krafist er til að mæla styrk efnispátta útblástursloftsins (liður 1.4.1.1). Mælt er með því að greiningartækin séu notuð á þann hátt að mældur styrkur sé á milli 15% og 100% af fullu útslagi.

Ef fullt útslag er 155 hlutar af milljón (eða milljónarhlutar af C) eða minna eða ef aflestrarkerfi (tölvur, gagnaskráningartæki), sem hafa til að bera nægilega nákvæmni og upplausn sem er undir 15% af fullu útslagi, getur styrkur, sem er minni en 15% af fullu útslagi, einnig verið viðunandi. Í slíku tilviki skulu viðbótarkvarðanir fara fram til að tryggja nákvæmni kvörðunarferlanna - liður 1.5.5.2. í 2. viðbæti við þennan viðauka.

Rafsegulsviðssamhæfi tækjanna skal vera slíkt að frekari skekkjum verði haldið í lágmarki.

#### 1.4.1.1. Nákvæmni

Greiningartækið má ekki víkja meira frá nafngildi kvörðunarpunktsins en sem nemur  $\pm 2\%$  af álestri á öllu mælisviðinu nema við núll og  $\pm 0,3\%$  af fullu útslagi við núll. Nákvæmnin skal ákvörðuð í samræmi við kröfur um kvörðun sem mælt er fyrir um í lið 1.3.

#### 1.4.1.2. Endurtekningarnákvæmni

Endurtekningarnákvæmnin skal vera með þeim hætti að staðalfrávik svörunar við ákveðinni kvörðunarlofttegund sem er endurtekin 10 sinnum, margfaldað með 2,5 er ekki meira en  $\pm 1\%$  styrks á fullu útslagi fyrir hvert mælisvið sem er notað yfir 100 milljónarhlutum (eða milljónarhlutum af C) eða  $\pm 2\%$  af hverju mælisviði sem er notað undir 100 milljónarhlutum (eða milljónarhlutum af C).

#### 1.4.1.3. Hávaði

Svörun greiningartækjanna frá toppi til topps við núllstillingar- og kvörðunarlofttegundum á ótilgreindu 10 sekúndna tímabili skal ekki vera meiri en 2% af fullu útslagi á öllum sviðum sem notuð eru.

#### 1.4.1.4. Núllpunktsrek

Núllpunktssvörun er skilgreind sem meðalsvörun, þ.m.t. hávaði, við núllstillingarlofttegund á 30 sekúndna tímabili. Rek núllpunktssvörunar á einnar klukkustundar tímabili skal vera minna en 2% af fullu útslagi á lægsta sviði sem notað er.

#### 1.4.1.5. Mælisviðsrek

Mælisviðssvörun er skilgreind sem meðalsvörun, þar með talinn hávaði, við kvörðunarlofttegund á 30 sekúndna tímabili. Rek mælisviðssvörunar á einnar klukkustundar tímabili skal vera minna en 2% af fullu útslagi á lægsta sviði sem notað er.

#### 1.4.2. Þurrkun lofttegunda

Hægt er að mæla útblástursloftið á röku eða þurru formi. Þurrkbúnaður, ef hann er notaður, fyrir lofttegundir skal hafa sem minnst áhrif á styrk mældra lofttegunda. Ekki er leyfilegt að nota efnafræðilega þurrkara við að fjarlægja vatn úr sýninu.

#### 1.4.3. Greiningartæki

Í liðum 1.4.3.1 til 1.4.3.5 er lýst þeim meginreglum sem fylgja skal við mælingar. Nákvæm lýsing á mælikerfum er sett fram í VI. viðauka.

Lofttegundirnar, sem á að mæla, skulu greindar með eftirfarandi tækjum. Að því er ólínuleg greiningartæki varðar er heimilt að nota rásir sem skila niðurstöðum á línulegu formi.

##### 1.4.3.1. Greining kolsýrings (CO)

Greiningartæki fyrir kolsýring skal vera ódreifinn innroðagreininir (NDIR).

##### 1.4.3.2. Greining koltvísýrings (CO<sub>2</sub>)

Greiningartæki fyrir koltvísýring skal vera ódreifinn innroðagreininir (NDIR).



#### 1.4.3.3. Greining súrefnis ( $O_2$ )

Greiningartæki fyrir súrefni skal vera meðseglandi greinir (PMD), sirkondíoxíðnemi (ZRDO) eða rafefnafræðilegur nemi (ECS).

*Athugasemd:* Ekki er mælt með sirkondíoxíðnemum þegar HC og CO styrkur er mikill eins og þegar um er að ræða hreinbrunaneistakveikjuhreyfla. Þegar rafefnafræðilegir nemar eru notaðir skulu truflanir af völdum  $CO_2$  og  $NO_x$  jafnaðar.

#### 1.4.3.4. Vetniskolefnagreining (HC)

Að því er varðar beina sýnatöku af lofttegundum skal greiningartækið fyrir vetniskolefni vera hitaður logajónunarnemi (HFID) með nema, ventlum, pípulögnum o.s.frv., hitaður þannig að hitastig lofttegundarinnar haldist við  $463\text{ K} \pm 10\text{ K}$  ( $190\text{ °C} \pm 10\text{ °C}$ ).

Að því er varðar sýnatöku af þynntum lofttegundum skal greiningartækið fyrir vetniskolefni vera annaðhvort hitaður logajónunarnemi eða logajónunarnemi (FID).

#### 1.4.3.5. Greining köfnunarefnisoxíða ( $NO_x$ )

Ef mælt er í þurru formi skal greiningartæki fyrir köfnunarefnisoxíð vera annaðhvort efnaljómunarnemi (CLD) eða hitaður efnaljómunarnemi (HCLD) með  $NO_2/NO$  breyti. Ef mælt er í röku formi skal nota HCLD-greiningartæki með breyti sem haldið er yfir  $328\text{ K}$  ( $55\text{ °C}$ ) að því tilskildu að prófun með snöggkælingu í vatni (liður 1.9.2.2 í 2. viðbæti við III. viðauka) gefi fullnægjandi niðurstöður. Að því er varðar bæði CLD- og HCLD-greiningartækin skal halda sýnatökufarveginum við vegghitastigið  $328\text{ K}$  til  $473\text{ K}$  ( $55\text{ °C}$  til  $200\text{ °C}$ ) að breytinum í mælingu í þurru formi og að greiningartækinu í mælingu í röku formi.

#### 1.4.4. Sýnataka til að ákvarða losun lofttegunda

Ef einhver eftirmeðferðartæki hafa áhrif á samsetningu útblástursloftsins skal útblásturssýnið tekið fyrir aftan tækið.

Sýnatökuneminn fyrir útblástursloft skal vera á háþrýstihlið hljóðkútsins en eins langt frá útblástursopinu og frekast er unnt. Til að tryggja að útblástursloft úr hreyfli blandist algjörlega áður en sýni er tekið er valkvætt að setja blöndunarhólf á milli úttaks hljóðkútsins og sýnatökunemans. Innra rúmmál blöndunarhólfsins má ekki vera minna en 10 sinnum slagrymi strokka hreyfilsins sem prófaður er og skal hæð, breidd og dýpt þess vera u.þ.b. sú sama þannig að það sé svipað teningi. Stærð blöndunarhólfsins skal haldið í lágmarki eftir því sem við verður komið og það tengt eins nálægt hreyflinum og frekast er unnt. Útblásturskerfið, sem liggur út úr blöndunarhólfi hljóðkútsins, skal ná a.m.k.  $610\text{ mm}$  út fyrir staðsetningu sýnatökunemans og vera nægilega stórt til að halda bakþrýstingi í lágmarki. Hitastigi innra byrðis blöndunarhólfsins skal haldið yfir daggarmarki útblástursloftsins og mælt er með lágmarkshitastiginu  $338\text{ °K}$  ( $65\text{ °C}$ ).

Valkvætt er að mæla alla efnisþætti strax í þynningarrörinu eða taka sýni í sýnatökusekk og mæla svo styrkinn í sýnatökusekkinum.

---

## 2. viðbætur

### 1. KVÖRDUN GREININGARTÆKJA

#### 1.1. Inngangur

Öll greiningartæki skulu kvörðuð eins oft og nauðsynlegt er til að uppfylla kröfur þessa staðals um nákvæmni. Kvörðunaraðferðinni, sem nota skal fyrir mælitækin sem um getur í lið 1.4.3. í 1. viðbæti, er lýst í þessari málsgrein.

#### 1.2. Kvörðunarlofttegundir

Taka skal tillit til reglna um geymsluþol allra kvörðunarlofttegunda.

Sú fyrningardagsetning, sem framleiðandi gefur upp fyrir kvörðunarlofttegundirnar, skal skráð.

1.2.1 *Hreinar lofttegundir*

Tilskilinn hreinleiki lofttegundanna er skilgreindur með þeim mengunarmörkum sem gefnar eru hér á eftir. Eftirtaldar lofttegundir verða að vera til staðar við prófunina:

- hreinsað köfnunarefni (mengun  $\leq 1$  milljónarhluti C,  $\leq 1$  milljónarhluti CO,  $\leq 400$  milljónarhlutar CO<sub>2</sub>,  $\leq 0,1$  milljónarhluti NO),
- hreinsað súrefni (hreinleiki  $> 99,5$  miðað við rúmmál -% O<sub>2</sub>),
- vetnis-helíum blanda ( $40 \pm 2\%$  vetni, afgangurinn helíum), mengun 1 milljónarhluti C, 400 milljónarhlutar CO<sub>2</sub>,
- hreinsað, tilbúið loft (mengun 1 milljónarhluti C, 1 milljónarhluti CO, 400 milljónarhlutar CO<sub>2</sub>, 0,1 milljónarhluti NO (súrefnisinnihald milli 18 og 21% miðað við rúmmál).

1.2.2 *Kvörðunarlofttegundir*

Blanda af lofttegundum með eftirtaldar efnasamsetningar verður að vera til staðar:

- C<sub>3</sub>H<sub>8</sub> og hreinsað, tilbúið loft (sjá lið 1.2.1),
- CO og hreinsað köfnunarefni,
- og hreinsað köfnunarefni (magn NO<sub>2</sub> í þessari kvörðunarlofttegund má ekki vera meira en 5% af NO-innihaldi hennar),
- CO<sub>2</sub> og hreinsað köfnunarefni,
- CH<sub>4</sub> og hreinsað, tilbúið loft,
- C<sub>2</sub>H<sub>6</sub> og hreinsað, tilbúið loft.

*Aths.:* Aðrar lofttegundablöndur eru leyfðar að því tilskildu að lofttegundirnar hvarfist ekki hver við aðra.

Raunverulegur styrkur kvörðunarlofttegundarinnar má ekki víkja meira frá nafngildinu en  $\pm 2\%$ . Allur styrkur kvörðunarlofttegunda skal gefinn upp miðað við rúmmál (hundraðshlutar eða milljónarhlutar rúmmáls).

Kvörðunarlofttegundirnar má einnig framleiða með nákvæmnisblöndunartækjum (lofttegunda-deilum) með því að þynna lofttegundina með hreinsuðu N<sub>2</sub> eða með hreinsuðu, tilbúnu lofti. Nákvæmni þessa blöndunarþúnaðar verður að vera það mikil að styrkur þynntu kvörðunarlofttegundanna sé með  $\pm 1,5\%$  nákvæmni. Þessi nákvæmni felur í sér að frumlofttegundir, sem notaðar eru til blöndunar, skulu vera þekktar með a.m.k.  $\pm 1\%$  nákvæmni sem rekja má til innlendra eða alþjóðlegra lofttegundastaðla. Sannprófunin skal fara fram á bilinu milli 15% og 50% af fullu útslagi fyrir hverja kvörðun með blöndunartæki.

Annar kostur er að prófa blöndunartækið með tæki sem er í eðli sínu línulegt, t.d. með því að nota NO-lofttegund með efnaljómunarnema (CLD). Kvörðunargildi tækisins skal laga að kvörðunarlofttegundinni sem tengist tækinu beint. Blöndunartækið skal prófað með þeim stillingum sem notaðar eru og nafngildið borið saman við mældan styrk tækisins. Þessi mismunur skal vera innan við  $\pm 0,5\%$  af nafngildinu við hvern punkt.

1.2.3 *Eftirlit með súrefnistruflunum*

Lofttegundir, sem notaðar eru í eftirliti með súrefnistruflunum, skulu innihalda própan með 350 milljónarhluta C  $\pm 75$  milljónarhluta C vetniskolefni. Styrkgildið er ákvarðað fyrir víkmörk kvörðunarlofts með litskiljunargreiningu á heildarmagni vetniskolefnis, að meðtöldum óhreinindum, eða með aflrænni blöndun. Köfnunarefni skal vera ríkjandi þynningarefni en súrefni afgangurinn. Sú blanda, sem er krafist fyrir prófun á bensínknúnum hreyflum, er sem hér segir:

Styrkur O <sub>2</sub> -truflana	Afgangur
10 (9 til 11)	Köfnunarefni
5 (4 til 6)	Köfnunarefni
0 (0 til 1)	Köfnunarefni.

**1.3. Notkunarreglur fyrir greiningartæki og sýnatökukerfi**

Fara skal með greiningartæki í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda um gangsetningu og notkun. Þar með skulu taldaðar þær lágmarkskröfur sem settar eru fram í liðum 1.4 til 1.9. Einungis liður 1.5.4 gildir um rannsóknastofutæki, s.s. gasgreini og hágæðavökvaskiljun.

**1.4. Lekaprófun**

Lekaprófun á kerfinu skal fara fram. Neminn skal aftengdur útblásturskerfinu og endanum lokað með tappa. Dælan á greiningartækinu skal sett í gang. Að loknum tíma í upphafi til að ná stöðugleika ættu allir streymismælar að vera við núll. Ef svo er ekki þarf að athuga allar sýnatökurásir og lagfæra skekkjuna.

Leyfilegur hámarksleki á undirþrýstingshliðinni skal vera 0,5% af streyminu við notkun í þeim hluta kerfisins sem verið er að prófa. Hægt er að nota streymi í gegnum greiningartækin og hjárásir til að áætla streymi um kerfið við notkun.

Annar kostur er að tæma kerfið þannig að þrýstingurinn verði a.m.k. 20 kPa undirþrýstingur (80 kPa raunþrýstingur). Að loknum tíma í upphafi til að ná stöðugleika skal aukning þrýstings  $\delta p$  (kPa/min) í kerfinu ekki vera meiri en:

$$\delta p = p/V_{\text{syst}} \times 0,005 \times t_r$$

Þar sem:

$V_{\text{syst}}$  = rúmmál kerfis [l]

$t_r$  = streymi kerfis [l/min]

Önnur aðferð er að innleiða áfangaskipta styrkbreytingu við upphaf sýnatökurásarinnar með því að skipta frá núllstillingar- yfir í kvörðunarlofttegund. Ef álestur sýnir, að nægilegum tíma liðnum, minni styrk en innleiddan styrk bendir það til kvörðunarvillu eða leka.

**1.5. Tilhögun kvörðunar****1.5.1 Tæki**

Tæki skulu kvörðuð og kvörðunarferlar athugaðir miðað við staðallofttegundir. Sama lofttegunda-streymi skal notað og þegar tekin eru sýni af útblásturslofti.

**1.5.2. Upphitunartími**

Upphitunartíminn skal vera samkvæmt tilmælum framleiðandans. Ef ákveðinn tími er ekki tilgreindur er mælt með a.m.k. tveimur klukkustundum til að hita greiningartækin upp.

**1.5.3. Ódreifinn innroðagreininir (NDIR) og hitaður logajónunarnemi (HFID)**

Ódreifna innroðagreinininn skal stilla eins og þörf krefur og loga hitaða logajónunarnemans skal stilla eins og best verður á kosið (liður 1.9.1).

**1.5.4. Gasgreinir og hágæðavökvaskiljun**

Bæði tækin skulu kvörðuð samkvæmt góðum starfsvenjum við rannsóknir og tilmælum framleiðandans.

**1.5.5. Ákvörðun kvörðunarferlanna****1.5.5.1. Almennar viðmiðunarreglur**

- Öll vinnusvið mælinga, sem að öllu jöfnu eru notuð, skulu kvörðuð.
- Greiningartæki fyrir CO, CO<sub>2</sub>, NO<sub>x</sub>, og HC skulu núllstillt með hreinsuðu, tilbúnu lofti (eða köfnunarefni).

- c) Viðeigandi kvörðunarlofttegundum skal veita inn í greiningartækin, gildin skráð og kvörðunarferlarnir ákvarðaðir.
- d) Kvörðunarferillinn skal ákvarðaður, á öllum sviðum tækis nema lægsta sviði, með a.m.k. 10 kvörðunarpunktum (að núlli undanskildu) með jöfnu millibili. Kvörðunarferillinn skal ákvarðaður, á lægsta sviði tækisins, með a.m.k. 10 kvörðunarpunktum (að núlli undanskildu) sem er dreift þannig að helmingur kvörðunarpunktanna er undir 15% af fullu útslagi greiningartækisins og afgangurinn er yfir 15% af fullu útslagi. Mesti nafnstyrkur verður að vera jafn mikill eða meiri en 90% af fullu útslagi á öllum sviðum.
- e) Kvörðunarferillinn skal reikna með aðferð minnstu kvaðrata. Aðhvarfsferillinn má hvort heldur vera línulegur eða ólínulegur.
- f) Kvörðunarpunktarnir skulu ekki víkja meira en  $\pm 2\%$  af álestri eða  $\pm 0,3\%$  af fullu útslagi, hvort heldur er meira, frá bestu línu minnstu kvaðrata.
- g) Núllstillingin skal athuguð aftur og kvörðunin endurtekin ef nauðsyn krefur.

#### 1.5.5.2. Aðrar aðferðir

Ef hægt er að sýna fram á að önnur tækni (tölvunotkun, rafræn stýring mælisviðsrofa o.s.frv.) gefi jafn nákvæma niðurstöðu má nota þá tækni.

#### 1.6. Sannprófun kvörðunarinnar

Öll vinnusvið mælinga, sem að öllu jöfnu eru notuð, skulu athuguð áður en greining fer fram, í samræmi við eftirfarandi aðferð.

Kvörðunin er athuguð með því að nota núllstillingarlofttegund og kvörðunarlofttegund með nafngildi sem er hærri en 80% af fullu útslagi mælisviðsins.

Ef munur á gildinu sem fæst og tilgreindu viðmiðunargildi er ekki meiri en sem nemur  $\pm 4\%$  af fullu útslagi fyrir þá tvo punkta sem skoðaðir eru er heimilt að breyta stillingarfæribreytum. Sé svo ekki skal hins vegar sannprófa kvörðunarlofttegundina eða ákvarða nýjan kvörðunarferil í samræmi við lið 1.5.5.1.

#### 1.7. Kvörðun greiningartækja fyrir sporlofttegundir vegna mælinga á streymi útblásturslofts

Greiningartækið fyrir mælingar á styrk sporlofttegunda skal kvarðað með staðallofttegundinni.

Kvörðunarferillinn skal ákvarðaður með a.m.k. 10 kvörðunarpunktum (að núlli undanskildu) sem er dreift þannig að helmingur kvörðunarpunktanna eru á bilinu 4% til 20% af fullu útslagi greiningartækisins og afgangurinn er á bilinu 20% til 100% af fullu útslagi. Kvörðunarferillinn skal reiknaður með aðferð minnstu kvaðrata.

Á sviðinu frá 20% til 100% af fullu útslagi má kvörðunarferillinn ekki víkja meira frá nafngildi hvers kvörðunarpunkts en  $\pm 1\%$  af fullu útslagi. Á sviðinu frá 4% til 20% af fullu útslagi má hann heldur ekki víkja meira en  $\pm 2\%$  af álestri frá nafngildi. Greiningartækið skal núllstillt og kvarðað, áður en prófunin á sér stað, með núllstillingarlofttegund og kvörðunarlofttegund með nafngildi sem er hærri en 80% af fullu útslagi greiningartækisins.

#### 1.8. Prófun á virkni NO<sub>x</sub>-breytis

Virkni breytisins, sem notaður er til þess að breyta NO<sub>2</sub> í NO, er mæld á þann hátt sem mælt er fyrir um í liðum 1.8.1 til 1.8.8 (mynd 1 í 2. viðbæti III. viðauka).

##### 1.8.1. Uppsetning prófunar

Með prófuninni, sem sýnd er á mynd 1 í III. viðauka, og aðferðinni, sem lýst er hér á eftir, er hægt að prófa virkni breytanna með ósongjörva.

1.8.2. *Kvörðun*

Efnaljómunarnemar og hitaðir efnaljómunarnemar skulu kvarðaðir á algengasta vinnusviði mælinga samkvæmt fyrirmælum framleiðandans og nota skal núllstillingar- og kvörðunarlofttegund (NO-innihald hennar skal vera um það bil 80% af vinnusviði mælinga og styrkur NO<sub>2</sub> í lofttegundablöndunni minni en 5% af NO-styrknum). NO<sub>x</sub>-greiningartækið skal stillt á NO til þess að kvörðunarlofttegundin fari ekki í gegnum breytinn. Mældur styrkur skal skráður.

1.8.3. *Útreikningar*

Skilvirkni NO<sub>x</sub>-breytisins er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$\text{Skilvirkni (\%)} = \left( 1 + \frac{a - b}{c - d} \right) \times 100$$

þar sem:

a = styrkur NO<sub>x</sub> samkvæmt lið 1.8.6

b = styrkur NO<sub>x</sub> samkvæmt lið 1.8.7

c = styrkur NO samkvæmt lið 1.8.4

d = styrkur NO samkvæmt lið 1.8.5.

1.8.4. *Súrefni bætt við*

Súrefni eða núllstillingarlofti er stöðugt blandað saman við lofttegundarstreymið um T-tengi þar til aflestur sýnir að styrkurinn er u.þ.b. 20% minni en kvörðunarstyrkurinn sem tilgreindur er í lið 1.8.2. (Greiningartækið er stillt á NO.)

Styrkurinn sem mælist (c) skal skráður. Ósongjörvinn skal ekki látinn ganga meðan þessu fer fram.

1.8.5. *Gangsetning ósongjörvans*

Nú skal ósongjörvinn gangsettur og látinn framleiða svo mikið óson að styrkur köfnunarefnisoxíðs fari niður í 20% (10% að lágmarki) af þeim kvörðunarstyrk sem gefinn er upp í lið 1.8.2. Mældur styrkur (d) skal skráður. (Greiningartækið er stillt á NO.)

1.8.6. *NO<sub>x</sub> stilling*

NO-greiningarbúnaðurinn er nú stilltur á NO<sub>x</sub> sem þýðir að lofttegundablandan (NO, NO<sub>2</sub>, O<sub>2</sub> og N<sub>2</sub>) fer í gegnum breytinn. Mældur styrkur (a) skal nú skráður. (Greiningartækið er stillt á NO<sub>x</sub>.)

1.8.7. *Stöðvun ósongjörvans*

Ósongjörvinn er nú stöðvaður. Lofttegundablandan sem lýst er í lið 1.8.6 fer í gegnum breytinn og inn í skynjarann. Mældur styrkur (b) skal skráður. (Greiningartækið er stillt á NO<sub>x</sub>.)

1.8.8. *NO stilling*

Eftir að skipt hefur verið yfir í stillingu á NO og ósongjörvinn hafður óvirkur er einnig lokað fyrir aðstreymi súrefnis eða tilbúins lofts. Það NO<sub>x</sub>-gildi sem kemur fram á greiningartækinu má ekki víkja um meira en ± 5% frá gildinu sem mældist skv. 1.8.2. (Greiningartækið er stillt á NO.)

1.8.9. *Tíðni prófana*

Skilvirkni breytisins skal prófa mánaðarlega.

1.8.10. *Skilvirknikröfur*

Skilvirkni breytisins skal ekki vera undir 90% en sterklega er mælt til þess að skilvirknin sé yfir 95%.

*Athugasemd:* Ef ósongjörvinn getur ekki náð fram skerðingu úr 80% í 20% skv. lið 1.8.5 þegar greiningartækið er stillt á algengasta sviðið skal nota hæsta svið sem nær fram skerðingu.

1.9. **Stilling logajónunarnemans**1.9.1. *Bestun nemasvörunar*

Hitaða logajónunarnemann skal stilla í samræmi við fyrirmæli framleiðandans. Nota skal kvörðunarlofttegund sem samanstendur af própani í lofti til að besta svörun náist á algengasta vinnusviði mælinga.

Þegar eldsneytis- og loftstreymi hefur verið stillt í samræmi við tilmæli framleiðandans skal veita kvörðunarlofttegund, sem er  $350 \pm 75$  milljónarhlutar C, inn í greiningartækið. Svörunin, sem fæst við tilgreint eldsneytisstreymi, skal ákvörðuð út frá mismuninum á svörun kvörðunarlofttegundarinnar og núllstillingarlofttegundarinnar. Stillingu eldsneytisstreymis er breytt í þrepum þannig að það sé hærra og lægra en forskriftir framleiðandans kveða á um. Svörun kvörðunar- og núllstillingarlofttegunda, miðað við þetta eldsneytisstreymi, skal skrá. Mismunurinn á milli svörunar kvörðunar- og núllstillingarlofttegundanna skal teiknaður upp sem línurit og eldsneytisstreymið lagað að „ríkulegu“ hlið línuritsins. Þetta er upphafsstilling fyrir streymi sem kann að vera nauðsynlegt að besta frekar eftir því hverjar niðurstöðurnar eru úr eftirlitinu með svörunarstuðli fyrir vetniskolefni og súrefnistruflunum samkvæmt liðum 1.9.2 og 1.9.3.

Ef súrefnistruflanirnar eða svörunarstuðlarnir fyrir vetniskolefni eru ekki í samræmi við eftirfarandi forskriftir skal breyta stillingu loftstreymisins í þrepum þannig að hún sé hærri og lægri en forskriftir framleiðandans kveða á um og endurtaka skal liði 1.9.2 og 1.9.3 fyrir hvert streymi.

1.9.2. *Svörunarstuðlar fyrir vetniskolefni*

Greiningartækið skal kvarðað með própani í lofti og hreinsuðu, tilbúnu lofti, samkvæmt lið 1.5.

Svörunarstuðlar skulu ákvarðaðir þegar greiningartæki er tekið í notkun og eftir að langt er um liðið síðan viðhald för fram. Svörunarstuðullinn ( $R_f$ ), fyrir tilgreinda tegund vetniskolefna, er hlutfall C1-álesturs logajónunarnemans á móti styrk lofttegunda í hylkinu gefið upp sem milljónarhlutar af C1.

Styrkur prófunarlofttegundarinnar skal vera þannig að hann geti gefið svörun upp á um það bil 80% af fullu útslagi. Styrkurinn skal ákvarðaður með nákvæmni sem nemur  $\pm 2\%$  miðað við þyngdarmælingastaðal sem miðast við rúmmál. Þar að auki skal gashylkið formeðhöndlað í 24 klst. við hitastigið 298 K ( $25^\circ\text{C}$ )  $\pm 5$  K.

Prófunarlofttegundirnar, sem nota skal, og svið ráðlagðra, hlutfallslegra svörunarstuðla eru sem hér segir:

— metan og hreinsað, tilbúið loft:  $1,00 \leq R_f \leq 1,15$

— própýlen og hreinsað, tilbúið loft:  $0,90 \leq R_f \leq 1,1$

— tólúen og hreinsað, tilbúið loft:  $0,90 \leq R_f \leq 1,10$ .

Þessi gildi eru gefin upp í tengslum við svörunarstuðulinn ( $R_f$ ) sem er 1,00 fyrir própan og hreinsað, tilbúið loft.

1.9.3. *Eftirlit með súrefnistruflunum*

Eftirlit með súrefnistruflunum skal fara fram þegar greiningartæki er tekið í notkun og eftir að langt er um liðið frá síðasta viðhaldi. Velja skal svið þar sem lofttegundirnar, sem eru notaðar í eftirlitið með súrefnistruflunum, eru í efri 50%. Prófunina skal framkvæma með ofninn stilltan á það hitastig sem krafist er. Lofttegundirnar, sem notaðar eru í eftirliti með súrefnistruflunum, eru tilgreindar í lið 1.2.3.

a) Núllstilla skal greiningartækið.

b) Kvarða skal greiningartækið með 0% súrefnisblöndunni fyrir bensínknúna hreyfla.

- c) Athuga skal aftur núllpunktssvörunina. Hafi hún breyst meira en sem nemur 0,5% af fullu útslagi skal endurtaka a- og b-undirlið þessa liðar.
- d) Nota skal 5% og 10% lofttegundirnar sem eru notaðar í eftirlit með súrefnistruflunum.
- e) Athuga skal aftur núllpunktssvörunina. Hafi hún breyst meira en sem nemur  $\pm 1\%$  af fullu útslagi skal endurtaka prófunina.
- f) Reikna skal súrefnistruflanir (% O<sub>2</sub>I), fyrir hverja blöndu í d-þrepi eins og hér segir:

$$O_2I = \frac{B - C}{B} \times 100 \quad \text{ppm } C = \frac{A}{D}$$

þar sem:

A = styrkur vetniskolefna (milljónarhluti C) í kvörðunarlofttegundinni sem er notuð í b-undirlið

B = styrkur vetniskolefna (milljónarhluti C) í lofttegundunum, sem eru notaðar í eftirliti með súrefnistruflunum í d-undirlið

C = svörun greiningartækis

D = hundraðshluti af svörun greiningartækis í fullu útslagi vegna A

- g) Hundradshluti súrefnistruflana (% O<sub>2</sub>I) skal vera minni en  $\pm 3\%$  fyrir allar tilskildar lofttegundir, sem notaðar eru í eftirliti með súrefnistruflunum, áður en prófun á sér stað.
- h) Ef súrefnistruflanir eru meiri en  $\pm 3\%$  skal breyta stillingu loftstreymisins í þrepum þannig að það sé meira eða minna en forskriftir framleiðandans kveða á um og endurtaka þannig lið 1.9.1 fyrir hvert streymi.
- i) Ef súrefnistruflanirnar eru meiri en  $\pm 3\%$ , eftir stillingu loftstreymisins, skal breyta eldsneytisstreyminu og því næst sýnastreyminu og liður 1.9.1 þannig endurtekinn fyrir hverja nýja stillingu.
- j) Ef súrefnistruflanirnar eru enn meiri en  $\pm 3\%$  skal gera við eða endurnýja greiningartækið, logaljómunarnemann eða loftið úr brennaranum áður en prófunin á sér stað. Þennan lið skal síðan endurtaka með tækjunum eða lofttegundunum sem búið er að gera við eða endurnýja.

#### 1.10. Áhrif truflana á greiningartæki fyrir CO, CO<sub>2</sub>, NO<sub>x</sub> og O<sub>2</sub>

Lofttegundir, aðrar en sú sem verið er að mæla, geta truflað mælingar á ýmsa vegu. Jákvæð truflun verður í ódreifnum innroðagreinum og meðseglandi greinum þegar lofttegundin, sem truflar, hefur sömu áhrif og lofttegundin sem verið er að mæla, þótt í minna mæli sé. Neikvæð truflun verður í ódreifnum innroðagreinum þegar lofttegundin, sem truflar, víkkar ísogsbil mældu lofttegundarinnar og í efnaljómunartækjum þegar lofttegundin, sem truflar, deyfir útgeislunina. Eftirlitið með truflunum samkvæmt liðum 1.10.1 og 1.10.2 skal framkvæmt áður en greiningartæki er notað í fyrsta sinn og að loknum löngum notkunarléum en a.m.k. einu sinni á ári.

##### 1.10.1. Eftirlit með truflunum á CO-greiningartækjum

Vatn og CO<sub>2</sub> geta truflað afköst CO-greiningartækja. Af þeim sökum skal CO<sub>2</sub>-kvörðunarlofttegund með styrk frá 80% til 100% af fullu útslagi hesta vinnusviðs mælinga sem notað er við prófanir látin bóla í gegnum vatn við stofuhita og svörun greiningartækisins skráð. Svörun greiningartækisins má ekki vera meiri en 1% af fullu útslagi fyrir mælisvið sem eru jafnhá eða hærri en 300 milljónarhlutar eða hærri en 3 milljónarhlutar fyrir mælisvið sem eru undir 300 milljónarhlutum.

##### 1.10.2. Deyfingarprófanir á NO<sub>x</sub>-greiningartækjum

Þær tvær lofttegundir sem máli skipta fyrir efnaljómunargreiningartæki (og hituð efnaljómunargreiningartæki) eru CO<sub>2</sub> og vatnsgufa. Deyfingarsvörun þessara lofttegunda er í réttu hlutfalli við styrk þeirra og því þarf prófunaraðferð til að ákvarða deyfingu við mesta áætlaðan styrk sem fæst við prófun.

1.10.2.1. Deyfingarprófun með CO<sub>2</sub>

CO<sub>2</sub>-kvörðunarlofttegund, með styrk á bilinu 80% til 100% af fullu útslagi hæsta vinnusviðs mælinga sem notað er, skal látin fara í gegnum ódreifinn innroðagreini og CO<sub>2</sub>-gildið skráð sem A. Þá skal lofttegundin þynnt um nokkurn veginn 50% með NO-kvörðunarlofttegund og látin fara í gegnum ódreifna innroðagreinin og (hitaða) efnaljómunarnemann og CO<sub>2</sub>- og NO- gildin skráð sem B og C, í þeirri röð. Lokað skal fyrir streymi CO<sub>2</sub> og aðeins NO-kvörðunarlofttegundin leidd í gegnum (hitaða) efnaljómunarnemann og NO-gildið skráð sem D.

Deyfingin, sem skal ekki vera meiri en 3% af fullu útslagi, skal reiknuð út sem hér segir:

$$\% \text{ CO}_2\text{-deyfing} = \left[ 1 - \left( \frac{(C \times A)}{(D \times A) - (D \times B)} \right) \right] \times 100$$

þar sem:

A: óþynntur CO<sub>2</sub>-styrkur mældur með ódreifnum innroðagreini í %

B: þynntur CO<sub>2</sub>-styrkur mældur með ódreifnum innroðagreini í %

C: þynntur NO-styrkur mældur með efnaljómunarnema í af milljónarhlutum

D: óþynntur NO-styrkur mældur með efnaljómunarnema í af milljónarhlutum

Nota má aðrar aðferðir við þynningu og magnákvörðun CO<sub>2</sub>- og NO-kvörðunarlofts, svo sem aflræna blöndun (dynamic mixing/blending).

## 1.10.2.2. Vatnsdeyfingarprófun

Þessi prófun gildir einungis um mælingar á styrk rakra lofttegunda. Við útreikninga á deyfingu vegna vatns verður að taka tillit til þynningar NO-kvörðunarlofttegundarinnar með vatnsgufu og breyta verður styrk vatnsgufu í blöndunni til samræmis við þann styrk sem búist er við að verði meðan á prófuninni stendur.

NO-kvörðunarlofttegund, með styrk á bilinu 80% til 100% af fullu útslagi eðlilegs vinnusviðs mælinga, skal látin fara í gegnum (hitaða) efnaljómunarnemann og NO-gildið skráð sem D. NO-kvörðunarlofttegundin skal síðan látin bóla í gegnum vatn við stofuhita og fara í gegnum (hitaða) efnaljómunarnemann og NO-gildið skráð sem C. Hitastig vatnsins skal ákvarðað og skráð sem F. Gufumettunarþrýstingur blöndunnar, sem samsvarar hitastigi (F) vatnsins sem kvörðunarloftið er látið bóla í, skal ákvarðaður og skráður sem G. Vatnsgufustyrk blöndunnar (í %) skal reikna sem hér segir:

$$H = 100 \times \left( \frac{G}{P_B} \right)$$

og skrá sem H. Áætlaður styrkur þynntu NO-kvörðunarlofttegundarinnar (í vatnsgufu) skal reiknaður sem hér segir:

$$D_e = D \times \left( \frac{G}{P_B} \right)$$

og skráður sem D<sub>e</sub>.

Vatnsdeyfingin, sem skal ekki vera meiri en 3%, skal reiknuð út sem hér segir:

$$\% \text{ H}_2\text{O-deyfing} = 100 \times \left( \frac{G}{P_B} \right) \times \left( \frac{H_m}{H} \right)$$

þar sem:

D<sub>e</sub>: væntanlegur styrkur þynnts NO (í milljónarhlutum)

C: styrkur þynnts NO (í milljónarhlutum)

H<sub>m</sub>: hámarksstyrkur vatnsgufu

H: raunstyrkur vatnsgufu (í %).



*Athugasemd:* Mikilvægt er að styrk NO<sub>2</sub> í NO-kvörðunarlofttegundinni sé haldið í lágmarki í þessari athugun þar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir uppsogi NO<sub>2</sub> í vatn við deyfingarútreikninga.

#### 1.10.3. *Truflanir á O<sub>2</sub>-greiningartækjum*

Svörun meðseglandi greinis, vegna lofttegunda annarra en súrefnis, er tiltölulega lítil. Súrefnisjafngildi almennra efnispátta útblásturslofts eru tilgreind í töflu 1.

Tafla 1 — Súrefnisjafngildi

Lofteggund	O <sub>2</sub> -jafngildi í %
Koltvísýringur (CO <sub>2</sub> )	- 0,623
Kolsýringur (CO)	- 0,354
Köfnunarefnisoxíð (NO)	+ 44,4
Köfnunarefnisdíoxíð (NO <sub>2</sub> )	+ 28,7
Vatn (H <sub>2</sub> O)	- 0,381

Leiðréttá skal mældan styrk súrefnis með eftirfarandi formúlu ef gera á hárnákvæmar mælingar:

$$\text{Truflanir} = \frac{(\text{Jafngildi \% O}_2 \times \text{Obs. conc.})}{100}$$

#### 1.11. **Tími milli þess að kvörðun fer fram**

Greiningartækin skulu kvörðuð í samræmi við lið 1.5 a.m.k. þriðja hvern mánuð eða í hvert skipti sem farið hefur fram viðgerð eða breyting á kerfinu, sem gæti haft áhrif á kvörðunina.

### 3. viðbætur

#### 1. MAT Á GÖGNUM OG ÚTREIKNINGAR

##### 1.1. **Mat á losun lofttegunda**

Við mat á losun lofttegunda skal finna meðalálestur a.m.k. síðustu 120 sekúndna hvers prófunarþáttar og meðalstyrkur (conc) HC, CO, NO<sub>x</sub> og CO<sub>2</sub> í hverjum þætti skal ákvarðaður út frá meðalálestri og samsvarandi kvörðunargögnum. Leyfilegt er að nota annað skráningarform að því tilskildu að það tryggi jafngilda gagnasöfnun.

Meðalbakgrunnsstyrk (concd) má ákvarða út frá álestri þynningarlofts úr sýnatökusekkjum eða út frá samfelldum bakgrunnsálestrum (án sýnatökusekkja) og samsvarandi kvörðunargögnum.

##### 1.2. **Útreikningur á losun lofttegunda**

Endanlegar niðurstöður prófananna, sem birtar eru í skýrslu, skulu vera fengnar með eftirfarandi hætti:

1.2.1. *Leiðréttingarstuðull fyrir þurrar/rakar lofttegundir*

Umreikna skal mældan styrk yfir á rakt form ef hann er ekki þegar mældur á röku formi:

$$\text{conc (rakt form)} = k_w \times \text{conc (þurrt form)}$$

Fyrir óþynnt útblástursloft:

$$k_w = k_{w,r} = \frac{1}{1 + \alpha \times 0,005 \times (\% \text{ CO [dry]} + \% \text{ CO}_2 \text{ [dry]}) - 0,01 \times \% \text{ H}_2 \text{ [dry]} + k_{w2}}$$

þar sem  $\alpha$  er hlutfall vetnis og kolefnis í eldsneytinu.

Reikna skal styrk  $\text{H}_2$  í útblástursloftinu:

$$\text{H}_2 \text{ [dry]} = \frac{0,50,5 \times \alpha \% \text{ CO [dry]} \times (\% \text{ CO [dry]} + \% \text{ CO}_2 \text{ [dry]})}{\% \text{ CO [dry]} + (3 \times \% \text{ CO}_2 \text{ [dry]})}$$

Reikna skal  $k_{w2}$ -stuðulinn:

$$k_{w2} = \frac{1,608 \times H_a}{1000 + (1,608 \times H_a)}$$

þar sem  $H_a$  er raunraki innsogslofts í g vatns í kg af þurru lofti.

Fyrir þynnt útblástursloft:

fyrir mælingar á  $\text{CO}_2$  í röku formi:

$$k_w = k_{w,e,1} = \left( 1 - \frac{\alpha \times \% \text{ CO}_2 \text{ [wet]}}{200} \right) - k_{w1}$$

eða fyrir mælingar á  $\text{CO}_2$  í þurru formi:

$$k_w = k_{w,e,2} = \left( \frac{(1 - k_{w1})}{1 + \frac{\alpha \times \% \text{ CO}_2 \text{ [dry]}}{200}} \right)$$

þar sem  $\alpha$  er hlutfall vetnis og kolefnis í eldsneytinu.

Reikna skal  $k_{w1}$ -stuðulinn með eftirfarandi jöfnum:

$$k_{w1} = \frac{1,608 \times [H_d \times (1 - 1/DF) + H_a \times (1 - 1/DF)]}{1000 + 1,608 \times [H_d \times (1 - 1/DF) + H_a \times (1/DF)]}$$

þar sem:

$H_d$  raunraki þynningarlofts í g vatns í kg af þurru lofti

$H_a$  raunraki innsogslofts í g vatns í kg af þurru lofti

$$DF = \frac{13,4}{\% \text{ conc}_{\text{CO}_2} + (\text{ppm conc}_{\text{CO}} + \text{ppm conc}_{\text{HC}}) \times 10^{-4}}$$

Fyrir þynningarloftið:

$$k_{w,d} = 1 - k_{w1}$$

Reikna skal  $k_{w1}$ -stuðulinn með eftirfarandi jöfnum:

$$DF = \frac{13,4}{\% \text{ conc}_{\text{CO}_2} + (\text{ppm conc}_{\text{CO}} + \text{ppm conc}_{\text{HC}}) \times 10^{-4}}$$

$$k_{w1} = \frac{1,608 \times [H_d \times (1 - 1/DF) + H_a \times (1/DF)]}{1000 + 1,608 \times [H_d \times (1 - 1/DF) + H_a \times (1/DF)]}$$

þar sem:

$H_d$  raunraki þynningarlofts í g vatns í kg af þurru lofti

$H_a$  raunraki innsogslofts í g vatns í kg af þurru lofti

$$DF = \frac{13,4}{\% \text{ conc}_{\text{CO}_2} + (\text{ppm conc}_{\text{CO}} + \text{ppm conc}_{\text{HC}}) \times 10^{-4}}$$

Fyrir innsogsloftið (ef það er annað en þynningarloftið):

$$k_{w,a} = 1 - k_{w2}$$

Reikna skal  $k_{w2}$ -stuðulinn með eftirfarandi jöfnum:

$$k_{w2} = \frac{1,608 \times H_a}{1000 + (1,608 \times H_a)}$$

þar sem  $H_a$  er raunraki innsogslofts í g vatns í kg af þurru lofti.

#### 1.2.2. Rakaleiðrétting fyrir $\text{NO}_x$

Þar sem losun  $\text{NO}_x$  er háð andrúmsloftsskilyrðum skal  $\text{NO}_x$ -styrkur margfaldaður með stuðlinum  $K_H$ , að teknu tilliti til raka:

$$K_H = 0,6272 + 44,030 \times 10^{-3} \times H_a - 0,862 \times 10^{-3} \times H_a^2 \text{ (fyrir fjörgengishreyfla)}$$

$$K_H = 1 \text{ (fyrir tvíengishreyfla)}$$

þar sem  $H_a$  er raunraki innsogslofts í g vatns í kg af þurru lofti.

#### 1.2.3. Útreikningur á massastreymi losunar

Massastreymi losunar  $\text{Gas}_{\text{mass}}$  [g/h] skal reikna út á eftirfarandi hátt.

a) Fyrir óþynnt útblástursloft <sup>(1)</sup>:

$$\text{Gas}_{\text{mass}} = \frac{\text{MW}_{\text{Gas}}}{\text{MW}_{\text{FUEL}}} \times \frac{1}{\{ \% \text{ CO}_2 [\text{wet}] - \% \text{ CO}_2 [\text{AIR}] + \% \text{ CO} [\text{wet}] + \% \text{ HC} [\text{wet}] \}} \times \% \text{ conc} \times G_{\text{FUEL}} \times 1000$$

þar sem:

$G_{\text{FUEL}}$  [kg/h] er massastreymi eldsneytis,

$\text{MW}_{\text{Gas}}$  [kg/kmól] er mólmassi einstakrar lofttegundar í töflu 1,

Tafla 1 — Mólmassi

Lofttegund	$\text{MW}_{\text{Gas}}$ [kg/kmól]
$\text{NO}_x$	46,01
CO	28,01
HC	$\text{MW}_{\text{HC}} = \text{MW}_{\text{FUEL}}$
$\text{CO}_2$	44,01

<sup>(1)</sup> Þegar um er að ræða  $\text{NO}_x$  skal margfalda styrkinn með rakaleiðréttingarstuðlinum  $K_H$  (rakaleiðréttingarstuðull fyrir  $\text{NO}_x$ ).

—  $MW_{FUEL} = 12,011 + \alpha \times 1,00794 + \beta \times 15,9994$  [kg/kmól] er mólþungi eldsneytis með hlutfallinu  $\alpha$  milli vetnis og kolefnis og hlutfallinu  $\beta$  milli súrefnis og kolefnis í eldsneytinu <sup>(1)</sup>,

—  $CO_{2AIR}$  er styrkur  $CO_2$  í innsogsloftinu (sem telst vera 0,04% ef hann er ekki mældur).

b) Fyrir þynnt útblástursloft <sup>(2)</sup>:

$$G_{\text{mass}} = u \times \text{conc}_c \times G_{\text{TOTW}}$$

þar sem:

—  $G_{\text{TOTW}}$  [kg/h] er massastreymi þynnts útblásturslofts í röku formi sem ákvarða skal samkvæmt lið 1.2.4 í 1. viðbæti III. viðauka þegar þynningarkerfi fyrir heildarstreymi er notað,

—  $\text{conc}_c$  er bakgrunnsleiðréttur styrkur:

$$\text{conc}_c = \text{conc} - \text{conc}_d \times (1 - 1/DF)$$

þar sem

$$DF = \frac{13,4}{\% \text{conc}_{CO_2} + (\text{ppm conc}_{CO} + \text{ppm conc}_{HC}) \times 10^{-4}}$$

Tafla 2 sýnir u-stuðulinn.

Tafla 2 — Gildi u-stuðuls

Lofteggund	u	conc
NO <sub>x</sub>	0,001587	ppm
CO	0,000966	ppm
HC	0,000479	ppm
CO <sub>2</sub>	15,19	%

Gildi u-stuðulsins byggjast á mólmassa þynnta útblástursloftsins sem er 29 [kg/kmól] og gildi u fyrir HC byggist á meðalhlutfalli kolefnis og vetnis sem er 1:1,85.

#### 1.2.4. Útreikningur á sértækri losun

Sértæk losun (g/kWh) skal reiknuð út fyrir hvern efnisþátt:

$$\text{Einstök loftteggund} = \frac{\sum_{i=1}^n (G_{\text{mass}_i} \times WF_i)}{\sum_{i=1}^n (P_i \times WF_i)}$$

þar sem  $P_i = P_{M,i} + P_{AE,i}$

Þegar aukabúnaði, eins og kæliviftu eða blásara, er komið fyrir vegna prófunar skal bæta aflinu sem hann notar við niðurstöðurnar nema þegar slíkur aukabúnaður er óaðskiljanlegur hluti af hreyflinum. Afl viftunnar eða blásarans skal ákvarðað á þeim hraða sem notaður er við prófanirnar annaðhvort með útreikningi út frá stöðluðum eiginleikum eða með verklegum prófunum (3. viðbætur VII. viðauka).

<sup>(1)</sup> Í ISO-staðli 8178-1 er gefin fullkomnari formúla fyrir mólmassa eldsneytis (formúla 50 í kafla 13.5.1b)). Formúlan tekur ekki aðeins tillit til hlutfalls vetnis og kolefnis og hlutfalls súrefnis og kolefnis heldur einnig annarra hugsanlegra efnisþátta eldsneytis eins og brennisteins og köfnunarefnis. Þar sem neistakveikjuhreyflar í tilskipuninni eru prófaðir með bensíni (gefið upp sem viðmiðunareldsneyti í V. viðauka), sem inniheldur venjulega aðeins kolefni og vetni, er einfölduð útgáfa formúlunnar þó tekin til greina.

<sup>(2)</sup> Þegar um er að ræða NO<sub>x</sub> skal margfalda styrkinn með rakaleiðréttingarstuðlinum KH (rakaleiðréttingarstuðull fyrir NO<sub>x</sub>).

Vogtölur og fjöldi n prófunarþátta sem notaðir eru í framangreindum útreikningi eru sýnd í lið 3.5.1.1 í IV. viðauka.

## 2. DÆMI

### 2.1. Gögn um óþynnt útblástursloft frá fjörgengisneistakveikjuhreyflum

Með vísan í tilraunagögnin (tafla 3) eru fyrst gerðir útreikningar fyrir prófunarþátt 1 og síðan er sama aðferð notuð áfram fyrir aðra prófunarþætti.

Tafla 3 — Tilraunagögn fyrir fjörgengisneistakveikjuhreyfil

Prófunarþáttur		1	2	3	4	5	6
Snúningshraði	min <sup>-1</sup>	2 550	2 550	2 550	2 550	2 550	1 480
Afl	kW	9,96	7,5	4,88	2,36	0,94	0
Hundraðshluti álags	%	100	75	50	25	10	0
Vogtölur	—	0,090	0,200	0,290	0,300	0,070	0,050
Lofþrýstingur	kPa	101,0	101,0	101,0	101,0	101,0	101,0
Lofthitastig	°C	20,5	21,3	22,4	22,4	20,7	21,7
Rakastig lofts	%	38,0	38,0	38,0	37,0	37,0	38,0
Raunraki lofts	g <sub>H2O</sub> /kg <sub>air</sub>	5,696	5,986	6,406	6,236	5,614	6,136
CO í þurru formi	ppm	60 995	40 725	34,646	41 976	68 207	37 439
NO <sub>x</sub> í röku formi	ppm	726	1 541	1 328	377	127	85
HC í röku formi	ppm C1	1 461	1 308	1 401	2 073	3 024	9 390
CO <sub>2</sub> í þurru formi	% miðað við rúmmál	11,4098	12,691	13,058	12,566	10,822	9,516
Massastreymi eldsneytis	kg/h	2,985	2,047	1,654	1,183	1,056	0,429
Hlutfall H/C í eldsneyti α	—	1,85	1,85	1,85	1,85	1,85	1,85
Hlutfall O/C í eldsneyti β		0	0	0	0	0	0

#### 2.1.1. Leiðréttingarstuðullinn $k_w$ fyrir þurrar/rakar lofttegundir

Reikna skal leiðréttingarstuðulinn  $k_w$  fyrir þurrar/rakar lofttegundir til að umreikna mælingar á CO og CO<sub>2</sub> í þurru formi í mælingar í röku formi:

$$k_w = k_{w,r} = \frac{1}{1 + \alpha \times 0,005 \times (\% \text{CO} [\text{dry}] + \% \text{CO}_2 [\text{dry}]) - 0,01 \times \% \text{H}_2 [\text{dry}] + k_{w2}}$$

þar sem:

$$\text{H}_2 [\text{dry}] = \frac{0,5 \times \alpha \times \% \text{CO} [\text{dry}] \times (\% \text{CO} [\text{dry}] + \% \text{CO}_2 [\text{dry}])}{(\% \text{CO} [\text{dry}] + (3 \times \% \text{CO}_2 [\text{dry}]))}$$

og

$$k_{w2} = \frac{1,608 \times H_a}{1000 + (1,608 \times H_a)}$$

$$H_2 [\text{dry}] = \frac{0,5 \times 1,85 \times 6,0995 \times (6,0995 + 11,4098)}{6,0995 + (3 \times 11,4098)} = 2,450\%$$

$$k_{w2} = \frac{1,608 \times 5,696}{1000 + (1,608 \times 5,696)}$$

$$k_w = k_{w,r} = \frac{1}{1 + 1,85 \times 0,005 \times (6,0995 + 11,4098) - 0,01 \times 2,450 + 0,009} = 0,872$$

$$CO [\text{wet}] = CO [\text{dry}] \times k_w = 60\,995 \times 0,872 = 53\,198 \text{ ppm}$$

$$CO_2 [\text{wet}] = CO_2 [\text{dry}] \times k_w = 11,410 \times 0,872 = 9,951\% \text{ mæðað við rúmmál (Vol)}$$

Tafla 4 — CO- og CO<sub>2</sub>-gildi í röku formi eftir mismunandi prófunarþáttum

Prófunarþáttur		1	2	3	4	5	6
H <sub>2</sub> í þurru formi	%	2,450	1,499	1,242	1,554	2,834	1,422
k <sub>w2</sub>	—	0,009	0,010	0,010	0,010	0,009	0,010
k <sub>w</sub>	—	0,872	0,870	0,869	0,870	0,874	0,894
CO í röku formi	ppm	53 198	35 424	30 111	36 518	59 631	33 481
CO <sub>2</sub> í röku formi	%	9,951	11,039	11,348	10,932	9,461	8,510

## 2.1.2. Losun HC

$$HC_{\text{mass}} = \frac{MW_{\text{HC}}}{MW_{\text{FUEL}}} \times \frac{1}{\{(\% CO_2 [\text{wet}] - \% CO_{2\text{AIR}}) + \% CO [\text{wet}] + \% HC [\text{wet}]\}} \times \% \text{conc} \times G_{\text{FUEL}} \times 1\,000$$

Þar sem:

$$MW_{\text{HC}} = MW_{\text{FUEL}}$$

$$MW_{\text{FUEL}} = 12,011 + \alpha \times 1,00794 = 13,876$$

$$HC_{\text{mass}} = \frac{13,876}{13,876} \times \frac{1}{(9,951 - 0,04 + 5,3198 + 0,1461)} \times 0,1461 \times 2,985 \times 1000 = 28,361 \text{ g/h}$$

Tafla 5 — Losun HC [g/h] eftir mismunandi prófunarþáttum

Mode	1	2	3	4	5	6
HC <sub>mass</sub>	28,361	18,248	16,026	16,625	20,357	31,578

2.1.3. Losun NO<sub>x</sub>Fyrst skal reikna út rakaleiðréttingarstuðulinn KH fyrir losun NO<sub>x</sub>:

$$K_H = 0,6272 + 44,030 \times 10^{-3} \times H_a - 0,862 \times 10^{-3} \times H_a^2$$

$$K_H = 0,6272 + 44,030 \times 10^{-3} \times 5,696 - 0,862 \times 10^{-3} \times (5,696)^2 = 0,850$$

Tafla 6 — Rakaleiðréttingarstuðullinn  $K_H$  fyrir losun  $NO_x$  eftir mismunandi prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2	3	4	5	6
$K_H$	0,850	0,860	0,874	0,868	0,847	0,865

Síðan skal reikna út  $NO_{xmass}$  [g/h]:

$$NO_{xmass} = \frac{MW_{NO_x}}{MW_{FUEL}} \times \frac{1}{\{(\% CO_2 [wet] - \% CO_{2AIR}) + \% CO [wet] + \% HC [wet]\}} \times \% conc \times K_H \times G_{FUEL} \times 1\,000$$

$$NO_{xmass} = \frac{46,01}{13,876} \times \frac{1}{(9,951 - 0,04 + 5,3198 + 0,1461)} \times 0,073 \times 0,85 \times 2,985 \times 1\,000 = 39,717 \text{ g/h}$$

Tafla 7 — Losun  $NO_x$  [g/h] eftir mismunandi prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2	3	4	5	6
$NO_{xmass}$	39,717	61,291	44,013	8,703	2,401	0,820

#### 2.1.4 Losun $CO$

$$CO_{mass} = \frac{MW_{CO}}{MW_{FUEL}} \times \frac{1}{\{(\% CO_2 [wet] - \% CO_{2AIR}) + \% CO [wet] + \% HC [wet]\}} \times \% conc \times G_{FUEL} \times 1\,000$$

$$CO_{2mass} = \frac{44,01}{13,876} \times \frac{1}{(9,951 - 0,04 + 5,3198 + 0,1461)} \times 9,951 \times 2,985 \times 1\,000 = 6\,126,806 \text{ g/h}$$

Tafla 8 — Losun  $CO$  [g/h] eftir mismunandi prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2	3	4	5	6
$CO_{mass}$	2 084,588	997,638	695,278	591,183	810,334	227,285

#### 2.1.5 Losun $CO_2$

$$CO_{2mass} = \frac{MW_{CO_2}}{MW_{FUEL}} \times \frac{1}{\{(\% CO_2 [wet] - \% CO_{2AIR}) + \% CO [wet] - \% HC [wet]\}} \times \% conc \times G_{FUEL} \times 1\,000$$

$$CO_{2mass} = \frac{44,01}{13,876} \times \frac{1}{(9,951 - 0,04 + 5,3198 + 0,1461)} \times 9,951 \times 2,985 \times 1\,000 = 6\,126,806 \text{ g/h}$$

Tafla 9 — Losun  $CO_2$  [g/h] eftir mismunandi prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2	3	4	5	6
$CO_{2mass}$	6 126,806	4 884,739	4 117,202	2 780,662	2 020,061	907,648

#### 2.1.6 Sértek losun

Sértek losun (g/kWh) skal reiknuð út fyrir hvern efnisþátt:

$$\text{Einstök lofttegund} = \frac{\sum_{i=1}^n (G_{as_{mass_i}} \times W_{F_i})}{\sum_{i=1}^n (P_i \times W_{F_i})}$$

Tafla 10 — Losun [g/h] og vogtölur eftir prófunarþáttunum

Prófunarþáttur		1	2	3	4	5	6
HC <sub>mass</sub>	g/h	28,361	18,248	16,026	16,625	20,357	31,578
NO <sub>xmass</sub>	g/h	39,717	61,291	44,013	8,703	2,401	0,820
CO <sub>mass</sub>	g/h	2 084,588	997,638	695,278	591,183	810,334	227,285
CO <sub>2mass</sub>	g/h	6 126,806	4 884,739	4 117,202	2 780,662	2 020,061	907,648
Afl P <sub>i</sub>	kW	9,96	7,50	4,88	2,36	0,94	0
Vogtölur WF <sub>i</sub>	—	0,090	0,200	0,290	0,300	0,070	0,050

$$HC = \frac{28,361 \times 0,090 + 18,248 \times 0,200 + 16,026 \times 0,290 + 16,625 \times 0,300 + 20,357 \times 0,070 + 31,578 \times 0,050}{9,96 \times 0,090 + 7,50 \times 0,200 + 4,88 \times 0,290 + 2,36 \times 0,300 + 0,940 \times 0,070 + 0 \times 0,050} = 4,11 \text{ g/kWh}$$

$$NO_x = \frac{39,717 \times 0,090 + 61,291 \times 0,200 + 44,013 \times 0,290 + 8,703 \times 0,300 + 2,401 \times 0,070 + 0,820 \times 0,050}{9,96 \times 0,090 + 7,50 \times 0,200 + 4,88 \times 0,290 + 2,36 \times 0,300 + 0,940 \times 0,070 + 0 \times 0,050} = 6,85 \text{ g/kWh}$$

$$CO = \frac{2 084,59 \times 0,090 + 997,64 \times 0,200 + 695,28 \times 0,290 + 591,18 \times 0,300 + 810,33 \times 0,070 + 227,92 \times 0,050}{9,96 \times 0,090 + 7,50 \times 0,200 + 4,88 \times 0,290 + 2,36 \times 0,300 + 0,940 \times 0,070 + 0 \times 0,050} = 181,93 \text{ g/kWh}$$

$$CO_2 = \frac{6 126,81 \times 0,090 + 4 884,74 \times 0,200 + 4 117,20 \times 0,290 + 2 780,66 \times 0,300 + 2 020,06 \times 0,070 + 907,65 \times 0,050}{9,96 \times 0,090 + 7,50 \times 0,200 + 4,88 \times 0,290 + 2,36 \times 0,300 + 0,940 \times 0,070 + 0 \times 0,050} = 816,36 \text{ g/kWh}$$

## 2.2. Gögn um óþynnt útblástursloft frá tvígensneistakveikjuhreyfli

Með vísan í tilraunagögnin (tafla 11) skal fyrst gera útreikninga fyrir prófunarþátt 1 og síðan nota sömu aðferð áfram fyrir hinn prófunarþáttinn.

Tafla 11 — Tilraunagögn fyrir tvígensneistakveikjuhreyfil

Prófunarþáttur		1	2
Snúningshraði	min <sup>-1</sup>	9 500	2 800
Afl	kW	2,31	0
Hundraðshluti álags	%	100	0
Vogtölur	—	0,9	0,1
Lofþrýstingur	kPa	100,3	100,3
Lofthitastig	°C	25,4	25
Rakastig lofts	%	38,0	38,0
Raunraki lofts	g <sub>H2O</sub> /kg <sub>air</sub>	7,742	7,558
CO í þurru formi	ppm	37 086	16 150
NO <sub>x</sub> í röku formi	ppm	183	15
HC í röku formi	ppm C1	14 220	13 179
CO <sub>2</sub> í þurru formi	% Vol. (miðað við rúmmál)	11,986	11,446
Massastreymi eldsneytis	kg/h	1,195	0,089
Hlutfall H/C í eldsneyti α	—	1,85	1,85
Hlutfall O/C í eldsneyti β		0	0



2.2.1 Leiðréttingarstuðullinn  $k_w$  fyrir þurrar/rakar lofttegundir

Reikna skal leiðréttingarstuðulinn  $k_w$ , fyrir þurrar/rakar lofttegundir, til að umreikna mælingar á CO og CO<sub>2</sub> í þurru formi í mælingar í röku formi:

$$k_w = k_{w,r} = \frac{1}{1 + \alpha \times 0,005 \times (\% \text{ CO [dry]} + \% \text{ CO}_2 \text{ [dry]}) - 0,01 \times \% \text{ H}_2 \text{ [dry]} + k_{w2}}$$

Þar sem:

$$\text{H}_2 \text{ [dry]} = \frac{0,5 \times \alpha \times \% \text{ CO [dry]} \times (\% \text{ CO [dry]} + \% \text{ CO}_2 \text{ [dry]})}{\% \text{ CO [dry]} + (3 \times \% \text{ CO}_2 \text{ [dry]})}$$

$$\text{H}_2 \text{ [dry]} = \frac{0,5 \times 1,85 \times 3,7086 \times (3,7086 + 11,986)}{3,7086 + (3 \times 11,986)} = 1,357 \%$$

$$k_{w2} = \frac{1,608 \times H_a}{1000 + (1,608 \times 7,742)}$$

$$k_{w2} = \frac{1,608 \times 7,742}{1000 + (1,608 \times 7,742)} = 0,012$$

$$k_w = k_{w,r} = \frac{1}{1 + 1,85 \times 0,005 \times (3,7086 + 11,986) - 0,01 \times 1,357 + 0,012} = 0,874$$

$$\text{CO [wet]} = \text{CO [dry]} \times k_w = 37\,086 \times 0,874 = 32\,420 \text{ ppm}$$

$$\text{CO}_2 \text{ [wet]} = \text{CO}_2 \text{ [dry]} \times k_w = 11,986 \times 0,874 = 10,478\% \text{ miðað við rúmmál}$$

Tafla 12 — CO og CO<sub>2</sub>-gildi í röku formi eftir mismunandi prófunarþáttum

Prófunarþáttur		1	2
H <sub>2</sub> í þurru formi	%	1,357	0,543
$k_{w2}$	—	0,012	0,012
$k_w$	—	0,874	0,887
CO í röku formi	ppm	32 420	14 325
CO <sub>2</sub> í röku formi	%	10,478	10,153

## 2.2.2. Losun HC

$$\text{HC}_{\text{mass}} = \frac{\text{MW}_{\text{HC}}}{\text{MW}_{\text{FUEL}}} \times \frac{1}{\{(\% \text{ CO}_2 \text{ [wet]} - \% \text{ CO}_{2\text{AIR}}) + \% \text{ CO [wet]} + \% \text{ HC [wet]}\}} \times \% \text{ conc} \times G_{\text{FUEL}} \times 1\,000$$

þar sem:

$$\text{MW}_{\text{HC}} = \text{MW}_{\text{FUEL}}$$

$$\text{MW}_{\text{FUEL}} = 12,011 + \alpha \times 1,00794 = 13,876$$

$$\text{HC}_{\text{mass}} = \frac{13,876}{13,876} \times \frac{1}{(10,478 - 0,04 + 3,2420 + 1,422)} \times 1,422 \times 1,195 \times 1\,000 = 112,520 \text{ g/h}$$

Tafla 13 — Losun HC [g/h] eftir prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2
HC <sub>mass</sub>	112,520	9,119

2.2.3. *Losun NO<sub>x</sub>*

Stuðullinn K<sub>H</sub> fyrir leiðréttingu á losun NO<sub>x</sub> er 1 fyrir tvígengishreyfla:

$$NO_{x\text{mass}} = \frac{MW_{NO_x}}{MW_{FUEL}} \times \frac{1}{\{(\% CO_2 [\text{wet}] - \% CO_{2AIR}) + \% CO [\text{wet}] + \% HC [\text{wet}]\}} \times \% \text{conc} \times K_H \times G_{FUEL} \times 1\,000$$

$$NO_{x\text{mass}} = \frac{46,01}{13,876} \times \frac{1}{(10,478 - 0,04 + 3,2420 + 1,422)} \times 0,0183 \times 1 \times 1,195 \times 1\,000 = 4,800 \text{ g/h}$$

Tafla 14 — Losun NO<sub>x</sub> [g/h] eftir prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2
NO <sub>xmass</sub>	4,800	0,034

2.2.4. *Losun CO*

$$CO_{\text{mass}} = \frac{MW_{CO}}{MW_{FUEL}} \times \frac{1}{\{(\% CO_2 [\text{wet}] - \% CO_{2AIR}) + \% CO [\text{wet}] + \% HC [\text{wet}]\}} \times \% \text{conc} \times G_{FUEL} \times 1\,000$$

$$CO_{\text{mass}} = \frac{28,01}{13,876} \times \frac{1}{(10,478 - 0,04 + 3,2420 + 1,422)} \times 3,2420 \times 1,195 \times 1\,000 = 517,851 \text{ g/h}$$

Tafla 15 — Losun CO [g/h] eftir prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2
CO <sub>mass</sub>	517,851	20,007

2.2.5. *Losun CO<sub>2</sub>*

$$CO_{2\text{mass}} = \frac{MW_{CO_2}}{MW_{FUEL}} \times \frac{1}{\{(\% CO_2 [\text{wet}] - \% CO_{2AIR}) + \% CO [\text{wet}] + \% HC [\text{wet}]\}} \times \% \text{conc} \times G_{FUEL} \times 1\,000$$

$$CO_{2\text{mass}} = \frac{44,01}{13,876} \times \frac{1}{(10,478 - 0,04 + 3,2420 + 1,422)} \times 10,478 \times 1,195 \times 1\,000 = 2\,629,658 \text{ g/h}$$

Tafla 16 — Losun CO<sub>2</sub> [g/h] eftir prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2
CO <sub>2mass</sub>	2 629,658	222,799

2.2.6. *Sértæk losun*

Sértæk losun (g/kWh) skal reiknuð út fyrir hvern efnisþátt á eftirfarandi hátt:

$$\text{Einstök lofttegund} = \frac{\sum_{i=1}^n (Gas_{\text{mass}_i} \times WF_i)}{\sum_{i=1}^n (P_i \times WF_i)}$$

Tafla 17 — Losun [g/h] og vogtölur í tveimur prófunarþáttunum

Prófunarþáttur		1	2
HC <sub>mass</sub>	g/h	112,520	9,119
NO <sub>xmass</sub>	g/h	4,800	0,034
CO <sub>mass</sub>	g/h	517,851	20,007
CO <sub>2mass</sub>	g/h	2 629,658	222,799
Afl P <sub>II</sub>	kW	2,31	0
Vogtölur WF <sub>i</sub>	—	0,85	0,15

$$HC = \frac{112,52 \times 0,85 + 9,119 \times 0,15}{2,31 \times 0,85 + 0 \times 0,15} = 49,4 \text{ g/kWh}$$

$$NO_x = \frac{4,800 \times 0,85 + 0,034 \times 0,15}{2,31 \times 0,85 + 0 \times 0,15} = 2,08 \text{ g/kWh}$$

$$CO = \frac{517,851 \times 0,85 + 20,007 \times 0,15}{2,31 \times 0,85 + 0 \times 0,15} = 225,71 \text{ g/kWh}$$

$$CO_2 = \frac{2629,658 \times 0,85 + 222,799 \times 0,15}{2,31 \times 0,85 + 0 \times 0,15} = 1 155,4 \text{ g/kWh}$$

### 2.3. Gögn um þynnt útblástursloft frá fjörgengisneistakveikjuhreyflum

Með vísan í tilraunagögnin (tafla 18) skal fyrst gera útreikninga fyrir prófunarþátt 1 og síðan nota sömu aðferð áfram fyrir aðra prófunarþætti.

Tafla 18 — Tilraunagögn fyrir fjörgengisneistakveikjuhreyfil

Prófunarþáttur		1	2	3	4	5	6
Snúningshraði	min <sup>-1</sup>	3 060	3 060	3 060	3 060	3 060	2 100
Afl	kW	13,15	9,81	6,52	3,25	1,28	0
Hundraðshluti álags	%	100	75	50	25	10	0
Vogtölur	—	0,090	0,200	0,290	0,300	0,070	0,050
Loftþrýstingur	kPa	980	980	980	980	980	980
Hitastig innsogslofts ( <sup>1</sup> )	°C	25,3	25,1	24,5	23,7	23,5	22,6
Rakastig innsogslofts ( <sup>1</sup> )	%	19,8	19,8	20,6	21,5	21,9	23,2
Raunraki innsogslofts ( <sup>1</sup> )	g <sub>H2O</sub> /kg <sub>air</sub>	4,08	4,03	4,05	4,03	4,05	4,06
CO í þurru formi	ppm	3 681	3 465	2 541	2 365	3 086	1 817
NO <sub>x</sub> í röku formi	ppm	85,4	49,2	24,3	5,8	2,9	1,2
HC í röku formi	ppm C1	91	92	77	78	119	186
CO <sub>2</sub> í þurru formi	% miðað við rúmmál	1,038	0,814	0,649	0,457	0,330	0,208

Prófunarþáttur		1	2	3	4	5	6
CO í þurru formi (bakgrunnur)	ppm	3	3	3	2	2	3
NO <sub>x</sub> í röku formi (bakgrunnur)	ppm	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
HC í röku formi (bakgrunnur)	ppm C1	6	6	5	6	6	4
CO <sub>2</sub> í þurru formi (bakgrunnur)	% miðað við rúmmál	0,042	0,041	0,041	0,040	0,040	0,040
Massastreymi þynnts útblásturslofts G <sub>TOTW</sub>	kg/h	625,722	627,171	623,549	630,792	627,895	561,267
Hlutfall H/C í eldsneyti α	—	1,85	1,85	1,85	1,85	1,85	1,85
Hlutfall O/C í eldsneyti β		0	0	0	0	0	0

(<sup>1</sup>) Skilyrði þynningarlofts sem jafngilda skilyrðum innsogslofts.

### 2.3.1. Leiðréttingarstuðullinn $k_w$ fyrir þurrar/rakar lofttegundir

Reikna skal leiðréttingarstuðulinn  $k_w$ , fyrir þurrar/rakar lofttegundir, til að umreikna mælingar á CO og CO<sub>2</sub> í þurru formi í mælingar í röku formi.

Fyrir þynnt útblástursloft:

$$k_w = k_{w,e,2} = \left( \frac{(1 - k_{w1})}{1 + \frac{\alpha \times \% \text{CO}_2 [\text{dry}]}{200}} \right)$$

þar sem:

$$k_{w1} = \frac{1,608 \times [H_d \times (1 - 1/DF) + H_a \times (1/DF)]}{1\,000 + 1,608 \times [H_d \times (1 - 1/DF) + H_a \times (1/DF)]}$$

$$DF = \frac{13,4}{\% \text{conc}_{\text{CO}_2} + (\text{ppm conc}_{\text{CO}} + \text{ppm conc}_{\text{HC}}) \times 10^{-4}}$$

$$DF = \frac{13,4}{1,038 + (3\,681 + 91) \times 10^{-4}} = 9,465$$

$$k_{w1} = \frac{1,608 \times [4,08 \times (1 - 1/9,465) + 4,08 \times (1/9,465)]}{1\,000 + 1,608 \times [4,08 \times (1 - 1/9,465) + 4,08 \times (1/9,465)]} = 0,007$$

$$k_w = k_{w,e,2} = \left( \frac{(1 - 0,007)}{1 + \frac{1,85 \times 1,038}{200}} \right) = 0,984$$

$$\text{CO} [\text{wet}] = \text{CO} [\text{dry}] \times k_w = 3\,681 \times 0,984 = 3\,623 \text{ ppm}$$

$$\text{CO}_2 [\text{wet}] = \text{CO}_2 [\text{dry}] \times k_w = 1,038 \times 0,984 = 1,0219\%$$

Tafla 19 — CO og CO<sub>2</sub>-gildi í röku formi fyrir þynnt útblástursloft eftir prófunarþáttum

Prófunarþáttur		1	2	3	4	5	6
DF	—	9,465	11,454	14,707	19,100	20,612	32,788
k <sub>w1</sub>	—	0,007	0,006	0,006	0,006	0,006	0,006
k <sub>w</sub>	—	0,984	0,986	0,988	0,989	0,991	0,992
CO í röku formi	ppm	3 623	3 417	2 510	2 340	3 057	1 802
CO <sub>2</sub> í röku formi	%	1,0219	0,8028	0,6412	0,4524	0,3264	0,2066

Fyrir þynningarloftið:

$$k_{w,d} = 1 - k_{w1}$$

Þar sem stuðullinn k<sub>w1</sub> er sá sami og sá sem reiknaður út fyrir þynnta útblástursloftið.

$$k_{w,d} = 1 - 0,007 = 0,993$$

$$\text{CO [wet]} = \text{CO [dry]} \times k_w = 3 \times 0,993 = 3 \text{ ppm}$$

$$\text{CO}_2 [\text{wet}] = \text{CO}_2 [\text{dry}] \times k_w = 0,042 \times 0,993 = 0,0421\% \text{ miðað við rúmmál (Vol)}$$

Tafla 20 — CO- og CO<sub>2</sub>-gildi í röku formi fyrir þynnt útblástursloft eftir prófunarþáttum

Prófunarþáttur		1	2	3	4	5	6
K <sub>w1</sub>	—	0,007	0,006	0,006	0,006	0,006	0,006
K <sub>w</sub>	—	0,993	0,994	0,994	0,994	0,994	0,994
CO í röku formi	ppm	3	3	3	2	2	3
CO <sub>2</sub> í röku formi	%	0,0421	0,0405	0,0403	0,0398	0,0394	0,0401

### 2.3.2. Losun HC

$$\text{HC}_{\text{mass}} = u \times \text{conc}_c \times G_{\text{TOTW}}$$

Þar sem:

$$u = 0,000478 \text{ úr töflu 2}$$

$$\text{conc}_c = \text{conc} - \text{conc}_d \times (1 - 1/\text{DF})$$

$$\text{conc}_c = 91 - 6 \times (1 - 1/9,465) = 86 \text{ ppm}$$

$$\text{HC}_{\text{mass}} = 0,000478 \times 86 \times 625,722 = 25,666 \text{ g/h}$$

Tafla 21 — Losun HC [g/h] eftir prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2	3	4	5	6
HC <sub>mass</sub>	25,666	25,993	21,607	21,850	34,074	48,963

2.3.3. *Losun NO<sub>x</sub>*

Stuðullinn  $K_H$  fyrir leiðréttingu á losun NO<sub>x</sub> skal reiknaður út frá:

$$K_H = 0,6272 + 44,030 \times 10^{-3} \times H_a - 0,862 \times 10^{-3} \times H_a^2$$

$$K_H = 0,6272 + 44,030 \times 10^{-3} \times 4,8 - 0,862 \times 10^{-3} \times (4,08)^2 = 0,79$$

Tafla 22 — Rakaleiðréttingarstuðullinn  $K_H$  fyrir losun NO<sub>x</sub> eftir prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2	3	4	5	6
$K_H$	0,793	0,791	0,791	0,790	0,791	0,792

$$NO_{xmass} = u \times conc_c \times K_H \times G_{TOTW}$$

þar sem:

$$u = 0,001587 \text{ úr töflu 2}$$

$$conc_c = conc - conc_d \times (1-1/DF)$$

$$conc_c = 85 - 0 \times (1-1/9,465) = 85 \text{ ppm}$$

$$NO_{xmass} = 0,001587 \times 85 \times 0,79 \times 625,722 = 67,168 \text{ g/h}$$

Tafla 23 — Losun NO<sub>x</sub> [g/h] eftir prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2	3	4	5	6
$NO_{xmass}$	67,168	38,721	19,012	4,621	2,319	0,811

2.3.4. *Losun CO*

$$CO_{mass} = u \times conc_c \times G_{TOTW}$$

þar sem:

$$u = 0,000966 \text{ úr töflu 2}$$

$$conc_c = conc - conc_d \times (1-1/DF)$$

$$conc_c = 3\,622 - 3 \times (1-1/9,465) = 3\,620 \text{ ppm}$$

$$CO_{mass} = 0,000966 \times 3620 \times 625,722 = 2188,001 \text{ g/h}$$

Tafla 24 — Losun CO [g/h] eftir prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2	3	4	5	6
$CO_{mass}$	2 188,001	2 068,760	1 510,187	1 424,792	1 853,109	975,435

2.3.5. Losun CO<sub>2</sub>

$$CO_{2mass} = u \times conc_c \times G_{TOTW}$$

þar sem:

$$u = 15,19 \text{ úr töflu 2}$$

$$conc_c = conc - conc_d \times (1 - 1/DF)$$

$$conc_c = 1,0219 - 0,0421 \times (1 - 1/9,465) = 0,9842\% \text{ miðað við rúmmál}$$

$$CO_{2mass} = 15,19 \times 0,9842 \times 625,722 = 9354,488 \text{ g/h}$$

Tafla 25 — Losun CO<sub>2</sub> [g/h] eftir mismunandi prófunarþáttum

Prófunarþáttur	1	2	3	4	5	6
CO <sub>2mass</sub>	9354,488	7295,794	5717,531	3973,503	2756,113	1430,229

## 2.3.6. Sértæk losun

Sértæk losun mengandi efna (g/kWh) skal reiknuð út fyrir hvern efnisþátt:

$$\text{Einstök lofttegund} = \frac{\sum_{i=1}^n (Gas_{mass_i} \times WF_i)}{\sum_{i=1}^n (P_i \times WF_i)}$$

Tafla 26 — Losun [g/h] og vogtölur eftir mismunandi prófunarþáttunum

Prófunarþáttur		1	2	3	4	5	6
HC <sub>mass</sub>	g/h	25,666	25,993	21,607	21,850	34,074	48,963
NO <sub>xmass</sub>	g/h	67,168	38,721	19,012	4,621	2,319	0,811
CO <sub>mass</sub>	g/h	2 188,001	2 068,760	1 510,187	1 424,792	1 853,109	975,435
CO <sub>2mass</sub>	g/h	9 354,488	7 295,794	5 717,531	3 973,503	2 756,113	1 430,229
Afl P <sub>i</sub>	kW	13,15	9,81	6,52	3,25	1,28	0
Vogtölur WF <sub>i</sub>	—	0,090	0,200	0,290	0,300	0,070	0,050

$$HC = \frac{25,666 \times 0,090 + 25,993 \times 0,200 + 21,607 \times 0,290 + 21,850 \times 0,300 + 34,074 \times 0,070 + 48,963 \times 0,050}{13,15 \times 0,090 + 9,81 \times 0,200 + 6,52 \times 0,290 + 3,25 \times 0,300 + 1,28 \times 0,070 + 0 \times 0,050} = 4,12 \text{ g/kWh}$$

$$NO_x = \frac{67,168 \times 0,090 + 38,721 \times 0,200 + 19,012 \times 0,290 + 4,621 \times 0,300 + 2,319 \times 0,070 + 0,811 \times 0,050}{13,15 \times 0,090 + 9,81 \times 0,200 + 6,52 \times 0,290 + 3,25 \times 0,300 + 1,28 \times 0,070 + 0 \times 0,050} = 3,42 \text{ g/kWh}$$

$$CO = \frac{2188,001 \times 0,09 + 2068,760 \times 0,2 + 1510,187 \times 0,29 + 1424,792 \times 0,3 + 1853,109 \times 0,07 + 975,435 \times 0,05}{13,15 \times 0,090 + 9,81 \times 0,200 + 6,52 \times 0,290 + 3,25 \times 0,300 + 1,28 \times 0,070 + 0 \times 0,050} = 271,15 \text{ g/kWh}$$

$$CO_2 = \frac{(9354,488 \times 0,09 + 7295,794 \times 0,2 + 5717,531 \times 0,29 + 3973,503 \times 0,3 + 2756,113 \times 0,07 + 1430,229 \times 0,05)/}{13,15 \times 0,090 + 9,81 \times 0,200 + 6,52 \times 0,290 + 3,25 \times 0,300 + 1,28 \times 0,070 + 0 \times 0,050} = 887,53 \text{ g/kWh}$$

## 4. viðbætur

## 1. UPPFYLLING LOSUNARSTAÐLA

Þessi viðbætur gildir aðeins um neistakveikjuhreyfla í 2. áfanga.

- 1.1. Staðlar fyrir losun með útblæstri frá hreyflum í 2. áfanga í I. viðauka (4.2) gilda um losun frá hreyflunum á endingartíma þeirra innan losunarmarka eins og hann er ákvarðaður í samræmi við þennan viðbæti.
- 1.2. Fyrir alla hreyfla í 2. áfanga gildir að ef allir prófunarhreyflar úr hreyfilhópi, sem prófaðir eru á réttan hátt samkvæmt aðferðunum í þessari tilskipun, eru með losun sem er minni en eða jöfn hverjum losunarstaðli í 2. áfanga (losunarmörk hóps (FEL) ef við á), fyrir tiltekinn undirflokk hreyfla, þegar losunin er leiðrétt með því að margfalda hana með spillistuðlinum (DF), sem mælt er fyrir um í þessum viðbæti, skal sá hópur talinn uppfylla losunarstaðla fyrir þann undirflokk hreyfla. Ef einhver prófunarhreyfill úr hreyfilhópi er með losun sem er meiri en nokkur losunarstaðall (FEL ef við á), fyrir tiltekinn undirflokk hreyfla, þegar losunin er margfölduð með spillistuðlinum, sem mælt er fyrir um í þessum viðbæti, skal sá hópur ekki talinn uppfylla losunarstaðla fyrir þann undirflokk hreyfla.
- 1.3. Óski þeir þess geta smærri framleiðendur hreyfla notað spillistuðla fyrir HC+NO<sub>x</sub> og CO úr töflu 1 eða 2 í þessum lið eða reiknað út spillistuðla fyrir HC+NO<sub>x</sub> og CO samkvæmt aðferðinni sem er lýst í lið 1.3.1. Fyrir tækni sem ekki er fjallað um í töflum 1 og 2 í þessum lið skal framleiðandinn nota aðferðina sem er lýst í lið 1.4 í þessum viðbæti.

Tafla 1: Spillistuðlar fyrir HC+NO<sub>x</sub> og CO, í hreyflum handverkfæra, fyrir smærri framleiðendur

Undirflokkur hreyfla	Tvígengishreyflar		Fjörgengishreyflar		Hreyflar með eftirmeðferð
	HC + NO <sub>x</sub>	CO	HC + NO <sub>x</sub>	CO	
SH:1	1,1	1,1	1,5	1,1	Spillistuðlar skulu reiknaðir samkvæmt formúlunni í lið 1.3.1
SH:2	1,1	1,1	1,5	1,1	
SH:3	1,1	1,1	1,5	1,1	

Tafla 2: Spillistuðlar fyrir HC+NO<sub>x</sub> og CO, í hreyflum sem ekki er haldið á, fyrir smærri framleiðendur

Undirflokkur hreyfla	Hreyflar með hliðarventla		Hreyflar með toppventla		Hreyflar með eftirmeðferð
	HC + NO <sub>x</sub>	CO	HC + NO <sub>x</sub>	CO	
SN:1	2,1	1,1	1,5	1,1	Spillistuðlar skulu reiknaðir samkvæmt formúlunni í lið 1.3.1
SN:2	2,1	1,1	1,5	1,1	
SN:3	2,1	1,1	1,5	1,1	
SN:4	1,6	1,1	1,4	1,1	



1.3.1. *Formúla til að reikna út spillistuðla fyrir hreyfla með eftirmeðferð:*

$$DF = [(NE * EDF) - CC * F] / (NE - CC)$$

þar sem:

DF = spillistuðull

NE = losunarstig nýs hreyfils fyrir hvatann (g/kWh)

EDF = spillistuðull fyrir hreyfla án hvata eins og sýnt er í töflu 1

CC = magn sem umbreytist við 0 klst. í g/kWh

F = 0,8 fyrir HC og 0,0 fyrir NO<sub>x</sub> fyrir alla undirflokka hreyfla

F = 0,8 fyrir CO fyrir alla undirflokka hreyfla

1.4. Framleiðendur skulu fá úthlutaðan spillistuðul eða reikna út spillistuðul, eftir því sem við á, fyrir hvert mengandi efni, sem reglur gilda um, fyrir alla hreyfilhópa í 2. áfanga. Nota skal slíka spillistuðla fyrir gerðarviðurkenningar og prófun á færbandinu.

1.4.1. Fyrir hreyfla, sem ekki nota spillistuðla sem er úthlutað úr töflu 1 eða 2 í þessum lið, skal ákvarða spillistuðla sem hér segir:

1.4.1.1. Á a.m.k. einum prófunarhreyfli, sem er dæmigerður fyrir tilhögunina og er valinn sem líklegasti hreyfill til að fara fram úr losunarstöðlum fyrir HC + NO<sub>x</sub>, (FEL ef við á), og er smíðaður þannig að hann sé dæmigerður fyrir framleiðsluhreyfla, skal framkvæma algera losunarprófun samkvæmt prófunaraðferð, eins og lýst er í þessari tilskipun, eftir þann fjölda klukkustunda sem svarar til stöðugar losunar.

1.4.1.2. Ef fleiri en einn hreyfill er prófaður skal taka meðaltal niðurstaðna og námunda töluna að sama fjölda aukastafa og er að finna í viðeigandi staðli og gefa hana upp með einum marktækum tölustaf til viðbótar.

1.4.1.3. Slíka losunarprófun skal framkvæma aftur eftir öldrun hreyfilsins. Öldrunaraðferðin skal höfð þannig að framleiðandinn geti spáð fyrir um þá spillingu lofttegunda sem losna við notkun hreyfilsins, sem vænta má að verði á endingartíma hans, að teknu tilliti til þeirrar gerðar slits og annarrar eyðingarverkunar, sem vænta má við venjulega notkun neytenda, og getur haft áhrif á losun. Ef fleiri en einn hreyfill er prófaður skal taka meðaltal niðurstaðna og námunda töluna að sama fjölda tugastafa og er að finna í viðeigandi staðli og gefa hana upp með einum marktækum tölustaf til viðbótar.

1.4.1.4. Deila skal losun við lok endingartímans (meðallosun ef við á), fyrir hvert mengandi efni, sem reglur gilda um, með losuninni þegar hún er stöðug (meðallosun ef við á) og námunda hana að tveimur marktækum tölustöfum. Talan sem fæst skal vera spillistuðullinn nema hún sé lægri en 1,00 en þá skal spillistuðullinn vera 1,0.

1.4.1.5. Óski framleiðandi þess getur hann tímasett fleiri prófunarpunkta fyrir losun á milli prófunarpunktsins fyrir losun þegar hún er stöðug og endingartíma innan losunarmarka. Ef milliprófanir eru áætlaðar skal hafa jafnlangan tíma á milli prófunarpunktanna á endingartíma innan losunarmarka (plús eða mínus tvær klukkustundir) og einn slíkur prófunarpunktur skal vera við hálfan heildarendingartíma innan losunarmarka (plús eða mínus tvær klukkustundir).

Fyrir hvert mengandi HC + NO<sub>x</sub> og CO skal máta beina línu við gagnapunktana, þar sem gengið er út frá því að upphaflega prófunin eigi sér stað við núll klukkustundir, og nota aðferð minnstu kvaðrata. Spillistuðullinn er losun sem er reiknuð út við lok endingartímans deilt með losuninni sem er reiknuð út við núll klukkustundir.

1.4.1.6. Spillistuðlar, sem reiknaðir eru út, geta tekið til hópa til viðbótar við þann hóp sem stuðlarnir voru notaðir á ef framleiðandinn leggur fram rökstuðning áður en gerðarviðurkenning er veitt, sem innlend gerðarviðurkenningaryfirvöld telja viðunandi, um að vænta megi að hlutaðeigandi hreyfilhópar hafi svipuð einkenni, að því er varðar spillingu losaðra lofttegunda, miðað við þá hönnun og tækni sem er notuð.

Skjal, sem ekki er tæmandi, yfir hönnunar- og tæknihópa er að finna hér á eftir:

- hefðbundnir tvígengishreyflar án eftirmeðferðarkerfis,
- hefðbundnir tvígengishreyflar með keramikhvata úr sama virka efni og með sama álag og fjölda hólfa á hvern  $\text{cm}^2$ ,
- hefðbundnir tvígengishreyflar með málmhvata úr sama virka efni og með sama álag, hvarfefni og fjölda hólfa á hvern  $\text{cm}^2$ ,
- tvígengishreyflar útbúnir lagskiptu tæmikerfi,
- fjörgengishreyflar með hvata (eins og hann er skilgreindur að framan) og með sömu ventlatækni og smurtækni,
- fjörgengishreyflar án hvata en með sömu ventlatækni og smurtækni.

## 2. ENDINGARTÍMI INNAN LOSUNARMARKA FYRIR HREYFLA Í 2. ÁFANGA

- 2.1. Framleiðendur skulu tilgreina viðeigandi flokk endingartíma innan losunarmarka fyrir hvern hreyfilhóp þegar gerðarviðurkenning er veitt. Slíkur flokkur skal vera sá sem svipar mest til væntanlegs nýtingartíma búnaðarins, sem ætlað er að setja hreyflana í, að ákvörðun framleiðanda hreyfilsins. Framleiðendur skulu geyma tilheyrandi gögn sem styðja val þeirra á flokk endingartíma innan losunarmarka fyrir hvern hreyfilhóp. Viðurkenningaryfirvöldum skulu afhent slík gögn fari þau fram á það.

- 2.1.1. Fyrir hreyfla í handverkfærum: framleiðendur skulu velja flokk endingartíma innan losunarmarka úr töflu 1.

Tafla 1: Flokkar endingartíma innan losunarmarka fyrir hreyfla í handverkfærum (í klst.)

Flokkur	1	2	3
Undirflokkur SH:1	50	125	300
Undirflokkur SH:2	50	125	300
Undirflokkur SH:3	50	125	300

- 2.1.2. Fyrir hreyfla sem ekki er haldið á: framleiðendur skulu velja flokk endingartíma innan losunarmarka úr töflu 2.

Tafla 2: Flokkar endingartíma innan losunarmarka fyrir hreyfla sem ekki er haldið á (í klst.)

Flokkur	1	2	3
Undirflokkur SN:1	50	125	300
Undirflokkur SN:2	125	250	500
Undirflokkur SN:3	125	250	500
Undirflokkur SN:4	250	500	1 000

- 2.1.3. Framleiðandinn skal fullvissa viðurkenningaryfirvöldin um að tilgreindur nýtingartími eigi við. Gögn sem styðja val framleiðandans á flokki endingartíma innan losunarmarka, fyrir tiltekinn hreyfilhóp, geta falið í sér eftirfarandi atriði, en takmarkast þó ekki við þau:

- kannanir á líftíma búnaðarins sem tilteknir hreyflar eru settir í,
- verkfræðilegt mat á hreyflum, sem eldast við almenna notkun, til að athuga hvenær afköst hreyfils minnka að því marki að áhrifin á notagildi og áreiðanleika hans verða það mikil að þörf er á grannskoðun eða endurnýjun,

- ábyrgðayfirlýsingar og ábyrgðatímabil,
- markaðssetningarefni er varðar líftíma hreyfils,
- bilanaskýrslur frá notendum hreyfla, og
- verkfræðilegt mat á endingu tiltekinnar hreyfiltækni, hreyfilefna eða hreyfílhönnunar í klukkustundum.“

5. IV. viðauki verði V. viðauki og er breytt sem hér segir:

Í stað núverandi fyrirsagna komi eftirfarandi:

**„TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR VIÐMIÐUNARELDSNEYTIS SEM NOTAÐ ER VIÐ PRÓFANIR  
VEGNA GERÐARVIÐURKENNINGAR OG TIL AÐ SANNPÓFA SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU**

VIÐMIÐUNARELDSNEYTI FYRIR ÞJÖPPUKVEIKJUHREYFLA Í FÆRANLEGUM VÉLUM,  
SEM EKKI ERU NOTAÐAR Á VEGUM (1)“

Í línunni „Hlutleysistala“ í töflunni komi orðið „Hámark“ í stað orðsins „Lágmark“ í 2. dálki.  
Eftirfarandi ný tafla og nýjar neðanmálsgreinar bætist við:

**„VIÐMIÐUNARELDSNEYTI FYRIR NEISTAKVEIKJUHREYFLA Í FÆRANLEGUM VÉLUM,  
SEM EKKI ERU NOTAÐAR Á VEGUM**

*Athugasemd:* Eldsneyti fyrir tvígengishreyfla er blanda af smurolíu og bensíninu sem tilgreint er hér á eftir: Hlutfall eldsneytis/olíu í blöndunni skal vera það hlutfall sem framleiðandinn mælir með og tilgreint er í lið 2.7 í IV. viðauka.

Færibreyta	Eining	Mörk <sup>(1)</sup>		Prófunaraðferð	Útgáfuár
		Lágmark	Hámark		
Prófunaroktantala, RON		95,0	—	EN 25164	1993
Hreyfilsoktantala, MON		85,0	—	EN 25163	1993
Eðlismassi við 15 °C	kg/m <sup>3</sup>	748	762	ISO 3675	1995
Gufuþrýstingur	kPa	56,0	60,0	EN 12	1993
Eiming			—		
Upphafssuðumark	°C	24	40	EN-ISO 3405	1988
– Uppgufað við 100 °C	% v/v	49,0	57,0	EN-ISO 3405	1988
– Uppgufað við 150 °C	% v/v	81,0	87,0	EN-ISO 3405	1988
– Lokasuðumark	°C	190	215	EN-ISO 3405	1988
Leifar	%	—	2	EN-ISO 3405	1988
Greining vetniskolefnis	—				—
– Ólefin	% v/v	—	10	ASTM D 1319	1995
– Arómöt	% v/v	28,0	40,0	ASTM D 1319	1995
– Bensen	% v/v	—	1,0	EN 12177	1998
– Mettuð sambönd	% v/v	—	afgangur	ASTM D 1319	1995
Kolefnis-/vetnishlutfall		skýrsla	skýrsla		
Stöðugleiki oxunar <sup>(2)</sup>	minútur	480	—	EN-ISO 7536	1996
Súrefnisinnihald	% m/m	—	2,3	EN 1601	1997

Færibreyta	Eining	Mörk <sup>(1)</sup>		Prófunaraðferð	Útgáfuár
		Lágmark	Hámark		
Útfellingar til staðar	mg/ml	—	0,04	EN-ISO 6246	1997
Brennisteinsinnihald	mg/kg	—	100	EN-ISO 14596	1998
Kopartæring við 50 °C		—	1	EN-ISO 2160	1995
Blýinnihald	g/l	—	0,005	EN 237	1996
Fosfórinnihald	g/l	—	0,0013	ASTM D 3231	1994

1. aths.: Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskriftinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á viðmiðunarmörkum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) 4259 „*Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test*“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli og við ákvörðun hámarksgildis og lágmarksgildis er lágmarksmunurinn 4R (R = samanburðarnákvæmni). Þrátt fyrir þessa ráðstöfun, sem er nauðsynleg af tölfræðilegum ástæðum, á framleiðandi eldsneytis samt að stefna að núllgildi þótt tilskilið hámarksgildi sé 2R og að meðalgildi þegar tilgreind eru bæði hámark og lágmark. Komi upp spurning um hvort eldsneyti uppfylli kröfur í forskriftunum skal taka mið af ISO 4259.

2. aths.: Eldsneytið má innihalda oxunartálma og málmbinda sem venjulega eru notaðir til að jafna bensínstreymi í olíuvinnslustöðvum, en hreinsandi/tvístrandi aukefnum og leysiefnaolíum má ekki bæta við.

6. V. viðauki verði VI. viðauki.

7. VI. viðauki verði VII. viðauki og er breytt sem hér segir:

a) Texta 1. viðbætur er breytt sem hér segir:

— Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„1. viðbætur

#### NIDURSTÖÐUR PRÓFANA Á ÞJÖPPUKVEIKJUHREYFLUM“

— eftirfarandi komi í stað liðar 1.3.2:

„1.3.2. Afl sem notað er við tilgreindan hreyfilhraða (eins og tilgreint af framleiðanda):

Búnaður	Afl $P_{AE}$ (kW) sem notað er við mismunandi snúningshraða (*), að teknu tilliti til 3. viðbætur þessa viðauka	
	Millihraði (ef við á)	Nafnhraði
Alls		

(\*) Má ekki vera meiri en 10% af því afl sem mælt er meðan á prófuninni stendur.“

— eftirfarandi komi í stað liðar 1.4.2:

„1.4.2. **Hreyflafl (\*)**

Ástand	Aflstilling (kW) við mismunandi snúningshraða	
	Millihraði (ef við á)	Nafnhraði
Hámarksafl mælt við prófun ( $P_M$ ) (kW) (a)		
Heildarafl sem hreyfíknúinn búnaður notar í samræmi við lið 1.3.2 í þessum viðbæti, eða lið 2.8 í III. viðauka ( $P_{AE}$ ) (kW) (b)		
Nettóafli hreyfils eins og það er tilgreint í lið 2.4 í I. viðauka (kW) (c)		
$c = a + b$		

(\*) Óleiðrétt afl mælt í samræmi við ákvæði liðar 2.4 í I. viðauka.“

— lið 1.5 er breytt sem hér segir:

„1.5. **Losunarstig**

1.5.1. *Stilling aflmælis (kW)*

Álag í hundradshlutum	Stilling aflmælis (kW) við mismunandi snúningshraða	
	Millihraði (ef við á)	Nafnhraði
10 (ef við á)		
25 (ef við á)		
50		
75		
100		

1.5.2. Niðurstöður fyrir losun í prófunarlötu:“,

b) Eftirfarandi viðbæti skal bætt við:

„2. viðbætur

**NIÐURSTÖÐUR PRÓFANA Á NEISTAKVEIKJUHREYFLUM**

1. UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD PRÓFUNARINNAR (PRÓFANANNA) (\*)

1.1. **Oktantala**

1.1.1. Oktantala:

1.1.2. Tilgreinið hlutfall olíu í blöndu þegar smurolíu og bensíni er blandað saman, eins og þegar um er að ræða tvígengishreyfla

1.1.3. Eðlismassi bensíns fyrir fjörgengishreyfla og bensín-/olíublöndu fyrir tvígengishreyfla

(\*) Þegar um marga stofnhreyfla er að ræða skulu þær gefnar upp fyrir hvern þeirra.

1.2. **Smurolía**

1.2.1. Tegund(-ir):

1.2.2. Gerð(-ir):

1.3. **Hreyfilknúinn búnaður (ef við á)**

1.3.1. Listi og sanngreinandi upplýsingar

1.3.2. Afl sem notað er við tilgreindan snúningshraða (eins og tilgreint af framleiðanda)

Búnaður	Afl $P_{AE}$ (kW) sem notað er við mismunandi snúningshraða (*), að teknu tilliti til 3. viðbætis þessa viðauka	
	Búnaður	Nafnhraði
Alls		

(\*) Má ekki vera meiri en 10% af því afl sem mælt er meðan á prófuninni stendur.

1.4. **Hreyfilafköst**

1.4.1. Snúningshraði:

Lausagangur:  $\text{min}^{-1}$ Millihraði:  $\text{min}^{-1}$ Nafnhraði:  $\text{min}^{-1}$ 

1.4.2. Hreyfilafl (\*)

Ástand	Aflstilling (kW) við mismunandi snúningshraða	
	Millihraði (ef við á)	Nafnhraði
Hámarksafl mælt við prófun ( $P_M$ ) (kW) (a)		
Heildarafl sem hreyfilknúinn búnaður notar í samræmi við lið 1.3.2 í þessum viðbæti, eða lið 2.8 í III. viðauka ( $P_{AE}$ ) (kW) (b)		
Nettóafli hreyfils eins og það er tilgreint í lið 2.4 í I. viðauka (kW) (c)		
$c = a + b$		

(\*) Óleiðrétt afl mælt í samræmi við ákvæði liðar 2.4 í I. viðauka.

1.5. **Losunarstig**

## 1.5.1. Stilling aflmælis (kW)

Álag í hundradshlutum	Stilling aflmælis (kW) við mismunandi hreyfilhraða	
	Millihraði (ef við á)	Nafnhraði (ef við á)
10 (ef við á)		
25 (ef við á)		
50		
75		
100		

## 1.5.2. Niðurstöður fyrir losun í prófunarlotu:

CO: g/kWh

HC: g/kWh

NO<sub>x</sub>: g/kWh

c) Eftirfarandi 3. viðbæti skal bætt við:

„3. viðbætur

**BÚNAÐUR OG AUKABÚNAÐUR SEM ER ÍSETTUR FYRIR PRÓFUNINA TIL AÐ ÁKVARÐA HREYFILAFL**

Númer	Búnaður og aukabúnaður	Ísettur fyrir losunarprófun
1	Inntakskerfi	
	Soggrein	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Mengunarvarnarkerfi sveifarhúss	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Stjórnúnaður fyrir inntakskerfi með tvöfaldri soggrein	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Löftstremismælir	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Löftinntaksrás	Já <sup>(a)</sup>
	Löftsía	Já <sup>(a)</sup>
	Inntakshljóðdeyfir	Já <sup>(a)</sup>
	Hraðatakörkunarbúnaður	Já <sup>(a)</sup>
2	Upphitunarkerfi fyrir soggrein	Já, staðlaður framleiðslubúnaður. Í heppilegasta ástandi ef slíkt er mögulegt
3	Útblásturskerfi	
	Útblásturshreinsir	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Útblástursgrein	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Tengirör	Já <sup>(b)</sup>
	Hljóðdeyfir	Já <sup>(b)</sup>
	Útblástursrör	Já <sup>(b)</sup>
	Útblásturshemill	Nei <sup>(c)</sup>
	Búnaður til að stjórna þrýstingi	Já, staðlaður framleiðslubúnaður

Númer	Búnaður og aukabúnaður	Ísettur fyrir losunarprófun
4	Eldsneytisgjafardæla	Já, staðlaður framleiðslubúnaður <sup>(d)</sup>
5	Blöndungsbúnaður	
	Blöndungur	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Rafeindastýrikerfi, loftstreymismælir o.s.frv.	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Búnaður fyrir gashreyfla	
	Þrýstingsdeyfir	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Eimir	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Blöndunarbúnaður	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
6	Eldsneytisinnngjafarbúnaður (bensín og dísl- olía)	
	Forsía	Já, staðlaður framleiðslu- eða prófunarþekkjar- búnaður
	Sía	Já, staðlaður framleiðslu- eða prófunarþekkjar- búnaður
	Dæla	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Háþrýstirör	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Eldsneytisloki	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Loftinntaksventill	Já, staðlaður framleiðslubúnaður <sup>(e)</sup>
	Rafeindastýrikerfi, loftstreymismælir o.s.frv.	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Gangráður/stýrikerfi	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Sjálfvirk stöðvun, við fullt álag, fyrir stýristöng, háð skilyrðum í andrúmslofti	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
7	Vökvakælubúnaður	
	Vatnskassi	Nei
	Vifta	Nei
	Viftuhlíf	Nei
	Vatnsdæla	Já, staðlaður framleiðslubúnaður <sup>(f)</sup>
	Hitastillir	Já, staðlaður framleiðslubúnaður <sup>(g)</sup>
8	Loftkæling	
	Hlíf	Nei <sup>(h)</sup>
	Vifta eða blásari	Nei <sup>(h)</sup>
	Hitastjórnunarbúnaður	Nei
9	Rafbúnaður	
	Rafall	Já, staðlaður framleiðslubúnaður <sup>(i)</sup>
	Neistadreifikerfi	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Háspennukefli, eitt eða fleiri	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Leiðslur	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Kerti	Já, staðlaður framleiðslubúnaður
	Rafeindastýrikerfi, þ.m.t. banknema- /neistahamlarakerfi	Já, staðlaður framleiðslubúnaður



Númer	Búnaður og aukabúnaður	Ísettur fyrir losunarprófun
10	Búnaður til að stjórna þrýstingi Þjappa sem er annaðhvort knúin beint af hreyfli og/eða af útblástursloftinu Loftkælir Kælivökvadæla eða -vifta (hreyfilknúin) Stjórn búnaður fyrir kælivökvastreymi	Já, staðlaður framleiðslubúnaður Já, staðlaður framleiðslu- eða prófunarbekkj- búnaður <sup>(1)</sup> <sup>(k)</sup> Nei <sup>(h)</sup> Já, staðlaður framleiðslubúnaður
11	Aukavifta fyrir prófunarbekk	Já, ef nauðsyn krefur
12	Mengunarvarnarbúnaður	Já, staðlaður framleiðslubúnaður <sup>(1)</sup>
13	Ræsibúnaður	PrófunarbekkjARBúnaður
14	Smuroliudæla	Já, staðlaður framleiðslubúnaður

(<sup>a</sup>) Allt inntakskerfið skal ísett eins og kveðið er á um fyrir fyrirhugaða notkun:

þegar hættu er á greinilegum áhrifum á hreyfifla,  
þegar um er að ræða neistakveikjuhreyfifla með innsogi,  
þegar framleiðandinn krefst þess.

Í öðrum tilvikum má nota jafngilt kerfi og prófun skal gerð til að ganga úr skugga um að inntaksprýstingurinn víki ekki meira en 100 Pa frá efri mörkum sem framleiðandinn tilgreinir fyrir hreina loftsiu.

(b) Allt útblásturskerfið skal ísett eins og kveðið er á um fyrir fyrirhugaða notkun:

þegar hætta er á greinilegum áhrifum á hreyfslafl,  
þegar um er að ræða neistakveikjuhreyfla með innsogi,  
þegar framleiðandinn krefst þess.

Í öðrum tilvikum má ísetja jafngilt kerfi að því tilskildu að þrýstingurinn sem mælist víki ekki meira en 1000 Pa frá efri mörkum sem framleiðandinn tilgreinir.

(<sup>c</sup>) Ef í hreyflinum er útblásturshemill skal hafa eldsneytisgjafarventilinn í fullopinni stöðu.

(d) Eldsneytisgjafarþrýsting má stilla, ef þörf krefur, til að framkalla þrýstinginn sem er fyrir hendi við þá notkun hreyfilsins sem um er að ræða (einkum þegar notað er „endurstreymiskerfi fyrir eldsneyti“).

(<sup>e</sup>) Loftinntakaventillinn er stjórnlokinn fyrir loftknúinn gangráð inngjafardællunna. Gangráðurinn eða eldsneytisinnngjafar-búnaðurinn getur falið í sér annan búnað sem kann að hafa áhrif á magn eldsneytis sem dælt er inn.

(f) Kælivökvahringrásir skal aðeins knúin af vatnsdælu hreyfilsins. Hægt er að kæla vökvann um ytri hringrás þannig að þrýstingstap þessarar hringrásar og þrýstingurinn við inntak dæluinnar er að mestu leyti eins og þrýstingur kælikerfis hreyfilsins.

(<sup>g</sup>) Hitastillinn má hafa í fullopinni stöðu.

(h) Þegar kæliflivan eða blásarinn er ísettur fyrir prófunina skal aflinu sem er notað bætt við niðurstöðurnar, að undanskildum kæliflittum loftkældra hreyfla sem komið er fyrir beint á sveifarásinn. Afl viftunnar eða blásarans skal ákvarðað á þeim hraða sem notaður er við prófanirnar annaðhvort með útreikningi út frá stöðluðum eiginleikum eða með verklegu prófum.

(i) Lágmarksafl rafalans: rafafl rafalans skal takmarkast við það magn sem nauðsynlegt er til að starfrækja fylgihluti sem eru nauðsynlegir til að starfrækja hreyfilinn. Sé nauðsynlegt að tengja rafhlaðna skal nota fullhlaðna rafhlaðu í góðu ásigkomulagi.

(f) Hleðsluloftekjaldir hreyflar skulu prófaðir með hleðsluloftekjælingu, hvort sem þeir eru vökva- eða loftkældir, en hægt er að nota prófunarbekkjarkerfi í staðinn fyrir loftkælinn ef framleiðandinn óskar þess. Í þaðum tilvikum skal mæla aflið við hverja hraðastillingu með hámarksþrýstingsfall og lágmarkshitastigsfall í lofti hreyflsins um loftkælinn í prófunar-bekkjarkerfinu eins og framleiðandinn tilgreinir.

(k) Hann getur m.a. verið útblásturshringrás, hvarfakútur, hitahvarfrými, aukahleðsluloftkerfi og kerfi til varnar gegn uppgufun eldsneytis.

(1) Prófunarbekkurinn skal sjá rafkerfum eða öðrum ræsikerfum fyrir afli.“

8. VII. til X. viðauki verði VIII. til XI. viðauki.
9. Eftirfarandi viðauki bætist við:

*„XII. VIÐAUKI*

**VIÐURKENNING ANNARRA GERÐARVIÐURKENNINGA**

1. Eftirfarandi gerðarviðurkenningar og, ef við á, tilheyrandi viðurkenningarmerki teljast vera jafngild viðurkenningu samkvæmt þessari tilskipun fyrir hreyfla í flokkum A, B og C eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 9. gr.:
    - 1.1. Tilskipun 2000/25/EB.
    - 1.2. Gerðarviðurkenningar samkvæmt tilskipun 88/77/EBE, sem uppfylla kröfurnar í áföngum A eða B varðandi 2. gr. og lið 6.2.1 í I. viðauka við tilskipun 88/77/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 91/542/EBE, eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, röð breytinga nr. 02, leiðréttingar I/2.
    - 1.3. Gerðarviðurkenningarvottorð í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96.
  2. Fyrir hreyfilflokka D, E, F og G (II. áfangi) eins og þeir eru skilgreindir í 3. mgr. 9. gr. teljast eftirfarandi gerðarviðurkenningar og, ef við á, tilheyrandi viðurkenningarmerki vera jafngild viðurkenningu á þessari tilskipun:
    - 2.1. Tilskipun 2000/25/EB, viðurkenningar í II. áfanga,
    - 2.2. Gerðarviðurkenningar samkvæmt tilskipun 88/77/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 99/96/EB, sem eru í samræmi við áfanga A, B1, B2 eða C, sem kveðið er á um í 2. gr. og lið 6.2.1 í I. viðauka,
    - 2.3. Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, röð breytinga nr. 03,
    - 2.4. Viðurkenningar í áfanga B, í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 96, samkvæmt lið 5.2.1 í röð breytinga nr. 01 í reglugerð nr. 96.“
-

## ÁKVÖRDUN nr. 185

2005/EES/58/21

frá 27. júní 2002

um breytingu á ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 (eyðublað E 108) og ákvörðun nr. 170 frá 11. júní 1998 (samantekt skráanna sem kveðið er á um í 4. mgr. 94 gr. og 4. mgr. 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972) (\*)

(2003/148/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja <sup>(1)</sup>, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 <sup>(2)</sup>, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa fyrirmyndir að vottorðum, staðfestum yfirlýsingum, tilkynningum, umsóknum og öðrum skjölum sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðunum,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 153 <sup>(3)</sup> frá 27. nóvember 1995 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar þessara reglugerða (E 001, E 103 til E 127),

með hliðsjón af ákvörðun nr. 170 <sup>(4)</sup> um samantekt skráanna sem kveðið er á um í 4. mgr. 94. gr. og 4. mgr. 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að uppfæra eyðublöðin með hliðsjón af breytingum á innlendri löggjöf aðildarríkjanna.
- 2) Á núverandi eyðublaði E 108, eins og það er sýnt í ákvörðun nr. 153, er stofnun á búsetustað ekki gefinn kostur á að tilkynna þar til bærri stofnun að lífeyrisþegi og aðstandendur hans, sem eru búsettir í öðru aðildarríki, eigi ekki lengur rétt til greiðslu sjúkrakostnaðar.
- 3) Breyting á eyðublaði E 108 krefst tiltekinna breytinga á ákvörðun nr. 170 til að laga hana að nýju hlutverki eyðublaðs 108.
- 4) Eins árs gildistími eyðublaðs E 121, sem er gefið út af þýskum, frönskum, ítölskum og portúgölskum stofnunum, getur aðeins átt við um beitingu 30. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, en ekki 29. gr. hennar.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Meðfylgjandi fyrirmynd skal koma í stað fyrirmyndarinnar að eyðublaði E 108 sem er að finna í ákvörðun nr. 153.
2. Ákvörðun nr. 170 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.
3. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún tekur gildi á þeim degi sem hún er samþykkt af framkvæmdaráði Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Carlos GARCÍA DE CORTÁZAR

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 55, 1.3.2003, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 31.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 244, 19.9.1994, bls. 22.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 275, 10.10.1998, bls. 40.

## VIÐAUKI

Ákvörðun nr. 170 er breytt sem hér segir:

- a) Þættinum „I. SKRÁ SEM KVEDIÐ ER Á UM Í 4. MGR. 94. GR., Fjölskyldur launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga“ í 1. gr. er breytt sem hér segir:

- i) í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. Þar til bæra stofnunin, eða stofnun á búsetustað eftir atvikum, skal tilkynna stofnun á búsetustað eða þar til bærrí stofnun um tímabundna niðurfellingu eða afturköllun réttar til aðstoðar með því að senda henni tvö afrit af eyðublaði E 108 þar sem hluti A hefur verið útfylltur. Viðtökustofnunin skal endursenda sendistofnun annað eintakið þegar hún hefur fyllt út hluta B á eyðublaðinu.“,

- ii) í 4. lið verða c- og d-liður að d- og e-lið og nýjum c-lið er bætt inn sem hér segir:

„c) deginum þegar stofnun á búsetustað tilkynnir þar til bærrí stofnun um að réttur sé felldur niður tímabundið eða hann afturkallaður. Dagsetningin er skráð á eyðublað E 108 og telst vera sá dagur sem eyðublað E 109 fellur úr gildi.“,

- iii) í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. Stofnun á búsetustað skal uppfæra skrána á grundvelli eigin upplýsinga eða upplýsinga, sem látnar eru í té af þar til bærrí stofnun, um öflun réttar (eyðublað E 109) eða tímabundna niðurfellingu eða afturköllun slíks réttar (eyðublað E 108) og taka tillit til eins árs gildistíma eyðublaða E 109, sem eru gefin út af þýskum, frönskum, ítölskum og portúgölskum stofnunum, þó með fyrirvara um eyðublaðið sem nota má til að binda enda á gildistíma réttarins um leið og sér eiga stað atvik sem samkvæmt löggjöf þessara aðildarríkja réttlæta afturköllun eða tímabundna niðurfellingu réttar til aðstoðar.“,

- b) Þættinum „II. SKRÁ SEM KVEDIÐ ER Á UM Í 4. MGR. 95. GR., Lífeyrisþegar og/eða aðstandendur þeirra“ í 1. gr. er breytt sem hér segir:

- i) í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„Þar til bæra stofnunin, eða stofnun á búsetustað eftir atvikum, skal tilkynna þar til bæru stofnuninni eða stofnun á búsetustað um tímabundna niðurfellingu eða afturköllun réttar til aðstoðar með því að senda henni tvö afrit af eyðublaði E 108 þar sem hluti A hefur verið útfylltur. Viðtökustofnunin skal endursenda sendistofnun annað eintakið þegar hún hefur fyllt út hluta B á eyðublaðinu.

Þegar eyðublað E 121 er felld niður tímabundið eða það numið úr gildi með eyðublaði E 108 skal hið síðarnefnda, líkt og eyðublað E 121, gefið út á tiltekinn einstakling; séu fleiri en eitt eyðublað E 121 fyrir einstaklinga innan sömu fjölskyldu felld niður tímabundið eða þau numin úr gildi verður að gefa út eitt E 108 eyðublað fyrir hvert þeirra, jafnvel þótt dagsetningar þegar blöðin eru felld niður tímabundið eða numin úr gildi séu hinar sömu eða þótt allir einstaklingarnir, sem í hlut eiga, séu skráðir hjá sömu stofnun á búsetustað.“,

- ii) í 4. lið verða d- og e-liðir að e- og f-lið og nýjum d-lið er bætt inn sem hér segir:

„d) deginum þegar stofnun á búsetustað tilkynnir þar til bærrí stofnun um að réttur sé felldur niður tímabundið eða hann afturkallaður. Dagsetningin er skráð á eyðublað E 121 og telst vera sá dagur sem eyðublað E 109 fellur úr gildi.“,

- iii) í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. Stofnun á búsetustað skal uppfæra skrána á grundvelli eigin upplýsinga eða upplýsinga sem látnar eru í té af stofnuninni sem annast lífeyrisgreiðslurnar eða þar til bærrí sjúkratryggingastofnun aðildarríkisins, sem annast lífeyrisgreiðslurnar, um öflun réttar (eyðublað E 121) eða tímabundna niðurfellingu eða afturköllun slíks réttar (eyðublað E 108) og taka tillit til eins árs gildistíma eyðublaða E 121, sem gefin eru út af þýskum, frönskum, ítölskum og portúgölskum stofnunum í tilvikum þar sem aðstandendur lífeyrisþega eru búsettir í öðru aðildarríki en þar til bæra aðildarríkinu þar sem lífeyrisþeginn er búsettur (30. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72), þó með fyrirvara um eyðublaðið sem nota má til að binda enda á gildistíma réttarins um leið og sér eiga stað atvik sem réttlæta, samkvæmt löggjöf þessara aðildarríkja, afturköllun eða tímabundna niðurfellingu réttar til aðstoðar.“

**TILKYNNING UM TÍMABUNDNA NIÐURFELLINGU EÐA AFTURKÖLLUN RÉTTAR TIL AÐSTOÐAR VEGNA VEIKINDA OG MEDGÖNGU OG FÆÐINGAR**

**Fyrir þá sem búa í öðru landi en lögbæru landi**

Reglugerð (EBE) nr. 1408/71: gr. 19.1.a og 2; gr. 25.3.i; gr. 26.1; gr. 28.1.a; gr. 29.1.a  
Reglugerð (EBE) nr. 574/72: gr. 17.2 og 3; 27. gr.; 28. gr.; gr. 29.5; 30. gr.; gr. 94.4; gr. 95.4

Þar til bær stofnun eða stofnun á búsetustað skal fylla út hluta A á eyðublaðinu og senda tvö eintök til stofnunarinnar á búsetustað eða þar til berrar stofnunar (ef við á í gegnum samskiptastofnunina). Viðtökustofnun skal fylla út hluta B og endursenda eitt eintak til sendistofnunarinnar.

**A. Tilkynning**

1.	Viðtökustofnun
1.1.	Heiti .....
1.2.	Póstfang ( <sup>2</sup> ) ..... .....

2.	<input type="checkbox"/> Launþegi	<input type="checkbox"/> Atvinnulaus einstaklingur	
	<input type="checkbox"/> Sjálfstætt starfandi einstaklingur	<input type="checkbox"/> Umsækjandi lífeyris	
	<input type="checkbox"/> Maður sem sækir vinnu yfir landamæri (launþegi)	<input type="checkbox"/> Lífeyrisþegi (launþegakerfi)	
	<input type="checkbox"/> Maður sem sækir vinnu yfir landamæri (sjálfst. starf. einst.)	<input type="checkbox"/> Lífeyrisþegi (kerfi sjálfst. starfandi einstaklinga)	
2.1.	Kenninafn ( <sup>2a</sup> ) .....		
2.2.	Eiginnafn/-nöfn .....	Fyrri nöfn ( <sup>2a</sup> ) .....	Fæðingardagur og -ár .....
2.3.	Heimilisfang í búsetulandi ( <sup>2</sup> ) ..... .....		
2.4.	Kennitala ( <sup>2b</sup> ) .....		

3.	Aðstandandi ( <sup>3</sup> )		
3.1.	Kenninafn ( <sup>2a</sup> ) .....		
3.2.	Eiginnafn/-nöfn .....	Fyrri nöfn ( <sup>2a</sup> ) .....	Fæðingardagur og -ár .....
3.3.	Heimilisfang í búsetulandi ( <sup>2</sup> ) ..... ..... .....		
3.4.	Kennitala ( <sup>2b</sup> ) .....		

4. Réttur til aðstoðar, staðfestur á eyðublaði okkar ☐ ykkar ☐ ..... frá ..... (dagsetning) hefur verið felldur niður tímabundið eða afturkallaður af eftirfarandi ástæðu:
- 4.1. ☐ Trygging framangreinds launþega/sjálfstætt starfandi endaði hinn .....

- 4.2. ☐ Enginn skráður aðstandandi launþegans/hins sjálfstætt starfandi hefur verið búsettur í landi okkar ☐ ykkar ☐ síðan .....
- 4.3. ☐ Lífeyrir framangreinds lífeyrisþega var felldur niður tímabundið eða afturkallaður hinn .....
- 4.4. ☐ Réttthafi aðstoðar, sem tilgreindur er í 2. lið  
eða  
☐ aðstandandi sem tilgreindur er í 3. lið  
☐ hefur ekki verið búsettur í landi okkar ☐ ykkar ☐ síðan ..... (dags.)  
☐ lést hinn ..... (dagsetning)
- 4.5. ☐ Aðstandandinn, sem tilgreindur er í 3. lið, hefur ekki uppfyllt ákvæði laga búseturíkisins síðan .....
- 4.6. ☐ (\*) .....

5.	<input type="checkbox"/> Þar til bær stofnun	<input type="checkbox"/> Stofnun á búsetustað
5.1.	Heiti .....	Kenninúmer ( <sup>5</sup> ) .....
5.2.	Póstfang ( <sup>2</sup> ) .....	
5.3.	Stimpill	
		5.4. Dagsetning
		5.5. Undirritun

#### B. Kvittun fyrir móttöku

6. Okkur barst framangreind tilkynning (hluti A) hinn .....
7. ☐ Skráning þess/þeirra, sem tilgreindir eru í hluta A, lauk hinn .....
- ☐ Staðfest er að réttur til aðstoðar fellur niður tímabundið eða er afturkallaður, eins og tilkynnt er um í 4. lið, frá og með .....

8.	<input type="checkbox"/> Stofnun á búsetustað	<input type="checkbox"/> Þar til bær stofnun
8.1.	Heiti .....	
8.2.	Póstfang ( <sup>2</sup> ) .....	
8.3.	Stimpill	
		8.4. Dagsetning
		8.5. Undirritun

#### LEIÐBEININGAR

Eyðublaðið skal fylla út með prentstöfum og aðeins rita á punktalínurnar.

#### ATHUGASEMDIR

- (\*) EES – Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, VI. viðauki, Félagslegt öryggi: vegna þess samnings gildir eyðublað þetta einnig fyrir Ísland, Liechtenstein og Noreg.
- (<sup>1</sup>) Tákn fyrir landið sem stofnunin, sem fyllir út hluta A á eyðublaðinu, tilheyrir: B = Belgía, DK = Danmörk, D = Þýskaland, GR = Grikkland, E = Spánn, F = Frakkland, IRL = Írland, I = Ítalía, L = Lúxemborg, NL = Holland, P = Portúgal, GB = Breska konungsríkið, A = Austurríki, FIN = Finnland, IS = Ísland, FL = Liechtenstein, N = Noregur, S = Svíþjóð.
- (<sup>2</sup>) Gata, númer, póstnúmer, bær, land.
- (<sup>2a</sup>) Þegar spænskur ríkisborgari á í hlut skal rita bæði nöfnin sem hann fékk við fæðingu.  
Þegar portúgalskur ríkisborgari á í hlut skal rita öll nöfnin (eiginnafr/-nöfn, kenninafn, meyjarnafn) í sömu röð samkvæmt borgaralegri réttarstöðu og á kennivottorði eða vegabréfi.
- (<sup>2b</sup>) Gefið upp kennitölu hjá þar til bærri stofnun. Fyrir ítalska ríkisborgara skal tilgreina tryggingarnúmer og/eða „codice fiscale“ ef unnt er.
- (<sup>3</sup>) Fyllist aðeins út ef tímabundin niðurfelling eða afturköllun réttar til aðstoðar snertir aðstandendur. Fyllið út eitt E 108 eyðublað fyrir hvern aðstandanda lífeyrisþegans.
- (<sup>4</sup>) Ef liður 4.6 er fylltur út, verður að tilgreina ástæðuna fyrir tímabundinni niðurfellingu/afturköllun með því að nota einn bókstafanna hér á eftir:
- a) Lífeyrisþegi hefur hafið atvinnustarfsemi í búsetulandinu.
  - a) Aðstandandi hefur hafið atvinnustarfsemi í búsetulandinu.
  - c) ógreidd iðgjöld.
  - d) ...
- (<sup>5</sup>) Fyllist út ef það er til.
-





## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/77/EB

2005/EES/58/22

frá 16. september 2002

## um samkeppni á mörkuðum fyrir rafræn fjarskiptanet og þjónustu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
3. mgr. 86. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar nokkrum sinnum á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE frá 28. júní 1990 um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu<sup>(1)</sup> eins og henni var síðast breytt með tilskipun 1999/64/EB<sup>(2)</sup>. Þar sem frekari breytingar verða gerðar er rétt að endursemja hana til glöggvunar.
- 2) Samkvæmt 86. gr. sáttmálans er framkvæmdastjórninni falið það verkefni að tryggja að aðildarríkin uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum Bandalagsins þegar um er að ræða opinber fyrirtæki eða fyrirtæki sem njóta sérstakra réttinda eða einkaréttar. Í samræmi við 3. mgr. 86. gr. getur framkvæmdastjórnin tiltekið og skýrt þær skyldur, sem leiðir af þeirri grein, og sett fram, innan þess ramma, þau skilyrði sem nauðsynleg eru til þess að framkvæmdastjórnin geti með árangursríkum hætti annast þá eftirlitsskyldu sem á henni hvílir samkvæmt þeirri málsgrein.
- 3) Í tilskipun 90/388/EBE er þess krafist að aðildarríkin afnemi sérstök réttindi eða einkarétt til að veita fjarskiptaþjónustu, sem var upphaflega fyrir aðra þjónustu en talsímaþjónustu, gervihnattaþjónustu og þráðlausa farsíðavafjarskiptaþjónustu, og komi síðan á fullri samkeppni í áföngum á fjarskiptamarkaðnum.
- 4) Evrópuþingið og ráðið hafa einnig samþykkt margar tilskipanir á þessu sviði skv. 95. gr. sáttmálans, einkum með það að markmiði að koma á innri markaði fyrir fjarskiptaþjónustu með framboði á frjálsum aðgangi að netum og alþjónustu á opnum samkeppnis-mörkuðum. Þessar tilskipanir skal fella úr gildi frá og með 25. júlí 2003 þegar nýr reglurámmi um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu tekur gildi.
- 5) Nýi reglurámminn um rafræn fjarskipti er gerður úr einni almennri tilskipun, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan reglurámma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu

(rammatilskipun)<sup>(3)</sup> og fjórum sértilskipunum: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun)<sup>(4)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang)<sup>(5)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu)<sup>(6)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti)<sup>(7)</sup>.

- 6) Með tilliti til þeirrar þróunar, sem hefur leitt til þess að frá árinu 1990 hefur frelsi verið aukið og fjarskiptamarkaðir í Evrópu opnadir í áföngum, er rétt að aðlagða tilteknar skilgreiningar í tilskipun 90/388/EBE og þeim gerðum sem breyta henni til þess að endurspegla nýjustu tækniþróun á fjarskiptasviðinu eða skipta um þær svo að tekið sé tillit til þeirrar samleitni sem hefur mótað upplýsingatækni-, fjölmiðla- og fjarskiptaiðnaðinn á undanföllum árum. Gera skal orðalag tiltekinna ákvæða greinilegra, ef unnt er, til þess að auðvelda beitingu þeirra að teknu tilliti til, ef við á, viðeigandi tilskipana, sem samþykktar voru skv. 95. gr. sáttmálans, og reynslunnar af framkvæmd tilskipunar 90/388/EBE með áorðnum breytingum.
- 7) Í þessari tilskipun eru hugtökin „rafræn fjarskiptaþjónusta“ og „rafræn fjarskiptanet“ fremur notuð en hugtökin „fjarskiptaþjónusta“ og „fjarskiptanet“ sem áður voru notuð. Þessar nýju skilgreiningar eru óhjákvæmilegar til að taka tillit til samleitni á þann hátt að sameina, undir einni skilgreiningu, alla rafræna fjarskiptaþjónustu og/eða -net sem notuð eru til að miðla merkjum eftir rafræði, þráðlaust, með ljósbylgjum

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 249, 17.9.2002, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 32.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 192, 24.7.1990, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 175, 10.7.1999, bls. 39.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

eða með öðrum rafsegulaðferðum (þ.e. föstu og þráðlausu neti, kapalsjónvarpi og gervihnattaneti). Sendingar og útsendingar útvarps- og sjónvarpsþátta skulu því teljast til rafrænnar fjarskiptabjónustu og net, sem notuð eru til slíkra sendinga og útsendinga, skulu á sama hátt teljast til rafrænna fjarskiptaneta. Enn fremur skal gera það ljóst að nýju skilgreiningarnar á rafrænum fjarskiptanetum ná einnig til ljósleiðaraneta sem gerir þriðja aðila kleift að miðla merkjum með eigin skipti- eða beinibúnaði.

- 8) Í þessu sambandi skal gera það ljóst að aðildarríkjnum ber að afnema einkarétt og sérstök réttindi til þess að bjóða fram öll fjarskiptanet, ekki einungis til þess að veita rafræna fjarskiptabjónustu, (ef þau hafa ekki þegar gert það) og skulu þau tryggja að fyrirtækjum sé heimilt að veita slíka bjónustu með fyrirvara um ákvæði tilskipana 2002/19/EB, 2002/20/EB, 2002/21/EB og 2002/22/EB. Skilgreiningin á rafrænum fjarskiptanetum skal einnig fela í sér að aðildarríkjnum sé ekki heimilt að takmarka rétt fjarskiptafyrirtækis til að setja upp, auka við og/eða bjóða fram kapalnet á þeim forsendum að einnig sé hægt að nota slíkt net til sendingar á útvarps- og sjónvarpsþáttum. Sérstök réttindi eða einkaréttur sem takmarkar notkun rafrænna fjarskiptaneta til sendingar og dreifingar sjónvarpsmerkja er einkum í ósamræmi við 1. mgr. 86. gr., lesna í tengslum við 43. gr. EB-sáttmálans (staðfesturéttur) og/eða b-lið 82. gr. hans, að því marki sem þau veita markaðsráðandi fyrirtæki heimild til að takmarka „framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns“. Þó er þetta með fyrirvara um sérstakar reglur um dreifingu hljóð- og myndmiðladagsskrár til almennings sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Bandalagsins og einkum í samræmi við tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989<sup>(1)</sup> um samræmingu tiltekinnna ákvæða í lögum og stjórmsýslufyrirmælum í aðildarríkjnum um sjónvarpsrekstur eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB<sup>(2)</sup>.

- 9) Samkvæmt meðalhöfsreglunni, skulu aðildarríki ekki lengur gefa út einstök leyfi til að veita rafræna fjarskiptabjónustu og setja upp og bjóða fram rafræn fjarskiptanet heldur veita almenna heimild. Þessa er einnig krafist í tilskipun 2002/20/EB, en samkvæmt henni skal bjóða fram rafræna fjarskiptabjónustu eða -net á grundvelli almennrar heimildar en ekki á grundvelli einstaks leyfis. Málsaðili, sem synjað er, skal hafa rétt til að leggja ákvörðun, sem kemur í veg fyrir að hann geti boðið fram rafræna fjarskiptabjónustu eða -net, fyrir óháðan aðila og að lokum fyrir dómstóla. Sú grundvallarregla gildir í lögum Bandalagsins að einstaklingur hefur rétt á haldgóðri réttarvernd

þegar ráðstöfun af hálfu ríkisins rýrir þann rétt sem honum ber samkvæmt ákvæðum tilskipunar.

- 10) Opinber yfirvöld geta hlutast til um atferli opinberra fyrirtækja á grundvelli reglnanna, sem gilda um fyrirtækin, eða þess á hvern hátt hlutafjäreign er skipt. Aðildarríkin skulu því tryggja, þegar þau ráða yfir lóðrétt samþættum fjarskiptafyrirtækjum sem starfrækja net sem hafa verið sett upp samkvæmt sérstökum réttindum eða einkarétti, til að komast hjá því að samkeppnisreglur sáttmálans verði hugsanlega brotnar, að slík fjarskiptafyrirtæki beiti ekki mismunun, eigin starfsemi í hag, þegar þau hafa yfirburðastöðu á viðkomandi markaði. Aðildarríkin skulu því gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir mismunun á milli slíkra lóðrétt samþættra fjarskiptafyrirtækja og samkeppnisaðila þeirra.
- 11) Í þessari tilskipun skal einnig skýra nánar meginregluna sem fengin er úr tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB frá 16. janúar 1996 um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar farsíma- og einkafjarskipti<sup>(3)</sup>, með því að kveða á um að aðildarríkin skuli ekki veita einkarétt eða sérstök réttindi til notkunar á tíðni fyrir þráðlausar sendingar og að úthluta skuli réttinum til að nota þessar tíðnir samkvæmt hlutlægni og gagnsæri málsmeðferð án mismununar. Þetta skal gert með fyrirvara um sérstakar viðmiðanir og málsmeðferð sem aðildarríkin hafa samþykkt til að veita bjónustuveitendum útvarps- eða sjónvarpsefnis slíkan rétt með það í huga að ná fram markmiðum um almannahagsmunum í samræmi við lög Bandalagsins.
- 12) Allar innlendar áætlanir samkvæmt tilskipun 2002/22/EB um að skipta hreinum kostnaði við alþjónustuskuldur skulu byggjast á hlutlægum og gagnsægum viðmiðunum án mismununar og vera í samræmi við meðalhöfsregluna og regluna um minnstu markaðsröskun. Minnsta markaðsröskun merkir að framlög skulu endurheimt með þeim hætti sem, eftir því sem við verður komið, dregur úr áhrifum þeirrar fjárhagsbyrði sem fellur á notendur, t.d. með því að dreifa framlögnum eins mikið og kostur er.
- 13) Þegar réttindi og skyldur, samkvæmt alþjóðasamningum um að koma á fót alþjóðlegum gervihnattasamtökum, samrýmast ekki samkeppnisreglum sáttmálans, skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir í samræmi við 307. gr. EB-sáttmálans til að komast fyrir þennan ósamrýmanleika. Í þessari tilskipun skal skýra nánar þessar skyldur því að í 3. gr. tilskipunar 94/46/EB<sup>(4)</sup> er þess einungis krafist að aðildarríkin „sendi framkvæmdastjórninni“ upplýsingarnar sem þau búa yfir um ósamrýmanleika af þessu tagi. Í 11. gr. þessarar tilskipunar skal skýra nánar þá skyldu aðildarríkjanna að afnema öll höft sem enn eru í gildi vegna þessara alþjóðasamninga.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 20, 26.1.1996, bls. 59.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 268, 19.10.1994, bls. 15.

- 14) Þessari tilskipun er ætlað að viðhalda þeirri skyldu sem lögð var á aðildarríkin með tilskipun 1999/64/EB til þess að tryggja að markaðsráðandi fyrirtæki, sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet og talsímaþjónustu sem er öllum aðgengileg, starfræki almenn, rafræn fjarskiptanet og kapalsjónvarpsnet sem aðskilda lög- aðila.
- 15) Þessi tilskipun er með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna varðandi frestinn sem þau hafa til þess að fara að áðurnefndum tilskipunum sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka.
- 16) Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að í gildandi, innlendri framkvæmdalöggjöf sé tekið tillit til skýringanna, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, borið saman við tilskipanir 90/388/EB, 94/46/EB, 95/51/EB <sup>(1)</sup>, 96/2/EB, 96/19/EB <sup>(2)</sup> og 1999/64/EB.
- 17) Fella ber tilskipun 90/388/EB úr gildi í ljósi þess sem að framan greinir.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „rafrænt fjarskiptanet“: sendikerfi og, ef við á, skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. gervihnattanet, föst net (línu- eða pakkaskipt, þ.m.t. Netið) og farnet á jörðu niðri og rafdreifikerfi, að því marki sem þessi kerfi eru notuð til að senda merki, net fyrir útvarp og sjónvarp og kapalsjónvarpsnet án tillits til þess hvers konar upplýsingar eru sendar,
2. „almennt fjarskiptanet“: rafrænt fjarskiptanet sem notað er að öllu eða mestu leyti til að veita almenna, rafræna fjarskiptaþjónustu,
3. „rafræn fjarskiptaþjónusta“: þjónusta sem að jafnaði er veitt gegn þóknun og felst að öllu eða mestu leyti í því að flytja merki á rafrænum fjarskiptanetum, þ.m.t. fjarskiptaþjónusta og sendiþjónusta á netum sem notuð eru til að útvarpa, en undanskilin er þjónusta þar sem efni, sem sent er með rafrænum fjarskiptanetum eða fjarskiptaþjónustu, er boðið fram eða því ritstýrt. Hún nær ekki yfir þjónustu í upplýsingasamfélaginu, sem skilgreind er í 1. gr. tilskipunar 98/34/EB, sem felst ekki að öllu eða mestu leyti í því að flytja merki um rafræn fjarskiptanet,

4. „rafræn fjarskiptaþjónusta sem er öllum aðgengileg“: rafræn fjarskiptaþjónusta sem er aðgengileg almenningi,
5. „einkaréttur“: réttindi sem aðildarríki veitir einu fyrirtæki á grundvelli laga eða stjórnsýslugerninga þar sem því er áskilinn réttur til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu eða reka rafræna fjarskiptastarfsemi á tilteknu landsvæði,
6. „sérstök réttindi“: réttindi sem aðildarríki veitir takmörkuðum fjölda fyrirtækja, á grundvelli laga eða stjórnsýslugerninga, sem á tilteknu landsvæði:
  - a) tilnefnir eða takmarkar fjölda slíkra fyrirtækja við tvö eða fleiri fyrirtæki sem heimilt er að veita rafræna fjarskiptaþjónustu eða reka rafræna fjarskiptastarfsemi á annan hátt en samkvæmt viðmiðunum um hlutlægni, hlutfallsreglu og bann við mismunun, eða
  - b) veitir einu eða fleiri fyrirtækjum annars konar ávinning, lagalega eða réttarfarslega, sem hefur veruleg áhrif á getu annarra fyrirtækja til að veita sömu rafrænu fjarskiptaþjónustu eða reka sömu rafrænu fjarskiptastarfsemi á sama landsvæði við samsvarandi skilyrði,
7. „gervihnattajarðstöðvarnet“: samskipan tveggja eða fleiri jarðstöðva sem vinna saman með hjálp gervihnattar,
8. „kapalsjónvarpsnet“: grunnvirki, byggð á þráðum sem útbúin eru einkum til afhendingar eða dreifingar á útvarps- eða sjónvarpsútsendingum til almennings.

##### 2. gr.

#### Einkaréttur og sérstök réttindi fyrir rafræn fjarskiptanet og rafræna fjarskiptaþjónustu

1. Aðildarríkin skulu ekki veita eða viðhalda gildandi einkarétti eða sérstökum réttindum til þess að setja upp og/eða bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg.
2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll fyrirtæki eigi rétt á að veita rafræna fjarskiptaþjónustu eða að setja upp, auka við eða bjóða fram rafræn fjarskiptanet.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að ekki séu settar takmarkanir eða þeim viðhaldið á veitingu rafrænnar fjarskiptaþjónustu um rafræn fjarskiptanet, sem veitendur rafrænnar fjarskiptaþjónustu setja upp, um grunnvirki, sem þriðji aðili býður fram eða með sameiginlegri notkun á netum, aðstöðu eða stöðvum með fyrirvara um ákvæði tilskipana 2002/19/EB, 2002/20/EB, 2002/21/EB og 2002/22/EB.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 256, 26.10.1995, bls. 49.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 74, 22.3.1996, bls. 13.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að sú almenna heimild, sem fyrirtæki fær til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu eða til að setja upp og/eða bjóða fram rafræn fjarskiptanet, sem og skilyrðin fyrir því, sé byggð á viðmiðunum sem eru hlutlægar, án mismununar, hlutfallsbundnar og gagnsæjar.

5. Færa skal rök fyrir öllum ákvörðunum sem teknar eru á þeim forsendum, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2002/20/EB, og koma í veg fyrir að fyrirtæki geti boðið fram rafræna fjarskiptaþjónustu eða -net.

Málsaðili, sem synjað er, skal hafa rétt til að leggja ákvörðunina fyrir aðila sem er óháður málsaðilum og að lokum fyrir dómstóla.

3. gr.

### Lóðrétt samþætt, opinber fyrirtæki

Auk þeirra krafna, sem settar eru fram í 2. mgr. 2. gr., og með fyrirvara um 14. gr. tilskipunar 2002/21/EB skulu aðildarríkin tryggja að lóðrétt samþætt, opinber fyrirtæki, sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet og hafa markaðsráðandi stöðu, noti ekki stöðu sína til mismununar, eigin starfsemi í hag.

4. gr.

### Réttur til afnota af tíðnisviðum

Með fyrirvara um sérstakar viðmiðanir og málsmeðferð, sem aðildarríkin hafa samþykkt til að veita þjónustuveitendum útvarps- eða sjónvarpsefnis rétt til afnota af tíðni fyrir þráðlausar sendingar með það í huga að ná fram markmiðum um almannahagsmuni í samræmi við lög Bandalagsins, gildir eftirfarandi:

1. Aðildarríkin skulu ekki veita einkarétt eða sérstök réttindi til afnota af tíðnisviðum fyrir þráðlausar sendingar vegna veitingar rafrænnar fjarskiptaþjónustu.

2. Úthlutun tíðnisviða fyrir þráðlausar sendingar fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu skal byggjast á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar, án mismununar og hlutfallsbundnar.

5. gr.

### Símaskrárþjónusta

Aðildarríkin skulu sjá til þess að afnuminn verði allur einkaréttur og/eða sérstök réttindi til að koma upp og veita símaskrárþjónustu á yfirlýðingavæði þeirra, að meðtalinni útgáfu símaskráa og svarþjónustu um símanúmer.

6. gr.

### Alþjónustuskilyldur

1. Allar innlendar áætlanir samkvæmt tilskipun 2002/22/EB um að skipta hreinum kostnaði við alþjónustuskilyldur skulu byggjast á hlutlægum og gagnsægum viðmiðunum án mismununar og vera í samræmi við meðalhófsregluna og

regluna um minnstu markaðsröskun. Þegar alþjónustuskilyldur hvíla að fullu eða að hluta til á opinberum fyrirtækjum, sem veita rafræna fjarskiptaþjónustu skal einkum taka tillit til þessa við útreikning á hvers kyns framlagi vegna hreins kostnaðar við alþjónustuskilyldur.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar áætlanir af þeim toga sem um getur í 1. mgr.

7. gr.

### Gervihnettir

1. Aðildarríkin skulu tryggja að afnuminn verði lagabönn eða takmarkanir í tengslum við framboð á geimskorarrými til viðurkenndra rekstraraðila gervihnattajarðstöðvarneta og heimila á yfirlýðingavæði sínu öllum, sem bjóða fram geimskorir, að sannprófa að gervihnattajarðstöðvarnetið, sem á að nota í tengslum við geimskor viðkomandi framboðsaðila, sé í samræmi við auglýst skilyrði um aðgang að geimskorarrými þess aðila.

2. Aðildarríki, sem eru aðilar að alþjóðasamningum um stofnun alþjóðlegra gervihnattasamtaka, skulu, þegar samningarnir samræmast ekki reglum EB-sáttmálans, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að komast hjá ósamrýmanleika af þessu tagi.

8. gr.

### Kapalsjónvarpsnet

1. Hvert aðildarríki skal fyrirbyggja að fyrirtæki, sem býður fram almenn, rafræn fjarskiptanet, starfræki kapalsjónvarpsnet sín sem sama lögaðila og önnur rafræn fjarskiptanet sín sem eru öllum aðgengileg, þegar slíkt fyrirtæki:

- a) er undir yfirlýðingavæði aðildarríkisins eða nýtur góðs af sérstökum réttindum, og
- b) er markaðsráðandi á verulegum hluta sameiginlegs markaðar í tengslum við framboð almennra rafrænna fjarskiptaneta og talsímaþjónustu sem er öllum aðgengileg, og
- c) starfrækir kapalsjónvarpsnet sem sett hefur verið upp samkvæmt sérstökum réttindum eða einkarétti á sama landsvæði.

2. Nota skal hugtakið „talsímaþjónusta sem er öllum aðgengileg“ í sömu merkingu og hugtakið „almenn talsímaþjónusta“ sem getið er í 1. gr. tilskipunar 1999/64/EB.

3. Aðildarríki, sem telja að nægileg samkeppni um framboð grunnvirkis og þjónustu heimtauga sé fyrir hendi á yfirlýðingavæði þeirra, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Slíkar upplýsingar skulu fela í sér nákvæma lýsingu á gerð markaðarins. Sé þess óskað skal gera veittar upplýsingar aðgengilegar hvaða hagsmunaaðila sem er með hliðsjón af lögmætum hagsmunum fyrirtækjanna sem varða vernd viðskiptaleyndarmála þeirra.

4. Framkvæmdastjórnin skal ákveða, innan hæfilegs tíma og eftir að hafa heyrt athugasemdir þessara aðila, hvort unnt sé að aflétta skyldunni um lögaðskilnað í hlutaðeigandi aðildarríki.

5. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða beitingu þessarar greinar eigi síðar en 31. desember 2004.

*9. gr.*

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 24. júlí 2003, afhenda framkvæmdastjórninni upplýsingar sem gera henni kleift að staðfesta að farið hafi verið að ákvæðum þessarar tilskipunar.

*10. gr.*

#### **Niðurfelling**

Tilskipun 90/388/EB, eins og henni var breytt með tilskipuninum í A-hluta I. viðauka, fellur úr gildi frá og með 25. júlí 2003 með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna að því er varðar frest á lögleiðingu sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

*11. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*12. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. september 2002.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mario MONTI

*framkvæmdastjóri.*

*I. VIÐAUKI*

## A-HLUTI

**Skrá yfir tilskipanir sem falla úr gildi**

Tilskipun 90/388/EBE (Stjtið. EB L 192, 24.7.1990, bls. 10)  
2. og 3. gr. tilskipunar 94/46/EB (Stjtið. EB L 268, 19.1.1994, bls. 15)  
Tilskipun 95/51/EB (Stjtið. EB L 256, 26.10.1995, bls. 49)  
Tilskipun 96/2/EB (Stjtið. EB L 20, 26.1.1996, bls. 59)  
Tilskipun 96/19/EB (Stjtið. EB L 74, 22.3.1996, bls. 13)  
Tilskipun 1999/64/EB (Stjtið. EB L 175, 10.7.1999, bls. 39)

## B-HLUTI

**Lögleiðingardagar framangreindra tilskipana**

Tilskipun 90/388/EBE: lögleiðingardagur: 31. desember 1990  
Tilskipun 94/46/EB: lögleiðingardagur: 8. ágúst 1995  
Tilskipun 95/51/EB: lögleiðingardagur: 1. október 1996  
Tilskipun 96/2/EB: lögleiðingardagur: 15. nóvember 1996  
Tilskipun 96/19/EB: lögleiðingardagur: 11. janúar 1997  
Tilskipun 1999/64/EB: lögleiðingardagur: 30. apríl 2000

*II. VIÐAUKI***Samsvörunartafla**

Þessi tilskipun	Tilskipun 90/388/EBE
1. gr. (Skilgreiningar)	1. gr.
2. gr. (afnám einkaréttar/sérstakra réttinda)	2. gr.
3. gr. (lóðrétt samþætt, opinber fyrirtæki)	ii-liður a-liðar 3. gr.
4. gr. (réttur til afnota af tíðnisviðum)	b-liður 3. gr.
5. gr. (símaskrárbjónusta)	b-liður 4. gr.
6. gr. (alþjónustuskyldur)	c-liður 4. gr.
7. gr. (gervihnettir)	3. gr. tilskipunar 94/46/EB
8. gr. (kapalnet)	9. gr.

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2560/2001

2005/EES/58/23

frá 19. desember 2001

## um greiðslur yfir landamæri í evrum (\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í  
251. gr. sáttmálans <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa <sup>(5)</sup> var leitast við að bæta þjónustu við færslu fjármuna yfir landamæri, einkum skilvirkni hennar. Markmiðið var einkum að gera neytendum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að færa fjármuni á skjóttan, áreiðanlegan og ódýran hátt frá einum hluta bandalagsins til annars. Slikar færslur fjármuna og greiðslur yfir landamæri almennt eru enn þá afar dýrar, miðað við greiðslur innanlands. Athugun, sem framkvæmdastjórnin lét gera og birti 20. september 2001, leiddi í ljós að neytendur fá ófullnægjandi eða engar upplýsingar um kostnað við færslu fjármuna og að meðalkostnaður við greiðslur yfir landamæri hefur vart breyst frá árinu 1993 þegar sambærileg athugun var gerð.
- 2) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 31. janúar 2000 um smásölu-greiðslur á innri markaðnum ásamt ályktunum Evrópuþingsins frá 26. október 2000 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar og frá 4. júlí 2001 um leiðir til að aðstoða rekstraraðila við að breyta yfir í evru, svo og skýrslur Seðlabanka Evrópu frá september 1999 og september 2000 um að bæta þjónustu í tengslum við greiðslur yfir landamæri, hafa allar lagt áherslu á brýna nauðsyn skilvirkra umbóta á þessu sviði.
- 3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar, svæðanefndarinnar og Seðlabanka Evrópu frá 3. apríl 2001 um undirbúning vegna innleiðingar

evruseðla og -myntar er tilkynnt að framkvæmdastjórnin muni íhuga að nota öll tæki sem henni eru tiltekkið og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að kostnaður við færslu fjármuna yfir landamæri verði færður til samræmis við kostnað við færslu fjármuna innanlands og þar með að gera hugmyndina um evrusvæðið sem „innlent greiðslusvæði“ áþreifanlega og skýra í hugum borgaranna.

- 4) Ef miðað er við markmiðið sem var áréttað þegar evran var tekin upp sem reikningsgjaldmiðill, nánar tiltekið að ná fram ef ekki samræmdri, þá a.m.k. svipaðri gjaldtökustefnu varðandi evruna, hefur ekki orðið neinn marktækur árangur að því er varðar lækkan kostnaðar vegna greiðslna yfir landamæri, miðað við greiðslur innanlands.
- 5) Magn greiðslna yfir landamæri eykst stöðugt eftir því sem innri markaðurinn nær betri fötfestu. Á þessu landamæralausa svæði hefur tilkoma evrunnar gert greiðslur auðveldari.
- 6) Sú staðreynd að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri eru áfram hærri en gjöld fyrir innlendar greiðslur hamlar viðskiptum yfir landamæri og hindrar því eðlilega starfsemi innri markaðarins. Einnig er líklegt að þetta hafi áhrif á tiltrú á notkun evrunnar. Í því skyni að greiða fyrir starfsemi innri markaðarins er því nauðsynlegt að tryggja að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri í evrum séu þær sömu og gjöld fyrir greiðslur í evrum innan aðildarríkis en það mun einnig efla tiltrú á evrunni.
- 7) Að því er varðar rafræna greiðslumiðlun yfir landamæri í evrum skal meginreglan um sömu gjöld gilda frá og með 1. júlí 2002, að teknu tilliti til aðlögunartímabila og þess aukna vinnuálags sem breytingin yfir í evru hefur í för með sér. Til að mögulegt sé að koma á nauðsynlegu grunnvirki og skilyrðum skal til 1. júlí 2003 vera í gildi aðlögunartímabil að því er varðar færslu fjármuna yfir landamæri.
- 8) Eins og sakir standa er ekki ráðlegt að beita meginreglunni um samræmdar gjaldfærslur þegar um er að ræða pappírsvísanir þar sem þær eru þess eðlis að ekki er hægt að meðhöndla þær á jafn skilvirknan hátt og annan greiðslumáta, einkum rafrænar greiðslur. Þó skal meginreglan um gagnsæi gjaldfærslu einnig gilda um ávísanir.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 344, 28.12.2001, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagns-flutningar) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 34.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 270.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 10. desember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 308, 1.11.2001, bls. 17.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. desember 2001 (Stjtið. EB C 363, 19.12.2001, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2001.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 25.

9) Í því skyni að gera viðskiptavinum kleift að meta kostnað við greiðslu yfir landamæri er nauðsynlegt að hann fái upplýsingar um þau gjöld sem í gildi eru og allar breytingar á þeim. Það sama á við þegar greiðsla yfir landamæri í evrum tekur einnig til annars gjaldmiðils en evrunnar.

10) Þessi reglugerð hefur engin áhrif á möguleika stofnana til að bjóða eitt heildargjald fyrir mismunandi greiðsluþjónustu, að því tilskildu að ekki sé gerður greinarmunur á greiðslum yfir landamæri og innanlands.

11) Einnig er mikilvægt að auðvelda greiðslustofnunum að annast greiðslur yfir landamæri. Í tengslum við þetta skal stuðla að stöðlun, einkum að því er varðar notkun alþjóðlegs bankareikningsnúmers (IBAN) <sup>(1)</sup> og bankanúmers (BIC) <sup>(2)</sup> sem nauðsynleg eru við rafræna vinnslu á færslu fjármuna yfir landamæri. Sem viðtækust notkun þessara númera er talin afar mikilvæg. Þar að auki skulu aðrar aðgerðir, sem fela í sér aukakostnað, aflagðar í því skyni að lækka gjaldtöku af viðskiptavinum í tengslum við greiðslur yfir landamæri.

12) Til að léttu byrði stofnana sem annast greiðslur yfir landamæri er nauðsynlegt að afnema í áföngum skyldur um reglubundna, innlenda skýrslugjöf að því er varðar hagskýrslur um greiðslujöfnuð.

13) Til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð skulu aðildarríkin sjá til þess að til séu fullnægjandi og skilvirkar verklagsreglur um kvartanir eða málsskot til að jafna deilur milli sendanda og stofnunar hans eða milli viðtakanda og stofnunar hans, og nota verklagsreglur sem fyrir eru þegar við á.

14) Æskilegt væri að framkvæmdastjórnin legði fram skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar eigi síðar en 1. júlí 2004.

15) Setja skal ákvæði um verklag sem gerir kleift að beita þessari reglugerð einnig á greiðslur yfir landamæri sem gerðar eru í gjaldmiðli annars aðildarríkis þegar það aðildarríki ákveður svo.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

#### Inntak og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um greiðslur í evrum yfir landamæri í því skyni að tryggja að gjöld fyrir þessar greiðslur séu þau sömu og fyrir greiðslur í evrum innan aðildarríkis.

Hún skal gilda um greiðslur í evrum yfir landamæri sem nema innan bandalagsins allt að 50 000 evrum.

Þessi reglugerð skal ekki gilda um greiðslur yfir landamæri sem færðar eru milli stofnana fyrir eigin reikning.

*2. gr.*

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „greiðslur yfir landamæri“:

i) „færsla fjármuna yfir landamæri“: viðskipti, sem fara fram að frumkvæði sendanda, um stofnun eða útibú stofnunar í aðildarríki í þeim tilgangi að hafa ákveðna fjárhæð til reiðu fyrir viðtakanda í stofnun eða útibúi stofnunar í öðru aðildarríki; sendandi og viðtakandi geta verið einn og sami aðili,

ii) „rafræn greiðslumiðlun yfir landamæri“:

— færsla fjármagns með rafrænum greiðslumiðli, nema stofnun mæli fyrir um færsluna og framkvæmi,

— úttekt reiðufjár með rafrænum greiðslumiðli og hleðsla (og afhleðsla) rafræns seðils með búnaði á borð við hraðbanka og seðlavélar og hjá útgefanda eða stofnun sem er bundin af samningi um að taka við greiðslumiðlinum,

iii) „ávisanir yfir landamæri“: þær ávisanir sem skilgreindar eru í Genfarsamningnum þar sem kveðið er á um samræmd lög um ávisanir frá 19. mars 1931, og gefnar eru út á stofnun sem staðsett er í bandalaginu og notaðar við færslu fjármuna yfir landamæri í bandalaginu;

b) „rafrænn greiðslumiðill“: fjargreiðslumiðill og rafeyrir sem gerir handhafa kleift að framkvæma rafræna greiðslumiðlun einu sinni eða oft;

c) „fjargreiðslumiðill“: miðill sem gerir handhafa kleift að taka út fjármuni af reikningi sínum í stofnun og að inna af hendi greiðslu til viðtakanda og alla jafna krefst persónulegs auðkennisnúmers og/eða annarrar ámóta sönnunar. Til fjargreiðslumiðla teljast einkum greiðslukort (kreditkort, debetkort, debetkort með greiðslufresti eða kreditkort án hámarks) og síma- og heimabankaþjónusta. Færsla fjármuna yfir landamæri fellur ekki undir þessa skilgreiningu.

<sup>(1)</sup> ISO-staðall nr. 13613.

<sup>(2)</sup> ISO-staðall nr. 9362.



d) „rafeyrir“: hlaðanlegur greiðslumiðill, hvort sem um er að ræða reiðufjárkort eða tölvuminni sem greiðslueiningar eru geymdar á með rafrænum hætti;

e) „stofnun“: einstaklingur eða lögaðili sem annast færslur fjármuna yfir landamæri;

f) „gjaldfærslur“: allar gjaldfærslur stofnunar sem tengjast beint greiðslumiðlun í evrum yfir landamæri.

### 3. gr.

#### Gjöld fyrir rafræna greiðslumiðlun og færslu fjármuna yfir landamæri

1. Frá og með 1. júlí 2002 skulu gjöld stofnunar fyrir rafræna greiðslumiðlun í evrum yfir landamæri, sem nema allt að 12 500 evrum, vera þau sömu og gjaldfærslur sömu stofnunar vegna samskonar greiðslumiðlunar í evrum innan aðildarríkisins þar sem stofnunin, sem annast rafrænu greiðslumiðlunina yfir landamæri, hefur starfsstöð sína.

2. Í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2003 skulu gjöld stofnunar fyrir færslu fjármuna í evrum yfir landamæri, sem nema allt að 12 500 evrum, vera þau sömu og gjöld sömu stofnunar vegna samskonar færslu fjármuna í evrum innan aðildarríkisins þar sem stofnunin, sem annast færslu fjármuna yfir landamæri, hefur starfsstöð sína.

3. Frá og með 1. janúar 2006 skal fjárhæðin 12 500 evrur hækkuð í 50 000 evrur.

### 4. gr.

#### Gagnsæi gjaldtöku

1. Stofnun skal koma á framfæri við viðskiptavinina sína skriflega og, ef við á samkvæmt innlendum reglum, með rafrænum hætti, á eðlilegu og skiljanlegu máli fyrirframupplýsingum um gjaldtöku í tengslum við greiðslur yfir landamæri og greiðslur innan aðildarríkisins þar sem stofnunin hefur starfsstöð sína. Aðildarríkjum er heimilt að mæla fyrir um að á ávísanaheftum skuli vera yfirlýsing þar sem neytendur eru varaðir við því að gjald er tekið fyrir notkun ávísana yfir landamæri.

2. Allar breytingar á gjaldtöku skulu tilkynntar á sama hátt og segir í 1. mgr. áður en þær taka gildi.

3. Þegar stofnanir taka þóknun fyrir að skipta gjaldeyri yfir í og úr evrum skulu þær veita viðskiptavinum sínum:

a) fyrirframupplýsingar um þær þóknarir sem þær hyggjast taka fyrir skiptin; og

b) sérstakar upplýsingar um þær þóknarir sem þær hafa fengið fyrir skiptin.

### 5. gr.

#### Ráðstafanir til að auðvelda færslu fjármuna yfir landamæri

1. Stofnun skal, þegar það á við, tilkynna hverjum viðskiptavini, óski þeir þess, um alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) sitt og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar.

2. Viðskiptavinurinn skal, sé þess óskað, tilkynna stofnuninni, sem annast færsluna, um alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) viðtakanda og bankanúmer (BIC) stofnunar sem viðtakandi skiptir við. Veiti viðskiptavinurinn ekki framangreindar upplýsingar er stofnuninni heimilt að taka aukabóknun. Í slíku tilviki skal stofnunin, í samræmi við 4. gr., veita viðskiptavininum upplýsingar um aukabóknunina.

3. Frá og með 1. júlí 2003 skulu stofnanir láta alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar koma fram á reikningsyfirlitum allra viðskiptavina eða í viðauka við þau.

4. Birgir sem tekur við greiðslu með færslu fjármuna, skal við gerð vörureikninga fyrir vörur og þjónustu yfir landamæri í bandalaginu tilkynna viðskiptavininum sínum alþjóðlegt bankareikningsnúmer (IBAN) sitt og bankanúmer (BIC) stofnunarinnar sem hann skiptir við.

### 6. gr.

#### Skyldur aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu afnema í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2002 allar skyldur varðandi innlenda skýrslugjöf vegna hagskýrslna um greiðslujöfnuð um greiðslur yfir landamæri sem nema allt að 12 500 evrum.

2. Aðildarríkin skulu afnema í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2002 allar innlendar skyldur varðandi lágmarksupplýsingar sem veita skal um viðtakanda sem koma í veg fyrir að greiðslan fari fram á sjálfvirkan hátt.

### 7. gr.

#### Beiting þessarar reglugerðar

Beiting þessarar reglugerðar skal tryggð með viðurlögum sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif.

### 8. gr.

#### Endurskoðunarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. júlí 2004, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar:

— þróun grunnvirkja greiðslukerfa yfir landamæri,

— réttmæti þess að bæta þjónustu við neytendur með því að styrkja samkeppnisskilyrði við veitingu greiðsluþjónustu yfir landamæri,

- áhrif beitingar þessarar reglugerðar á gjöld fyrir greiðslur innan aðildarríkis,
- réttmæti þess að hækka upphæðina, sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., í 50 000 evrur frá og með 1. janúar 2006, með tilliti til afleiðinga þess fyrir fyrirtæki.

Skýrslunni skulu fylgja tillögur að breytingum eftir því sem við á.

9. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Þessi reglugerð gildir einnig um greiðslur yfir landamæri sem gerðar eru í gjaldmiðli annars aðildarríkis þegar það aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni um þá ákvörðun sína að rýmka beitingu reglugerðarinnar þannig að hún gildi um gjaldmiðil þess. Framkvæmdastjórnin skal birta tilkynninguna í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Rýmkunin öðlast gildi 14 dögum eftir téða birtingu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2001.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

N. FONTAINE

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. NEYTS-UYTTEBROECK

*forseti.*

---

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/20/EB

2005/EES/58/24

frá 8. apríl 2003

## um breytingu á tilskipun ráðsins 91/671/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn (\*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 71. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar ESB <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 153. gr. sáttmálans er þess einkum krafist að til að tryggja öfluga neytendavernd verði Bandalagið að leggja sitt af mörkum til að vernda heilbrigði, öryggi og efnahagslega hagsmuni neytenda.
- 2) Í ályktun sinni frá 13. mars 1984 <sup>(4)</sup> setti Evrópuþingið í forgang að gera notkun öryggisbelta skyldubundna á öllum vegum, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Í ályktun sinni frá 18. febrúar 1986 <sup>(5)</sup> lagði það áherslu á þörfina á því að gera notkun öryggisbelta skyldubundna fyrir alla farþega, þ.m.t. börn, nema í ökutækjum í opinberri þjónustu.
- 3) Í tilskipun 91/671/EBE <sup>(6)</sup> er kveðið á um skyldubundna notkun aðhaldsbúnaðar fyrir börn í sætum sem búin eru öryggisbeltum. Í þeirri tilskipun er ekki tilgreint hvaða tegund aðhaldsbúnaðar hæfir börnum best og í henni er heimilað að flytja börn án þess að þau séu fest með viðeigandi aðhaldsbúnaði fyrir börn þar sem slíkur búnaður er ekki fyrir hendi.
- 4) Nauðsynlegt er að setja strangari reglur um notkun slíks búnaðar og færast þar með nær reglunni um skyldubundna notkun sem um getur í annarri málsgrein 2. gr. tilskipunarinnar.

5) Með ákvörðun ráðsins 97/836/EB <sup>(7)</sup> gerðist Bandalagið aðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta.

6) Með aðild sinni að þessum samningi hefur Bandalagið gerst aðili að tiltekinni skrá reglugerða sem hafa verið samdar í samræmi við samninginn, þ.m.t. varðandi viðurkenningu á aðhaldsbúnaði fyrir börn sem eru farþegar í aflknúnum ökutækjum.

7) Jafnvel þótt tiltölulega fá börn látist í bílslysum miðað við þann fjölda dauðaslysa sem verða meðal fótgangandi barna og barna á hjólum er nauðsynlegt að herða sameiginlegar reglur um öryggi barna. Rannsóknir hafa einkum leitt í ljós að notkun aðhaldsbúnaðar fyrir börn geti dregið verulega úr alvarleika áverka af völdum bílslyss og að meiri hætta sé á að barn sem ekki er í belti verði fyrir alvarlegum áverkum í bílslysi en barn í belti.

8) Aðildarríkin geta, að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar, veitt tilteknar undanþágur fyrir flutningi á yfirráðasvæði sínu ef um er að ræða sérstakar aðstæður. Aðildarríkin skulu einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun.

9) Það verður æ algengara að ökutæki í flokki M2 og M3 séu búin öryggisbeltum í samræmi við tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 96/36/EB <sup>(8)</sup>, 96/37/EB <sup>(9)</sup> og 96/38/EB <sup>(10)</sup>, og því er eðlilegt að þess sé krafist að farþegar í sætum noti þau. Tilkynna ber farþegum í slíkum ökutækjum um að þeim sé skylt að nota öryggisbelti meðan ökutækið er á ferð.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 115, 9.5.2003, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 35.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 96 E, 27.3.2001, bls. 330.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 260, 17.9.2001, bls. 30.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 31. maí 2001 (Stjtið. EB C 47 E, 21.2.2002, bls. 156), sameiginleg afstaða ráðsins frá 14. nóvember 2002 (Stjtið. EB C 299 E, 3.12.2002, bls. 38) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. mars 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB C 104, 16.4.1984, bls. 38.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 68, 24.3.1986, bls. 35.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 26.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78.

<sup>(8)</sup> Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/36/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/541/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum (Stjtið. EB L 178, 17.7.1996, bls. 15).

<sup>(9)</sup> Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/37/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/408/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi innri stjórnbúnað vélknúinna ökutækja (styrkleiki sæta og öryggi, t.d. festingar) (Stjtið. EB L 186, 25.7.1996, bls. 28).

<sup>(10)</sup> Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/38/EB frá 17. júní 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/115/EBE að því er varðar festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum (Stjtið. EB L 187, 26.7.1996, bls. 95).

- 10) Eins og sakir standa eru ekki til neinar rannsóknir, viðurkenndar á vettvangi Bandalagsins, á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn yngri en þriggja ára í ökutækjum í flokki M2 og M3. Þar sem mikilvægt er að vernda börn gegn hvers kyns slysum ber framkvæmdastjórninni að láta fara fram slíkar rannsóknir til að ákvarða hvaða ráðstafanir Bandalagsins henti best börnum sem ferðast í slíkum ökutækjum. Þar til þessum rannsóknum er lokið er aðildarríkjunum hins vegar heimilt að ráða því hvaða ráðstöfunum skuli beitt.
- 11) Stöðug tækniþróun á sér stað á sviði öryggisbúnaðar. Því er þörf að koma á kerfi til tæknilegrar aðlögunar.
- 12) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Tilskipun 91/671/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað titilsins:

„Tilskipun ráðsins frá 16. desember 1991 um skyldubundna notkun öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar fyrir börn í ökutækjum.“

2. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um öll vélknúin ökutæki í flokki M1, M2, M3, N1, N2 og N3, eins og þau eru skilgreind í II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE (\*), sem eru ætluð til aksturs á vegum, eru á a.m.k. fjórum hjólum og hönnuð fyrir hámarkshraða yfir 25 km/klst.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— skilgreiningin á öryggisbúnaði, þ.m.t. öryggisbelti og aðhaldsbúnaður fyrir börn að því er varðar ökutæki í flokki M1 og N1, og íhlutum þeirra, skal vera sú sem er að finna í I. viðauka við tilskipun 77/541/EBE (\*\*),

— „afturvísandi“: sem snýr í gagnstæða átt við eðlilega akstursstefnu.

3. Skipta skal aðhaldsbúnaði í fimm flokka eftir þyngd barnsins:

a) flokkur 0 fyrir börn léttari en 10 kg,

b) flokkur 0+ fyrir börn léttari en 13 kg,

c) flokkur I fyrir börn sem vega 9–18 kg,

d) flokkur II fyrir börn sem vega 15–25 kg,

e) flokkur III fyrir börn sem vega 22–36 kg.

4. Skipta skal aðhaldsbúnaði fyrir börn í tvo undirflokka:

a) fastan aðhaldsbúnað sem felur í sér samsetningu af öllum eða sveigjanlegum íhlutum með lássýlgju, stillingarbúnaði og festingum og í sumum tilvikum einnig viðbótarstól og/öð hægghlíf, sem unnt er að festa með áfastri ól eða öllum hennar.

b) lausan aðhaldsbúnað sem getur verið hluti aðhaldsbúnaðar sem myndar fullbúinn aðhaldsbúnað fyrir börn þegar hann er notaður með öryggisbelti fyrir fullorðna, sem er spennt um líkama barnsins, eða veitir búnaðinum, sem barninu er komið fyrir í, aðhald.

(\*) Tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtið EB L 42, 23.2.1970, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/116/EB (Stjtið. EB L 18, 21.1.2002, bls. 1).

(\*\*) Tilskipun ráðsins 77/541/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öryggisbelti og aðhaldsbúnað í vélknúnum ökutækjum (Stjtið EB L 220, 29.8.1977, bls. 95). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/3/EB (Stjtið. EB L 53, 25.2.2000, bls. 1).“

3. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

1. Ökutæki í flokki M1, N1, N2 og N3:

a) i) Aðildarríkin skulu, að því er varðar ökutæki í flokki M1, N1, N2 og N3, krefjast þess að allir farþegar ökutækja í notkun noti fyrirbyggjandi öryggisbúnað.

Börn, sem eru undir 150 cm á hæð og ferðast í ökutækjum í flokki M1, N1, N2 og N3 sem í er öryggisbúnaður, skulu fest með föstum eða lausum aðhaldsbúnaði fyrir börn, í skilningi a- og b-liðar 4. mgr. 1. gr., sem hæfir þyngd barnsins, eins og skilgreint er í 3. mgr. 1. gr.

Í ökutækjum í flokki M1, N1, N2 og N3 sem eru án öryggisbúnaðar:

— má ekki flytja börn yngri en þriggja ára,

— skulu börn þriggja ára eða eldri og undir 150 cm á hæð sitja í öðru sæti en framsætinu, sbr. þó ii-lið.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

ii) Aðildarríkin geta heimilað, á eigin yfirráðasvæði, að börn, sem eru undir 150 cm á hæð en yfir 135 cm á hæð, séu spennt með sætisbeltum sem eru ætluð fullorönu fólki. Endurskoða þær þessar hæðartakmarkanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr. b.

iii) Aðildarríkin geta þó heimilað, á eigin yfirráðasvæði, að börnin, sem um getur í i- og ii-lið, séu ekki fest með aðhaldsbúnaði fyrir börn þegar þau ferðast með leigubílum. Þegar framangreind börn ferðast með leigubílum, sem eru ekki búnir aðhaldsbúnaði fyrir börn, skulu þau sitja í öðru sæti en framsæti.

b) Börn í afturvisandi aðhaldsbúnaði fyrir börn mega ekki vera í farþegasæti með öryggispúða fyrir framan til verndar nema púðinn hafi verið gerður óvirkur, jafnvel þótt aftenging öryggispúðans sé sjálfvirk.

c) Aðhaldsbúnaður, sem notaður er fyrir börn, skal vera viðurkenndur í samræmi við staðla í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 44/03 eða tilskipun 77/541/EBE eða einhverja síðari aðlögun reglugerðarinnar eða tilskipunarinnar.

d) Aðildarríkjunum er heimilt, til 9. maí 2008, að leyfa notkun aðhaldsbúnaðar fyrir börn sem er viðurkenndur í samræmi við gildandi landsstaðla í aðildarríkinu á þeim degi sem aðhaldsbúnaðurinn er settur upp eða landsstaðla sem eru jafngildir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 44/03 eða tilskipun 75/541/EBE.

## 2. Ökutæki í flokki M2 og M3:

a) Aðildarríkin skulu krefjast þess að allir farþegar ökutækja í flokki M2 og M3, sem eru þriggja ára eða eldri, skuli nota öryggisbúnað sem er fyrir hendi meðan þeir sitja.

Aðhaldsbúnaður fyrir börn skal vera viðurkenndur í samræmi við c- og d-lið 1. mgr.

b) Tilkynna ber farþegum ökutækja í flokki M2 og M3 að þeim sé skylt að nota sætisbelti meðan þeir sitja og ökutækið er á ferð. Þeim skal tilkynnt það með einni eða fleiri af eftirfarandi aðferðum:

— af hálfu ökumanns,

— af hálfu leiðsögumanns eða þess einstaklings sem fer fyrir hópnum,

— með hljóð- og myndmiðli (t.d. á myndbandi),

— með merkjum og/eða táknmyndum sem aðildarríkin taka upp í samræmi við Bandalagshönnunina í viðaukanum, og komið er fyrir á áberandi stað við hvert sæti.“

## 4. Ákvæði 4. gr. falli brott.

## 5. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Aðildarríkin geta, að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar, veitt aðrar undanþágur en þær sem mælt er fyrir um í 5. gr. í því skyni:

— að taka tillit til sérstaks líkamlegs ástands eða tiltekinna aðstæðna í takmarkaðan tíma,

— að unnt sé að vinna tiltekin störf með skilvirkum hætti,

— að tryggja sem besta löggæslu og öryggis- og neyðarþjónustu,

— að heimila, þar sem aðhaldsbúnaði fyrir tvö börn er komið fyrir í aftursæti ökutækis í flokki M1 og N1 og ekki er rými fyrir þriðja búnaðinn, að þriðja barnið, þriggja ára eða eldri og undir 150 cm að hæð, sé fest með öryggisbelti fyrir fulloröna,

— að heimila að festa megi þriggja ára börn og eldri, sem sitja í öðrum sætum en framsætum í ökutækjum í flokki M1 og N1, með öryggisbeltum fyrir fulloröna við tilfallandi flutninga stuttar vegalengdir þegar enginn aðhaldsbúnaður fyrir börn er til staðar í ökutækinu eða ekki er búnaður fyrir nægilega mörg börn,

— að taka tillit til sérstakra notkunaraskilyrða ökutækja í flokki M2 og M3 við innanbæjarflutninga og í þéttbýli eða þar sem heimilt er að standa.“

## 6. Eftirfarandi grein bætist við:

„6. gr. a

Aðildarríkjunum er heimilt, að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar, að veita aðrar tímabundnar undanþágur en þær, sem kveðið er á um í 5. og 6. gr., fyrir því að fleiri börn í sætum séu flutt í ökutækjum í flokki M2 og M3 en fjöldi sæta, sem búin eru öryggisbeltum, segir til um, þegar um er að ræða staðbundna flutninga, einkum flutning skólabarna, með fyrirvara um að farið sé að reglum viðkomandi aðildarríkis.

Gildistími slíkrar undanþágu, sem aðildarríki veitir, má ekki vera lengri en 5 ár frá 9. maí 2003 að telja.

6. gr. b

Aðildarríkjunum er heimilt, að því er varðar flutninga á eigin yfirráðasvæði, að veita aðrar tímabundnar undanþágur en þær sem kveðið er á um í 5. og 6. gr., fyrir flutningi fleiri farþega í sætum í ökutækjum í flokki M1 og N1 en fjöldi sæta, sem eru búin öryggisbeltum eða aðhaldsbúnaði, segir til um, með fyrirvara um að farið sé að reglum viðkomandi aðildarríkis.

Gildistími slíkrar undanþágu, sem aðildarríki veitir, má ekki vera lengri en 6 ár frá 9. maí 2003 að telja.“

## 7. Eftirfarandi greinar bætist við:

## 2. gr.

## „7. gr. a

1. Heimilt er að aðlagða 2. og 6. gr. þessarar tilskipunar með tilliti til tækniþróunar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr. b.

2. Framkvæmdastjórnin skal halda áfram að láta fara fram rannsóknir á því hvers konar öryggisbúnaður er best til þess fallinn að tryggja öryggi allra farþega gegn hvers kyns slysum og skal hún leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið varðandi niðurstöður þessara rannsókna og beitingu þessarar tilskipunar, einkum varðandi undanþágur sem aðildarríkin hafa veitt skv. 6. gr. til að meta hvort ráðlegt sé að herða öryggisráðstafanir og auka samræmingu. Framkvæmdastjórnin leggur fram viðeigandi tillögur á grundvelli þessarar skýrslu þar sem við á.

## 7. gr. b

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB (\*) gilda, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(\*) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.“

8. Texti viðaukans við þessa tilskipun bætist við.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 9. maí 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

## 3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

## 4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 8. apríl 2003.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. DRYG

*forseti.*

*VIDAUKI*„*VIDAUKI*“

**HÖNNUN TÁKNMYNDAR FYRIR BANDALAGIÐ, SEM KOMIÐ SKAL FYRIR Á ÁBERANDI STAÐ VIÐ HVERT  
SÆTI, SEM BÚIÐ ER ÖRYGGISBELTI  
Í ÖKUTÆKJUM Í FLOKKI M2 OG M3 SEM FALLA UNDIR TILSKIPUN 91/671/EBE**

Litir: hvít vera á bláum grunni



“

---

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/26/EB

2005/EES/58/25

frá 3. apríl 2003

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB að því er varðar hraðatakmarkara og útblástur frá atvinnuökutækjum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB frá 6. júní 2000 um tæknilegt eftirlit á vegum með aksturshæfni vöruflutningabifreiða í bandalaginu <sup>(1)</sup>, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2000/30/EB er settur lagarammi fyrir vegaeftirlit með atvinnuökutækjum, hvort sem þau eru til flutninga á farþegum eða farmi. Samkvæmt þeirri tilskipun ber aðildarríkjnum að láta fara fram ár hvert, auk árlegrar prófunar á aksturshæfni, fyrirvaralaust vegaeftirlit með dæmigerðu úrtaki atvinnuökutækja-flotans.
- 2) Prófun á aksturshæfni fellur undir tilskipun ráðsins 96/96/EB frá 20. desember 1996 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/11/EB <sup>(3)</sup> sem nær yfir reglubundna prófun á aksturshæfni, og undir tilskipun 2000/30/EB þar sem fjallað er um vegaeftirlit með aksturshæfni stórra atvinnuökutækja. Í báðum tilskipunum er vísað til sömu nefndar og sömu málsmeðferðar að því er tæknilega aðlögun varðar.
- 3) Tilskipun 96/96/EB var breytt með forskrift um strangari losunarmörk í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja og eftirlit með virkni hraðatakmarkunarbúnaðar fyrir stór atvinnuökutæki. Til að halda samræmi við þá tilskipun ber einnig að laga tilskipun 2000/30/EB að setningu nýrra tæknilegra ákvæða þannig að innbyggð greiningarkerfi (OBD) og hraðatakmarkarar falli undir eftirlit á vegum. Enn fremur þarf að uppfæra tilskipun 2000/30/EB (ásamt tilskipun 96/96/EB) svo að unnt sé að fella inn í hana endurskoðuð viðmiðunarmörk við prófun á losun í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja.

- 4) Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem var komið á fót með 8. gr. tilskipunar 96/96/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 2000/30/EB er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. apríl 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Loyola DE PALACIO

*varaforseti*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 36.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 203, 10.8.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 48, 17.2.2001, bls. 20.



## VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 2000/30/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað k-liðar í 10. lið I. viðauka:

„k) hraðatakmörkunarbúnaður (uppsetning og virkni)“.

2. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

— Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Sérstök skilyrði varðandi útblásturskerfi

2.1. *Vélknúin ökutæki með rafkveikjuhreyfla (bensinhreyfla)*

- a) Ef útblæstri er ekki stjórnað með háþrúðum mengunarvarnarbúnaði, s.s. þrívirkum hvarfakút með „lambda“-nema:

1. Sjónskoðun á útblásturskerfinu til að ganga úr skugga um að ekkert vanti í það, það sé í fullnægjandi ástandi og að það leki ekki.
2. Sjónskoðun á hvers konar mengunarvarnarbúnaði, sem framleiðandi hefur komið fyrir, til að ganga úr skugga um að ekkert vanti í hann, hann sé í fullnægjandi ástandi og leki ekki.

Þegar hreyfillinn hefur verið hitaður upp í hæfilegan tíma (með hliðsjón af fyrirmælum framleiðenda ökutækisins) er styrkur kolmónoxíðs (CO) í útblásturslofti mældur með hreyfilinn í hægagangi (án álags).

Leyfilegur hámarksstyrkur kolmónoxíðs í útblásturslofti er sá styrkur sem framleiðandi ökutækisins gefur upp. Ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir eða ef lögbær yfirvöld í aðildarríkinu ákveða að nota þær ekki sem viðmiðunargildi má styrkur kolmónoxíðs ekki vera meiri en hér segir:

- i) þegar um er að ræða ökutæki sem eru fyrst skráð eða tekin í notkun á tímabilinu frá þeim degi þegar ökutækið á að vera í samræmi við tilskipun 70/220/EBE <sup>(1)</sup> að kröfu aðildarríkjanna og til 1. október 1986: kolmónoxíð – 4,5% af rúmmáli,
- ii) þegar um er að ræða ökutæki sem eru fyrst skráð eða tekin í notkun eftir 1. október 1986: kolmónoxíð – 3,5% af rúmmáli.

- b) Ef útblæstri er stjórnað með háþrúðum mengunarvarnarbúnaði, svo sem þrívirkum hvarfakút með „lambda“-nema:

1. Sjónskoðun á útblásturskerfinu til að ganga úr skugga um að ekkert vanti í það, það sé í fullnægjandi ástandi og að það leki ekki.
2. Sjónskoðun á hvers konar mengunarvarnarbúnaði, sem framleiðandi hefur komið fyrir, til að ganga úr skugga um að ekkert vanti í hann, hann sé í fullnægjandi ástandi og leki ekki.
3. Ákvörðun á skilvirkni mengunarvarnarbúnaðarins sem er framkvæmd með því að mæla „lambda“-gildið og styrk kolmónoxíðs í útblásturslofti í samræmi við 4. lið eða með aðferðum sem framleiðendur mæla með og hafa verið samþykktar við gerðarviðurkenningu. Í hverri prófun er hreyfillinn hitaður upp í samræmi við fyrirmæli framleiðenda ökutækisins.
4. Losun úr útblástursröri - viðmiðunarmörk.

Leyfilegur hámarksstyrkur kolmónoxíðs í útblásturslofti er sá styrkur sem framleiðandi ökutækisins gefur upp. Ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir má styrkur kolmónoxíðs ekki vera meiri en hér segir:

- i) Mæling með hreyfil í hægagangi:

Leyfilegur hámarksstyrkur kolmónoxíðs í útblásturslofti má ekki vera yfir 0,5% af rúmmáli og að því er varðar ökutæki, sem hafa verið gerðarviðurkennd í samræmi við viðmiðunarmörk sem eru sett fram í línu A eða línu B í töflunni í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/69/EB (\*\*) eða síðar, má styrkur kolmónoxíðs ekki fara yfir 0,3% af rúmmáli. Ef ekki reynist unnt að finna samsvörun við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/69/EB, gildir framanskráð um ökutæki sem eru skráð eða fyrst tekin í notkun eftir 1. júlí 2002.

- ii) Mæling við mikinn snúningshraða í lausagangi (án álags), hraði hreyfils a.m.k. 2000 snún./mín.:

Styrkur kolmónoxíðs: Leyfilegur hámarksstyrkur kolmónoxíðs í útblásturslofti má ekki vera yfir 0,3% af rúmmáli og að því er varðar ökutæki, sem hafa verið gerðarviðurkennd í samræmi við viðmiðunarmörk sem eru sett fram í línu A eða línu B í töflunni í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/69/EB eða síðar, má styrkur kolmónoxíðs ekki fara yfir 0,2% af rúmmáli. Ef ekki reynist unnt að finna samsvörun við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/69/EB, gildir framanskráð um ökutæki sem eru skráð eða fyrst tekin í notkun eftir 1. júlí 2002.

Lambda-gildi:  $1 \pm 0,03$  eða í samræmi við forskriftir framleiðenda.

- iii) Að því er varðar ökutæki sem eru búin innbyggðum greiningarkerfum í samræmi við tilskipun 70/220/EBE (eins og henni var breytt með tilskipun 98/69/EB og síðar) er aðildarríkjunum heimilt, í stað þeirra prófana sem eru tilgreindar í i-lið, að staðfesta að útblásturskerfið starfi rétt með viðeigandi aflestri af innbyggða greiningartækinu og með því að athuga um leið hvort innbyggða greiningarkerfið starfi eðlilega.

## 2.2. Vélknúin ökutæki með þjöppukveikjuhreyflum (dísilhreyflum)

- a) Mæla skal reykþéttni útblásturslofts við hröðun (frá hægagangi og upp í marksnúningshraða, án álags) í hlutlausum gir og með tengslin virk.
- b) Undirbúningur ökutækis:
  1. Prófa má ökutæki án undirbúnings þótt rétt sé, af öryggisástæðum, að ganga úr skugga um að hreyfillinn sé heitur og í viðunandi ásigkomulagi.
  2. Engu ökutæki skal hafna nema það hafi verið undirbúið samkvæmt eftirfarandi kröfum með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í 5. undirlið d-liðar:
    - i) Hreyfillinn skal vera orðinn heitur; t.d. skal hitinn á smurolíunni vera a.m.k. 80°C þegar hann er mældur með nema í oliukvarðarörinu eða vera við eðlilegan ganghita ef hann er lægri eða vélarblokkinn skal vera a.m.k. jafnheit þegar hiti hennar er mældur, miðað við stig innrauðrar geislunar. Ef þessi mæling er óhagkvæm vegna lögunar ökutækis má komast að því eftir öðrum leiðum hver eðlilegur ganghiti hreyfilsins er, t.d. með því að setja kæliviftu hreyfilsins í gang.
    - ii) Útblásturskerfi skal hreinsa með a.m.k. þremur hröðunarferlum eða annarri samsvarandi aðferð.
- c) Prófunaraðferð:
  1. Sjónskoðun á hvers konar mengunarvarnarbúnaði, sem framleiðandi hefur komið fyrir, til að ganga úr skugga um að ekkert vanti í hann, hann sé í fullnægjandi ástandi og leki ekki.
  2. Hreyfill og hverfþjappa, ef hún er tengd, skulu vera í hægagangi áður en hvert hröðunarferli hefst. Þegar um er að ræða þung, dísilknúin ökutæki þýðir þetta að biða þarf í a.m.k. 10 sekúndur eftir að eldsneytisgjöfnni er sleppt.
  3. Við upphaf hvers hröðunarferlis verður að gefa eldsneytið alveg í botn og óslitið (á innan við einni sekúndu), en ekki harkalega, til að ná fram hámarksafköstum eldsneytisdælnunar.
  4. Á meðan á hröðunarferli stendur verður hreyfillinn að ná markhraða eða, þegar um er að ræða ökutæki með sjálfskiptingu, þeim hraða sem framleiðandinn tiltekur eða, ef þær upplýsingar liggja ekki fyrir, tveimur þriðju af markhraðanum áður en eldsneytisgjöfnni er sleppt. Hægt er að hafa eftirlit með þessu, t.d. með því að fylgjast með snúningshraðanum eða með því að láta nægan tíma líða frá því að eldsneyti er fyrst gefið inn og þar til því er hætt, en það ættu að vera a.m.k. tvær sekúndur ef um er að ræða ökutæki sem tilheyra 1. og 2. flokki í I. viðauka.
- d) Viðmiðunarmörk:
  1. Reykþéttnistigið má ekki fara yfir það stig sem er skráð á plötuna samkvæmt tilskipun 72/306/EBE<sup>(\*\*)</sup>.
  2. Ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir eða ef lögbær yfirvöld í aðildarríkinu ákveða að nota þær ekki til viðmiðunar má reykþéttnistigið ekki fara yfir það stig, sem framleiðandinn tilgreinir, eða viðmiðunarmörk gleypnistuðulsins sem eru sem hér segir:

Hámarksgildi gleypnistuðuls fyrir:

    - dísilhreyfla með innsogi = 2,5 m<sup>-1</sup>,
    - dísilhreyfla með forþjöppu = 3,0 m<sup>-1</sup>,
    - viðmiðunarmarkið 1,5 m<sup>-1</sup> gildir um eftirfarandi ökutæki sem hafa verið gerðarviðurkennd samkvæmt viðmiðunarmörkunum sem fram koma í:
      - a) línu B í töflunni í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/69/EB - (létt dísilökutæki - Euro4),
      - b) línu B1 í töflunni í lið 6.2.1 í I. viðauka við tilskipun 88/77/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 1999/96/EB - (þung dísilökutæki - Euro4),
      - c) línu B2 í töflunni í lið 6.2.1 í I. viðauka við tilskipun 88/77/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 1999/96/EB - (þung dísilökutæki - Euro5),
      - d) línu C í töflunni í lið 6.2.1 í I. viðauka við tilskipun 88/77/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 1999/96/EB - (þung dísilökutæki - umhverfisvæn ökutæki (EEV),eða viðmiðunarmörk í síðari breytingum á tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/69/EB eða viðmiðunarmörk í síðari breytingum á tilskipun 88/77/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 1999/96/EB, eða sambærileg gildi ef notuð eru tæki af annarri gerð en þau sem notuð eru við EB-gerðarviðurkenningu.Ef ekki reynist unnt að finna samsvörun við lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 98/69/EB, eða við lið 6.2.1 í I. viðauka við tilskipun 88/77/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 1999/96/EB, gildir framanskráð um ökutæki sem eru skráð eða fyrst tekin í notkun eftir 1. júlí 2008.

3. Ökutæki, sem eru fyrst skráð eða tekin í notkun fyrir 1. janúar 1980, eru undanþegin þessum kröfum.
4. Ökutækjum skal því aðeins hafna ef meðaltal þriggja síðustu hröðunarferla hið minnsta er hærra en viðmiðunarmarkið. Þetta má reikna út með því að taka ekki með í reikninginn þær mælingar sem víkja verulega frá mælda meðaltalinu eða með því að nota niðurstöður annarra tölfræðiútreikninga sem taka tillit til dreifingar í mælingum. Aðildarríkin mega takmarka hámarksfjölda prófunarferla.
5. Til að forðast óþarfar prófanir geta aðildarríkin, með undantekningu frá ákvæðum 4. liðar d-liðar í lið 2.2, hafnað ökutækjum sem eru með verulega hærri mæligildi en viðmiðunarmörkin segja til um eftir færri en þrjú hröðunarferli eða eftir hreinsunarferlin (eða samsvarandi) sem tilgreind eru í ii-lið 2. liðar b-liðar í lið 2.2. Til að forðast óþarfar prófanir geta aðildarríkin, að sama skapi með undantekningu frá ákvæðum 4. liðar d-liðar í lið 2.2, samþykkt ökutæki sem eru með verulega lægri mæligildi en viðmiðunargildin segja til um eftir færri en þrjú hröðunarferli eða eftir hreinsunarferlin (eða samsvarandi) sem tiltekin eru í ii-lið 2. liðar b-liðar í lið 2.2.

### 2.3. *Prófunarbúnaður*

Útblástur ökutækja er prófaður með búnaði sem er hannaður til að mæla nákvæmlega hvort ökutækin eru í samræmi við markgildin sem mælt er fyrir um eða framleiðandi fylgir.

(\*) Stjtið. EB L 76, 9.3.1970, bls. 1.

(\*\*) Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 1.

(\*\*\*) Stjtið. EB L 190, 20.8.1972, bls. 1.“

— Eftirfarandi 3. liður bætist við:

### „3. Sérstök skilyrði varðandi hraðatakmarkara

- eftirlit með, ef við verður komið, að hraðatakmarkunarbúnaði sé komið fyrir eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 92/6/EEB (\*),
- eftirlit með að plata hraðatakmarkunarbúnaðar sé gild,
- eftirlit með, ef við verður komið, að innsigli hraðatakmarkunarbúnaðar sé óbrotið og einnig önnur vörn gegn því að átt sé við tengingar á ólöglegan hátt,
- eftirlit með, ef við verður komið, að hraðatakmarkunarbúnaðurinn komi í veg fyrir að ökutækin, sem um getur í 2. og 3. gr. tilskipunar 92/6/EEB, fari fram úr fyrir fram ákvörððu gildunum.

(\*) Stjtið. EB L 57, 2.3.1992, bls. 27.“

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/25/EB

2005/EES/58/26

frá 14. apríl 2003

## um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskip (\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að gera frekari ráðstafanir innan ramma sameiginlegrar stefnu í flutningamálum til að bæta öryggi í farþegaflutningum á sjó.
- 2) Bandalagið vill reyna með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir mannskæð sjóslys þar sem ekjufarþegaskip eiga í hlut.
- 3) Eiginleiki ekjufarþegaskipa til að þola áraun í kjölfar tjóns af völdum áreksturs, eins og ákvarðað er í staðli um lekastöðugleika þeirra, er mikilvægur þáttur varðandi öryggi farþega og áhafnar, einkum að því er varðar leitar- og björgunaraðgerðir. Ef ekjufarþegaskip með lokuðu ekjuþilfari verður fyrir tjóni af völdum áreksturs stafar stöðugleika þess mest hættu af því að verulegt vatnsmagn safnist fyrir á þilfarinu.
- 4) Einstaklingar sem ferðast með ekjufarþegaskipum og skipverjar sem starfa um borð í slíkum skipum í Bandalaginu skulu eiga rétt á því að krefjast þess að öryggisstigið sé jafnhátt án tillits til þess á hvaða svæðum skipin starfa.
- 5) Aðgerðir á vettvangi Bandalagsins eru markvissasta leiðin til að koma á almennu lágmarksöryggi fyrir skip innan Bandalagsins, þar sem farþegaflutningar á sjó varða einnig innri markaðinn.
- 6) Aðgerðir á vettvangi Bandalagsins eru best til þess fallnar að tryggja samræmda framkvæmd ýmissa

meginreglna sem samþykktar hafa verið af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO), og koma þannig í veg fyrir röskun á samkeppni milli hinna ýmsu aðila sem reka ekjufarþegaskip í Bandalaginu.

- 7) Almennar kröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa í löskuðu ástandi voru settar á alþjóðavettvangi á ráðstefnu um öryggi mannlífa á hafinu 1990 (SOLAS 90) og voru þær felldar inn í reglu II-1/B/8 í SOLAS-samþykktinni (SOLAS 90-staðall). Þessar kröfur gilda í öllu Bandalaginu sökum þess að SOLAS-samþykktin gildir milliliðalaust um millilandasiglingar og tilskipun ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip um innanlandssiglingar <sup>(4)</sup>.
- 8) Í staðli um lekastöðugleika samkvæmt SOLAS 90-staðlinum er fjallað óbeint um áhrif þess þegar vatn flæðir inn á ekjuþilfari í sjólagi þar sem hæð kenniöldu er 1,5 m.
- 9) Í 14. IMO-ályktun SOLAS-ráðstefnunnar frá 1995 var aðildarríkjum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar heimilað að gera svæðisbundna samninga ef þeir álíta að ríkjandi sjólag og aðrar staðbundnar aðstæður kalli á sérkröfur um stöðugleika á tilteknu svæði.
- 10) Átta lönd í Norður-Evrópu, þ.m.t. sjö aðildarríki, samþykktu í Stokkhólmi 28. febrúar 1996 að herða kröfur um stöðugleika að því er varðar ekjufarþegaskip í löskuðu ástandi til að taka tillit til áhrifa uppsöfnunar vatns á ekjuþilfari og til að gera skipum kleift að þola meiri áraun af völdum sjólags og veðurhæðar en tilgreind er í SOLAS 90-staðlinum, eða hæð kenniöldu sem er allt að 4 m.
- 11) Samkvæmt þessum samningi, sem gengur undir nafninu Stokkhólmsamningurinn, tengjast sérkröfur um stöðugleika beint því hafsvæði þar sem skipið er starfrækt og nánar tiltekið þeirri hæð kenniöldu sem mælt hefur á farsviðinu en hæð hennar, þar sem skipið er starfrækt, ákvarðar vatnshæðina sem myndi verða á bilapilfari í kjölfar tjóns af völdum slyss.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 123, 17.5.2003, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 157/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 37.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 20 E, 28.1.2003, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 11. desember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 7. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), og ákvörðun ráðsins frá 17. mars 2003.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1; Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/84/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).

- 12) Við lok ráðstefnunnar þar sem Stokkhólmssamningurinn var samþykktur greindi framkvæmdastjórnin frá því að samningurinn gildi ekki í öðrum hlutum Bandalagsins og tilkynnti að hún hygðist rannsaka ríkjandi, staðbundnar aðstæður þar sem ekjufarþegaskip sigla á hafsvæðum í Evrópu og grípa til viðeigandi ráðstafana.
- 13) Ráðið gaf yfirlýsingu í fundargerð 2074. fundar ráðsins frá 17. mars 1998 þar sem áhersla er lögð á nauðsyn þess að tryggja sama öryggisstig fyrir allar farþegaferjur sem eru starfræktar við svipaðar aðstæður, hvort sem þær eru í millilanda- eða innanlandssiglingum.
- 14) Í ályktun sinn frá 5. október 2000 varðandi það þegar gríska ferjan Samina sökk<sup>(1)</sup> lýsti Evrópuþingið því yfir að það biði eftir mati framkvæmdastjórnarinnar á árangri af Stokkhólmssamningnum og öðrum ráðstöfunum til að auka stöðugleika og öryggi um borð í farþegaskipum.
- 15) Í kjölfar sérfræðirannsóknar, sem framkvæmdastjórnin lét framkvæma, kom í ljós að ölduhæð á hafsvæðum í Suður-Evrópu er svipuð og á hafsvæðum í Norður-Evrópu. Jafnvel þótt veðurskilyrði séu almennt hagstæðari í Suður-Evrópu er stöðugleikastaðall, sem er ákvarðaður í tengslum við Stokkhólmssamninginn, eingöngu byggður á hæð kenniöldunnar og því hvernig hún verkar á uppsöfnun vatns á ekjupílfari.
- 16) Beiting öryggisstaðla í Bandalaginu um stöðugleikakröfur fyrir ekjufarþegaskip er afar mikilvæg að því er varðar öryggi þessara skipa og skal hún vera hluti af sameiginlegum siglingaöryggisreglum.
- 17) Í því skyni að auka öryggi og koma í veg fyrir röskun á samkeppni skulu sameiginlegir öryggisstaðlar um stöðugleika gilda um öll ekjufarþegaskip sem eru í áætlunarferðum milli hafna aðildarríkja, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla.
- 18) Öryggi skipa er fyrst og fremst á ábyrgð fánaríkja og því skal hvert aðildarríki tryggja að farið sé eftir öryggiskröfum sem gilda um ekjufarþegaskip sem sigla undir fána þess.
- 19) Tilskipun þessari er einnig beint til aðildarríkja í hlutverki sínu sem gistiríki. Ábyrgðin sem þau bera sem slík byggist á sérstökum hafnaríkisskyldum sem eru í fullu samræmi við Hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna frá 1982 (UNCLOS).
- 20) Sérkröfur um stöðugleika, sem eru settar fram í þessari tilskipun, skulu byggjast á aðferð sem gerð er grein fyrir í viðaukum við Stokkhólmssamninginn þar sem vatnshæð á ekjupílfari, í kjölfar tjóns af völdum áreksturs, er reiknuð út á grundvelli tveggja grunnfæríbreytna, þ.e. afgangsfriborðs skipsins og hæðar kenniöldu á því hafsvæði þar sem skipið starfar.
- 21) Aðildarríkjum ber að ákvarða og birta tölur yfir hæð kenniöldu á hafsvæðum sem ekjufarþegaskip sigla um í föstum áætlunarferðum til eða frá höfnum þeirra. Aðildarríkin á hvorum enda siglingarleiðarinnar skulu, ef við á og það er mögulegt, saman skilgreina hæð kenniöldu á alþjóðasiglingaleiðum. Einnig ber að ákvarða hæð kenniöldu fyrir árstíðabundna starfsemi á sama hafsvæði.
- 22) Hvert ekjufarþegaskip, sem stundar siglingar sem rúmast innan gildissviðs þessarar tilskipunar, skal uppfylla kröfur um stöðugleika í tengslum við hæð kenniöldu sem er ákvörðuð fyrir þau hafsvæði þar sem skipið er að störfum. Skipið skal hafa um borð samræmissskírteini sem er gefið út af stjórnvaldi fánaríkisins og sem öll aðildarríkin skulu viðurkenna.
- 23) Í SOLAS 90-staðlinum er kveðið á um öryggisstig, sem jafngildir sérkröfunum um stöðugleika sem er ákvarðað í þessari tilskipun, fyrir skip sem starfa á hafsvæðum þar sem hæð kenniöldu er 1,5 m eða lægri.
- 24) Með tilliti til þeirra breytinga, sem kann að þurfa að gera á burðarvirki gamalla ekjufarþegaskipa til að þau uppfylli tilteknar kröfur um stöðugleika, skulu þessar kröfur innleiddar á nokkurra ára tímabili til að gefa þeim hluta atvinnugreinarinnar, sem þetta hefur áhrif á, svigrúm til að uppfylla kröfurnar. Því ber að gera áætlun um aðlögunartímabil fyrir gömul skip. Þessi áætlun um aðlögunartímabil skal ekki hafa áhrif á framkvæmd sérkrafna um stöðugleika á hafsvæðum sem falla undir viðaukana við Stokkhólmssamninginn.
- 25) Í e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögboðinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum<sup>(2)</sup> er kveðið á um að gistiríki skuli hafa eftirlit með því að ekjufarþegaferjur og háhraðafarþegaför uppfylli sérkröfur um stöðugleika, sem samþykktar voru á svæðisvísu og teknar upp í innlenda löggjöf þeirra, þegar rekstur þessara skipa fellur undir innlenda löggjöf viðkomandi svæðis.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 178, 22.6.2001, bls. 288.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2002/84/EB Evrópuþingsins og ráðsins.

- 26) Ekki skal þess krafist að háhraðafarþegafor, eins og þau eru skilgreind í 1. reglu X. kafla SOLAS-samþykktarinnar, með áorðnum breytingum, uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar, að því tilskildu að þau uppfylli að öllu leyti ákvæði „Alþjóðlegs kóða Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi háhraðafara“, með áorðnum breytingum.
- 27) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.
- 28) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. að bæta eiginleika ekjufarþegaskipa til að þola áraun í kjölfar tjóns, er slíku markmiði, sökum umfangs og áhrifa aðgerðanna, betur náð á vettvangi Bandalagsins og því er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi því markmiði.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

##### Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að mæla fyrir um samræmt stig sérkrafna um stöðugleika fyrir ekjufarþegaskip sem mun bæta eiginleika þessarar tegundar skipa til að þola áraun í kjölfar tjóns af völdum áreksturs og tryggja fyllsta öryggi farþega og áhafnar.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „ekjufarþegaskip“: skip, sem flytur fleiri en 12 farþega, með ekjufarmrými eða sérstök rými eins og þau eru skilgreind í reglu II-2/3 í SOLAS-samþykktinni með áorðnum breytingum,
- b) „nýtt skip“: skip þar sem kjölurinn hefur verið lagður eða smíði er á svipuðu stigi 1. október 2004 eða síðar. Með smíði á svipuðu stigi er átt við að:
- i) smíði tiltekins skips sé greinilega hafin og
  - ii) samsetning skipsins sé hafin og það sé orðið að minnsta kosti 50 tonn að þyngd eða 1% af áætluðum heildarþunga alls smíðaefnisins, eftir því hvort er minna,
- c) „gamalt skip“: skip sem er ekki nýtt,

- d) „farþegi“: einstaklingur annar en skipstjóri og skipverjar eða þeir aðrir sem eru ráðnir til tiltekinna starfa um borð eða gegna einhverri stöðu um borð í skipi í þágu þess, þó ekki börn undir eins árs aldri,
- e) „alþjóðasamningar“: alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS-samþykktin), alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa frá 1966, ásamt tilheyrandi bókunum og breytingum sem eru í gildi,
- f) „áætlunarferðir“: röð siglinga ekjufarþegaskipa milli tveggja eða fleiri hafna, annaðhvort:
  - i) samkvæmt áætlun eða
  - ii) með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða,
- g) „Stokkhólmssamningurinn“: samningur sem var gerður í Stokkhólmi 28. febrúar 1996 skv. 14. ályktun ráðstefnu SOLAS 95, „svæðisbundnir samningar um sérkröfur um stöðugleika fyrir ekjufarþegaskip“ sem samþykkt var 29. nóvember 1995,
- h) „stjórnvald fánaríkis“: lögbær yfirvöld ríkis sem ekjufarþegaskipinu er heimilt að sigla undir fána hjá,
- i) „gistiríki“: aðildarríki þar sem þær hafnir eru sem ekjufarþegaskip siglir til eða frá í áætlunarsiglingum,
- j) „millilandasiglingar“: siglingar frá höfn aðildarríkis til hafnar utan þess aðildarríkis eða öfugt,
- k) „sérkröfur um stöðugleika“: kröfur um stöðugleika sem settar eru fram í I. viðauka,
- l) „hæð kenniöldu“ („h<sub>s</sub>“): meðalhæð þriðjungs hæstu mældrar öldu á tilteknu tímabili,
- m) „afgangsfriborð“ („f<sub>r</sub>“): lágmarksfjarlægð á milli laskaða ekjupílarsins og endanlegrar vatnslínu á þeim stað þar sem tjónið átti sér stað án þess að tillit sé tekið til viðbótaráhrifa uppsöfnunar sjávar á laskaða ekjupílfinu.

##### 3. gr.

##### Gildissvið

1. Þessi reglugerð tekur til allra ekjufarþegaskipa, í millilandasiglinum, í föstum áætlunarferðum til eða frá höfn aðildarríkis, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla.
2. Hvert aðildarríki skal, í hlutverki sínu sem gistiríki, ganga úr skugga um að ekjufarþegaskip sem sigla undir fána annars ríkis en aðildarríkis, fullnægi kröfum þessarar tilskipunar að öllu leyti áður en þau hefja siglingar til eða frá höfnun þessa aðildarríkis, í samræmi við 4. gr. tilskipunar 1999/35/EB.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

4. gr.

**Hæð kenniöldu**

Nota skal hæð kenniöldu ( $h_s$ ) til að ákvarða þá vatnshæð á bílaþilfari sem er notuð við beitingu sérkrafna um stöðugleika í I. viðauka. Líkurnar á því að ölduhæð fari yfir hæðargildi kenniöldunnar skulu vera innan við 10% á ársgrundvelli.

5. gr.

**Hafsvæði**

1. Gistiríki skulu, eigi síðar en 17. maí 2004, gera skrá yfir hafsvæði sem ekjufarþegaskip sigla um í föstum áætlunarferðum til eða frá höfnum þeirra ásamt samsvarandi hæðargildum kenniöldu þessara svæða.

2. Aðildarríkin eða, ef við á og það er mögulegt, aðildarríki og þriðja land á hvorum enda siglingaleiðarinnar skulu saman skilgreina hafsvæðin og viðeigandi hæðargildi kenniöldu á svæðunum. Ef siglingaleið skips nær yfir fleiri en eitt hafsvæði skal skipið fullnægja sérkröfum um stöðugleika að því er varðar hæsta hæðargildi kenniöldu sem er tilgreint fyrir þessi svæði.

3. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um skrána og birta hana í opinberum gagnagrunni á vefsetri lögbærra siglingamálayfirvalda. Einnig skal tilkynna framkvæmdastjórninni hvar þessar upplýsingar er að finna ásamt hvers kyns uppfærslum sem kunna að vera gerðar á skránni og ástæður slíkra uppfærslna.

6. gr.

**Sérkröfur um stöðugleika**

1. Öll ekjufarþegaskip, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., skulu fullnægja kröfum um stöðugleika sem settar eru fram í I. viðauka við þessa tilskipun, sbr. þó kröfur reglu II-I/B/8 í SOLAS-samþykktinni (SOLAS 90-staðall) að því er varðar vatnspétt niðurhólfunarþil og stöðugleika í löskuðu ástandi.

2. Þegar ekjufarþegaskip starfa eingöngu á hafsvæði þar sem hæð kenniöldu er 1,5 m eða lægri skal litið svo á að sé kröfunum í reglunni, sem um getur í 1. mgr., fullnægt þá jafngildi það því að sérkröfunum um stöðugleika í I. viðauka sé fullnægt.

3. Þegar aðildarríkin beita kröfunum í I. viðauka skulu þau nota viðmiðunarreglur II. viðauka svo framarlega sem því verði við komið og það samræmist hönnun skipsins sem um ræðir.

7. gr.

**Innleiðing sérkrafna um stöðugleika**

1. Ný ekjufarþegaskip skulu fullnægja sérkröfum um stöðugleika í I. viðauka.

2. Gömul ekjufarþegaskip, að undanskildum þeim skipum sem heyra undir 2. mgr. 6. gr., skulu fullnægja sérkröfum um stöðugleika í I. viðauka eigi síðar en 1. október 2010.

Gömul ekjufarþegaskip, sem 17. maí 2003 fullnægja kröfunum í reglunni sem um getur í 1. mgr. 6. gr., skulu fullnægja sérkröfum um stöðugleika í I. viðauka eigi síðar en 1. október 2015.

3. Þessi grein hefur ekki áhrif á beitingu e-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 1999/35/EB.

8. gr.

**Skírteini**

1. Öll ný og gömul ekjufarþegaskip, sem sigla undir fána aðildarríkis, skulu hafa um borð skírteini sem staðfestir samræmi við sérkröfurnar um stöðugleika í 6. gr. og I. viðauka.

Þetta skírteini, sem heimilt er að sameina öðrum svipuðum skírteinum, skal gefið út af stjórnvaldi fánaríkisins og í því skal tilgreina hæð þeirrar kenniöldu þar sem skipið getur uppfyllt sérkröfur um stöðugleika.

Skírteinið skal gilda þann tíma sem skipið er í rekstri á hafsvæði þar sem hæðargildi kenniöldu er hið sama eða lægra.

2. Hvert aðildarríki skal í hlutverki sínu sem gistiríki viðurkenna skírteini sem annað aðildarríki gefur út samkvæmt þessari tilskipun.

3. Hvert aðildarríki skal í hlutverki sínu sem gistiríki viðurkenna skírteini sem þriðja land gefur út sem sýnir fram á að skip fullnægi sérkröfum um stöðugleika sem ákvarðaðar hafa verið.

9. gr.

**Árstíðabundinn rekstur og rekstur til styttri tíma**

1. Ef skipafélag, sem býður upp á áætlunarferðir árið um kring, óskar eftir að bæta við ekjufarþegaskipum til að nýta þau í þessar áætlunarferðir í stuttan tíma skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi gistiríkisins eða gistiríkjanna um það eigi síðar en einum mánuði áður en skipin hefja þessar áætlunarferðir. Ef nauðsynlegt er vegna ófyrirséðra ástæðna að skipta út í skyndi ekjufarþegaskipi í stað annars til að tryggja áframhaldandi þjónustu gilda ákvæði tilskipunar 1999/35/EB.

2. Ef skipafélag óskar eftir því að bjóða upp á árstíðarbundnar áætlunarsiglingar í styttri tíma en sex mánuði á ári skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi gistiríkisins eða gistiríkjanna um það eigi síðar en þremur mánuðum áður en slík þjónusta hefst.

3. Ef slíkar áætlunarsiglingar eru stundaðar við aðstæður þar sem hæð kenniöldu er lægri en sú sem ákvörðuð var fyrir sama hafsvæði vegna áætlunarsiglinga árið um kring, er lögbæru yfirvaldi heimilt að nota hæðargildi kenniöldu fyrir þetta styttra tímabil til að ákvarða vatnshæð á þilfarinu þegar sérkröfur um stöðugleika í I. viðauka gilda. Aðildarríkin eða, ef við á og það er mögulegt, aðildarríki og þriðju lönd á hvorum enda siglingaleiðarinnar skulu saman skilgreina viðeigandi hæðargildi kenniöldu fyrir þetta styttra tímabil.

4. Þegar lögbært yfirvald gistiríkisins eða gistiríkjanna hafa komist að samkomulagi um rekstur í skilningi 1. og 2. mgr. er þess krafist að ekjufarþegaskip hafi um borð skirteini sem staðfestir samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar eins og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr.

10. gr.

#### Aðlögun

Í því skyni að taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi, einkum innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og til að auka skilvirkni þessarar tilskipunar í ljósi fenginnar reynslu og tækniþróunar, er heimilt að breyta viðaukunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

11. gr.

#### Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002 <sup>(1)</sup>.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera átta vikur.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

12. gr.

#### Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum lagaákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem mælt er fyrir um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

13. gr.

#### Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 17. nóvember 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

14. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 14. apríl 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. GIANNITSIS

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.



## I. VIÐAUKI

## SÉRKRÖFUR UM STÖÐUGLEIKA EKJUFARÞEGASKIPA

(sem um getur í 6. gr.)

1. Til viðbótar við kröfu reglu II-1/B/8 í SOLAS-samþykktinni, að því er varðar vatnspétta niðurbólun og stöðugleika í löskuðu ástandi, skulu öll ekjufarþegaskip, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., fullnægja kröfum þessa viðauka.
  - 1.1. Uppfylla skal ákvæði reglu II-1/B/8.2.3 með tilliti til áhrifa ímyndaðs magns sjávar sem gert er ráð fyrir að safnast hafi fyrir á fyrsta þilfari yfir hönnunarvatnslínu ekjufarmrýmisins eða í sérstöku rými, eins og skilgreint er í reglu II-2/3, og sem gert er ráð fyrir að hafi laskast (hér á eftir kallað „laskaða ekjuþilfarið“). Ekki þarf að uppfylla aðrar kröfur reglu II-1/B/8 þegar beitt er staðli um stöðugleika í þessum viðauka. Reikna skal magn áætlaðs uppsafnaðs sjávar út frá vatnsyfirborði:
    - a) með fastri hæð yfir lægsta punkti þilfarsbrúnar laskaða hólsins á ekjuþilfarinu eða
    - b) þegar þilfarsbrún laskaða hólsins er á kafi í vatni byggist útreikningurinn á fastri hæð sem er yfir kyrru vatnsyfirborði á öllum hornum hliðar- og stafnhalla,á eftirfarandi hátt:

0,5 m ef afgangsfriborðið ( $f_r$ ) er 0,3 m eða minna,

0,0 m ef afgangsfriborðið ( $f_r$ ) er 2,0 m eða meira og

ákvörð skal meðalgildin með línulegum innreikningi ef afgangsfriborðið ( $f_r$ ) er 0,3 m eða meira en minna en 2,0 m,

þar sem afgangsfriborðið ( $f_r$ ) er lágmarksfjarlægð á milli laskaða ekjuþilfarsins og endanlegrar vatnslínu á tjónsstaðnum, í því tjónstilviki sem er til skoðunar, án þess að tillit sé tekið til áhrifa áætlaðs, uppsafnaðs vatnsmagns á laskaða ekjuþilfarinu.
  - 1.2. Þegar sett er upp afar afkastamikið frárenniskerfi er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að minnka hæð vatnsyfirborðsins.
  - 1.3. Þegar skip starfa á landfræðilega afmörkuðum svæðum er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að minnka hæð vatnsyfirborðsins, sem er ákvörðuð í samræmi við lið 1.1, með því að setja eftirfarandi hæð í stað hennar:
    - 1.3.1. 0,0 m ef hæð dæmigerðrar kenniöldu ( $h_s$ ) fyrir viðkomandi svæði er 1,5 m eða lægri,
    - 1.3.2. gildið, sem er ákvarðað í samræmi við lið 1.1, ef hæð dæmigerðrar kenniöldu ( $h_s$ ) fyrir viðkomandi svæði er 4,0 m eða hærri,
    - 1.3.3. meðalgildi, sem eru ákvörðuð með línulegum innreikningi, ef hæð dæmigerðrar kenniöldu ( $h_s$ ) fyrir viðkomandi svæði er 1,5 m eða hærri en lægri en 4,0 m,að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
    - 1.3.4. að stjórnvald fánaríkis sé þess fullvisst að líkurnar á því að dæmigerð ölduhæð fari yfir hæð kenniöldu ( $h_s$ ) fyrir viðkomandi svæði sé ekki meiri en 10% og
    - 1.3.5. að farsvið og, ef við á, sá hluti ársins sem tiltekið gildi sem hefur verið ákvarðað að því er varðar hæð kenniöldu ( $h_s$ ), séu tilgreind í skírteininum.
  - 1.4. Í stað þess að miða við kröfurnar í lið 1.1 eða 1.3 er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að veita undanþágur frá því að uppfylla kröfur í lið 1.1 eða 1.3 og samþykkja gögn sem byggjast á prófunum með líkani, sem eru framkvæmdar fyrir hvert skip í samræmi við aðferðina við prófun með líkani í viðbætinum, þar sem færð eru rök fyrir því að skipinu muni ekki hvolfra þrátt fyrir umfang hins áætlaða tjóns, sem kveðið er á um í reglu II-1/B/8.4, á versta hugsanlega stað samkvæmt lið 1.1, í öreglulegri öldu og
  - 1.5. að tilvísun í viðurkenningu þess efnis að niðurstöður prófunar með líkaninu jafngildi að farið sé að ákvæðum liðar 1.1 eða 1.3 og að hæðargildi kenniöldunnar ( $h_s$ ), sem er notað í prófunum með líkani, sé færð inn í skírteini skipsins.
  - 1.6. Upplýsingarnar, sem skipstjórinn fær í hendur í samræmi við reglur II-1/B/8.7.1 og II-1/B/8.7.2, eins og þær hafa verið útfærðar til að uppfylla reglur II-1/B/8.2.3 til II-1/B/8.2.3.4, skulu gilda óbreyttar fyrir ekjufarþegaskip sem hafa verið viðurkennd í samræmi við þessar kröfur.

2. Til að meta áhrif af því magni af sjó sem gert er ráð fyrir að safnist fyrir á laskaða ekjuþilfarinu, sem fjallað er um í 1. mgr., skulu eftirfarandi ákvæði gilda:
  - 2.1. Þverskips- eða langskipsþil telst óskaddað ef allir hlutar þess eru innanborðs miðað við lóðréttu fleti á báðum hliðum skipsins og eru í fjarlægð sem nemur 1/5 af breidd skipsins frá byrðingnum, eins og skilgreint er í reglu II-1/2, og skal þessi fjarlægð mæld hornrétt á miðlínu skipsins við dýpsta (efsta) hleðslumerki niðurrólfunarinnar,
  - 2.2. Í þeim tilvikum þegar skipsbolurinn hefur að hluta til verið breikkaður til að samrýmast ákvæðum þessa viðauka skal nota hækkað gildi miðað við 1/5 af breidd skipsins en það skal ekki hafa áhrif á staðsetningu gegnumtaka í þiljum, lagnakerfa o.s.frv., sem búið var að samþykkja áður en breikkunin átti sér stað,
  - 2.3. Þéttleiki allra þverskips- eða langskipsþilja, sem litið er svo á að gagnist til að afmarka áætlaðan, uppsafnaðan sjó í viðkomandi hólfi á laskaða ekjuþilfarinu, skal vera í réttu hlutfalli við frárennsliskerfið og skal standast vatnsþrýstiprófun í samræmi við niðurstöðu tjónáútreiknings. Slík þil skulu vera a.m.k. 2,2 m á hæð. Ef um er að ræða skip með hengiþilfar fyrir bila skal lágmarkshæð þilsins þó ekki vera lægri en hæð hengiþilfarsins að neðanverðu þegar það er í lækkaðri stöðu,
  - 2.4. Í sérstökum tilvikum, eins og þegar um er að ræða hengiþilför í fullri breidd og með breiðum hliðarhlífum, er heimilt að samþykkja aðrar þilhæðir á grundvelli nákvæmra prófana með líkani,
  - 2.5. ekki þarf að taka tillit til áhrifa áætlaðs, uppsafnaðs sjávar í hólfum laskaða ekjuþilfarsins að því tilskildu að slíkt hólfi hafi á öllum hliðum þilfarsins austuropp sem er deilt jafnt niður eftir hliðum hólsins og sem uppfylla eftirfarandi:
    - 2.5.1.  $A \geq 0,3 l$ 

þar sem A er heildarflatarmál austuroppanna á hverri hlið þilfarsins í m<sup>2</sup> og l er lengd hólsins í m,
    - 2.5.2. skipið skal halda a.m.k. 1,0 m afgangsfriðborði við versta laskaða ástand án þess að tillit sé tekið til áhrifa áætlaðs vatnsmagns á laskaða ekjuþilfarinu og
    - 2.5.3. slík austuropp skulu staðsett í minna en 0,6 m hæð fyrir ofan laskaða ekjuþilfarið og lægri brún opanna skal vera innan við 2 cm fyrir ofan laskaða ekjuþilfarið og
    - 2.5.4. slík austuropp skulu búin lokunarbúnaði eða spjaldlokum til að koma í veg fyrir að vatn komist inn á ekjuþilfarið á meðan vatni sem kann að safnast fyrir á ekjuþilfarinu er dælt út.
  - 2.6. Ef talið er að þil fyrir ofan ekjuþilfarið sé laskað skal gera ráð fyrir því að bæði hólfín, sem afmarkast af þilinu, séu fyllt af vatni upp að sömu hæð og vatnsyfirborðið sem reiknað er út í lið 1.1 eða 1.3.
3. Þegar hæð kenniöldu er ákvörðuð skal miðað við ölduhæð sem er tilgreind á sjókortum eða skrá yfir hafsvæði sem aðildarríkin hafa útbúið í samræmi við 5. gr. þessarar tilskipunar.
- 3.1. Stjórnvald gistiríkis skal ákvarða hæð kenniöldu fyrir skip, sem stunda einungis siglingar hluta úr árinu, í samráði við landið þar sem skipið kemur í höfn á siglingaleiðinni.
4. Prófanir með líkani skulu fara fram í samræmi við viðbættinn.

*Viðbætur***Prófunaraðferð með líkani****1. Markmið**

Í prófununum, sem kveðið er á um í lið 1.4 í kröfum um stöðugleika í I. viðauka, skal skipið geta staðist sjólag, eins og skilgreint er í lið 3 hér á eftir, við verstu hugsanlegu tjónaaðstæður.

**2. Skipslíkan**

2.1. Líkanið skal vera eftirlíking af skipinu sjálfu að því er varðar ytri lögun og innra fyrirkomulag, einkum öll löskuð rými sem hafa áhrif á innflæði og það hvernig skipið tekur á sig sjó og ágjöf. Tjónið skal vera dæmi um versta hugsanlega tjónstilvik til að uppfylla reglu II-1/B/8.2.3.2 í SOLAS-samþykktinni. Krafist er viðbótarprófunar án stafnhalla við tjón miðskipa ef staðsetning mesta skaðans, í samræmi við SOLAS 90-staðalinn, er utan sviðsins  $\pm 10\%$  Lpp frá miðskipi. Einungis er krafist þessarar viðbótarprófunar þegar áætlað er að ekjurými séu löskuð.

2.2. Líkanið skal vera í samræmi við eftirfarandi:

2.2.1. lengd milli lóðlína (Lpp) skal vera a.m.k. 3 m,

2.2.2. bolurinn skal vera nægilega þunnur á þeim stöðum þar sem þessi þáttur hefur áhrif á niðurstöðurnar,

2.2.3. líkja skal rétt eftir eiginlegum hreyfingum skipsins sjálfs og huga sérstaklega að kvörðun snúningshreyfinga skipsins þegar það veltur og heggur í ölduna. Djúprista, stafnhalli, hliðarhalli og þungamiðja skulu vera dæmigerð fyrir versta tjónstilvik,

2.2.4. líkja skal rétt eftir helstu hönnunareinkennum, eftir því sem við verður komið, eins og vatnspéttum þiljum, loftopum o.s.frv., fyrir ofan og neðan skilrímsþilfarið sem getur haft í för með sér ósamhverft innflæði vatns,

2.2.5. lögun gats af völdum tjóns skal vera eftirfarandi:

2.2.5.1. rétthyrndur þverskurður af þeirri breidd sem tilgreind er í reglu II-1/B/8.4.1 í SOLAS-samþykktinni með ótakmarkað, lóðrétt umfang,

2.2.5.2. þverskurður af jafnarma þríhyrningi í láréttu plani af hæð sem er jöfn og B/5 samkvæmt reglu II-1/B/8.4.2 í SOLAS-samþykktinni.

**3. Aðferð við tilraunir**

3.1. Líkanið skal prófað við óreglulegar öldur með löngum öldufaldi sem eru skilgreindar með Jonswap-öldurófinu með hæð kenniöldu  $h_s$ , sem er skilgreind í lið 1.3 í kröfum um stöðugleika, og með mögnunarstuðli  $\gamma$  og sveiflutíma orkutopps öldunnar  $T_p$  sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

3.1.1.  $T_p = 4h_s$  með  $\gamma = 3,3$  og

3.1.2.  $T_p$  er jafnt og eiginsveiflutími veltu laskaða skipsins án vatns á þilfari við sérstakar álagsaðstæður en ekki hærra en  $6\sqrt{h_s}$  og með  $\gamma = 1$ .

3.2. Líkanið á að geta rekið hindrunarlaust og skal verða fyrir hliðaröldu (þvert á siglda stefnu) þannig að gatið sem myndaðist við skemmdina snúi upp í ölduna. Líkaninu skal ekki haldið föstu þannig að komið sé í veg fyrir að því hvolfi. Ef skipið er á réttum kili eftir að flætt hefur inn í það skal halla því um  $1^\circ$  í áttina að skemmdinni.

3.3. Gera skal a.m.k. fimm tilraunir fyrir hvert sjólag þar sem sjólagið einkennist af sveiflutíma orkutopps. Prófunartímabil hverrar keyrslu skal vara þar til stöðugu ástandi er náð, þó skal það ekki vera styttra en 30 mínútur í fullum kvarða. Nota skal mismunandi sjólag í hverri prófun.

3.4. Ef engin af tilraunum leiðir af sér að skipið hallast loks í átt að skemmdinni skal endurtaka hverja tilraun með fimm keyrslum í tvenns konar sjólagi sem tilgreint er eða að öðrum kosti ætti að halla líkaninu um eina gráðu til viðbótar í átt að skemmdinni og endurtaka tilraunina með tveimur keyrslum í umræddu, tvenns konar sjólagi. Tilgangurinn með þessum viðbótarílaunum er að sýna fram á, eins vel og unnt er, hæfileika skipsins til að þola áraun þannig að því hvolfi ekki á aðra hvora hliðina.

3.5. Prófanir skulu fara fram fyrir eftirfarandi tjónstilvik:

3.5.1. versta hugsanlega tjónstilvik að því er varðar flatarmálið undir GZ-boglinunni samkvæmt SOLAS-samþykktinni og

3.5.2. versta hugsanlega tjónstilvik miðskipa með tilliti til afgangsfriðborðs miðskipa ef þess er krafist samkvæmt lið 2.1.

**4. Viðmiðanir fyrir það hvernig skipinu reiðir af**

Skipið telst hafa komist af ef stöðugu ástandi þess er náð við röð prófana, sem krafist er samkvæmt lið 3.3, að því tilskildu að veltur sem fara yfir 30° miðað við lóðrétta ásinn eigi sér stað í meira en 20% tilvika í veltuhringum eða ef stöðugur halli fer yfir 20° teljist skipinu hafa hvólt jafnvel þótt stöðugu ástandi hafi verið náð.

**5. Viðurkenning á prófun**

- 5.1. Tillögur að prófunaráætlun með líkani skal leggja fyrir stjórnvald gistiríkisins til viðurkenningar áður en henni er hrint í framkvæmd. Einnig ber að hafa það í huga að minni háttar tjónstílvik geta haft í för með sér verstu hugsanlegu tjónsaðstæður.
  - 5.2. Skrásetja skal prófunina með skýrslu og myndbandsupptöku eða með hjálp annars sjónræns miðils sem inniheldur allar viðeigandi upplýsingar um skipið og niðurstöður prófunarinnar.
-

## II. VIÐAUKI

## LEIÐBEINANDI VIÐMIÐUNARREGLUR FYRIR INNLEND STJÓRNVÖLD

sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

## I. HLUTI

## BEITING

Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar skulu innlend stjórnvöld aðildarríkjanna nota þessar viðmiðunarreglur við beitingu sérstöku krafanna um stöðugleika, sem settar eru fram í I. viðauka, að því marki sem það er framkvæmanlegt og í samræmi við hönnun viðkomandi skips. Númer liðanna hér á eftir vísa til samsvarandi liða í I. viðauka.

## 1. liður

Fyrsta skrefið er að öll ekjufarþegaskip, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, uppfylli ákvæði SOLAS 90-staðalsins um afgangsstöðugleika þar eð hann gildir um öll farþegaskip sem eru smíðuð 29. apríl 1990 eða síðar. Þessi krafa skilgreinir afgangsfriðborð  $f_f$  sem er nauðsynlegt fyrir útreikninginn sem krafist er í lið 1.1.

## Liður 1.1

1. Í þessum lið er gengið út frá uppsöfnun ímyndaðs vatnsmagns á skilrúmsþilfarinu (ekjuþilfarinu). Gert er ráð fyrir því að vatnið hafi flætt inn á þilfarið í gegnum gat af völdum tjóns. Í þessum lið er þess krafist að skipið uppfylli allar kröfur SOLAS 90-staðalsins og þar að auki skal það uppfylla þann hluta SOLAS 90-viðmiðananna sem eru settar fram í liðum 2.3 til 2.3.4 í reglu II-1/B/8 með skilgreint vatnsmagn á þilfari. Við þessa útreikninga þarf ekki að taka tillit til neinna annarra krafna í reglu II-1/B/8. Skipið þarf t.d. fyrir þessa útreikninga ekki að uppfylla kröfur um jafnvægisshorn eða að ekki megi flæða yfir kaflinu.
2. Uppsafnaða vatninu er bætt við sem fljótandi þunga með eitt sameiginlegt yfirborð í öllum hólfunum sem áætlað er að fyllst hafi af sjó á bilþilfarinu. Hæð ( $h_w$ ) vatnsins á þilfarinu miðast við afgangsfriðborðið ( $f_f$ ) eftir tjónið og er hún mæld á tjónsstaðnum (sjá mynd 1). Afgangsfriðborðið er lágmarksfjarlægðin á milli laskaða ekjuþilfarsins og endanlegrar vatnslínu (að loknum útjöfnunarráðstöfunum ef gripið er til þeirra) á áætluðum tjónsstað að lokinni skoðun á öllum hugsanlegum tjónsaðstæðum að því er varðar ákvæði um að uppfylla kröfur SOLAS 90-staðalsins eins og krafist er í 1. lið í I. viðauka. Ekki skal taka tillit til áhrifa ímyndaðs vatnsmagns, sem áætlað er að hafi safnast fyrir á laskaða ekjuþilfarinu, þegar  $f_f$  er reiknað út.
3. Ef  $f_f$  er 2,0 m eða meira er álitíð að ekkert vatn safnist fyrir á ekjuþilfarinu. Ef  $f_f$  er 0,3 m eða minna er áætlað að hæðin  $h_w$  sé 0,5 m. Meðalgildi vatnshæðar er fundið með línulegum innreikningi (sjá mynd 2).

## Liður 1.2

Búnaður til að dæla burt vatni telst einungis fullnægjandi ef hann er nógu afkastamikill til að koma í veg fyrir að mikið magn af vatni safnist upp á þilfarinu, þ.e. mörg þúsund tonn á klukkustund, sem er langt umfram afkastagetu þess búnaðar sem er fyrir hendi þegar þessar reglur eru samþykktar. Slik háafkastadælukerfi kunna að verða þróuð og viðurkennd í framtíðinni (byggð á viðmiðunarreglum Alþjóðsiglingamálastofnunarinnar).

## Liður 1.3

1. Heimilt er að minnka magn vatns sem áætlað er að safnist fyrir á þilfari til viðbótar við það sem segir í lið 1.1 að því er varðar skip sem starfa á landfræðilega afmörkuðum svæðum. Þessi svæði eru skilgreind í samræmi við hæð kenniöldu ( $h_s$ ) sem afmarkar svæðið í samræmi við ákvæði 5. gr. þessarar tilskipunar.
2. Ef hæð kenniöldu ( $h_s$ ) á viðkomandi svæði er 1,5 m eða lægri er ekki álitíð að viðbótarvatn safnist upp á laskaða ekjuþilfarinu. Ef hæð kenniöldu á viðkomandi svæði er 4,0 m eða hærri skal hæð hins áætlaða vatnsyfirborðs vera það gildi sem reiknað er út í samræmi við lið 1.1. Meðalgildin skulu ákvörðuð með línulegum innreikningi (sjá mynd 3).
3. Hæðinni ( $h_w$ ) er haldið stöðugri og því er magn viðbættis vatns breytilegt þar sem það miðast við hallahornið og hvort þilfarsbrúnn fari í kaf eða ekki við eitthvert tiltekið hallahorn (sjá mynd 4). Einnig ber að geta þess að áætlaður þéttleiki rýmis á bilþilfarinu skal vera 90% (sbr. umburðarbréf siglingaöryggisnefndar, MSC/Circ. nr. 649) en áætlaður þéttleiki annarra rýma skal vera eins og mælt er fyrir um í SOLAS-samþykktinni.
4. Ef útreikningarnir, sem eiga að sýna að kröfur þessarar tilskipunar séu uppfylltar, tengjast hæð kenniöldu sem er lægri en 4,0 m skal skrá hæð þessarar takmarkandi kenniöldu í öryggisskríteini farþegaskips.

*Liðir 1.4. og 1.5*

Í stað þess að krefjast þess að skip uppfylli nýju kröfurnar um stöðugleika í lið 1.1 eða 1.3 er stjórnvöldum heimilt að viðurkenna sönnunargögn um samræmi á grundvelli prófana með líkani. Fjallað er ítarlega um kröfur um prófun með líkani í viðbætinum við I. viðauka. Leiðbeiningar um prófanir með líkani er að finna í II. hluta þessa viðauka.

*Liður 1.6*

Ekki er öruggt að reksturstakmarkandi hámarksboglína eða -línur (KG eða GM), sem eru reiknaðar út á hefðbundinn hátt samkvæmt SOLAS 90-staðlinum, gildi áfram í þeim tilvikum þar sem álitid er að vatn sé á þilfari samkvæmt þessari tilskipun og því kann að vera nauðsynlegt að endurskoða útreikninga á takmarkandi hámarksboglínunni eða -línunum þar sem tekið er tillit til áhrifa vatnsins sem bætist við. Í þessu skyni skal gera fullnægjandi útreikninga miðað við nægilegan fjölda tilvika djúpristu og stafnhalla í rekstri.

Athugasemd: Hægt er að reikna út endurskoðaða KG- eða GM-ferilinn fyrir rekstrartakmörk með ítrun þar sem lágmarksgildi umfram GM, sem er afrakstur af útreikningi á lekastöðugleika með vatni á þilfari, er bætt við KG (eða dregið frá GM) sem er notað til að ákvarða laskaða fríborðið ( $f_r$ ) sem vatnsmagnið á þilfarinu byggist á. Þessi aðferð er síðan endurtekin þar til umfram GM verður óverulegt.

Búist er við að rekstraraðilar hefji slíka ítrun með hámarks KG/lágmarks GM sem líklegt má telja að unnt sé að viðhalda á siglingu og því næst myndu þeir reyna að breyta fyrirkomulagi skilrúmsþilfarsins til að lágmarka umfram GM sem fæst við útreikninga á lekastöðugleika með vatni á þilfari.

*Liður 2.1*

Að því er varðar hefðbundnar tjónsviðmiðanir samkvæmt SOLAS-samþykktinni er litið svo á að þilin, sem eru innan B/5 línu, séu ósködduð ef um er að ræða tjón af völdum hliðaráreksturs.

*Liður 2.2*

Ef hliðarhlykjum er komið fyrir á skipinu til að uppfylla reglu II-1/B/8, sem veldur því að breidd (B) skipsins verður meiri fyrir vikið og fjarlægðin B/5 frá skipshliðinni eykst þar með, skulu slíkar breytingar ekki hafa í för með sér að færa þurfi til fyrirbyggjandi burðarvirki eða gegnumtök í vatnspöttum þverskilrúmunum sem liggja eftir skipinu fyrir neðan skilrúmsþilfarið (sjá mynd 5).

*Liður 2.3*

1. Ekki er nauðsynlegt að þverskips- eða langskipsþil eða -hindranir, sem komið er fyrir til að takmarka hreyfingar hins áætlaða, uppsafnaða vatns á laskaða ekjuþilfarinu, séu algjörlega vatnspétt. Ekki eru gerðar athugasemdir vegna litilsháttar leka að því tilskildu að dælubúnaður geti komið í veg fyrir uppsöfnun vatns hinum megin við þilið eða hindrunina. Í þeim tilvikum þegar austuror verða óvirk vegna þess að ekki er nægur jákvæður munur á vatnshæð þarf að útvega annan búnað til að dæla vatninu burt.
2. Hæð ( $B_h$ ) þverskips- eða langskipsþilja eða -hindrana skal ekki vera undir  $(8 \times h_w)$  metrum þar sem  $h_w$  er hæð uppsafnaða vatnsins sem er reiknuð út frá afgangsfriborði og hæð kenniöldu (sem um getur í liðum 1.1 og 1.3). Þó skal hæð þilsins/hindrunarinnar í öllum tilvikum vera lægri en það sem hærra er af eftirtöldu:
  - a) 2,2 metrar eða
  - b) hæðin á milli skilrúmsþilfarsins og lægri punkts á neðanverðri grind milli- eða hengiþilfara fyrir bíla þegar þau eru í lægstu stöðu. Tekið skal fram að loka skal öllum opum á milli efstu brúar þilsins og neðanverðrar klæðningarinnar, þverskips eða langskips, eins og við á (sjá mynd 6).

Heimilt er að samþykkja þil eða hindranir, sem eru lægri en tilgreint er að framan, ef prófanir með líkani eru gerðar í samræmi við II. hluta þessa viðauka til að staðfesta að annars konar hönnun tryggi að skipið þoli áraun svo viðunandi sé. Þegar hæð þils eða hindrunar er ákvörðuð skal gæta þess að hæðin sé einnig fullnægjandi til að koma í veg fyrir stigvaxandi flæði innan marka endingar stöðugleikans sem krafist er. Prófanir með líkani skulu ekki hafa áhrif á þessa endingu.

Athugasemd: Heimilt er að draga úr endingunni um 10 gráður að því tilskildu að aukið sé við samsvarandi flatarmál undir boglínunum (sem um getur í umburðarbréfi siglingaöryggisnefndar, MSC nr. 64/22).

*Liður 2.5.1*

Til flatarmálsins „A“ teljast varanleg op. Tekið skal fram að austuror eru ekki hentugur valkostur fyrir skip sem þurfa á að halda uppdrift yfirbyggingarinnar, í heild eða að hluta til, til að uppfylla viðmiðanirnar. Gerð er krafa um að austuropin sé búin spjaldlökum til að koma í veg fyrir að vatn komist inn en geri því kleift að renna burt.

Þessir lokar skulu ekki háðir virkum búnaði. Þeir skulu vera sjálfvirkir og sýna verður fram á að þeir takmarki ekki frástreymi að verulegu marki. Ef þeir draga úr skilvirkni að einhverju marki skal það bætt upp með því að setja viðbótarop til að flatarmálskrafan sé uppfyllt.

*Liður 2.5.2*

Til að austuropin geti talist skilvirk skal lágmarksfjarlægð frá neðri brún austuropsins að löskuðu vatnslínunni vera a.m.k. 1,0 m. Við útreikning á lágmarksfjarlægð skal ekki taka tillit til áhrifa viðbótarvatns sem kann að vera á þilfarinu (sjá mynd 7).

*Liður 2.5.3*

Austurop skulu staðsett eins lágt og mögulegt er á hliðarborðstokknum eða byrðingnum. Neðri brún austuropsins skal ekki vera meira en 2 cm yfir skilrúmsþilfarinu og efri brún opsins skal ekki vera hærri en 0,6 m (sjá mynd 8).

Athugasemd: Rými, sem fjallað er um í lið 2.5, þ.e. þau rými sem eru búin austuropum eða svipuðum opum, skulu ekki teljast með ósködduðum rýmum við útreikning á stöðugleikaboglinum skips í ósködduðu og sködduðu ástandi.

*Liður 2.6*

1. Lögboðnar viðmiðanir um umfang tjóns gilda um alla lengd skipsins. Tjónið má ekki hafa áhrif á nein þil eða það má einungis hafa áhrif á þil fyrir neðan skilrúmsþilfarið eða einungis þil fyrir ofan skilrúmsþilfarið eða mismunandi þiljasamsetningar allt eftir því hver niðurrhólfunarstaðallinn er.
2. Öll þverskips- og langskipsþil eða -hindranir sem afmarka magn áætlaðs, uppsafnaðs vatns skulu ætíð vera á sínum stað og tryggilega fest þegar sjóferð skips stendur yfir.
3. Ef þverskipsþil eða -hindrun eru löskuð skal hæð yfirborðs uppsafnaða vatnsins á þilfarinu beggja vegna laskaða þilsins eða hindrunarinnar vera sú sama,  $h_w$  (sjá mynd 9).

## II. HLUTI

## PRÓFUN MEÐ LÍKANI

Tilgangurinn með þessum viðmiðunarreglum er að tryggja að notaðar séu samræmdar aðferðir við að smíða og sannprófa líkön og einnig þegar gerðar eru tilraunir og greiningar á þeim en þó er tekið tillit til þess að fyrirliggjandi aðstaða og kostnaður muni að nokkru leyti hafa áhrif á þetta samræmi.

Efni 1. liðar í viðbætinum við I. viðauka þarf ekki frekari skýringa við.

**Liður 2 — Skipslíkan**

- 2.1. Það skiptir ekki máli í sjálfu sér úr hvaða efni líkanið er smíðað að því tilskildu að það sé, bæði í ósködduðu og löskuðu ástandi, nægilega stíft til að tryggja að vatnsþrýstieiginleikar þess séu hinir sömu og hjá skipinu sjálfu og einnig að sveigja bolsins í öldugangi sé óveruleg.

Einnig er mikilvægt að tryggja að eftirlíkingin af löskuðu hólfunum sé hönnuð eins nákvæmlega og mögulegt er til að tryggja að vatnsmagnið sem flæðir inn sé dæmigert.

Þar sem innstreymi vatns (jafnvel lítills magns) í óskaddaða hluta líkansins hefur áhrif á eiginleika þess skal gera ráðstafanir til að tryggja að slíkt innstreymi eigi sér ekki stað.

*2.2. Upplýsingar um líkanið*

- 2.2.1. Stærðaráhrif skipta miklu máli varðandi það hvernig líkanið bregst við í prófunum og því er mikilvægt að tryggja að þessi áhrif verði eins lítil og mögulegt er. Líkanið skal vera eins stórt og mögulegt er þar sem auðveldara er að hanna nákvæmlega löskuð hólfi í stórum líkönum og stærðaráhrifin verða minni. Því er mælt með að lengd líkansins sé ekki í minni kvarða en 1:40. Þess er þó krafist að líkanið sé ekki styttra en 3 metrar að lengd við hleðslumerki niðurrhólfunar.
- 2.2.2(a) Með tilliti til áorðinna skemmda skal líkanið vera eins léttbyggt og unnt er til að tryggja að vatnsmagnið sem flæðir inn og þungamiðja þess séu dæmigerð. Það er viðurkennt að það geti verið illmögulegt að smíða bol líkansins og hina ýmsu hluta aðal- og aukaniðurrhólfunarinnar á tjónsstaðnum með nægilegri nákvæmni og vegna þessara hönnunartakmarkana gæti verið ógerlegt að reikna nákvæmlega út áætlaðan þéttleika rýmisins.
- 2.2.2(b) Komið hefur í ljós við prófanirnar að lóðrétt umfang líkansins getur haft áhrif á niðurstöður hreyfiprófunar. Því er krafist að skipslíkanið sé með yfirbyggingu sem er a.m.k. þrjár staðlaðar hæðir yfir skilrúmsþilfarinu (fríborðsþilfari) þannig að stórar öldur brotni ekki yfir líkanið.
- 2.2.2(c) Mikilvægt er að djúprista sé ekki aðeins sannprófuð í ólöskuðu ástandi heldur einnig að djúprista laskaða líkansins sé mæld af nákvæmni til samanburðar við þá mælingu sem fékkst við útreikning á stöðugleika í löskuðu ástandi. Þegar djúprista í löskuðu ástandi hefur verið mæld gæti reynst nauðsynlegt að breyta þéttleika laskaða hólfins, annaðhvort með því að koma fyrir ósködduðum rýmum eða bæta við þyngd. Mikils er þó um vert að tryggja að þungamiðja vatnsmagnsins sé rétt svo það gefi rétta mynd af aðstæðum. Í því tilviki skulu allar breytingar vera innan öryggismarka.

2.2.2(d) Ef þess er krafist að líkön séu búin hindrunum á þilfari og ef hindranirnar eru undir þeirri hæð sem krafist er samkvæmt lið 2.3 í I. viðauka skal koma fyrir sjónvarpsmyndavélum á líkaninu til að unnt sé að fylgjast með því hvort vatn skvettist yfir líkanið eða hvort vatn safnist fyrir á ólöskuðu svæði þilfarsins. Í þessu tilviki skal myndbandsupptaka af atburðinum vera hluti af prófunarniðurstöðum.

2.2.3. Til að tryggja að hreyfinginleiki líkansins sé dæmigerður fyrir skipið sjálft er mikilvægt að líkanið hallist bæði og velti í ólöskuðu ástandi til að unnt sé að sannprófa ólaskað GM-gildi og massadreifingu.

Þverskipssnúningsráðius skipsins sjálfs skal ekki vera meiri en 0,4B og langskipssnúningsráðius skal ekki vera meiri en 0,25L.

Þverskipsveltitíðni líkansins fæst með:

$$\frac{2 \times \pi \times 0,4 \times B}{\sqrt{g \times GM \times \lambda}}$$

þar sem:

GM: málmiðjuhæð sjálfs (óskaddaða) skipsins

g: þyngdarhröðun

λ: kvarði líkansins

B: breidd skipsins sjálfs.

Athugasemd:

Jafnvel þótt viðurkennt kunni að vera að líkaninu sé hallað og velt í löskuðu ástandi í því skyni að sannprófa afgangsstöðugleikaboglinur koma slíkar prófanir ekki í stað prófana í ósködduðu ástandi.

Þó skal láta laskaða líkanið velta til að unnt sé að ákvarða veltitíðni sem krafist er fyrir prófanirnar samkvæmt lið 3.1.2.

2.2.4. Efni þessa liðar þarf ekki frekari skýringa við. Gengið er út frá því að loftræstitæki í laskaða hólfi skipsins sjálfs hindri hvorki innstreymi vatns né hreyfingar flæðivatnsins. Þegar reynt er að minnka hlutföll loftræstibúnaðar skipsins sjálfs getur það haft í för með sér óæskileg stærðaráhrif. Til að tryggja að sú verði ekki raunin er ráðlagt að láta smíða loftræstibúnaðinn í stærri hlutföllum en líkanið þannig að tryggt sé að það hafi ekki áhrif á flæði vatns inn á bilþilfarið.

2.2.5. Þristrendingslaga hliðarmynd gats af völdum tjóns er jafnarma þríhyrningur sem samsvarar hleðsluvatns-línunni.

Þar að auki ef hliðarhylkjum, sem eru undir breiddinni B/5, er komið fyrir til að koma í veg fyrir öll hugsanleg stærðaráhrif skal lengd laskaða svæðisins við hliðarhylkin vera a.m.k. 2 metrar.

### Liður 3 — Aðferð við tilraunir

#### 3.1. Ölduróf

Nota skal Jonswap-orkurófið þar sem það lýsir sjólagi sem er háð lengd aðdrags og varanleika storms sem svarar til aðstæðna á flestum hafsvæðum heims. Í þessu tilliti er ekki einungis mikilvægt að sannprófa sveiflutíma orkutopps aldanna heldur einnig að meðalsveiflutími aldanna sé réttur.

3.1.1. Ef sveiflutími orkutopps er  $4v_{h_s}$ , að því gefnu að mögnunarstuðull  $\gamma$  sé 3,3, skal meðalsveiflutími aldanna ekki vera meiri en:

$$\{T_p/(1,20 \text{ til } 1,28)\} \pm 5\%$$

3.1.2. Meðalsveiflutími aldanna, sem samsvarar öldum með sveiflutíðni orkutopps sem er jöfn veltitíðni laskaða líkansins, að því gefnu að stuðull  $\gamma$  sé 1, skal ekki vera meiri en:

$$\{T_p/(1,3 \text{ til } 1,4)\} \pm 5\%$$


Þess ber þó að geta að ef veltitíðni laskaða líkansins er meiri en  $6\sqrt{h_s}$ , má sveiflutíðni orkutoppsins ekki vera meiri en  $6\sqrt{h_s}$ .



**Athugasemd:**

Komið hefur í ljós að ógerlegt er að setja tiltekin mörk fyrir meðalsveiflutíma alda í öldurófi líkansins í samræmi við nafngildi stærðfræðiformúla. Því eru leyfð 5% skekkjumörk.

Krafist er að ölduróf hverrar prófunarkeyrslu sé skráð og skjalfest. Hinar skjalfestu mælingar skulu gerðar bæði í grennd við líkanið (ekki þó hléborðsmegin) — sjá mynd a hér á eftir — og einnig nálægt öldugerðarvélinni. Einnig er þess krafist að líkanið sé útbúið þannig að hægt sé að fylgjast með og skrá hreyfingar þess (þegar það veltur, lyftir sér og heggur í ölduna) og horf (slagsíða, djúprista og stafnhalli) meðan á prófuninni stendur.



Öldumælingar nálægt líkaninu skulu annaðhvort fara fram við boga A eða boga B (mynd a).

**Liður 3.2, 3.3, 3.4**

Efni þessara liða þarf ekki frekari skýringa við.

**Liður 3.5 Líkt eftir tjóni**

Við umfangsmiklar rannsóknir, sem gerðar hafa verið til að þróa viðeigandi viðmiðanir fyrir ný skip, hefur greinilega komið fram að auk þess sem GM og fríborð eru mikilvægar færðbreytur að því er varðar eiginleika farþegaskipa til að þola áraun, er flatarmálið undir boglinunni fyrir afgangsstöðugleika, að horni hámarks GZ, einnig mikilvægur þáttur. Þar af leiðandi skal litið svo á að versta tjón samkvæmt SOLAS-samþykktinni, með það í huga að uppfylla kröfuna í lið 3.5.1, sé það þar sem minnst flatarmál myndast undir boglinunni fyrir afgangsstöðugleika, að hæsta gildi GZ-boglinunnar.

**Liður 4 — Viðmiðanir um það hvernig skipinu reiðir af**

Efni þessara liða þarf ekki frekari skýringa við.

**Liður 5 — Viðurkenningarprófun**

Skýrslunni, sem stjórnvöld fá í hendur, skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- útreikningur á lekastöðugleika, að því er varðar versta tjón samkvæmt SOLAS-samþykktinni, og versta tjón í miðju skipi (ef um mun er að ræða),
- aðalfyrirkomulagsteikning af líkaninu ásamt nákvæmri lýsingu á byggingu þess og tækjabúnaði,
- skýrslur um halla- og veltiprófanir,
- útreikningur á veltutíðni skipsins sjálfs og líkansins og
- nafnölduróf og mælt ölduróf (bæði nálægt öldugerðarvélinni og líkaninu),
- dæmigerð skráning á hreyfingum líkansins, horfi og reki,
- viðeigandi myndbandsupptökur.


**Athugasemd:**

Viðkomandi stjórnvald skal fylgjast með öllum prófunum.


**Myndir**

(Leiðbeinandi viðmiðunarreglur fyrir innlend stjórnvöld)

Mynd 1




Mynd 2



1. Ef  $f_r \geq 2,0$  metrar er vatnshæð á þilfari ( $h_w$ ) = 0,0 metrar.
2. Ef  $f_r < 0,3$  metrar er vatnshæð á þilfari ( $h_w$ ) = 0,5 metrar.

Mynd 3




1. If  $h_s \geq 4,0$  metrar er vatnshæð á þilfari reiknuð út samkvæmt mynd 3.
2. If  $h_s < 1,5$  metrar er vatnshæð á þilfari ( $h_w$ ) = 0,0 metrar.


T.d.:

Ef  $f_r = 1,15$  metrar og  $h_s = 2,75$  metrar er hæðin  $h_w = 0,125$  metrar.


Mynd 4



Mynd 5



Mynd 6



Skip án hengipílfa fyrir bíla

1. dæmi:

Vatnshæð á þilfari = 0,25 metrar

Lágmarkshæð hindrunar sem krafist er = 2,2 metrar


Skip með hengipílfa (við hindrunina)

2. dæmi:

Vatnshæð á þilfari ( $h_w$ ) = 0,25 metrar


Lágmarkshæð hindrunar sem krafist er =  $x$

Mynd 7




Lágmarksfríborð sem krafist er fyrir austurop = 1,0 m


Mynd 8



Mynd 9



Þílfarsbrúnnin ekki í kafi



Þílfarsbrúnnin í kafi

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/24/EB

2005/EES/58/27

frá 14. apríl 2003

## um breytingu á tilskipun ráðsins 98/18/EB um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip (\*)

EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HABA,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar  
Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í  
251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip <sup>(4)</sup> er tekið upp samræmt öryggisstig, með tilliti til mannslífa og eigna, á nýjum og gömlum farþegaskipum og háhraðafarþegaferðum þegar skip úr þessum flokkum eru í innanlandssiglingum og mælt fyrir um málsmæðferð fyrir samningaviðræður á alþjóðavettvangi með það að markmiði að samræma reglur um farþegaskip í millilandasiglingum.
- 2) Mikilvægt er að skilgreina hafsvæði til að hægt sé að ákvarða hvernig beita skuli tilskipun 98/18/EB gagnvart mismunandi flokkum farþegaskipa. Þessi tilskipun hefur að geyma málsmæðferð varðandi birtingu skráa yfir hafsvæði þar sem framkvæmd hefur reynst erfið. Því er nauðsynlegt að fastsetja virka og gagnsæja málsmæðferð sem gerir kleift að hafa skilvirkt eftirlit með framkvæmd tilskipunarinnar.
- 3) Í því skyni að samræma öryggisstig fyrir farþegaskip alls staðar í Bandalaginu skal fella brott undanþáguna fyrir Grikkland að því er varðar tímaáætlun um framkvæmd öryggiskrafna.
- 4) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa <sup>(5)</sup> eru settar fram hertari kröfur um stöðugleika fyrir ekjufarþegaskip sem eru í millilandaþjónustu og sigla til og frá höfnum Bandalagsins en þessi bætta ráðstöfun skal einnig gilda um tiltekna flokka skipa sem veita þjónustu innanlands við sams konar sjólag. Ekjufarþegaskip,

sem uppfylla ekki slíkar kröfur um stöðugleika, skulu tekin úr notkun í áföngum eftir tiltekinn árafjölda í rekstri.

- 5) Með tilliti til breytinga, sem kann að vera nauðsynlegt að gera á gömlum ekjufarþegaskipum til að þau uppfylli tilteknar kröfur um stöðugleika, skulu þessar kröfur settar fram á tilteknu árabili til gera þeim hluta atvinnugreinarinnar, sem þetta hefur áhrif á, kleift að uppfylla kröfurnar. Því ber að gera áætlun um aðlögunartímabil fyrir gömul skip. Þessi áætlun um aðlögunartímabil skal ekki hafa áhrif á framkvæmd sérkrafna um stöðugleika á hafsvæðum sem falla undir viðaukana við Stokkhólmsamninginn frá 28. febrúar 1996.
- 6) Nauðsynlegt er að taka tillit til breytinga sem hafa verið gerðar á viðeigandi alþjóðlegum gæringum, svo sem samningum, bókunum, reglum og ályktunum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og skal það gert með sveigjanlegum og skjótum hætti.
- 7) Samkvæmt tilskipun 98/18/EB gildir „alþjóðakóði um öryggi háhraðafara“ sem er að finna í ályktun siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC 36 (63) frá 20. maí 1994 um öll háhraðafarþegaferðir sem veita þjónustu innanlands. Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt nýjar reglur um háhraðaför, „alþjóðareglur um öryggi háhraðafara“ (2000 HSC Code), sem er að finna í ályktun siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC 97 (73) frá 5. desember 2000 um öll háhraðaför sem eru smíðuð 1. júlí 2002 eða síðar. Mikilvægt er að tryggja að hægt sé að uppfæra tilskipun 98/18/EB á sveigjanlegan hátt þannig að hægt sé að nýta slíka þróun á alþjóðavettvangi, einnig fyrir háhraðafarþegaferðir sem veita þjónustu innanlands.
- 8) Mikilvægt er að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja hreyfihömluðum greiðan aðgang að skipum og háhraðafarþegaferðum sem veita þjónustu innanlands í aðildarríkjum.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 123, 17.5.2003, bls. 18. Hænar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 38.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 20 E, 28.1.2003, bls. 51.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 11. desember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 7. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), og ákvörðun ráðsins frá 17. mars 2003

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/84/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L, [...], bls. 22.



- 9) Því ber að breyta tilskipun 98/18/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 98/18/EB:

1. Eftirfarandi liðir bætist við í 2. gr.:

„ea) „ekjufarþegaskip“: skip sem flytur fleiri en 12 farþega, með ekjufarmrými eða sérstök rými eins og skilgreint er í reglu II-2/A/2 í I. viðauka,“

„ha) „aldur“: aldur skipsins, gefinn til kynna í fjölda ára frá afhendingardegi þess,“

„w) „hreyfihamlaðir einstaklingar“: allir þeir sem eiga í sérstökum erfiðleikum með að nota almenningssamgöngur, þ.m.t. aldraðir, fatlaðir, fólkl með skerta skynjun og fólkl með lítil börn.“

2. Í stað 2. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„2. Hvert aðildarríki skal:

a) taka saman og uppfæra, ef þörf krefur, skrá yfir hafsvæði innan lögsögu sinnar, afmarka svæði sem eru notuð allt árið og einnig, ef við á, þau svæði þar sem rekstur hinna ýmsu flokka skipa er stundaður hluta úr ári á grundvelli flokkunarviðmiðananna í 1. mgr.,

b) birta skrána í opinberum gagnagrunni á vefsetri lögbærra siglingamálayfirvalda,

c) tilkynna framkvæmdastjórninni hvar þessar upplýsingar er að finna og þegar breytingar eru gerðar á skránni.“

3. Eftirfarandi greinar bætist við:

„6. gr. a

**Kröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa og að taka þau úr notkun í áföngum**

1. Öll ekjufarþegaskip í flokki A, B og C, þar sem kjölurinn hefur verið lagður eða sem eru á svipuðu smíðastigi 1. október 2004 eða síðar, skulu vera í samræmi við ákvæði 6., 8. og 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa (\*).

2. Öll ekjufarþegaskip í flokki A og B, þar sem kjölurinn hefur verið lagður eða sem eru á svipuðu smíðastigi 1. október 2004 eða síðar, skulu vera í samræmi við ákvæði 6., 8. og 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB eigi síðar en 1. október 2010 nema taka eigi þau úr notkun í áföngum þann dag eða síðar þegar þau hafa náð 30 ára aldri en þó aldrei síðar en 1. október 2015.

*6. gr. b*

### Öryggiskröfur fyrir hreyfihamlaða einstaklinga

1. Aðildarríkin skulu tryggja að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir sem, eftir því sem við verður komið, byggjast á viðmiðunarreglunum í III. viðauka til að hreyfihamlaðir einstaklingar hafi greiðan aðgang að öllum farþegaskipum í flokki A, B, C og D og öllum háhraðafarþegaförum sem eru notuð í almenningssamgöngum þar sem kjölurinn hefur verið lagður eða sem eru á svipuðu smíðastigi 1. október 2004 eða síðar.

2. Aðildarríkin skulu hafa samvinnu og samráð við stofnanir sem eru fulltrúar fyrir hreyfihamlaða að því er varðar framkvæmd viðmiðunarreglnanna í III. viðauka.

3. Að því er varðar breytingar á farþegaskipum í flokki A, B, C og D og háhraðafarþegaförum, sem eru notuð fyrir almenningssamgöngur, þar sem kjölurinn hefur verið lagður eða sem eru á svipuðu smíðastigi fyrir 1. október 2004, skulu aðildarríkin beita viðmiðunarreglunum í III. viðauka að því marki sem er fjárhagslega viðunandi og raunhæft.

Aðildarríki skulu gera innlenda aðgerðaráætlun varðandi það hvernig eigi að beita viðmiðunarreglunum fyrir slík skip og för. Þau skulu senda framkvæmdastjórninni áætlunina eigi síðar en 17. maí 2005.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um framkvæmd þessarar greinar að því er varðar öll farþegaskip sem um getur í 1. mgr. farþegaskip sem um getur í 3. mgr., þar sem heimilt er að hafa fleiri en 400 farþega innanborðs, og öll háhraðafarþegaför eigi síðar en 17. maí 2006.

(\*) Stjtið. EB L 123, 17.5.2003, bls. 22.“

4. Viðaukinn við þessa tilskipun bætist við sem III. viðauki.

*2. gr.*

Frá og með 1. janúar 2005 skal fella brott g-lið 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 98/18/EB.

## 3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 17. nóvember 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

## 4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

## 5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 14. apríl 2003.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. GIANNITSIS

*forseti.*

## VIDAUKI

## „III. VIDAUKI

VIÐMIÐUNARREGLUR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÖRYGGISKRÖFUR FYRIR FARÞEGASKIP OG  
HÁHRADAFARÞEGAFÖR FYRIR HREYFIHAMLAÐA*(eins og um getur í 6 gr. b)*

Þegar aðildarríkin beita viðmiðunarreglunum í þessum viðauka skulu þau fara eftir umburðarbréfi Alþjóðsiglingamálastofnunarinnar MSC/735 frá 24. júní 1996 „Tilmæli um hönnun og rekstur farþegaskipa til að koma til móts við þarfir aldraðra og fatlaðra.“

**1. Aðgangur að skipi**

Skip skulu smíðuð og útbúin þannig að hreyfihamlaðir geti farið um borð og frá borði á auðveldan og öruggan hátt og tryggt sé að þeir komist á milli þilfara, annaðhvort án aðstoðar eða með hjálp skábrauta eða lyfta. Leiðbeiningum um slíkan aðgang skal komið fyrir við aðrar aðgönguleiðir skipsins og á öðrum viðeigandi stöðum í skipinu.

**2. Skilti**

Skilti um borð í skipi til að leiðbeina farþegum skulu vera aðgengileg og auðlæsileg fyrir hreyfihamlaða (þ.m.t. fólk með skerta skynjun) og skulu þau staðsett á mikilvægum stöðum.

**3. Búnaður til að koma boðum til skila**

Rekstraraðilinn skal hafa búnað um borð í skipinu til að koma tilkynningum til skila á sjónrænan hátt og með tali til þeirra sem eru mismikið hreyfihamlaðir, t.d. varðandi seinkanir, breytingar á áætlun og þjónustu um borð.

**4. Viðvörðun**

Viðvörðunarbúnaður skal þannig hannaður að hann geri öllum hreyfihömluðum farþegum viðvart og viðvörðunarhnappar skulu vera aðgengilegir, þ.m.t. einstaklingum með skerta skynjun og þeim sem eiga við námsörðugleika að stríða.

**5. Viðbótarkröfur sem tryggja hreyfanleika innan skipsins**

Handslár, gangar og gangvegir, dyragættir og hurðir skulu vera aðgengilegar fyrir fólk í hjólastólum. Lyftur, ökutækjapilfö, farþegabiðsalir, klefar og snyrtiherbergi skulu þannig hönnuð að aðgengi fyrir hreyfihamlaða sé þægilegt og rými nóg.“

---

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 782/2003

2005/EES/58/28

frá 14. apríl 2003

## um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip (\*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bandalagið hefur miklar áhyggjur af því að lífræn tinsambönd, sem eru notuð sem gróðurhindrandi efni og/eða búnaður á skip, hafi skaðleg áhrif á umhverfið, einkum húðunarefnið tríbútýltín (TBT).
- 2) Hinn 5. október 2001 var haldin ráðstefna stjórnar-erindreka á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), að viðstöddum aðildarríkjum Bandalagsins, þar sem samþykktur var alþjóðasamningur um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði á skipum (AFS-samningurinn).
- 3) AFS-samningurinn er rammisamningur sem veitir möguleika á að leggja bann við að nota skaðleg, gróðurhindrandi efni og/eða búnað á skip í samræmi við vel skilgreindar reglur og að teknu tilhlýðilegu tilliti til varúðarreglunnar í Ríó-yfirlýsingunni um umhverfi og þróun.
- 4) Á þessu stigi er einungis bannað að húða skip með lífrænum tinsamböndum samkvæmt AFS-samningnum.
- 5) Tilteknir gildistökdagar hafa verið settir í AFS-samninginn: 1. janúar 2003 verður bannað að nota lífræn tinsambönd á skip og 1. janúar 2008 skal vera búð að fjarlægja öll lífræn tinsambönd af skipum.

6) AFS-samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en tólf mánuðum eftir að a.m.k. 25 ríki, sem ráða yfir a.m.k. 25% af skipastóli heimsins miðað við tonnátölu, hafa fullgilt hann.

7) Aðildarríkjunum ber að fullgilda AFS-samninginn eins fljótt og auðið er.

8) Skapa ber aðildarríkjunum bestu aðstæður sem völ er á til að unnt sé að hraða fullgildingu AFS-samningsins. Því ber að ryðja úr vegi öllum hindrunum sem gætu komið í veg fyrir fullgildingu.

9) Fulltrúar á AFS-ráðstefnunni, sem gerðu sér grein fyrir því að tíminn fram að 1. janúar 2003 gæti verið of knappur fyrir gildistöku AFS-samningsins og vildu tryggja að hætt yrði að nota lífræn tinsambönd á skip frá og með 1. janúar 2003, fóru þess á leit, í ályktun sinni nr. 1, að aðildarríki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) gerðu allt sem í þeirra valdi stæði til að undirbúa framkvæmd AFS-samningsins eins fljótt og auðið væri og hvöttu viðkomandi atvinnugreinar til að hætta að markaðssetja, selja og nota lífræn tinsambönd fyrir þann dag.

10) Framkvæmdastjórnin samþykkti, í beinu framhaldi af AFS-ráðstefnunni, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/62/EB frá 9. júlí 2002 um niundu aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (lífræn tinsambönd) <sup>(4)</sup>, í því skyni að banna, frá og með 1. janúar 2003, markaðssetningu og notkun lífrænna tinsambönda í gróðurhindrandi efni og/eða búnað fyrir öll skip, án tillits til lengdar þeirra.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 115, 9.5.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 39.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 262 E, 29.10.2002, bls. 492.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 11. desember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 17. mars 2003.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 58.

- 11) Í ljósi ályktunar nr. 1 frá AFS-ráðstefnunni er þörf á frekari aðgerðum áður en gripið er til ráðstafana um lífræn tinsambönd til að tryggja að almennt bann gildi um húðun skipa með tríbútýltini í öllu Bandalaginu og hafsvæðinu umhverfis það miðað við þá fresti sem kveðið er á um í AFS-samningnum.
- 12) Reglugerð er viðeigandi löggæringur þar eð þar eru settar fram, milliliðalaust og innan skamms tíma, nákvæmar kröfur sem útgerðir og aðildarríkin eiga að uppfylla, samtímis og á sama hátt, í öllu Bandalaginu. Tilgangurinn með þessari reglugerð er eingöngu að leggja bann við notkun lífrænna tinsambönda og skal hún ekki vera endurtekning á AFS-samningnum.
- 13) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á takmarkanir á markaðssetningu og notkun tiltekinna, skaðlegra efna og efnablandna (lífrænna tinsambönda) eins og mælt er fyrir um í tilskipun 76/769/EBE <sup>(1)</sup>.
- 14) Ekki má vera óvissa um það hvort algert bann sé við húðun með virku tríbútýltini á vettvangi Bandalagsins. Aðilum á sviði sjóflutninga um allan heim, sem þurfa að skipuleggja viðhald skipa sinna, skal tilkynnt á skýran hátt og í tæka tíð að skip, sem hafa verið húðuð með virku tríbútýltini, fái ekki aðgang að höfnum Bandalagsins frá og með 1. janúar 2008.
- 15) Þriðju lönd geta, einkum ef þau geta ekki nýtt sér þann ávinning sem fæst með yfirþjóðlegum reglugerðum af lagatæknilegum orsökum, lent í erfiðleikum við að setja eigin lög um bann við því að húða eigin skip með tríbútýltini, frá þeim degi sem bannið öðlast gildi samkvæmt þessari reglugerð. Bannið í þessari reglugerð gegn því að húða skip, sem sigla undir fána þriðja ríkis, með tríbútýltini tekur því ekki gildi fyrr en að loknu aðlögunartímabili sem hefst 1. júlí 2003 og lýkur á gildistökudegi AFS-samningsins.
- 16) Fánaríki, sem hafa bannað að húða skip sín með tríbútýltini, hafa efnahagslegan ávinning af því að tryggja að AFS-samningurinn öðlist gildi eins fljótt og auðið er til að skapa jöfn skilyrði hvar sem er í heiminum. Þessi reglugerð ætti að vera hvatning fyrir fánaríki til að fullgilda AFS-samninginn þar sem í henni er bannað, eins fljótt og kostur er, að húða skip, sem sigla undir fána aðildarríkis, með tríbútýltini.
- 17) Skilgreiningar, sem eru notaðar í þessari reglugerð og ákvæði sem þar eru sett, ættu, eftir föngum, að byggjast á skilgreiningum og ákvæðum AFS-samningsins.
- 18) Þessi reglugerð skal einnig gilda um skip, sem eru starfrækt í umboði aðildarríkis, til að tryggja að henni sé beitt gagnvart pöllum á sjó. Hún ætti hvorki að gilda um herskip né önnur ríkisskip þar sem meðferð þessara skipa er gerð nægileg skil í AFS-samningnum.
- 19) Bann við því að húða öll skip, sem eiga rétt á að sigla undir fána aðildarríkis, með virku tríbútýltini og þar sem gróðurhindrandi efni og/eða búnaður hafa verið notuð, þeim breytt eða skipt um þau, sem gildir frá og með 1. júlí 2003, ætti að vera hvatning fyrir aðila á sviði sjóflutninga til að koma í framkvæmd tilmælunum í ályktun AFS-ráðstefnunnar nr. 1.
- 20) Heppilegt er að koma á sama kerfi við skoðun og skirteinisútgáfu og kveðið er á um í AFS-samningnum. Samkvæmt þessari reglugerð ber að skoða öll skip sem eru 400 brúttótonn að stærð eða stærri, óháð því hvers eðlis sjóferðin er, en skip sem eru 24 metrar á lengd eða lengri, en undir 400 brúttótonnum, þurfa einungis að hafa meðferðis yfirlýsingu um að þau uppfylli kröfur þessarar reglugerðar eða AFS-samningsins. Bandalagið skal hafa rétt til að koma á samræmdu skoðunarkerfi fyrir þessi skip ef það reynist nauðsynlegt síðar meir.
- 21) Hvorki er þörf á sérstakri skoðun né yfirlýsingu þegar um er að ræða skip sem eru styttri en 24 metrar þar sem þessum skipum, einkum skemmtibátum og fiskiskipum, eru gerð nægileg skil í ákvæðum tilskipunar 76/769/EBE.
- 22) Viðurkenna ber skirteini og skjöl sem eru gefin út í samræmi við þessa reglugerð, auk AFS-skirteina og AFS-yfirlýsinga sem aðilar að AFS-samningnum gefa út.
- 23) Hafi AFS-samningurinn ekki öðlast gildi 1. janúar 2007 er framkvæmdastjórninni heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir sem gera skipum, sem sigla undir fána þriðja ríkis, kleift að sýna fram á að þau uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, sem og ráðstafanir til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/3/EB (Stjótið. EB L 4, 9.1.2003, bls. 12).

- 24) Fyrirkomulagið, sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit), að því er varðar skip sem nota hafnir innan Bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna<sup>(1)</sup> er heppilegast til að hafa eftirlit með framkvæmd banns við því að húða skip með tríbútyltini og kröfum AFS-samningsins og skulu gerðar breytingar á þessari tilskipun þegar hentugt þykir. Með hliðsjón af sérstöku gildisviði þeirrar tilskipunar skulu sambærileg ákvæði gilda um skip sem sigla undir fána aðildarríkis á aðlögunartímabilinu.
- 25) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(2)</sup>.
- 26) Framkvæmdastjórnin skal greina Evrópuþinginu og ráðinu frá því hvort markmið þessarar reglugerðar hafi náðst og leggja til, ef nauðsyn krefur, að gerðar verði aðrar, viðeigandi breytingar á reglugerðinni.
- 27) Gildistaka þessarar reglugerðar skal vera með þeim hætti að unnt sé að leggja skilvirkt bann við notkun lífrænna tinsambanda á skip eins fljótt og auðið er.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Markmið

Tilgangurinn með þessari reglugerð er að draga úr eða útiloka óæskileg áhrif á umhverfi sjávar og heilsu manna frá lífrænum tinsamböndum sem gegna hlutverki virkra sæfiefna í gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði sem notuð eru á skip, sem sigla undir fána aðildarríkis eða eru starfrækt í umboði þess, og á skip, sem sigla til eða frá höfnum aðildarríkjanna, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla.

##### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Gróðurhindrandi efni og/eða búnaður“: húðunarefni, málning, efni til yfirborðsmeðferðar, yfirborð eða búnaður, notað á skip til að takmarka eða koma í veg fyrir vöxt óæskilegra lífvera.

<sup>(1)</sup> Stjótd. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB (Stjótd. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).

<sup>(2)</sup> Stjótd. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. „Brúttótonnataka“: brúttótonnataka sem er reiknuð í samræmi við reglur um mælingu skipa í 1. viðauka við alþjóðasamninginn um mælingar skipa frá 1969 eða síðari samninga sem kunna að koma í stað hans.
3. „Lengd“: lengd eins og hún er skilgreind í alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa frá 1966, eins og henni var breytt með bókun frá 1988 þar að lútandi eða í síðari samþykktum sem kunna að hafa komið í stað hennar.
4. „Skip“: skip, af hvaða gerð sem vera skal, sem er starfrækt í sjávarumhverfi, þ.m.t. spaðabátar, svifnökkvar, sökkvanleg för, fljótandi för, fastir og fljótandi pallar, fljótandi geymslueiningar og fljótandi framleiðslueiningar með geymslu- og uppskipunarbúnaði.
5. „AFS-samningur“: alþjóðasamningur um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði á skipum, samþykktur 5. október 2001, án tillits til þess hvenær hann öðlast gildi.
6. „Viðurkennd stofnun“: aðili sem hefur verið viðurkenndur í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefntirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamála-yfirvalda<sup>(3)</sup>.
7. „AFS-skirteini“: skirteini sem er gefið út fyrir skip í samræmi við ákvæði 4. viðauka við AFS-samninginn eða, á tilteknu aðlögunartímabili, skirteini sem er gefið út í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð þegar stjórnvald í einhverju aðildarríki, eða viðurkennd stofnun í umboði þess, gefur það út.
8. „AFS-yfirlýsing“: yfirlýsing sem er samin samkvæmt ákvæðum 4. viðauka við AFS-samninginn eða, á aðlögunartímabilinu, yfirlýsing undirrituð af eigandanum eða viðurkenndum umboðsmanni hans og samin í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa reglugerð.
9. „AFS-samræmisyfirlýsing“: skjal sem viðurkennd stofnun í umboði stjórnvalds aðildarríkis gefur út þar sem staðfest er að uppfylltar séu kröfur 1. viðauka við AFS-samninginn.
10. „Aðlögunartímabil“: tímabil sem hefst 1. júlí 2003 og lýkur á gildistökudegi AFS-samningsins.

<sup>(3)</sup> Stjótd. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB.

3. gr.

### Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

- a) skip sem sigla undir fána aðildarríkis,
- b) skip sem sigla ekki undir fána aðildarríkis en eru starfrækt í umboði aðildarríkis og
- c) skip sem koma til hafnar eða viðkomustöðvar undan strönd aðildarríkis en falla ekki undir a- eða b-lið.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða ríkisrekin skip, sem eru um stundarsakir einungis nýtt í þágu hins opinbera til annarra nota en í atvinnuskyni.

4. gr.

### Bann við notkun lífrænna tinsambanda sem gegna hlutverki sæfiefna

Frá og með 1. júlí 2003 má ekki bera á eða nota til viðgerða lífræn tinsambönd sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði á skipum.

Á aðlögunartímabilinu skulu þessi ákvæði þó einungis gilda um skip sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 3. gr.

5. gr.

### Bann við húðun með lífrænum tinsambönd sem gegna hlutverki sæfiefna

1. Skip, sem hafa rétt til að sigla undir fána aðildarríkis frá og með 1. júlí 2003 og þar sem gróðurhindrandi efni og/eða búnaður hafa verið notuð, þeim breytt eða skipt um þau eftir þann dag, skulu ekki hafa lífræn tinsambönd, sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði, á bol sínum, ytri hlutum eða yfirborði nema á þeim sé húð sem hindrar að slík efnasambönd berist frá undirliggjandi, gróðurhindrandi efni og/eða búnaði sem uppfylla ekki settar kröfur.

2. Frá og með 1. janúar 2008 skulu lífræn tinsambönd, sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði, ekki vera til staðar á bolum, ytri hlutum eða yfirborði skipa, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., eða skipin skulu hafa húð sem hindrar að slík efnasambönd berist frá undirliggjandi, gróðurhindrandi efni og/eða búnaði sem uppfylla ekki settar kröfur.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um fasta og fljótandi palla, fljótandi geymslueiningar og fljótandi framleiðslueiningar með geymslu- og uppskipunarbúnaði sem eru smíðaðar fyrir 1. júlí 2003 og hafa ekki verið í þurrkví á þeim degi eða síðar.

6. gr.

### Skoðun og skirteinisútgáfa

1. Eftirfarandi skal gilda um skoðun og skirteinisútgáfu að því er varðar skip sem sigla undir fána aðildarríkis:

- a) frá og með 1. júlí 2003 skal skoða og gefa út skirteini fyrir skip sem eru 400 brúttótonn að stærð eða stærri, að undanskildum föstum eða fljótandi pöllum, fljótandi geymslueiningum og fljótandi framleiðslueiningum með geymslu- og uppskipunarbúnaði, í samræmi við kröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka, áður en skipið er tekið í notkun í fyrsta sinn eða þegar gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði hefur verið breytt eða skipt hefur verið um þau,
- b) skip sem eru 24 metrar á lengd eða lengri en undir 400 brúttótonnum að stærð, að undanskildum föstum eða fljótandi pöllum, fljótandi geymslueiningum og fljótandi framleiðslueiningum með geymslu- og uppskipunarbúnaði, skulu hafa meðferðis AFS-yfirlýsingu til að sýna fram á að þau uppfylli kröfur 4. og 5. gr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., að taka upp samræmt kerfi fyrir skoðun og skirteinisútgáfu að því er varðar þessi skip,

- c) aðildarríkjunum er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi skip sem falla ekki undir a- og b-lið til að tryggja samræmi við þessa reglugerð.

2. Eftirfarandi skal gilda að því er varðar viðurkenningu skirteina, yfirlýsingar og samræmisyfirlýsingar:

- a) aðildarríki skulu viðurkenna öll AFS-skirteini frá og með 1. júlí 2003,
- b) aðildarríkin skulu viðurkenna allar AFS-samræmisyfirlýsingar í eitt ár frá þeim degi sem um getur í a-lið,
- c) aðildarríki skulu viðurkenna allar AFS-yfirlýsingar frá og með 1. júlí 2003.

Þessum yfirlýsingum skulu fylgja viðeigandi gögn (eins og kvittun fyrir málningu eða reikningur frá verktaka) eða á þeim vera viðeigandi áritun.

3. Hafi AFS-samningurinn ekki öðlast gildi 1. janúar 2007 skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að gera skipum, sem sigla undir fána þriðja ríkis, kleift að sýna fram á að þau uppfylli kröfur 5. gr.

## 7. gr.

**Hafnarrikiseftirlit**

Á aðlögunartímabilinu skulu aðildarríkin beita eftirlits-ákvæðum, sem jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/21/EB, gagnvart skipum sem eru 400 brúttó-tonn að stærð eða stærri og sigla undir fána aðildarríkis. Að því er varðar skoðun og uppgötvun brota skulu aðildarríkin fylgja ákvæðum 11. gr. AFS-samningsins.

Hafi AFS-samningurinn ekki öðlast gildi 1. janúar 2007 skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., samþykkja viðeigandi málsmæðferð fyrir þetta eftirlit.

## 8. gr.

**Aðlögun**

Heimilt er að breyta tilvisunum í AFS-samninginn, AFS-skírteinið, AFS-yfirlýsinguna og AFS-samræmisyfirlýsinguna og/eða viðaukana við þessa reglugerð, þ.m.t. viðeigandi leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að því er varðar 11. gr. AFS-samningsins, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr. til að taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og einkum innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eða til að auka skilvirkni þessarar reglugerðar á grundvelli fenginnar reynslu.

## 9. gr.

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, hér á eftir nefnd COSS-nefndin, sem komið var á fót með

3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) <sup>(1)</sup>.

2. Þegar vísað er í þessa málsgrein gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. COSS-nefndin setur sér starfsreglur.

## 10. gr.

**Mat**

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 10. maí 2004, greina Evrópuþinginu og ráðinu frá stöðu fullgildingar AFS-samningsins og veita upplýsingar um að hve miklu leyti lífræn tinsambönd, sem gegna hlutverki sæfiefna í gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði á skipum, séu enn notuð á skip sem sigla ekki undir fána aðildarríkis og eru í ferðum til og frá höfnum Bandalagsins. Í ljósi þessarar skýrslu er framkvæmdastjórninni heimilt, ef þörf krefur, að leggja til breytingar til að tryggja að sifellt hraðar dragi úr losun skaðlegra, gróðurhindrandi efnasambanda í hafið í lögsögu aðildarríkjanna frá skipum sem sigla ekki undir fána aðildarríkis.

## 11. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 14. apríl 2003.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. GIANNITSIS

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.



*I. VIÐAUKI***Kröfur um skoðun og skirteinisútgáfu að því er varðar gróðurhindrandi efni og/eða búnað á skipum sem sigla undir fána aðildarríkis****1. Skoðun**

- 1.1. Skip sem eru 400 brúttótonn að stærð eða stærri, að undanskildum föstum og fljótandi pöllum, fljótandi geymslueiningum og fljótandi framleiðslueiningum með geymslu- og uppskipunarbúnaði, skulu, frá og með 1. júlí 2003, sæta eftirfarandi:
  - a) frumskoðun áður en skipið er tekið í notkun eða þegar skipið er í þurrkvi í fyrsta skipti til að nota gróðurhindrandi efni og/eða búnað á það, og
  - b) skoðun þegar gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði er breytt eða skipt um þau. Tilgreina skal um slíka skoðun í skirteininu sem krafist er samkvæmt lið 2.1.
- 1.2. Standa skal þannig að skoðuninni að tryggt sé að gróðurhindrandi efni og/eða búnaður á skipi uppfylli að öllu leyti ákvæði 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.
- 1.3. Skoðun skal framkvæmd af starfsmönnum sem hafa fullt umboð til þess frá stjórnvaldi í viðkomandi aðildarríki eða öðru aðildarríki eða frá aðilum að AFS-samningnum eða skoðunarmanni, sem er tilnefndur í þessu skyni af þessum stjórnvöldum, eða frá viðurkenndum stofnunum sem starfa í umboði stjórnvaldsins.
- 1.4. Aðildarríkin skulu, að því er varðar skoðun sem um getur í lið 1.1, uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. viðauka við AFS-samninginn, sem og viðmiðunarreglur fyrir skoðun og skirteinisútgáfu, að því er varðar gróðurhindrandi efni og/eða búnað á skipum, sem fylgja með í viðauka við ályktun MEPC 101 (48) sem umhverfisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti 11. október 2002, nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

**2. Skirteinisútgáfa**

- 2.1. Þegar skoðuninni, sem um getur í a- eða b-lið liðar 1.1, er lokið skal aðildarríki, sem er ekki enn aðili að AFS-samningnum, gefa út skirteini í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í II. viðauka. Aðildarríki, sem er aðili að AFS-samningnum, skal gefa út AFS-skirteini.
  - 2.2. Aðildarríki er heimilt að styðjast við AFS-samræmisýfirlýsingu til að sýna fram á að farið sé að kröfum 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar. Skirteini, sem um getur í lið 2.1, skal koma í stað þessarar AFS-samræmisýfirlýsingar í síðasta lagi innan árs frá þeim degi sem um getur í lið 1.1.
  - 2.3. Aðildarríki skulu krefjast þess að skip, sem um getur í lið 1.1, hafi um borð skirteini sem er gefið út í samræmi við lið 2.1.
  - 2.4. Aðildarríkin skulu, að því er varðar skirteinisútgáfu sem um getur í lið 2.1, uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. viðauka við AFS-samninginn.
-

## II. VIÐAUKI

**Eyðublöð fyrir skírteini og skýrsla um gróðurhindrandi efni og/eða búnað**

Alþjóðlega skírteinið og skýrslan um gróðurhindrandi efni og/eða búnað skulu vera á því formi sem sýnt er hér á eftir.

Þegar þessi eyðublöð eru einungis notuð fyrir skip, sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skírteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn, er heimilt að strika út tilvísanir í AFS-samninginn.

**ALÞJÓÐLEGT SKÍRTEINI FYRIR GRÓÐURHINDRANDI EFNI OG/EÐA BÚNAÐ**

(Þessu skírteini skal fylgja skýrsla um gróðurhindrandi efni og/eða búnað)

(*Opinbert innsigli*) (*Ríki*)

Útgefið samkvæmt ákvæðum [alþjóðasamningsins um eftirlit með skaðlegum, gróðurhindrandi efnum og/eða búnaði á skipum] <sup>(1)</sup> reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip.

**Í umboði ríkisstjórnar**

(*heiti ríkis*)

af

.....  
(*viðurkenndum einstaklingi eða stofnun*)

Þetta skírteini kemur í stað skírteinis sem þegar hefur verið gefið út .....

*Upplýsingar um skip* <sup>(2)</sup>:

Nafn skips:

Einkennisnúmer eða einkennisstafir:

Heimahöfn:

Brúttótonnataka:

IMO-númer <sup>(3)</sup>:

Þetta skip hefur ekki verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og/eða búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauka við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð (EB) nr. 782/2003, hvorki á smíðatíma sínum né síðar ..... ☐

Þetta skip hefur verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og/eða búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauka við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð (EB) nr. 782/2003, en þau hafa verið fjarlægð af .....  
(heiti starfsstöðvarinnar) .....(dags.)  
..... ☐

Þetta skip hefur áður verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og/eða búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauka við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð (EB) nr. 782/2003 en það hefur verið þéttihúðað af .....  
(heiti starfsstöðvarinnar) .....(dags.)  
..... ☐

Þetta skip hefur verið meðhöndlað með gróðurhindrandi efni og/eða búnaði, sem eru háð eftirliti samkvæmt [1. viðauka við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð (EB) nr. 782/2003, fyrir 1. janúar 2003 en fjarlægja skal þau eða þéttihúða skipið fyrir 1. janúar 2008 ..... ☐

<sup>(1)</sup> Má strika út þegar um er að ræða skip sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skírteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn.

<sup>(2)</sup> Einnig má koma upplýsingum um skipið fyrir lárétt í reitum.

<sup>(3)</sup> Í samræmi við kerfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir auðkennisnúmer skipa.

## ÞAÐ VOTTAST HÉR MED:

1. að skipið hefur verið skoðað í samræmi við [1. reglu 4. viðauka við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip,
2. að skoðunin hefur leitt í ljós að gróðurhindrandi efni og/eða búnaður á skipinu uppfylla gildandi kröfur skv. [1. viðauka við samninginn og] <sup>(1)</sup> reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip.

Gefið út: .....  
(Útgáfustaður skirteinis)

.....  
(Útgáfudagur) (Undirskrift viðurkennds embættismanns sem gefur skirteinið út)

Lokadagur skoðunar sem skirteini þetta byggist á: .....

<sup>(1)</sup> Má strika út að því er varðar skip sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skirteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn.

**SKÝRSLA UM GRÓÐURHINDRANDI EFNI OG/EÐA BÚNAÐ**

Þessi skýrsla skal fest tryggilega við alþjóðlegt skirteini fyrir gróðurhindrandi efni og/eða búnað.

*Upplýsingar um skip:*

Heiti skips:

Einkennisnúmer:

IMO-númer:

*Upplýsingar um gróðurhindrandi efni og/eða búnað sem eru notuð*

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar sem eru sett á/i skip:

Sá dagur eða dagar sem gróðurhindrandi efni og/eða búnaður eru sett á/i skip:

Heiti fyrirtækisins eða fyrirtækjanna og starfsstöðvarinnar eða starfsstöðvanna þar sem gróðurhindrandi efni og/eða búnaður eru sett á/i skip:

Nafn eða nöfn framleiðanda eða framleiðenda gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar:

Heiti og litur eða litir gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar:

Virkt eða virk efni og CAS-númer þeirra:

Tegund eða tegundir þéttihúðunar, ef við á:

Heiti og litur eða litir þéttihúðunar sem er notuð, ef við á:

Sá dagur sem þéttihúðun fer fram:

ÞAÐ VOTTAST HÉR MEÐ að þessi skýrsla er að öllu leyti rétt.

Gefið út: .....  
(Útgáfustaður skirteinis)

.....  
(Útgáfudagur)

.....  
(Undirskrift viðurkennds embættismanns sem gefur skirteinið út)

**Áritun á skýrslurnar <sup>(1)</sup>**

ÞAÐ VOTTAST HÉR MEÐ að skoðun, sem krafist er í samræmi við [b-lið 1. mgr. 1. reglu 4. viðauka við samninginn og] <sup>(2)</sup> lið 2.1 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip, leiddi í ljós að skipið uppfyllir kröfur [samningsins og] <sup>(2)</sup> reglugerðarinnar.

*Upplýsingar um gróðurhindrandi efni og/eða búnað sem eru sett á/i skip*

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar sem eru sett á/i skip: .....

Sá dagur eða dagar sem gróðurhindrandi efni og/eða búnaður eru sett á/i skip: .....

Heiti fyrirtækisins eða fyrirtækjanna og starfsstöðvarinnar eða starfsstöðvanna þar sem gróðurhindrandi efni og/eða búnaður eru sett á/i skip: .....

.....

Nafn eða nöfn framleiðanda eða framleiðenda gróðurhindrandi efnis og/eða búnaðar: .....

Heiti og litur eða litir gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar: .....

Virkt eða virk efni og CAS-númer þeirra: .....

Tegund eða tegundir þéttihúðunar, ef við á: .....

Heiti og litur eða litir þéttihúðunar sem er notuð, ef við á: .....

Sá dagur sem þéttihúðun á sér stað: .....

Undirskrift: .....

*(Undirskrift viðurkennds embættismanns sem gefur skýrsluna út)*

Staður: .....

Dags.<sup>(3)</sup>: .....

*(Innsigli eða stimpill yfirvaldsins)*

\_\_\_\_\_

<sup>(1)</sup> Taka skal afrit af þessari blaðsíðu skýrslunnar og láta hana fylgja með henni ef stjórnvöld telja það nauðsynlegt.

<sup>(2)</sup> Má strika út þegar um er að ræða skip sem falla ekki undir kröfur um skoðun og skirteinisútgáfu skv. 1. reglu 4. viðauka við AFS-samninginn.

<sup>(3)</sup> Lokadagur skoðunar sem áritun þessi byggist á.

## III. VIÐAUKI

**YFIRLÝSING VARDANDI GRÓÐURHINDRANDI EFNI OG/EÐA BÚNAÐ Á SKIPUM SEM ERU 24 METRAR Á  
LENGD EN UNDIR 400 BRÚTTÓTONNUM**

Samin samkvæmt

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 782/2003/EB frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip

Nafn skips: .....

Einkennisnúmer eða einkennisstafir: .....

Heimahöfn: .....

Lengd: .....

Brúttótonnatala: .....

IMO-númer (ef við á): .....

Ég lýsi því yfir að gróðurhindrandi efni og/eða búnaður, sem eru notuð á þetta skip, uppfylla ákvæði 4. og 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip.

.....  
(Dags.).....  
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)**Áritun vegna gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar sem eru notuð**

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar sem eru notaðar og hvaða dag eða daga þær voru settar á/i skipið:

.....  
(Dags.).....  
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar sem eru notaðar og hvaða dag eða daga þær voru settar á/i skipið:

.....  
(Dags.).....  
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)

Tegund eða tegundir gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar sem eru notaðar og hvaða dag eða daga þær settar á/i skipið:

.....  
(Dags.).....  
(Undirskrift eiganda eða viðurkennds umboðsmanns hans)

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/49/EB

2005/EES/58/29

frá 25. júní 2002

## um mat og stjórna á hávaða í umhverfinu (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álit svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(4)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 8. apríl 2002,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hluti af stefnu Bandalagsins er að ná viðtækri heilsu- og umhverfisvernd og eitt af þeim markmiðum, sem stefnt er að, eru varnir gegn hávaða. Í grænbókinni um framtíðarstefnu að því er varðar hávaða kom fram að framkvæmdastjórnin telur hávaða í umhverfinu eitt af helstu umhverfissvandamálum í Evrópu.
- 2) Í ályktun sinni frá 10. júní 1997 <sup>(5)</sup> um grænbók framkvæmdastjórnarinnar lýsti Evrópuþingið yfir stuðningi við grænbókina, hvatti til þess að mælt yrði fyrir um sérstakar ráðstafanir og framtaksverkefni í tilskipun um minnkun umhverfshávaða og benti á skortinn á áreiðanlegum, samanburðarhæfum upplýsingum um mismunandi hávaðavald.
- 3) Sameiginlegur hávaðavísir og sameiginlegar aðferðir til að reikna út og mæla hávaða í kringum flugvelli voru tiltekin í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. desember 1999 um loftflutninga og umhverfið. Tekið hefur verið mið af þessari orðsendingu í ákvæðum þessarar tilskipunar.
- 4) Ákveðnir flokkar hávaða frá framleiðsluvörum falla þegar undir löggjöf Bandalagsins, svo sem tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og

útblasturskerfi vélknúinna ökutækja <sup>(6)</sup>, tilskipun ráðsins 77/311/EBE frá 29. mars 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hávaðamörk fyrir öikumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum <sup>(7)</sup>, tilskipun ráðsins 80/51/EBE frá 20. desember 1979 um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða <sup>(8)</sup>, tilskipun ráðsins 92/61/EBE frá 30. júní 1992 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum <sup>(9)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/14/EB frá 8. maí 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða hávaðamengun í umhverfinu af völdum búnaðar til nota utanhúss <sup>(10)</sup>.

- 5) Þessari tilskipun er m.a. ætlað að vera grundvöllur að frekari mótun og fyllingu þeirra ráðstafana Bandalagsins, sem fyrir eru og varða hávaða frá helstu hávaðavöldum, einkum ökutækjum og járnbrautavögnum og grunnvirkjum þeirra, loftförum, búnaði til notkunar utanhúss eða í atvinnustarfsemi og frá færanlegum vélum, og að mótun frekari ráðstafana til skamms, meðallangs og lengri tíma lítið.
- 6) Tilteknir flokkar hávaða, eins og hávaði sem myndast inni í farartækjum og hávaði frá heimilum, skulu ekki falla undir þessa tilskipun.
- 7) Í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans er auðveldara að ná markmiðum sáttmálans um viðtæka umhverfis- og heilsuvernd með því að bæta við aðgerðir aðildarríkjanna með Bandalagsaðgerð til að ná sameiginlegum skilningi á hávaðavandanum. Gögnum um hávaðastig í umhverfinu skal því safnað, þau borin saman eða tilkynnt í samræmi við samanburðarhæfar viðmiðanir. Í þessu felst notkun samræmdra hávaðavísa og matsaðferða og einnig viðmiðanir fyrir samræmingu hávaðakortlagningar. Best fer á því að Bandalagið ákveði slíkar viðmiðanir og aðferðir.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 189, 18.7.2002, bls. 12. Hinnar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 40.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 337 E, 28.11.2000, bls. 251.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 116, 20.4.2001, bls. 48.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 148, 18.5.2001, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 14. desember 2000 (Stjtið. EB C 232, 17.8.2001, bls. 305), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. júní 2001 (Stjtið. EB C 297, 23.10.2001, bls. 49) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 3. október 2001 (Stjtið. EB C 87 E, 11.4.2002, bls. 118). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. maí 2002 og ákvörðun ráðsins frá 21. maí 2002.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 200, 30.6.1997, bls. 28.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 16. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/101/EB (Stjtið. EB L 334, 28.12.1999, bls. 41).

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 105, 28.4.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 18, 24.1.1980, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 83/206/EBE (Stjtið. EB L 117, 4.5.1983, bls. 15).

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 225, 10.8.1992, bls. 72. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/7/EB (Stjtið. EB L 106, 3.5.2000, bls. 1).

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 162, 3.7.2000, bls. 1.

- 8) Einnig er nauðsynlegt að koma á sameiginlegum matsaðferðum fyrir „umhverfshávaða“ og skilgreiningu á „viðmiðunarmörkum“ með tilliti til samræmdra vísa til ákvörðunar hávaðastigs. Aðildarríkin skulu ákvarða töluleg viðmiðunarmörk, m.a. með hliðsjón af nauðsyn þess að beita meginreglunni um forvarnir til að varðveita kyrrlát svæði á þéttbýlisstöðum.
- 9) Sameiginlegu hávaðavísarnir, sem valdir hafa verið, eru  $L_{den}$  til að meta ónæði og  $L_{night}$  til að meta röskun svefns. Einnig er gagnlegt að heimila aðildarríkjum að nota viðbótarhávaðavísa til að fylgjast með eða hafa stjórn á tilteknum aðstæðum sem valda hávaða.
- 10) Rétt er að fyrirskipa stefnumarkandi hávaðakortlagningu á tilteknum svæðum sem hafa sérstaka þýðingu því þannig má afla nauðsynlegra gagna til að gefa mynd af þeim hávaða sem er dæmigerður fyrir það svæði.
- 11) Aðgerðaáætlanir skulu taka til forgangsatriða á þessum tilteknu svæðum og skulu lögbær yfirvöld semja þær í samráði við almenning.
- 12) Til að unnt verði að miðla sem mestum upplýsingum til almennings skulu heppilegustu upplýsingaleiðirnar valdar.
- 13) Safna þarf gögnum og sameina viðeigandi Bandalagsskýrslur til að skapa grundvöll fyrir framtíðarstefnu Bandalagsins og til frekari upplýsinga fyrir almenning.
- 14) Framkvæmdastjórnin skal leggja reglulega mat á framkvæmd tilskipunarinnar.
- 15) Bæta skal við tæknileg ákvæði um matsaðferðir og laga þau að framförum í tækni og vísindum og þróun í Evrópustöðlun eftir því sem nauðsynlegt er.
- 16) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

#### Markmið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að skilgreina sameiginlega stefnu þar sem beitt er ákveðinni forgangsroð til að komast hjá, fyrirbyggja eða draga úr skaðlegum áhrifum,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

þ.m.t. ónæði, af völdum umhverfshávaða. Í því skyni skulu eftirtaldir aðgerðir koma til framkvæmda í áföngum:

- a) nota skal hávaðakortlagningu samkvæmt sameiginlegum matsaðferðum aðildarríkjanna til að ákvarða álag af völdum umhverfshávaða,
- b) tryggja skal að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um umhverfshávaða og áhrif hans,
- c) aðildarríkin skulu samþykkja aðgerðaáætlanir, byggðar á niðurstöðum hávaðakortlagningar, í þeim tilgangi að fyrirbyggja og draga úr umhverfshávaða þar sem þörf er á, og sérstaklega þar sem hávaði getur haft skaðleg áhrif á heilsu manna, og að sjá til þess að gæði umhverfis séu varðveitt, með tilliti til hávaða, þar sem þau eru mikil.

2. Þessi tilskipun miðar einnig að því að skapa grundvöll fyrir mótun Bandalagsráðstafana til að draga úr hávaða frá helstu hávaðavöldum, einkum frá ökutækjum og járnbrautarvögnum og grunnvirkjum þeirra, loftförum, búnaði til notkunar utanhúss eða í atvinnustarfsemi og frá færanlegum vélum. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin leggja viðeigandi tillögur um réttarreglur fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 18. júlí 2006. Þær tillögur skulu taka mið af niðurstöðum skýrslunnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr.

2. gr.

#### Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um hávaða í umhverfi manna, sérstaklega á byggðum svæðum, í almenningsgöðum eða öðrum kyrrlátum svæðum á þéttbýlisstöðum, á kyrrlátum, opnum svæðum, við skóla, sjúkrahús og aðrar byggingar og svæði þar sem fólk er viðkvæmt fyrir hávaða.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um hávaða sem þolandi veldur sjálfur, hávaða frá heimilum, hávaða frá nágrönnum, hávaða á vinnustöðum eða hávaða inni í farartækjum né hávaða frá hernaðarstarfsemi á hernaðarsvæðum.

3. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „umhverfshávaði“: óæskilegt eða skaðlegt hljóð utandyra af mannavöldum, þ.m.t. hávaði frá farartækjum, umferð á vegum, umferð á járnbrautum, flugumferð og frá stöðum þar sem fram fer atvinnustarfsemi, sbr. skilgreiningu í I. viðauka við tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun <sup>(2)</sup>,

b) „skaðleg áhrif“: neikvæð áhrif á heilsu manna,

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26.



- c) „ónæði“: stig hávaða í umhverfinu sem veldur fólki ónæði og er ákvarðað með vettvangskonunum,
- d) „hávaðavísir“: eðlisfræðilegur kvarði til að lýsa umhverfishávaða sem tengist skaðlegum áhrifum,
- e) „mat“: aðferð til að reikna út, spá fyrir um, áætla eða mæla gildi hávaðavísis eða tengdra skaðlegra áhrifa,
- f) „ $L_{den}$ “ (dags-, kvölds- og næturhávaðavísir): hávaðavísir fyrir heildarónæði eins og nánar er skilgreint í I. viðauka,
- g) „ $L_{day}$ “ (dagshávaðavísir): hávaðavísir fyrir ónæði á daginn eins og nánar er skilgreint í I. viðauka,
- h) „ $L_{evening}$ “ (kvöldshávaðavísir): hávaðavísir fyrir ónæði á kvöldin eins og nánar er skilgreint í I. viðauka,
- i) „ $L_{night}$ “ (næturhávaðavísir): hávaðavísir fyrir röskun svefns eins og nánar er skilgreint í I. viðauka,
- j) „tengslin milli skammtastærða og áhrifa“: tengsl milli gildis hávaðavísis og skaðlegra áhrifa,
- k) „þéttbýlisstaður“: hluti yfirráðasvæðis, afmarkað af aðildarríkinu, þar sem íbúafjöldi er yfir 100 000 og þéttleiki byggðar er slíkur að aðildarríkið telur það þéttbýlissvæði,
- l) „kyrrlátt svæði á þéttbýlisstað“: svæði, afmarkað af lögbærum yfirvöldum, t.d. þar sem  $L_{den}$  gildi eða gildi annars viðeigandi vísis fyrir hávaða, frá hvaða hávaðavaldi sem er, er ekki hærra en tiltekið gildi sem aðildarríkið hefur ákvarðað,
- m) „kyrrlátt, opið svæði“: svæði, afmarkað af lögbærum yfirvöldum, þar sem ekki gætir hávaða frá umferð, atvinnustarfsemi eða tómstundaathöfnum,
- n) „aðalvegur“: svæðisvegur, þjóðvegur eða alþjóðlegur vegur, tilgreindur af aðildarríkinu, þar sem fleiri en 3 milljónir ökutækja fara um á ári,
- o) „aðaljárnbraut“: járnbraut, tilgreind af aðildarríkinu, sem fleiri en 30 000 lestir fara um á ári,
- p) „fjölfarinn flugvöllur“: flugvöllur til almenningsflugs, tilgreindur af aðildarríkinu, þar sem flughreyfingar eru fleiri en 50 000 á ári (hreyfing er flugtak eða landing) að undanskildu æfingaflugi á litlum loftföllum,
- q) „hávaðakortlagning“: framsetning gagna um gildandi ástand eða ástand, sem spáð er, með tilliti til hávaðavísis, sem sýnir hvar hávaði er yfir gildandi viðmiðunarmörkum, fjölda fólks, sem verður fyrir áhrifum á tilteknu svæði, eða fjölda íbúðarhúsa þar sem hávaðavísir hefur tiltekin gildi á tilteknu svæði,
- r) „stefnumarkandi hávaðakort“: kort sem er ætlað til að meta í heild áhrif hávaða á tilteknu svæði frá mismunandi hávaðavöldum eða til að gera heildarspá um slíkt svæði,
- s) „viðmiðunarmörk“:  $L_{den}$ - eða  $L_{night}$ -gildi og, þar sem við á,  $L_{day}$ - og  $L_{evening}$ -gildi, sem aðildarríkið hefur ákvarðað, og sé farið yfir þau gefur það lögbærum yfirvöldum tilefni til að íhuga eða gera ráðstafanir til úrbóta. Viðmiðunarmörk geta verið mismunandi fyrir mismunandi hávaða (hávaði frá umferð á vegum og járnbrautum, flugumferð, atvinnustarfsemi o.s.frv.), mismunandi umhverfi og mismikla viðkvæmni íbúa fyrir hávaða: þau geta einnig verið ólík við ríkjandi aðstæður og nýjar aðstæður (þar sem breyting verður á aðstæðum með tilliti til hávaðavalds eða notkun á umhverfinu),
- t) „aðgerðaáætlanir“: áætlanir um að hafa stjórn á vandamálum og óæskilegum áhrifum, tengdum hávaða, að því meðtöldu að minnka hávaða þar sem það er nauðsynlegt,
- u) „hljóðskipulag“: stjórnun hljóðstígs í framtíðinni með skipulögðum ráðstöfunum eins og skipulagi landnotkunar, þróun umferðarkerfa, skipulagi umferðar, mótvægisáðgerðir með hljóðeinangrun og takmörkun hávaða við upptök hans,
- v) „almenningur“: einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar og, í samræmi við innlend lög eða venju, samtök þeirra, félög eða hópar.

4. gr.

**Framkvæmd og ábyrgð**

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær yfirvöld og aðila á viðeigandi stigum sem skulu bera ábyrgð á framkvæmd þessarar tilskipunar, þ.m.t. yfirvöld sem bera ábyrgð á að:

a) gera, og þar sem við á, samþykkja hávaðakort og aðgerðaáætlanir fyrir þéttbýlisstaði, aðalvegi, aðaljárnbrautir og fjölfarna flugvelli,

b) safna saman hávaðakortum og aðgerðaáætlunum.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., séu aðgengilegar framkvæmdastjórninni og almenningi eigi síðar en 18. júlí 2005.

5. gr.

**Hávaðavísar og beiting þeirra**

1. Aðildarríkin skulu nota hávaðavísana  $L_{den}$  og  $L_{night}$ , sem um getur í I. viðauka, við gerð og endurskoðun stefnumarkandi hávaðakorta í samræmi við 7. gr.

Þar til skylt verður að nota sameiginlegar matsaðferðir til ákvörðunar  $L_{den}$  og  $L_{night}$  mega aðildarríki nota gildandi innlenda hávaðavísar og tilheyrandi gögn í þessum tilgangi og skulu þeir umreiknaðir yfir í hávaðavísana sem getið er hér að framan. Þessi gögn mega ekki vera eldri en þriggja ára.

2. Aðildarríki mega nota viðbótarhávaðavisa í sértilvikum eins og þeim sem tilgreind eru í 3. lið I. viðauka.

3. Aðildarríki mega nota aðra hávaðavisa en  $L_{den}$  og  $L_{night}$  fyrir hljóðskipulag og afmörkun svæða með tilliti til hávaða.

4. Aðildarríki skulu, eigi síðar en 18. júlí 2005, veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um öll viðmiðunarmörk, sem eru í gildi á yfirráðasvæðum þeirra eða eru í undirbúningi, táknuð sem  $L_{den}$  og  $L_{night}$ , og þar sem við  $L_{day}$  og  $L_{evening}$ , fyrir hávaða frá umferð á vegum og járnbrautum, hávaða frá loftförum í nálægð flugvalla og hávaða á svæðum þar sem atvinnustarfsemi fer fram, ásamt skýringum á beitingu viðmiðunarmarkanna.

6. gr.

### Matsaðferðir

1. Ákvarða skal gildi  $L_{den}$  og  $L_{night}$  með matsaðferðunum sem skilgreindar eru í II. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á sameiginlegum matsaðferðum fyrir  $L_{den}$  og  $L_{night}$  í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 13. gr., við endurskoðun II. viðauka. Þar til þessar aðferðir hafa verið samþykktar mega aðildarríkin nota matsaðferðir sem samþykktar eru í samræmi við II. viðauka og byggðar á aðferðum sem mælt er fyrir um í löggjöf þeirra. Í slíku tilviki verða þau að sýna fram á að með þeim aðferðum fáið niðurstöður sem eru jafngildar niðurstöðunum sem fást með aðferðunum sem í lið 2.2 í II. viðauka.

3. Skaðleg áhrif hávaða má meta með hliðsjón af tengslunum milli skammtastærða og áhrifa sem um getur í III. viðauka.

7. gr.

### Stefnumarkandi hávaðakortlagning

1. Aðildarríki skulu tryggja að eigi síðar en 30. júní 2007 hafi stefnumarkandi hávaðakort, sem sýni stöðuna á undangengnu almanaksári, verið gerð og samþykkt, þar sem við á, af lögbærum yfirvöldum fyrir alla þéttbýlisstaði með fleiri en 250 000 íbúa og alla aðalvegi, sem fleiri en sex milljónir ökutækja fara um á hverju ári, aðaljárnbrautir, sem fleiri en 60 000 lestir fara um á hverju ári, og fjölfarna flugvelli á yfirráðasvæði þeirra.

Aðildarríki skulu, eigi síðar en 30. júní 2005 og á fimm ára fresti eftir það, tilkynna framkvæmdastjórninni um aðalvegi, sem fleiri en sex milljónir ökutækja fara um á hverju ári, aðaljárnbrautir, sem fleiri en 60 000 lestir fara um á hverju ári, fjölfarna flugvelli og þéttbýlisstaði með fleiri en 250 000 íbúa á yfirráðasvæði þeirra.

2. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eigi síðar en 30. júní 2012, og á fimm ára fresti eftir það, hafi verið gerð stefnumarkandi hávaðakort, sem sýna aðstæður á undangengnu almanaksári, og þau samþykkt, þar sem við á, af lögbærum yfirvöldum, fyrir alla

þéttbýlisstaði og alla aðalvegi og aðaljárnbrautir á yfirráðasvæði þeirra.

Aðildarríki skulu eigi, síðar en 31. desember 2008, tilkynna framkvæmdastjórninni um alla þéttbýlisstaði og alla aðalvegi og aðaljárnbrautir á yfirráðasvæði þeirra.

3. Stefnumarkandi hávaðakort skulu fullnægja lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

4. Samliggjandi aðildarríki skulu vinna sameiginlega að stefnumarkandi hávaðakortlagningu nálægt landamærum.

5. Stefnumarkandi hávaðakort skulu yfirfarin og endurskoðuð, ef þörf krefur, a.m.k. á fimm ára fresti eftir að þau eru unnin.

8. gr.

### Aðgerðaáætlanir

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi, eigi síðar en 18. júlí 2008, samið aðgerðaáætlanir sem miða að því að hafa, á yfirráðasvæði sínu, stjórn á vandamálum og óæskilegum áhrifum, tengdum hávaða, að því meðtöldu að minnka hávaða þar sem það er nauðsynlegt:

- á stöðum nærri aðalvegum, sem fleiri en sex milljónir ökutækja fara um á ári, aðaljárnbrautum, sem fleiri en 60 000 lestir fara um á hverju ári, og fjölförnum flugvöllum,
- á þéttbýlisstöðum með fleiri en 250 000 íbúa. Slíkar áætlanir skulu einnig miða að því vernda kyrrlát svæði gegn aukningu á hávaða.

Þær ráðstafanir, sem tilgreindar eru í áætlunum, eru háðar ákvörðun lögbærra yfirvalda en skulu einkum taka á forgangsatriðum sem skilgreina má með því að þar er farið er yfir viðeigandi viðmiðunarmörk eða með öðrum viðmiðunum sem aðildarríkin ákveða og eiga sérstaklega við um mikilvægustu svæðin sem greind hafa verið við stefnumarkandi hávaðakortlagningu.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi, eigi síðar en 18. júlí 2013, samið aðgerðaáætlanir sem taka einkum á forgangsatriðum sem skilgreina má með því að þar er farið yfir viðeigandi viðmiðunarmörk eða með öðrum viðmiðunum sem aðildarríkin ákveða fyrir þéttbýlisstaði og aðalvegi sem og aðaljárnbrautir á yfirráðasvæðum sínum.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um aðrar viðeigandi viðmiðanir sem um getur í 1. og 2. mgr.

4. Aðgerðaáætlanirnar skulu uppfylla lágmarkskröfurnar í V. viðauka.

5. Aðgerðaáætlanirnar skulu yfirfarnar og endurskoðaðar, ef þörf krefur, þegar stórvægileg breyting á sér stað, sem hefur áhrif á fyrirliggjandi aðstæður, sem valda hávaða, og a.m.k. á fimm ára fresti eftir að þær eru samþykktar.

6. Aðliggjandi aðildarríki skulu vinna sameiginlega að aðgerðaáætlunum fyrir landamærasvæði.

7. Aðildarríki skulu tryggja að samráð sé haft við almenning um tillögur að aðgerðaáætlunum, gefinn sé raunhæfur möguleiki snemma í ferlinu til að taka þátt í undirbúningi og endurskoðun aðgerðaáætlanna, tekið sé tillit til niðurstaðna úr þeirri þátttöku og að almenningur sé upplýstur um ákvarðanirnar sem teknar eru. Hæfileg tíma-mörk skulu sett þar sem gert er ráð fyrir nægum tíma á hverju stigi þar sem almenningur tekur þátt.

Ef skylt er að hafa málsmeðferð sem felur í sér þátttöku almennings samkvæmt bæði þessari tilskipun og annarri löggjöf Bandalagsins geta aðildarríki kveðið á um sameiginlega málsmeðferð til að forðast tvíverknað.

#### 9. gr.

#### Upplýsingar til almennings

1. Aðildarríki skulu tryggja að stefnumarkandi hávaðakort, sem þau hafa gert, og, þar sem við á, samþykkt og aðgerðaráætlanirnar, sem þau hafa gert, séu aðgengileg almenningi og að þeim verði miðlað til almennings í samræmi við viðeigandi löggjöf Bandalagsins, einkum tilskipun ráðsins 90/313/EEB frá 7. júní 1990 um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál<sup>(1)</sup>, og í samræmi við IV. og V. viðauka þessarar tilskipunar, m.a. með fyrirbyggjandi upplýsingatækni.

2. Upplýsingarnar skulu vera skýrar, auðskiljanlegar og aðgengilegar. Þeim skal fylgja samantekt með mikilvægustu atriðum.

#### 10. gr.

#### Söfnun og útgáfa aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar á gögnum

1. Eigi síðar en 18. janúar 2004 skal framkvæmdastjórnin skila Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu sem hefur að geyma úttekt á fyrirbyggjandi ráðstöfunum í Bandalaginu sem varða umhverfshávaðavald.

2. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingar á stefnumarkandi hávaðakortum og í samantektum aðgerðaáætlanna, sem um getur í VI. viðauka, séu sendar framkvæmdastjórninni innan sex mánaða frá þeim dagsetningum sem mælt er fyrir um í 7. og 8. gr. eftir því sem við á.

3. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót gagnagrunni með upplýsingum úr stefnumarkandi hávaðakortum til að auðvelda samantekt skýrslunnar, sem um getur í 11. gr., og önnur tækni- og upplýsingastörf.

4. Framkvæmdastjórnin skal gefa út yfirlitsskýrslu með gögnum úr stefnumarkandi hávaðakortum og aðgerðaáætlunum á fimm ára fresti. Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 18. júlí 2009.

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB L 158, 23.6.1990, bls. 56.

#### 11. gr.

#### Endurskoðun og skýrslugjöf

1. Eigi síðar en 18. júlí 2009 skal framkvæmdastjórnin skila Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar.

2. Í skýrslunni skal einkum meta þörfina á frekari aðgerðum Bandalagsins vegna umhverfshávaða og, ef við á, setja fram tillögur um framkvæmdir, t.d. að því er varðar:

a) markmið til langs eða meðallangs tíma um að draga úr þeim fjölda einstaklinga sem verður fyrir skaðlegum áhrifum frá umhverfshávaða og skal þar taka sérstakt tillit til mismunandi loftslags og mismunandi þjóðmenningar,

b) frekari ráðstafanir til að draga úr umhverfshávaða frá tilteknum hávaðavöldum, einkum búnaði til notkunar utanhúss, flutningatækjum og grunnvirkjum og tilteknum flokkum atvinnustarfsemi, og skulu þessar ráðstafanir byggjast á ráðstöfunum sem þegar hafa verið framkvæmdar eða til umræðu er að samþykkja,

c) verndun kyrrlátra, opinna svæða.

3. Í skýrslunni skal vera úttekt á hljóðfræðilegum gæðum umhverfis í Bandalaginu, byggð á þeim gögnum, sem um getur í 10. gr., og skal þar tekið tillit til framfara á sviði vísinda og tækni og annarra viðeigandi upplýsinga. Minnkun skaðlegra áhrifa og hlutfallið milli kostnaðar og hagkvæmni skulu vera helstu viðmiðanirnar við val á þeim stefnumiðum og ráðstöfunum sem lagðar eru til.

4. Þegar framkvæmdastjórninni hafa borist fyrstu stefnumarkandi hávaðakortin skal hún taka aftur til athugunar:

— möguleikann á því að hafa mælingahæð 1,5 metra í 1. mgr. I. viðauka að því er varðar hús sem eru ein hæð,

— lægri mörk fyrir áætlaðan fjölda fólks sem verður fyrir óþægindum af hávaða á mismunandi gildisbilum  $L_{den}$  og  $L_{night}$  skv. VI. viðauka.

5. Skýrslan skal endurskoðuð á fimm ára fresti eða oftar ef við á. Í henni skal vera mat á framkvæmd þessarar tilskipunar.

6. Þessari skýrslu skulu fylgja tillögur um breytingu á þessari tilskipun ef við á.

#### 12. gr.

#### Aðlögun

Framkvæmdastjórnin skal aðlaga I. viðauka (3. lið), II. viðauka og III. viðauka að framförum í vísindum og tækni í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 13. gr.

*13. gr.*

Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið er á fót með 18. gr. tilskipunar 2000/14/EB.

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

*14. gr.***Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáðgangsmál til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. júlí 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*15. gr.***Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*16. gr.***Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 25. júní 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. MATAS I PALOU

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

## HÁVAÐAVÍSAR

sem um getur í 5. gr.

1. Skilgreining á dags-kvölds-næturhávaðavísinum  $L_{den}$ 

Dags-kvölds-næturhávaðavísirinn  $L_{den}$  í desibelum (dB) er skilgreindur með eftirfarandi formúlu:

$$L_{den} = 10 \lg \frac{1}{24} \left( 12 * 10^{\frac{L_{day}}{10}} + 4 * 10^{\frac{L_{evening} + 5}{10}} + 8 * 10^{\frac{L_{night} + 10}{10}} \right)$$

þar sem:

- $L_{day}$  er A-vegið langtímameðalhljóðstig, eins og það er skilgreint í ISO-staðli 1996-2: 1987, ákvarðað yfir öll dagstímabil ársins,
- $L_{evening}$  er A-vegið langtímameðalhljóðstig, eins og það er skilgreint í ISO-staðli 1996-2: 1987, ákvarðað yfir öll kvöldtímabil ársins,
- $L_{night}$  er A-vegið langtímameðalhljóðstig, eins og það er skilgreint í ISO-staðli 1996-2: 1987, ákvarðað yfir öll næturtímabil ársins,

þar sem:

- dagur er 12 klukkustundir, kvöld er fjórar klukkustundir og nótt er átta klukkustundir. Aðildarríki mega stytta kvöldtímabilið um eina eða tvær klukkustundir og lengja dag- og/eða næturtímabilið sem því nemur, að því tilskildu að þetta val sé hið sama fyrir alla hávaðavaldar og að þau láti framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um kerfisbundin frávik frá sjálfgefna kostinum,
- upphaf dags (og þar af leiðandi upphaf kvölds og upphaf nætur) skal valið af aðildarríkinu (það val skal vera hið sama fyrir hávaða frá öllum hávaðavöldum) en sjálfgefnu gildin eru 07:00 til 19:00, 19:00 til 23:00 og 23:00 til 07:00 að staðartíma,
- ár er viðkomandi ár með tilliti til hljóðmengunar og meðalár með tilliti til veðurfræðilegra aðstæðna,

og þar sem:

- frísviðshljóð er metið, sem þýðir að ekki er tekið tillit til hljóðs sem endurkastast frá útvegg þess íbúðarhúss sem verið er að meta (yfirleitt merkir þetta leiðréttingu um 3 dB ef um mælingu er að ræða).

Hæð matspunktar fyrir  $L_{den}$  fer eftir notkuninni:

- þegar um er að ræða útreikninga vegna stefnumarkandi hávaðakortlagningar með tilliti til hávaða í eða við byggingar verða matspunktarnir að vera í  $4,0 \pm 0,2$  m (3,8 til 4,2 m) hæð frá jörðu og við þá hlið byggingarinnar þar sem hávaðinn er mestur, sem í þessu tilviki er sú hlið sem snýr á móti eða er næst hávaðavaldinum; í öðrum tilvikum er heimilt að velja aðra kosti,
- þegar um er að ræða mælingar vegna stefnumarkandi hávaðakortlagningar með tilliti til hávaða í eða við byggingar er heimilt að velja aðrar hæðir en hæðin má þó aldrei vera minni en 1,5 m frá jörðu og leiðrétta skal niðurstöðurnar miðað við hæð sem jafngildir 4 m yfir jörðu,
- í öðrum tilvikum, svo sem hljóðskipulag og afmörkun hávaðasvæða er heimilt að velja aðrar hæðir en hæðin má þó aldrei vera minni en 1,5 m yfir jörðu, t.d. fyrir:
  - dreifbýl svæði með einnar hæðar húsum,
  - staðbundnar ráðstafanir sem ætlað er að minnka áhrif hávaða á tiltekin íbúðarhús,
  - ítarleg hávaðakortlagning takmarkaðs svæðis sem sýnir hávaða við einstaka íbúðir.

## 2. Skilgreining á næturhávaðavísi

Næturhávaðavísirinn  $L_{night}$  er A-vegið langtímameðalhljóðstig, eins og það er skilgreint í ISO-staðli 1996-2: 1987, ákvarðað yfir öll næturtímabil viðkomandi árs,

þar sem:

- nótt er átta klukkustundir eins og skilgreint er í 1. lið,
- ár er viðkomandi ár með tilliti til hljóðmengunar og meðalár með tilliti til veðurfræðilegra aðstæðna eins og skilgreint er í 1. lið,
- frísviðshljóð er metið, eins og mælt er fyrir um í 1. lið,
- matspunkturinn er sá sami og fyrir  $L_{den}$ .

**3. Viðbótarhávaðavísar**

Í sumum tilvikum getur verið betra að nota sérstaka hávaðavísa og tengd viðmiðunarmörk til viðbótar við hávaðavísana  $L_{den}$  og  $L_{night}$  og, þar sem við á,  $L_{day}$  og  $L_{evening}$ . Dæmi um slík tilvik eru:

- hávaðavaldurinn, sem verið er að meta, er aðeins virkur lítinn hluta tímabilsins (t.d. minna en 20% af heildarfjölda dagstímabíla á viðkomandi ári, heildarfjölda kvöldtímabíla á viðkomandi ári eða heildarfjölda næturtímabíla á viðkomandi ári),
  - meðalfjöldi hávaðaatburða á einu tímabili eða fleiri tímabilum er afar lítill (t.d. minna en einn hávaðaatburður á klukkustund en hægt er að skilgreina hávaðaatburð sem hávaða sem varir skemur en fimm mínútur, t.d. hávaði frá lest eða loftfari sem fer hjá),
  - hávaðinn inniheldur sterka lágtíðni,
  - $L_{Amax}$  eða SEL (sound exposure level: hljóðálagsstig) til verndar gegn hávaðatoppum á nóttunni,
  - aukin vernd um helgar eða ákveðinn hluta ársins,
  - aukin vernd á daginn,
  - aukin vernd á kvöldin,
  - samþættur hávaði frá mismunandi hávaðavöldum,
  - kyrrlát opin svæði,
  - hávaðinn hefur sterka tónþætti,
  - hávaðinn er með høgghljóðum.
-

## II. VIDAUKI

## AÐFERDIR VIÐ MAT Á HÁVAÐAVÍSUM

sem um getur í 6. gr.

## 1. Inngangur

Gildi fyrir  $L_{den}$  og  $L_{night}$  má ákvarða með útreikningi eða mælingu (í matspunktinum). Þegar um spár er að ræða er aðeins hægt að nota útreikinga.

Bráðabirgðareikni- og -mæliaðferðir eru settar fram í 2. og 3. lið.

2. Bráðabirgðareikniaðferðir fyrir  $L_{den}$  og  $L_{night}$ 

## 2.1. Aðlögun innlendra reikniaðferða sem í gildi eru

Ef aðildarríki hefur innlendar aðferðir til að ákvarða langtímahávaðavisa er heimilt að nota þær aðferðir, að því tilskildu að þær séu aðlagðar að skilgreiningum hávaðavísanna sem settir eru fram í I. viðauka. Að því er varðar flestar innlendar aðferðir merkir þetta að bæta þarf kvöldinu við, sem sérstöku tímabili, og einnig ársmeðaltali. Einnig þarf að aðlaga sumar aðferðir, sem í gildi eru, með því að útiloka endurkast frá húsvegg, og bæta við nærtímabili og/eða matspunkti.

Að koma á ársmeðaltali þarfnast sérstakrar athygli. Breytingar á hljóðmengun og hljóðleiðni geta stuðlað að sveiflum yfir árið.

## 2.2. Bráðabirgðareikniaðferðir sem mælt er með

Fyrir aðildarríki, sem hafa engar innlendar reikniaðferðir, eða aðildarríki sem vilja breyta um reikniaðferð er mælt með eftirfarandi aðferðum:

Fyrir HÁVAÐA FRÁ ATVINNUSTARFSEMI: ISO-staðall nr. 9613-2: „Acoustics — Abatement of sound propagation outdoors, Part 2: General method of calculation“.

Viðeigandi gögn um hávaða (ilagsgögn) fyrir þessa aðferð er hægt að fá með mælingum sem framkvæmdar eru í samræmi við eina af eftirfarandi aðferðum:

- ISO-staðall nr. 8297: 1994 „Acoustics — Determination of sound power levels of multisource industrial plants for evaluation of sound pressure levels in the environment — Engineering method“,
- ISO-staðall nr. 3744: 1995 „Hljóðtækni — Ákvörðun á hljóðafsstigi hljóðgjafa með notkun hljóðþrýstings — Mæliaðferð með verkfræðilegri nákvæmni í nánast opnu sviði yfir endurkastsfleti“,
- ISO-staðall nr. 3746: 1995 „Hljóðtækni — Ákvörðun á hljóðafsstigi hljóðgjafa með notkun hljóðþrýstings — Yfirlitsmæliaðferð með umlykjandi mælingu yfir endurkastsfleti“.

Fyrir HÁVAÐA FRÁ LOFTFÖRUM: ECAC.CEAC skjal nr. 29 „Report on Standard Method of Computing Noise Contours around Civil Airports“, 1997. Af mismunandi nálgunum við gerð reiknilíkana fyrir flugferla verður notuð sundurliðunaraðferðin sem um getur í þætti 7.5 í ECAC.CEAC skjali nr. 29.

Fyrir UMFERÐARHÁVAÐA: Franska reikniaðferðin „NMPB-Routes-96 (SETRA-CERTU-LCPC-CSTB)“ sem um getur í „Arrêté du 5 mai 1995 relatif au bruit des infrastructures routières, Journal Officiel du 10 mai 1995, Article 6“ og í franska staðlinum „XPS 31-133“. Fyrir ilagsgögn varðandi hávaða eiga þessi skjöl við „Guide du bruit des transports terrestres, fascicule prévision des niveaux sonores, CETUR 1980“.

Fyrir HÁVAÐA FRÁ JÁRNBRAUTUM: Hollenska reikniaðferðin sem gefin var út í „Reken— en Meetvoorschrift Railverkeerslawaaai '96, Ministerie Volkshuisvesting, Ruimtelijke Ordening en Milieubeheer, 20 November 1996“.

Þessar aðferðir skulu lagaðar að skilgreiningum á  $L_{den}$  og  $L_{night}$ . Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. júlí 2003, gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 2. mgr. 13. gr. um endurskoðuðu aðferðirnar og leggja fram gögn um hávaða frá loftförum, umferð á vegum og járnbrautum á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

3. Bráðabirgðamæliaðferðir fyrir  $L_{den}$  og  $L_{night}$ 

Ef aðildarríki vill nota sína eigin opinberu mæliaðferð skal sú aðferð aðlöguð í samræmi við skilgreiningarnar á hávaðavísunum, sem koma fram í I. viðauka, og í samræmi við meginreglur um langtíameðaltalsmælingar sem koma fram í ISO-staðli nr. 1996-2: 1987 og ISO-staðli nr. 1996-1: 1982.

Ef aðildarríki hefur enga mæliaðferð eða ef það kys að nota aðra aðferð er heimilt að skilgreina aðferð á grundvelli skilgreiningarinnar á hávaðavísunum og á grundvelli meginreglnanna sem koma fram í ISO-staðli nr. 1996-2: 1987 og ISO-staðli nr. 1996-1: 1982.

Mæligögn fyrir framan útvegg eða annan endurkastandi hlut verður að leiðrétta til að útiloka endurkastið frá þessum útvegg eða hlut (almennt merkir þetta 3 dB leiðréttingu ef um mælingu er að ræða).

---

### III. VIÐAUKI

#### ADFERÐIR VIÐ MAT Á SKADLEG ÁHRIFUM

sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

Nota skal tengslin milli skammtastærða og áhrifa til að meta áhrif hávaða á íbúa. Tengslin milli skammtastærða og áhrifa, sem innleidd verða við endurskoðun þessa viðauka í framtíðinni, í samræmi við 2. mgr. 13. gr., munu einkum varða:

- tengslin milli ónæðis og  $L_{den}$  fyrir hávaða frá umferð á vegum og járnbrautum og flugumferð og frá atvinnustarfsemi,
- tengslin milli röskunar svefns og  $L_{night}$  fyrir hávaða frá umferð á vegum og járnbrautum og flugumferð og frá atvinnustarfsemi.

Ef nauðsyn krefur skal tilgreina sérstök tengsl skammtastærðar og áhrifa fyrir:

- hús með sérstakri einangrun gegn hávaða eins og skilgreint er í VI. viðauka,
  - hús sem eru með kyrrlátri hlið eins og skilgreint er í VI. viðauka,
  - mismunandi loftslag/mismunandi þjófðmenningu,
  - viðkvæma hópa í þjóðfélaginu,
  - tónrænan hávaða frá atvinnustarfsemi,
  - hávaða með högghljóðum frá atvinnustarfsemi og önnur sértílvik.
-



## IV. VIÐAUKI

## LÁGMARKSKRÖFUR FYRIR STEFNUMARKANDI HÁVAÐAKORTLAGNINGU

sem um getur í 7. gr.

1. Stefnunarkandi hávaðakort er framsetning gagna um einn eftirfarandi liða:
  - fyrirbyggjandi, fyrirverandi eða áætlaðar aðstæður, sem valda hávaða, með tilliti til hávaðavísis,
  - þegar farið er yfir viðmiðunarmörk,
  - mat á fjölda íbúða, skóla og sjúkrahúsa á tilteknu svæði sem verður fyrir áhrifum frá tilteknum gildum hávaðavísis,
  - mat á fjölda fólks sem staðsett er á svæði sem verður fyrir hávaða.
2. Stefnunarkandi hávaðakort má kynna almenningi sem:
  - uppdrátt eða graf,
  - tölulegar upplýsingar í töflum,
  - tölulegar upplýsingar á rafrænu formi.
3. Í stefnunarkandi hávaðakortum fyrir þéttbýlisstaði skal lögð sérstök áhersla á hávaða frá:
  - umferð á vegum,
  - umferð á járnbrautum,
  - flugvöllum,
  - stöðum þar sem atvinnustarfsemi fer fram, þ.m.t. hafnir.
4. Stefnunarkandi hávaðakortlagning verður notuð í eftirfarandi tilgangi:
  - gögnum sem senda skal framkvæmdastjórninni í samræmi við 2. mgr. 10. gr. og VI. viðauka,
  - veita borgurum upplýsingar í samræmi við 9. gr.,
  - sem grundvöllur aðgerðaáætlana í samræmi við 8. gr.

Hvert þessara markmiða útheimtir sérstaka gerð stefnunarkandi hávaðakorts.
5. Lágmarkskröfur fyrir stefnunarkandi hávaðakort, sem varða gögnin sem senda á framkvæmdastjórninni, eru settar fram í liðum 1.5, 1.6, 2.5, 2.6 og 2.7 í VI. viðauka.
6. Í þeim tilgangi að upplýsa borgarana í samræmi við 9. gr. og móta aðgerðaáætlanir í samræmi við 8. gr. verður að gefa frekari og ítarlegri upplýsingar, t.d. sem:
  - myndræna framsetningu,
  - kort sem sýna hvar farið er yfir viðmiðunarmark,
  - samanburðarkort þar sem núverandi aðstæður eru bornar saman við hugsanlegar aðstæður í framtíðinni,
  - kort sem sýna gildi hávaðavísis í annarri hæð en 4 m þar sem við á.

Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur um gerðir og framsetningu þessara hávaðakorta.
7. Stefnunarkandi hávaðakort til staðbundinnar eða innlendarar notkunar skulu gerð fyrir matshæðina 4 m og í 5 dB bilum fyrir  $L_{den}$  og  $L_{night}$  eins og skilgreint er í VI. viðauka.
8. Fyrir þéttbýlisstaði skulu gerð sérstök stefnunarkandi hávaðakort fyrir hávaða frá umferð á vegum og járnbrautum, hávaða frá loftförum og hávaða frá atvinnustarfsemi. Heimilt er að bæta við kortum fyrir aðra hávaðavalda.
9. Framkvæmdastjórninni er heimilt að semja viðmiðunarreglur með frekari leiðbeiningum um hávaðakort, hávaðakortlagningu og kortlagningarhugbúnað í samræmi við 2. mgr. 13. gr.

## V. VIÐAUKI

## LÁGMARKSKRÖFUR FYRIR AÐGERÐAÁÆTLANIR

sem um getur í 8. gr.

1. Aðgerðaáætlun skal a.m.k. innihalda eftirfarandi atriði:
  - lýsingu á þéttbýlisstaðnum, aðalvegum, aðaljárnbrautum eða fjölförnum flugvöllum og öðrum hávaðavöldum sem teknir eru til greina,
  - upplýsingar um ábyrgt yfirvald,
  - upplýsingar um lagaumhverfi,
  - öll gildandi viðmiðunarmörk í samræmi við 5. gr.,
  - samantekt um niðurstöður hávaðakortlagningarinnar,
  - mat á fjölda fólks sem verður fyrir óþægindum vegna hávaða, greiningu vandamála og aðstæður sem þarf að bæta,
  - skrá yfir samráð við almenning, skipulagt í samræmi við 7. mgr. 8. gr.,
  - hávaðavarnir sem þegar eru til staðar og verkefni í undirbúningi,
  - aðgerðir sem lögbær yfirvöld hyggjast grípa til á næstu fimm árum, þ.m.t. ráðstafanir til að varðveita kyrrlát svæði,
  - langtíma Stefnumörkun,
  - fjárhagslegar upplýsingar (ef þær liggja fyrir): fjárhagsáætlanir, mat á kostnaðarhagkvæmni, kostnaðar- og ábatamat,
  - fyrirhugaðar ráðstafanir til að meta framkvæmd og niðurstöður aðgerðaáætlunarinnar.
2. Aðgerðirnar, sem lögbær yfirvöld hyggjast grípa til á sínu verksviði, geta t.d. verið:
  - skipulag umferðar,
  - skipulag landnotkunar,
  - tæknilegar ráðstafanir við upptök hávaða,
  - val á hljóðlátari hávaðavöldum,
  - minnkun á hljóðleiðni,
  - stjórnvalds- eða efnahagsráðstafanir eða -hvarf.
3. Sérhver aðgerðaáætlun skal innihalda mat á fækkun fólks sem verður fyrir áhrifum (óþægindum, röskun svefns eða öðrum áhrifum).
4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að semja viðmiðunarreglur með frekari leiðbeiningum um aðgerðaáætlanir í samræmi við 2. mgr. 13. gr.

## VI. VIÐAUKI

## GÖGN SEM SENDA SKAL FRAMKVÆMDASTJÓRNINNI

sem um getur í 10. gr.

Gögnin, sem senda skal framkvæmdastjórnninni, eru sem hér segir:

**1. Fyrir þéttbýlisstaði**

- 1.1. Stutt og greinargóð lýsing á þéttbýlisstaðnum: staðsetning, stærð, fjöldi íbúa.
- 1.2. Ábyrgt yfirvald.
- 1.3. Aðgerðir gegn hávaða, sem lokið er, og hávaðavarnir sem til staðar eru.
- 1.4. Reikni- eða mæliaðferðir sem notaðar hafa verið.
- 1.5. Áætlaður fjöldi fólks (í hundruðum) sem býr í húsum sem verða fyrir hávaða á sérhverju eftirfarandi gildisbila  $L_{den}$  í dB í 4 m hæð yfir jörðu á þeirri hlið sem verður fyrir mestum hávaða: 55-59, 60-64, 65-69, 70-74, > 75, og skal tilgreina aðskilið hávaða frá umferð á vegum, járnbrautum og flugumferð og hávaða frá atvinnustarfsemi. Tölurnar skulu námundaðar upp í næsta hundrað (þ.e. 5200 = milli 5150 og 5249, 100 = milli 50 og 149, 0 = færri en 50).

Að auki skal koma fram, þar sem við á og þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir, fjöldi fólks í framangreindum flokkum sem býr í húsum sem eru með:

- sérstaka einangrun gegn umræddum hávaða, sem merkir sérstaka einangrun í byggingu gegn einni eða fleiri tegundum umhverfishávaða, ásamt loftræsti- og loftjöfnunarbúnaði sem tryggir góða vörn gegn umhverfishávaða,
- kyrrláta hlið, sem merkir hlið íbúðarhúss þar sem  $L_{den}$  gildið í fjögurra metra hæð yfir jörðu og tveimur metrum fyrir framan húshliðina er meira en 20 dB lægra en við húshliðina sem er með hæsta  $L_{den}$ -gildið fyrir hávaða frá tilteknum hávaðavöldum.

Einnig skal tilgreina hvaða áhrif aðalvegir, aðaljárnbrautir og fjölfarnir flugvellir, sbr. skilgreiningu í 3. gr., hafa á þessar niðurstöður.

- 1.6. Áætlaður heildarfjöldi fólks (í hundruðum) sem býr í húsum sem verða fyrir hávaða á sérhverju eftirfarandi gildisbila  $L_{night}$  í dB í 4 m hæð yfir jörðu á þeirri húshlið sem verður fyrir mestum hávaða: 50-54, 55-59, 60-64, 65-69, > 70, og skal tilgreina aðskilið hávaða frá umferð á vegum, járnbrautum og flugumferð og hávaða frá atvinnustarfsemi. Þessi gögn er einnig heimilt að meta fyrir gildissviðið 45-49 á undan deginum sem er tilgreindur í 1. mgr. 11. gr.

Að auki skal koma fram, þar sem við á og þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir, fjöldi fólks í framangreindum flokkum sem býr í húsum sem eru með:

- sérstaka einangrun gegn umræddum hávaða, sbr. skilgreiningu í lið 1.5,
- kyrrláta hlið, sbr. skilgreiningu í lið 1.5.

Einnig skal tilgreina hvaða áhrif aðalvegir, aðaljárnbrautir og fjölfarnir flugvellir hafa á þessar niðurstöður.

- 1.7. Þegar um myndræna framsetningu er að ræða skulu stefnumarkandi kort a.m.k. sýna 60, 65, 70 og 75 dB jafngildislínu.
- 1.8. Samantekt um aðgerðaáætlunina sem er ekki lengri en tíu blaðsíður og nær til allra mikilvægra atriða sem um getur í V. viðauka.

**2. Fyrir aðalvegi, aðaljárnbrautir og fjölfarna flugvelli**

- 2.1. Almenn lýsing á vegunum, járnbrautum eða flugvöllum: staðsetning, stærð og gögn um umferð.
- 2.2. Lýsing á umhverfi þeirra: þéttbýlisstaðir, þorp, dreifbýli eða annað, upplýsingar um landnotkun, aðrir helstu hávaðavaldar.
- 2.3. Aðgerðir gegn hávaða, sem lokið er, og hávaðavarnir sem til staðar eru.
- 2.4. Reikni- eða mæliaðferðir sem notaðar hafa verið.
- 2.5. Áætlaður heildarfjöldi fólks (í hundruðum) sem býr fyrir utan þéttbýlisstaði í húsum sem verða fyrir hávaða á sérhverju eftirfarandi gildisbila  $L_{den}$  í dB í 4 m hæð yfir jörðu á þeirri húshlið sem verður fyrir mestum hávaða: 55-59, 60-64, 65-69, 70-74, > 75. Að auki skal koma fram, þar sem við á og þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir, fjöldi fólks í framangreindum flokkum sem býr í húsum sem eru með:

- sérstaka einangrun gegn umræddum hávaða, sbr. skilgreiningu í lið 1.5,
- kyrrláta hlið, sbr. skilgreiningu í lið 1.5.

- 2.6. Áætlaður heildarfjöldi fólks (í hundruðum) sem býr fyrir utan þéttbýlisstaði í húsum sem verða fyrir hávaða á sérhverju eftirfarandi gildisbila  $L_{\text{night}}$  í dB í 4 m hæð yfir jörðu á þeirri hlið sem verður fyrir mestum hávaða: 50-54, 55-59, 60-64, 65-69, > 70. Þessi gögn er einnig heimilt að meta fyrir gildissviðið 45-49 á undan deginum sem er tilgreindur í 1. mgr. 11. gr.

Að auki skal koma fram, þar sem við á og þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir, fjöldi fólks í framangreindum flokkum sem býr í húsum sem eru með:

— sérstaka einangrun gegn umræddum hávaða, sbr. skilgreiningu í lið 1.5,

— kyrrláta hlið, sbr. skilgreiningu í lið 1.5.

- 2.7. Heildarsvæði (í  $\text{km}^2$ ) þar sem  $L_{\text{den}}$ -gildi eru hærri en 55, 65 og 75 dB, hvert fyrir sig. Einnig skal koma fram áætlaður heildarfjöldi íbúðarhúsa (í hundruðum) og áætlaður heildarfjöldi fólks (í hundruðum) sem býr á hverju þessara svæða. Þéttbýlisstaðir skulu vera inni í þessum tölum.

Einnig verður að sýna 55 og 65 dB jafngildislínurnar á einu eða fleiri kortanna sem gefa upplýsingar um staðsetningu þorpa, bæja og þéttbýlisstaða innan þessara jafngildislína.

- 2.8. Samantekt aðgerðaáætlunarinnar sem nær til allra mikilvægra þátta sem um getur í V. viðauka sem er ekki lengri en tíu blaðsíður.

### 3. Leiðbeiningar

Framkvæmdastjórninni er heimilt að semja viðmiðunarreglur um frekari leiðbeiningar um veitingu upplýsinga í samræmi við 2. mgr. 13. gr.

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 68/2003

2005/EES/58/30

frá 16. janúar 2003

## um notkun upplýsinga úr öðrum heimildum en tölfraðilegum könnunum og fresti til að skila niðurstöðum könnunar 2003 á framleiðsluskipan á bújörðum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 frá 29. febrúar 1988 um skipulag tölfraðilegra kannanna í Bandalaginu á framleiðsluskipan á bújörðum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 143/2002 <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr. og 5. lið II. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 571/88 hafa tiltekin aðildarríki beðið um heimild framkvæmdastjórnarinnar til að nota fyrirbyggjandi upplýsingar um tiltekna eiginleika úr öðrum heimildum en tölfraðilegum könnunum.
- 2) Niðurstöður könnunarinnar á framleiðsluskipaninni skipta afar miklu máli fyrir sameiginlegu landbúnaðarstefnuna. Nauðsynlegt er að áfram verði vandað til upplýsinga og eru gögn úr öðrum heimildum en tölfraðilegum könnunum því aðeins nothæf að þau séu jafnáreiðanleg og gögn úr tölfraðilegum könnunum.
- 3) Framkvæmdastjórnin skal ákveða fresti til að tilkynna um gögn úr einstökum könnunum á framleiðsluskipan bújarða 2003 og skal hún taka mið af því að tímaáætlun um framkvæmd könnunarinnar er breytileg eftir aðildarríkjum.
- 4) Mikilvægi niðurstaðna úr könnuninni á framleiðsluskipaninni fyrir sameiginlegu landbúnaðarstefnuna og vaxandi eftirspurn eftir dagréttum gögnum gerir það að verkum að vinna þarf úr gögnunum og tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) eins fljótt og auðið er.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. janúar 2003.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

1. Danmörk, Þýskaland, Holland, Austurríki, Svíþjóð og Breska konungsríkið hafa heimild til að nota fyrirbyggjandi upplýsingar úr öðrum heimildum en tölfraðilegum könnunum í kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum 2003. Heimildirnar, sem nota á, eru tilgreindar í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðildarríkin, sem um getur í 1. mgr., skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessar upplýsingar séu a.m.k. jafnvandaðar og upplýsingarnar sem fengnar eru úr tölfraðilegum könnunum.

## 2. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna um fullgilt, einstök gögn úr könnuninni á framleiðsluskipan bújarða 2003 innan frestsins sem er tilgreindur í II. viðauka.

## 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 12, 17.1.2003, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 7, 12.2.2004, bls. 41.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 56, 2.3.1988, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 24, 26.1.2002, bls. 16.

*I. VIÐAUKI*

Heimildir, aðrar en tölfraðilegar kannanir, sem heimilt er að nota í könnunum á framleiðsluskipan á bújörðum 2003:

Danmörk	Samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfið
Þýskaland	Samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfið
Holland	Samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfið Skrá yfir innlendan landbúnað <sup>(1)</sup>
Austurríki	Samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfið Kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa
Svíþjóð	Samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfið Kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa
Breska konungsríkið	Samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfið Kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa Skrá yfir bújarðir með lífræna ræktun

<sup>(1)</sup> Sett upp samkvæmt innlendra lögjöf.

Samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfið var tekið upp í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3508/92 <sup>(2)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3887/92 frá 23. desember 1992 <sup>(3)</sup>.

Miðlæga nautgripaskráningin var tekin upp í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 <sup>(4)</sup>.

Skrá yfir lífræna ræktun var gerð í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) 2092/91 <sup>(5)</sup>.

---

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 355, 5.12.1992, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 391, 31.12.1992, bls. 36.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

## II. VIDAUKI

Frestur fyrir tilkynningu um fullgilt, einstök könnunargögn til Hagstofu Evrópubandalaganna:

Aðildarríki	Könnunartímabil	Frestur:
Belgía	Mái 2003	31.8.2004
Danmörk	Mái 2003	31.8.2004
Þýskaland	Mái til júní 2003	31.12.2004
Grikkland	Nóvember til desember 2003	31.12.2004
Spánn	Október til desember 2003	31.12.2004
Frakkland	Október til desember 2003	31.12.2004
Írland	Júní til ágúst 2003	31.8.2004
Ítalía	Október til desember 2003	31.12.2004
Lúxemborg	Mái til júní 2003	31.8.2004
Holland	Apríl til júní 2003	31.8.2004
Austurríki	Desember 2003	31.12.2004
Portúgal	Nóvember 2003 til febrúar 2004	31.12.2004
Finnland	Mái og nóvember 2003	31.8.2004
Svíþjóð	Júní 2003	31.8.2004
Breska konungsríkið	Febrúar til október 2003	31.8.2004

## TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/58/31

frá 30. maí 2001

um það hvernig skuli færa, meta og gefa upplýsingar um umhverfismál í ársreikningum og ársskýrslum félaga (\*)

(tilkynnt samkvæmt skjali númer C(2001) 1495)

(2001/453/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 211. gr.,

með hliðsjón af fjórðu tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 1999/60/EB <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af sjöundu tilskipun ráðsins 83/349/EES frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga <sup>(3)</sup>, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/605/EES <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Árið 1992 birti framkvæmdastjórnin fimmtu aðgerða-áætlun sína um umhverfismál „Fram til sjálfbæriss“ (COM(92)23) <sup>(5)</sup>. Í henni er að finna allmargar til-  
lögur á sviði umhverfisverndar og einnig er þar kveðið á um frumkvæði Bandalagsins á sviði reikningshalds. Þetta frumkvæði skal einkum tengjast þeim leiðum og aðferðum sem félög nota til að greina frá fjárhagslegum þáttum sem varða umhverfið. Ef meiri athygli yrði beint að fjárhagslegum þáttum gæti það stuðlað að því að ná markmiðum áætlunarinnar. Yrði það tryggt að tekið væri tillit til áhættu og útgjalda í umhverfismálum gæti það eftt vitund félaga fyrir umhverfismálum. Árið 2001 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu varðandi sjöttu aðgerðaráætlunina um umhverfismál (COM(2001)31, endanlega útgáfu frá 24. janúar 2001).
- 2) Í Amsterdamsáttmálanum er viðurkennt að meginreglan um samþættingu umhverfiskrafna og annarra stefnumiða sé lykilþáttur í eflingu sjálfbærrar þróunar (6. gr. EB-sáttmálans). Leiðtogaráðið, sem kom saman í Cardiff, samþykkti áætlun um samþættingu umhverfismarkmiða við öll stefnumið og aðgerðir

Bandalagsins með tilliti til þessa markmiðs. Leiðtoga-ráðið staðfesti og vann áfram að þessari áætlun á fundi sínum í Vínarborg og hvatti Ráð innri markaðarins til að kanna hvernig mætti ná fram slíkri samþættingu á þessu sérstaka sviði.

- 3) Árið 1999 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu um einn óskiptan markað og umhverfismál (COM(99)263 frá 8. júní 1999) sem er ætlað að stuðla að því að stefnumið, sem lúta að umhverfinu og einum óskiptum markaði, styðji og styrki hvert annað jafnframt því að stuðla að samvirkni milli þeirra. Í orðsendingunni er bent á stefnumið á sérstökum sviðum eins óskipts markaðar þar sem framkvæmdastjórnin mun vinna að nánari samþættingu við umhverfisstefnumið og mælt fyrir um frekari ráðstafanir, þ.m.t. að sett verði fram tilmæli varðandi umhverfismál í tengslum við reikningsskil. Slík tilmæli eru einnig bein eftirfylgni við skjal ráðgjafanefndarinnar um bókhald fyrirtækja um umhverfismál í fjárhagsskýrslum frá nóvember 1995 (skjal XV/6004/94).
- 4) Skortur á skýrum reglum hefur orðið til þess að ýmsir hagsmunaaðilar, þ.m.t. eftirlitsyfirvöld, fjárfestar, fjármálaráðgjafar og allur almenningur, geta litið svo á að upplýsingar fyrirtækja um umhverfismál séu annaðhvort ófullnægjandi eða óáreiðanlegar. Fjárfestar þurfa að vita hvernig fyrirtæki taka á umhverfismálum. Eftirlitsyfirvöld hafa áhuga á að fylgjast með beitingu reglna um umhverfismál og kostnaði við það. Engu að síður er litið um að upplýsingar um umhverfismál séu í ársreikningum og ársskýrslum fyrirtækja að eigin frumkvæði þeirra, jafnvel þótt oft sé litið svo á að fyrirtæki þurfi að leggja í aukinn kostnað í umhverfismálum vegna mengunarvarna og hreinsibúnaðar og vegna kerfa til hreinsunar og eftirlits með úrgangi, einkum fyrirtæki sem starfa í atvinnugreinum sem hafa veruleg áhrif á umhverfið.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 156, 13.6.2001, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 42.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 162, 26.6.1999, bls. 65.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 317, 16.11.1990, bls. 60.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 138, 17.5.1993. Áætlunin eins og hún var síðast endurskoðuð af Evrópuþinginu og ráðinu með ákvörðun nr. 2179/98/EB of 24.9.1998 (Stjtið. EB L 275, 10.10.1998).



- 5) Þegar ekki eru til samræmdar og áreiðanlegar viðmiðunarreglur um umhverfismál og fjárhagsskýrslur reynist erfitt að bera saman fyrirtæki. Þegar fyrirtæki birta upplýsingar um umhverfismál er því oft þannig varið að gildi upplýsinganna er stórlega ábótavant vegna þess að ekki eru fyrir hendi almennar og viðurkenndar reglur um upplýsingagjöf með nauðsynlegum skilgreiningum og hugtökum viðvíkjandi umhverfismálum. Upplýsingarnar eru oft veittar með margvíslegum, ósamræmdum hætti milli fyrirtækja og reikningsskilatímabíla fremur en að þær séu birtar á samþætтан og samræmdan hátt í ársreikningunum og ársskýrslunni.
- 6) Oft er lítið svo á að kostnaðurinn við að safna umhverfisgögnum og semja skýrslu um þau og það hve viðkvæm þau eru eða þagnarskylda, sem í sumum tilvikum getur hvílt á slíkum upplýsingum, hindri að upplýsingar séu veittar um umhverfismál í reikningsskilum fyrirtækja. Þrátt fyrir þessi rök er nauðsynlegt að hvetja til þess að veittar séu upplýsingar í umhverfismálum. Notendur reikningsskila þurfa upplýsingar um áhrif af áhættu og skuldbindingum í umhverfismálum á efnahag félagsins og um viðhorf þess til umhverfisins og árangur þess í umhverfismálum að því marki sem þessir þættir hafa áhrif á fjárhagslegar aðstæður fyrirtækisins.
- 7) Þótt evrópski lagaramminn fyrir reikningsskil taki ekki ótvírætt til umhverfismála gilda almennar meginreglur og ákvæði fjórðu og sjöundu tilskipunarinnar um félagarétt (tilskipanir 78/660/EBE og 83/349/EBE).
- 8) Framkvæmdastjórnin leitast við að fella evrópska samhæfingu á sviði reikningshalds inn í viðara samhengi alþjóðlegrar samhæfingar sem hluta af áætlun hennar um reikningshald frá 1995<sup>(1)</sup>. Af þeim sökum hefur framkvæmdastjórnin stutt starf alþjóðareikningsskilanefndarinnar (IASC) sem setti sér það markmið, fyrir sitt leyti, að þróa grunnsafn afar vandaðra alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IAS) Framkvæmdastjórnin einsetur sér að viðhalda samræmi milli reikningsskilaramma Evrópusambandsins og alþjóðlegrar reikningsskilastaðlanna frá alþjóðareikningsskilanefndinni.
- 9) Alþjóðareikningsskilanefndin hefur birt nokkra alþjóðlega reikningsskilastaðla þar sem eru ákvæði og reikningsskilareglur sem skipta máli þegar fjallað er um umhverfismál. Samt sem áður er lítið um leiðbeiningar sem tengjast beint slíkum málum og engir tilteknir, alþjóðlegir reikningsskilastaðlar miðast einvörðungu við umhverfismál.
- 10) Tilmælin eru samin með það fyrir augum að styrkja stefnumið í tengslum við einn óskiptan markað og að leggja eitthvað af mörkum til að tryggja að notendur reikningsskila fái skilmerkilegar og samanburðarhæfar upplýsingar varðandi umhverfismál og efla þannig frumkvæði Bandalagsins á sviði umhverfisverndar. Það er álit framkvæmdastjórnarinnar að full þörf sé á því að auðvelda frekar samræmi um hvað eigi að gefa upplýsingar um í ársreikningum og ársskýrslum fyrirtækja í Evrópusambandinu að því er varðar umhverfismál. Einnig verður að auka magn, gagnsæi og samanburðarhæfi gagna um umhverfismál sem koma fram í ársreikningum og ársskýrslum fyrirtækja. Framkvæmdastjórnin stefnir að því, svo að ná megi þessum markmiðum og að teknu tilliti til aukins mikilvægis umhverfismála í Evrópusambandinu, að gera þær reglur sem fyrir eru skýrari og veita nákvæmari leiðbeiningar um það hvernig skuli færa, meta og gefa upplýsingar um umhverfismál í ársreikningum og ársskýrslum fyrirtækja.
- 11) Í tilmælunum er viðurkennt að sérstakar umhverfisskýrslur hafi þróast jafnt og þétt, einkum hjá fyrirtækjum sem starfa í atvinnugreinum þar sem áhrif á umhverfið eru umtalsverð. Það er ekki tilgangur tilmællanna að tilgreina ástæðurnar sem liggja að baki þessari þróun. Í þessum tilmælum er þó viðurkennt að ólíkir hópar hagsmunaaðila hafa mismunandi þörf fyrir upplýsingar eða gefa þeim misjafnt vægi. Sérstakar umhverfisskýrslur fullnægja upplýsingaþörf hagsmunahópa sem upplýsingar, sem koma fram í ársreikningum og ársskýrslum fyrirtækja, uppfylla aðeins að hluta til. Þess vegna skal stefnt að því að hafa sérstakar umhverfisskýrslur og ársreikninga og ársskýrslur samræmdari, heildstæðari og nátengdari innbyrðis. Tilgangurinn með tilmælunum er að vinna að þessu markmiði með því að sjá til þess að upplýsingar um umhverfismál séu teknar upp í ársreikninga og ársskýrslur á þann hátt að þær séu viðbót við sérstakar umhverfisskýrslur sem eru ítarlegri og yfirgrípsmeiri.
- 12) Viðeigandi upplýsingagjöf er talin vera lykilþáttur sem eykur gagnsæi upplýsinga. Upplýsingagjöf er viðeigandi þegar upplýsingar hafa áhrif á skilning notanda á reikningsskilunum. Þessum tilmælum er ekki ætlað að leggja óréttmætar, íþyngjandi kvaðir á semjendur reikningsskila. Með tilmælunum er stefnt að því að veita ítarlegar leiðbeiningar á sviði upplýsingagjafar og tiltaka dæmi um viðeigandi upplýsingar, sem veittar eru, sem gera samanburðarhæfi og samræmingu í framsetningu upplýsinga um umhverfismál mögulega. Þetta á einkum við um upplýsingar í skýringum við ársreikningana vegna útgjalda til umhverfismála, hvort sem þau eru færð á rekstrarreikning eða til eignar, ásamt útgjöldum sem

<sup>(1)</sup> Reikningshaldsleg samhæfing: Ný áætlun með tilliti til alþjóðlegrar samhæfingar. Orðsending frá framkvæmdastjórninni (COM(95)508), 14. nóvember 1995.

stofnað er til vegna sekta eða skaðabóta þegar ekki hefur verið farið að umhverfisreglugerðum eða vegna bóta til þriðja aðila, sbr. 6. lið 4. liðar viðaukans við þessi tilmæli. Fjallað er sérstaklega um upplýsingagjöf að því er varðar viðeigandi upplýsingar í ársskýrslunni með tilliti til árangurs í umhverfismálum, þegar það viðkemur rekstrarárangri, efnahag fyrirtækisins eða þróun þess, í 2. lið 4. liðar í viðaukanum við þessi tilmæli.

- 13) Ef tilmælin um upplýsingagjöf eiga að gefa góða raun þurfa að fylgja þeim nothæfar skilgreiningar á hugtökunum sem um ræðir. Í tilmælunum er kafli um skilgreiningar til að ná þessu markmiði.
- 14) Tilmælin miða að því að setja fram leiðbeiningar um það hvernig ákvæðum fjórðu og sjöundu tilskipunarinnar (tilskipanir 78/660/EBE og 83/349/EBE) skal beitt í umhverfismálum. Af þeim sökum er mælt með tiltekinni reikningshaldslegri meðferð varðandi umhverfismál til að auka mikilvægi þeirra upplýsinga sem semjendur reikningsskila setja fram. Enda þótt þessi aðferð hvetji til tiltekinnar lausna miðar hún ekki að því að útiloka möguleikann á að beita annars konar meðferð þar sem það er leyft samkvæmt tilskipuninni. Í þessu ljósi er einnig höfð hliðsjón af túlkandi orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1997 um tiltekna greinar fjórðu og sjöundu tilskipunarinnar um reikningshald og vinnuskjals ráðgjafarnefndarinnar um bókhald fyrirtækja (1) og frá nóvember 1995 um umhverfismál í reikningsskilum (skjal XV/6004/94).
- 15) Heimildir, sem tilmælin styðjast við, eru nokkrir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS), sem alþjóðareikningsskilanefndin (IASC) hefur birt og eiga sérstaklega við um umhverfismál, einkum IAS-staðall 36 um virðisrýmun eigna, IAS-staðall 37 um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir og IAS-staðall 38 um óefnislegar eignir. Ákvæðin í þessum tilmælum eiga að vera í samræmi við þessa alþjóðlegu reikningsskilastaðla nema annað sé tekið fram.
- 16) Einnig hefur yfirlýsingin um reikningshald og reikningsskil fyrir umhverfiskostnað og -skuldbindingar, sem vinnuhópur um alþjóðlega endurskoðunarstaðla á

vegum Sameinuðu þjóðanna samdi, áhrif á tilmælin <sup>(2)</sup>.

- 17) Eins og lýst er í 14. og 16. forsendu hér að framan hafa verið samdar leiðbeiningar á vettvangi Bandalagsins og á alþjóðlegum vettvangi til að bregðast við þörfinni á samþættingu umhverfismála og reikningsskila. Þessi tilmæli byggjast á slíkri þróun mála og með þeim er jafnframt leitast við að mynda viðeigandi ramma innan Bandalagsins fyrir frekari úrbætur. Það er álit framkvæmdastjórnarinnar að þörf sé á aðgerðum af hálfu aðildarríkjanna til að unnt sé að ná markmiðunum með tilmælunum. Framkvæmdastjórnin hvetur aðildarríkin til aðgerða en gefur þeim svigrúm til ráðstafana á landsvísi. Enn fremur er líklegt að umræður um aðferðir til að bæta stöðuna eins og hún er nú haldi áfram á alþjóðlegum vettvangi.

#### LAGT TIL EFTIRFARANDI:

#### Að aðildarríkin:

1. sjái til þess að fyrirtæki, sem falla undir fjórðu og sjöundu tilskipun um félagarétt (tilskipun 78/660/EBE og 83/349/EBE), beiti ákvæðunum sem er að finna í viðaukanum við þessi tilmæli við samningu ársreikninga og samstæðureikninga og ársskýrslur fyrirtækja og samstæðna fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast innan 12 mánaða frá því þessi tilmæli eru samþykkt og fyrir öll reikningsskilatímabil í framtíðinni,
2. geri viðeigandi ráðstafanir sem stuðla að því að þessum tilmælum verði beitt,
3. tilkynni framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar eru.

Gjört í Brussel 30. maí 2001.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Frederik BOLKESTEIN

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjótd. EBC 143, of 21.1.1998.

<sup>(2)</sup> ISAR — Td/B/COM.2/ISAR/3, 12. mars 1998.

## VIÐAUKI

## 1. GILDISSVIÐ

1. Tilmælin einskorðast við upplýsingar í ársreikningum og í ársskýrslum fyrirtækja og samstæðna viðvíkjandi umhverfismálum. Þau ná ekki til skýrsla sem samdar eru í sérstökum tilgangi, eins og umhverfisskýrsla, nema þar sem talið er eiga við að tengja ársreikninga og ársskýrslur við sérstakar umhverfisskýrslur með það fyrir augum að samræma upplýsingarnar í þeim.
2. Tilmælin ná yfir kröfur vegna færslu, mats og upplýsinga um útgjöld til umhverfismála, skuldbindingar vegna umhverfis og áhættu í umhverfismálum og tengdar eignir sem rekja má til viðskipta og atburða sem hafa áhrif á, eða eru líkleg til að hafa áhrif á, efnahag og rekstrarafkomu einingarinnar sem reikningsskilin taka til.
3. Í tilmælunum skal einnig tilgreina hvers konar umhverfisupplýsingum sé viðeigandi að gera grein fyrir í ársreikningum og samstæðureikningum og/eða ársskýrslum félaga og samstæðna með tilliti til viðhorfs félagsins til umhverfisins og árangurs þess í umhverfismálum, að því marki sem þetta kann að hafa áhrif á efnahag fyrirtækisins. Tilmælin gilda bæði um reikninga einstakra fyrirtækja og samstæðureikninga. Þegar um er að ræða samstæðureikninga skal upplýsingagjöf miðast við samstæðuna. Kröfum vegna færslu og mats skal beita með samræmdum hætti á allar einingar samstæðunnar.
4. Tilmælin gilda um öll fyrirtæki sem falla undir fjórðu og sjöundu tilskipun félagaréttar að teknu viðeigandi tilliti til undanþágna sem aðildarríkjunum er heimilt að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum í samræmi við 11. og 27. gr. fjórðu tilskipunarinnar.
5. Þó að fjallað sé um sérstakar kröfur sem gerðar eru til reikningshalds banka, annarra fjármálastofnana og tryggingafélaga í sérstökum tilskipunum<sup>(1)</sup> gilda þessi tilmæli einnig um banka, aðrar fjármálastofnanir og tryggingafélög þar sem fjárhagsleg áhrif umhverfismála eru ekkert öðruvísi á slík fyrirtæki.

## 2. SKILGREININGAR

1. Í þessum tilmælum vísar hugtakið umhverfi til náttúrulegs eðlis umhverfisins, þ.m.t. loft, sjór og vötn, land, jurtalíf, dýralíf og óendurnýjanlegar auðlindir eins og jarðefnaeldsneyti og jarðefni.
2. Til útgjalda vegna umhverfismála telst kostnaður við ráðstafanir fyrirtækis, eða annarra aðila fyrir hönd þess, til að koma í veg fyrir, minnka eða lagfæra umhverfisþjöll sem rekja má til starfsemi þess. Til þessa kostnaðar telst m.a. losun úrgangs og ráðstafanir til að koma í veg fyrir myndun hans, jarðvegs-, vatns- og grunnvatnsvernd, verndun hreins lofts og loftlags, ráðstafanir til að draga úr hávaða og verndun líffræðilegrar fjölbreytni og landslags. Við þetta skal aðeins bæta skilgreinanlegum kostnaði sem er fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir, minnka eða lagfæra umhverfisþjöll. Undanskilja skal kostnað sem kann að hafa hagstæð áhrif á umhverfið en er fyrst og fremst ætlaður til annarra þarfa, t.d. að auka arðsemi, heilnæmi og öryggi á vinnustað og örugga notkun á afurðum félagsins eða skilvirkni í framleiðslu. Þar sem ekki er mögulegt að skilja fjárhæð viðbótarkostnaðar sérstaklega frá öðrum kostnaði sem hún kann að vera hluti af, er unnt að áætla hana, að svo miklu leyti sem endanleg fjárhæð uppfyllir það skilyrði að vera fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir, minnka eða lagfæra umhverfisþjöll.
3. Kostnaður sem stofnað er til vegna sektar eða skaðabóta þegar ekki hefur verið farið að umhverfisreglugerð og bóta til þriðju aðila vegna tjóns eða áverka sem má rekja til umhverfismengunar í fortíðinni, fellur ekki undir þessa skilgreiningu, eins og fjallað er um í f-lið 6. liðar í 4. lið þessa viðauka. Enda þótt þessi kostnaður tengist áhrifum af rekstri félagsins á umhverfið kemur hann ekki í veg fyrir, minnkar né lagfærir umhverfisþjöll.
4. Hagstofa Evrópubandalaganna hefur enn fremur unnið safn ítarlegra skilgreininga á útgjöldum eftir umhverfis-sviðum sem eru innifalín í skjölum um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, Kjarnorkubandalag Evrópu) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja<sup>(2)</sup>. Þessar skilgreiningar, sem eru uppfærðar reglulega, mynda grunninn fyrir kröfur um hagskýrslur um útgjöld til umhverfisverndar í Evrópusambandinu. Þegar almenna skilgreiningin í 2. mgr. er notuð er mælt með því að félög taki tillit til þessara ítarlegra skilgreininga á upplýsingagjöf vegna umhverfiskostnaðar, sem tilgreindar eru í 4. lið þessa viðauka, að því marki sem þær eru í samræmi við kröfur um færslu- og mat sem tilgreindar eru í 3. lið.

<sup>(1)</sup> Tilskipun ráðsins frá 8. desember (86/635/EBE) um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjtið. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1 — 17), tilskipun ráðsins frá 19. desember 1991 (91/674/EBE) um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga (Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7 — 31).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1. Sjá einnig framkvæmdaskjal ENV/96/10c. Evrópuflokkun á umhverfisverndaraðgerðum (CEPA) er greint á milli eftirfarandi umhverfissviða: meðferðar úrgangsefna, verndunar andrúmslofts og loftslags, meðferðar á skólpi, jarðvegs- og grunnvatnsverndunar, verndunar líffræðilegrar fjölbreytni og landslags og annarrar umhverfisverndar-starfsemi.

### 3. FÆRSLA OG MAT

#### Færsla skuldbindinga vegna umhverfis

1. Skuldbinding vegna umhverfis er færð þegar líkur eru á útstreymi verðmæta, sem fela í sér efnahagslegan ávinning, úr fyrirtækinu vegna uppgjors skuldbindingar sem er umhverfislegs eðlis og má rekja til liðinna atburða þegar unnt er að meta uppgjorsfjárhæðina með áreiðanlegum hætti. Skilgreina þarf með skýrum hætti hvers eðlis slík skuldbinding er og getur hún verið tvenns konar:
  - lagaleg eða samningsbundin: fyrirtækinu ber lagaleg eða samningsbundin skylda til að koma í veg fyrir, minnka eða lagfæra umhverfisspjöll, eða
  - ætluð: ætlaða skuldbindingu má rekja til eigin aðgerða fyrirtækisins þegar það hefur skuldbundið sig til að koma í veg fyrir, minnka eða lagfæra umhverfisspjöll og getur ekki skorast undan slíkri aðgerð vegna þess að fyrirtækið hefur, með útgefnum stefnu- eða viljayfirlýsingum eða með viðteknum fyrri starfsvenjum, gefið þriðju aðilum til kynna að það samþykki að koma í veg fyrir, minnka eða lagfæra umhverfisspjöll.
2. Fyrri eða núgildandi starfsvenjur í atvinnugreininni leiða aðeins til ætlaðrar skuldbindingar ef framkvæmdastjórnin getur ekki skorast undan aðgerðum. Það gerist aðeins þegar fyrirtæki hefur ábyrgst að koma í veg fyrir, minnka eða lagfæra umhverfisspjöll samkvæmt sérstakri, birtri yfirlýsingu eða með viðteknum fyrri starfsvenjum.
3. Umhverfisspjöll, sem kunna að tengjast fyrirtækinu eða fyrirtækið kann að hafa valdið en ekki liggur fyrir til nein lagaleg, samningsbundin eða ætluð skuldbinding um að bæta skaðann, uppfylla ekki skilyrði um færslu sem skuldbinding vegna umhverfis í ársreikningum fyrirtækisins í samræmi við 1. og 2. lið. Þetta kemur ekki veg fyrir beitingu viðmiðana um skilyrtar skuldbindingar vegna umhverfis sem eru settar fram í 5. lið.
4. Skuldbinding vegna umhverfis er færð þegar hægt er að gera áreiðanlegt mat á kostnaði vegna skuldbindingarinnar. Færa skal reiknaða skuldbindingu, að því tilskildu að unnt sé að meta fjárhæð skuldbindingarinnar með áreiðanlegum hætti, ef, á útgáfudegi efnahagsreiknings, er um að ræða skýrt skilgreinda skuldbindingu sem líklegt er að valdi útstreymi verðmæta sem fela í sér efnahagslegan ávinning þó að fjárhæð eða dagsetning sé óviss. Þessi meðferð er í samræmi við 1. og 3. mgr. 20. gr. og bb-lið 1. mgr. 31. gr. fjórðu tilskipunarinnar. Óvissa um dagsetningu eða fjárhæð tengist t.d. þróun í hreinsitækni og umfangi og eðli hreinsunarinnar sem krafist er. Í einstökum tilvikum, þegar áreiðanlegt kostnaðarmat er ekki mögulegt, skal ekki færa skuldbindinguna. Þá skal hún talin óviss skuld, eins og greint er frá í 26. gr.

#### Óvissar skuldbindingar vegna umhverfis

5. Ekki skal færa óvissa skuldbindingu á efnahagsreikning. Ef hugsanlegt er, en ekki líklegt, að í framtíðinni þurfi að ráða bót á umhverfisspjöllum en skuldbindingin er enn óstaðfest þar sem óviss atburður hefur ekki gerst, skal veita upplýsingar um óvissa skuldbindingu í skýringum við ársreikningana. Ef hverfandi líkur eru á að fyrirtækið þurfi að stofna til útgjalda í umhverfismálum eða slík útgjöld verða ekki veruleg er ekki krafist upplýsinga um þess háttar óvissa skuldbindingu.

#### Jöfnun skuldbindinga og væntanlegra endurheimta

6. Þegar fyrirtækið væntir þess að annar aðili endurgreiði að nokkru eða öllu leyti útgjöld í tengslum við skuldbindingu vegna umhverfis skal ekki færa endurgreiðsluna fyrr en nær fullvíst er að hún fái ef fyrirtækið stendur skil á skuldbindingunni.
7. Ekki skal skuldajafna væntanlega endurheimt frá þriðja aðila á móti skuldbindingunni vegna umhverfis. Sýna skal hana sérstaklega sem eign í efnahagsreikningnum sem fjárhæð sem er ekki hærri en fjárhæð tengdrar reiknaðrar skuldbindingar. Aðeins er hægt að skuldajafna hana á móti skuldbindingunni vegna umhverfis þegar lagalegur réttur, sem fyrirtækið hyggst nota, er til slíkrar nettunar. Þegar jöfnun á við á grundvelli þessarar reiknuðu skuldbindingar skal gefa upplýsingar um alla fjárhæð skuldbindingarinnar og væntanlegrar endurgreiðslu í skýringunum.
8. Ekki skal skuldajafna væntanlegan hagnað af sölu tengdrar eignar á móti skuldbindingu vegna umhverfis eða taka hann með í reikninginn þegar reiknaða skuldbindingin er metin, jafnvel þótt slík væntanleg sala sé í nánnum tengslum við atburðinn sem veldur reiknuðu skuldbindingunni.
9. Yfirleitt ber fyrirtækið ábyrgð á allri skuldbindingunni vegna umhverfis. Ef svo er ekki skal aðeins skrá hluta fyrirtækisins sem skuldbindingu vegna umhverfis.

(<sup>1</sup>) Þegar aðildarríki hafa, í samræmi við 20. mgr. túlkandi orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 1998 varðandi tilteknar greinar fjórðu og sjöundu tilskipunar ráðsins um reikningshald, tekið upp kostinn í 2. mgr. 20. gr. fjórðu tilskipunarinnar geta þau einnig nýtt hann við gjaldfærslu vegna umhverfismála.

**Færsla útgjalda til umhverfismála**

10. Útgjöld til umhverfismála skal gjaldfæra á því tímabili þegar til þeirra er stofnað, nema þau uppfylli færsluskilyrði sem eign, sem eru sett fram í 12. lið.
11. Útgjöld til umhverfismála, sem tengjast umhverfisspjöllum sem hafa orðið á fyrra tímabili, teljast ekki til lagfæringa vegna fyrri tímabila en skulu gjaldfærð á yfirstandandi tímabili, þ.e. tímabilinu þegar þau eru færð.

*Eignfærsla útgjalda til umhverfismála*

12. Eignfæra má útgjöld til umhverfismála ef stofnað hefur verið til þeirra til að koma í veg fyrir eða minnka umhverfisspjöll í framtíðinni eða varðveita auðlindir, mynda efnahagslegan ávinning í framtíðinni og uppfylla skilyrðið sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr fjórðu tilskipunarinnar.
13. Útgjöld til umhverfismála, sem stofnað er til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða minnka umhverfisspjöll í framtíðinni eða varðveita auðlindir, geta aðeins talist færsluhæf sem eign ef þau eru, í samræmi við 2. mgr. 15. gr. fjórðu tilskipunar, ætluð til nota til langframa í þágu rekstrar fyrirtækisins og ef, að auki, annað af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:
  - a) kostnaðurinn er í tengslum við væntanlegan, efnahagslegan ávinning sem vænst er að streymi til fyrirtækisins og lengi endingartíma, auki afkastagetu eða bæti öryggi eða skilvirkni annarra eigna sem fyrirtækið á (umfram það efnahagslega hæfi sem upphaflega var áætlað), eða
  - b) kostnaðurinn lækki eða komi í veg fyrir umhverfismengun sem líklegt er að leiði af rekstri fyrirtækisins í framtíðinni.
14. Ef skilyrði fyrir færslu sem eign, sem mælt er fyrir um í 12. og 13. lið, hafa ekki verið uppfyllt skal gjaldfæra útgjöld til umhverfismála á rekstrarreikning þegar til þeirra er stofnað. Ef þau hafa verið uppfyllt skal eignfæra útgjöld til umhverfismála og afskrifa á rekstrarreikningi vegna yfirstandandi og viðeigandi tímabila í framtíðinni, þ.e. á kerfisbundinn hátt á væntanlegum nýtingartíma þeirra.
15. Útgjöld til umhverfismála skal ekki eignfæra heldur gjaldfæra á rekstrarreikning ef þau leiða ekki til efnahagslegs ávinnings í framtíðinni. Þessar aðstæður koma upp þegar útgjöld til umhverfismála tengjast fyrirverandi eða núverandi starfsemi og endurgerð umhverfisins í það horf sem það var fyrir mengun (þ.e. meðferð á úrgangi, hreinsunarkostnaður í tengslum við núverandi starfsemi, hreinsun vegna umhverfisspjalla sem urðu á fyrri tímabilum, stjórnsýslukostnaður vegna umhverfismála og umhverfisúttektar.
16. Kaupa má hluti eins og verksmiðju og vélbúnað af umhverfisástæðum, t.d. tæknibúnað vegna mengunareftirlits, eða til að koma í veg fyrir mengun og fara að lögum og reglum um umhverfismál. Ef þeir falla að skilyrðum fyrir færslu sem eign, sem er mælt fyrir um í 12. og 13. lið, verður að eignfæra þá.
17. Í sumum tilvikum verður enginn væntanlegur, efnahagslegur ávinningur í framtíðinni af útgjöldum til umhverfismála en framtíðarávinningur fæst fremur af annarri eign sem er notuð í rekstri fyrirtækisins. Þegar útgjöld til umhverfismála, sem eru færð sem eign, eru tengd annarri eign, sem er til fyrir, skulu þau teljast óaðskiljanlegur hluti þeirrar eignar og ekki færast sérstaklega.
18. Um getur verið að ræða réttindi eða liði sem eru svipaðs eðlis og hefur verið aflað í tengslum við áhrif af rekstri fyrirtækisins á umhverfið (t.d. einkaleyfi og önnur leyfi, mengunarleyfi og losunarréttindi). Ef þessara réttinda hefur verið aflað, í samræmi við a-lið 2. liðar I-liðar C-liðar 9. gr. og a-lið 2. liðar I-liðar C-liðar 10. gr. fjórðu tilskipunarinnar, gegn endurgjaldi og þau uppfylla auk þess færsluskilyrði sem eign, skv. 12. og 13. gr., verður að eignfæra þau og afskrifa á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma þeirra. Ef svo er ekki skal gjaldfæra þau á rekstrarreikning þegar til þeirra er stofnað.

*Virðisýrjun eignar*

19. Þróun umhverfis eða umhverfisþátta getur rýrt virði fasteignar sem er til fyrir t.d. vegna mengunar svæðis. Aðlaga skal verðið ef fjárhæðin, sem er endurheimtanleg með notkun svæðisins, hefur lækkað niður fyrir bókfært verð. Þessar aðstæður skulu, með hliðsjón af bb-lið c-liðar 1. mgr. 35. gr. fjórðu tilskipunarinnar, teljast vera varanlegar. Fjárhæð þessarar virðisaðlögunar skal gjaldfæra á rekstrarreikning. Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. fjórðu tilskipunarinnar er ekki unnt að jafna reiknaðar skuldbindingar og gjaldfærslu, eins og þeir liðir eru skilgreindir í 4. lið, á móti virði eignar.
20. Þegar útgjöld vegna umhverfismála eru færð sem óaðskiljanlegur hluti annarrar eignar í samræmi við 17. lið skal prófa endurheimtanleika sameinuðu eignarinnar á hverjum útgáfudegi efnahagsreiknings og færa hana niður í endurheimtanlega fjárhæð, þegar það á við.
21. Ef reiknað er með tapi á efnahagslegum ávinningi vegna umhverfismála í bókfærðu verði eignar er hægt að eignfæra síðari útgjöld til að hækka efnahagslegan ávinning í framtíðinni aftur upp í upphaflegt efnahagslegt hæfi svo framarlega sem bókfærða verðið, sem af því leiðir, verði ekki hærra en endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar.

**Mat á skuldbindingum vegna umhverfis**

22. Skuldbinding vegna umhverfis er færð þegar hægt er að meta útgjöldin vegna uppgjörs skuldbindingarinnar með áreiðanlegum hætti.
23. Fjárhæð skuldbindingarinnar skal vera besta mat á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp gildandi skuldbindingu á útgáfudegi efnahagsreikningsins miðað við þær aðstæður sem eru fyrir hendi og að teknu tilliti til þróunar í framtíðinni, bæði tæknilegrar og lagalegrar, að svo miklu leyti sem líklegt er hún muni eiga sér stað.
24. Fjárhæðin skal vera metin heildarfjárhæð skuldbindingarinnar án tillits til þess hvenær starfsemin hættir eða hvenær greiða á skuldbindinguna. Heimilt er, skv. 1. mgr. 20. gr. fjórðu tilskipunarinnar, að safna heildarfjárhæð skuldbindingarinnar smám saman á rekstrartímabili fyrirtækisins.
25. Þegar fjárhæð skuldbindingar vegna umhverfis er metin gilda eftirfarandi reglur. Ef skuldbindingin, sem verið er að meta, felur í sér möguleika á mismunandi niðurstöðum skv. 23. lið skal velja besta mat. Í þeim örfáu tilvikum þegar ekki er unnt að ákvarða nógu áreiðanlega besta mat á skuldbindingunni skal sú skuldbinding teljast óviss skuldbinding og skal því greina frá henni í skýringum við ársreikningana. Auk þess skal greina frá ástæðunum fyrir því hvers vegna matið gat ekki orðið áreiðanlegt.
26. Enn fremur skal taka tillit til eftirfarandi þegar fjárhæð skuldbindingar vegna umhverfis er metin:
- beinn viðbótarkostnaður við lagfæringarnar,
  - laun og launategd gjöld vegna þeirra starfsmanna sem er vænst er að verji umtalsverðum tíma beinlínis í lagfæringarnar,
  - kröfur um eftirlit eftir lagfæringar,
  - tækniframfarir sem líklegt er að stjórnvald samþykki.

*Reiknaðar skuldbindingar fyrir lagfæringu svæðis og niðurrífskostnað*

27. Útgjöld sem féluginu er skylt að stofna til vegna lagfæringar á svæði, brottflutnings á samsöfnuðum úrgangi úr aukaafurðum, lokunar fasteigna eða brottflutnings á þeim skal færa í samræmi við skilyrðin sem er mælt fyrir um í 1. til 4. lið. Ef þessi skilyrði eru uppfyllt verður að færa skuldbindinguna um að stofna til útgjalda í framtíðinni sem skuldbindingu vegna umhverfis.
28. Þessa skuldbindingu vegna umhverfis, að því er varðar lagfæringu svæðis og brottflutning eða lokun, skal færa, í samræmi við 24. lið, daginn sem rekstur félagsins hefst og skuldbindingin verður þar með til. Ekki skal fresta færslu þessarar skuldbindingar þar til starfseminni er lokið eða svæðinu hefur verið lokað. Þegar þessi skuldbinding er færð eru áætluð útgjöld tekin með sem hluti kostnaðarverðs tengdrar eignar sem þarf að rífa og fjarlægja. Þessi eignfærðu útgjöld eru síðan afskrifuð sem hluti afskrifanlegrar fjárhæðar tengdrar eignar. Frekara tjón kann að hafa orðið af starfseminni og skuldbinding félagsins um að bæta úr því verður til þegar þessi umhverfisspjöll verða.
29. Í samræmi við 14. lið í IAS-staðli 37 er reikningshaldsleg meðferð, sem mælt er fyrir um í 28. lið, ákjósanleg aðferð þegar um er að ræða lagfæringu á svæði og niðurrífskostnað vegna langvarandi rekstrar. Þessi reikningshaldslega meðferð er hvað sem öðru liður heimiluð á grundvelli 1. mgr. 20. gr. fjórðu tilskipunarinnar ásamt uppsöfnun reiknaðrar skuldbindingar í áföngum vegna slíks kostnaðar, sem er hinn möguleikinn. Fyrirtækið má jafna færslu langtímakostnaðar vegna ónýtingar yfir viðkomandi rekstrartímabil. Á hverju reikningsskilatímabili er hluti kostnaðarins gjaldfærður og niðurstöðutalan er sýnd sem sérstök skuldbinding.

*Afvöxtun langtímaskuldbindinga vegna umhverfis*

30. Heimilt er, en ekki skylt <sup>(1)</sup>, að meta skuldbindingar vegna umhverfis, sem verða ekki gerðar upp í nánustu framtíð, á núvirði (þ.e. með afvöxtun) ef skuldbindingin, fjárhæðin og tímasetning greiðslnanna eru fastákveðnar eða unnt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Mat á gangverði (þ.e. óafvöxtuðu matsverði) er einnig leyfilegt. Þegar áhrif tímavirðis peninga skipta máli á þó betur við að meta skuldbindingar vegna umhverfis á núvirði.
31. Greina skal frá þeirri aðferð, sem er valin, í skýringunum. Væntanlegur kostnaður, sem stofnað verður til, skal byggjast á áætlun um hreinsun á viðkomandi svæði og/eða aðgerðum til að ráða bót á menguninni. Byggja skal fjárhæð og tímasetningu greiðslnanna á hlutlægum og sannreynanlegum upplýsingum.
32. Óafvaxtað, áætlað sjóðstreymi skal nema þeim matsfjárhæðum sem vænst er að verði greiddar á uppgjörsdögum (þ.m.t. áætluð verðbólga) og skulu útreikningar byggjast á skýrum forsendum á grundvelli áætlunar um hreinsun og/eða aðgerðir til úrbóta þannig að sérfróður aðili geti endurskoðað útreikningana og hann samþykki áætlað sjóðstreymi.

<sup>(1)</sup> Í 45. lið IAS-staðals 37 er gerð krafa um afvöxtun þegar áhrif tímavirðis peninga skiptir máli.

33. Ef fyrirtæki notar afvöxtun í mati á skuldbindingum vegna umhverfis skal það beita henni með samræmdum hætti. Einnig skal afvaxta allar eignir í tengslum við endurheimt skuldbindingar, að hluta til eða í heild, sem er metin á afvöxtuðum grunni. Ef skuldbindingar eru metnar á afvöxtuðum grunni skal einnig meta endurheimtanlega fjárhæð eigna miðað við afvaxtað sjóðstreymi.
34. Við mat á núvirði þarf að ákvarða vaxtahlutfall og fá upplýsingar um þá þætti sem kunna að hafa áhrif á tímasetningu og fjárhæð þess áætlaða sjóðstreymis sem nauðsynlegt er. Enn fremur skal endurskoða fjárhæð skuldbindingarinnar á hverju ári og leiðrétta vegna breytinga sem kunna að verða á forsendunum.

#### 4. UPPLÝSINGAR

1. Veita skal upplýsingar að því marki sem þær skipta máli fyrir fjárhagslegan árangur eða efnahag einingarinnar sem reikningsskilin taka til. Hafa skal upplýsingarnar í ársreikningum og ársskýrslum fyrirtækja og samstæðna eða í skýringum með þeim eftir því um hvaða liði er að ræða. Í 2., 5. og 6. lið er fjallað um upplýsingar um liði í ársreikningum fyrirtækja og samstæðna eða í skýringunum. Í 3. og 4. lið er fjallað um framsetningu liða í efnahagsreikningnum.

##### *Upplýsingar í ársskýrslu fyrirtækja og samstæðna*

2. Á grundvelli ákvæðanna, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 46. gr. fjórðu tilskipunarinnar og 1. og 2. mgr. 36. gr. sjöundu tilskipunarinnar um efni ársskýrslna fyrirtækja og samstæðna skal, þar sem umhverfismál tengjast rekstrarárangri og efnahag fyrirtækisins eða þróun þess, vera lýsing í ársskýrslunni á viðkomandi viðfangsefnum og viðbrögðum fyrirtækisins við þeim. Þessar upplýsingar verða að veita sanngjarn yfirlit yfir þróun viðskipta og stöðu fyrirtækisins að því marki sem umhverfismál geta haft bein áhrif á það. Mælt er með að eftirfarandi upplýsingar séu veittar í þessu skyni:

- a) stefnumið og áætlanir sem fyrirtækið hefur samþykkt með tilliti til ráðstafana í umhverfisvernd, einkum að því er varðar mengunarvarnir. Það skiptir máli fyrir notendur ársskýrslunnar að geta komist að raun um að hve miklu leyti umhverfisvernd er óaðskiljanlegur hluti af stefnu og starfsemi félagsins. Þar sem það á við getur falist í þessu vísun til þess að umhverfisverndarkerfi sé notað og tilskildu samræmi haldið við viðkomandi staðlasafn eða vottanir,
- b) þær umbætur sem hafa verið gerðar á lykilsviðum umhverfisverndar. Þessar upplýsingar eru einkum gagnlegar ef í þeim er greint á hlutlægan og gagnsæjan hátt frá árangri fyrirtækisins með tilliti til tiltekins, magnbundins markmiðs (t.d. losunar á undanförunum fimm árum) og ástæðum fyrir því hvers vegna verulegur mismunur hefur myndast,
- c) að hvaða marki þær ráðstafanir, sem gripið hefur verið til í umhverfisvernd eða er verið að gera vegna gildandi laga eða vegna væntanlegra breytinga á lagakröfum, hafa í reynd komið til framkvæmda eða eru í framkvæmd,
- d) upplýsingar um árangur félagsins í umhverfismálum eftir því sem við á og tilheyrir eðli og umfangi rekstrar fyrirtækisins og tegund þeirra viðfangsefna í umhverfismálum sem tengjast fyrirtækinu: t.d. notkun efnis og vatns og losun lofttegunda og úrgangs,

Hægt er að veita þessar upplýsingar með magnbundnum vísbendum um umhverfisskilvirkni og, þegar það á við, eftir atvinnugreinum. Einkum á við að birta raungildi magnbundinna gagna vegna losunar og orku-, vatns- og efnisnotkunar<sup>(1)</sup> á reikningsskilatímabilinu ásamt samanburðargögnum frá fyrra reikningsskilatímabili. Þessar tölur skal fremur setja fram í rauneiningum en í fjárhæðum. Enn fremur væri hægt, til frekari skilnings á hlutfallslegu mikilvægi og þróun, að setja fram tölur í fjárhæðum í tengslum við liði sem koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi,

- e) ef félagið gefur út sérstaka umhverfisskýrslu með ítarlegri eða meiri magn- eða gæðaupplýsingum um umhverfismál skal vísa til þessarar skýrslu. Ef í umhverfisskýrslunni eru upplýsingar sem getið er í d-lið er einnig hægt að gefa útdrátt úr efninu og ábendingu um að nánari upplýsingar um það sé að finna í umhverfisskýrslunni. Upplýsingar sem veittar eru í sérstakri umhverfisskýrslu skulu vera í samræmi við allar tengdar upplýsingar í ársskýrslu og ársreikningum fyrirtækisins. Ef umhverfisskýrslan hefur verið sannpröfuð utan fyrirtækisins skal greina frá því í ársskýrslunni. Við hæfi er að upplýsa notendur ársskýrslunnar um það hvort í umhverfisskýrslunni séu eða ekki hlutlæg gögn sem er hægt að sannreyna utan fyrirtækisins.

<sup>(1)</sup> Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna er aðili að verkefninu „Vísbandar og skýrslugjöf um umhverfisskilvirkni“ (Efficiency indicators and reporting) sem er í vinnslu hjá Alþjóðaviðskiptaráði um sjálfbæra þróun (World Business Council of Sustainable Development). Þetta verkefni miðar að þróun staðlaðra magnbundinna vísbenda um umhverfisskilvirkni en af þeim skulu „kjamavísar“ eiga við öll fyrirtæki.

Æskilegt er að umfang og mörk einingarinnar sem reikningsskilin taka til séu þau sömu bæði í ársskýrslunni og sérstöku umhverfisskýrslunni. Ef svo er ekki skulu þau koma skýrt fram í umhverfisskýrslunni svo að hægt sé að greina að hve miklu leyti þau svara til einingarinnar sem gerð er grein fyrir í ársskýrslunni. Auk þess er einnig æskilegt að reikningsskiladagur og tímabil sérstöku umhverfisskýrslunnar og ársskýrslunnar séu þau sömu.

#### *Upplýsingar í efnahagsreikningnum*

3. Reiknaðar skuldbindingar skulu koma fram í efnahagsreikningnum undir yfirskriftinni „Aðrar reiknaðar skuldbindingar“. Í samræmi við 4. gr. fjórðu tilskipunarinnar er heimiluð ítarlegri sundurliðun á liðunum sem er mælt fyrir um í 9., 10. og 23. til 26. gr. um uppsetningu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings, að því tilskildu að uppsetningunni sé fylgt. Aðildarríki geta krafist slíkra sundurliðana.
4. Ef skuldbindingar vegna umhverfis eru umtalsverðar á betur við að sýna þær sérstaklega í efnahagsreikningi. Ef þær eru umtalsverðar skal að öðrum kosti birta upplýsingar um þær sérstaklega í skýringum við ársreikninga í samræmi við 42. gr. fjórðu tilskipunarinnar og 1. mgr. 29. gr. sjöundu tilskipunarinnar.

#### *Upplýsingar í skýringum við ársreikninga og samstæðureikninga.*

5. Í samræmi við ákvæði fjórðu og sjöundu tilskipunarinnar skal gefa eftirfarandi upplýsingar í skýringunum:
  - a) lýsing á matsaðferðum og aðferðum sem eru notaðar við endurmatsútreikninga í umhverfismálum sem hluta af upplýsingunum sem krafist er í 1. lið 1. mgr. 43. gr. fjórðu tilskipunarinnar og 1. mgr. 34. gr. sjöundu tilskipunarinnar,
  - b) óregluleg umhverfisútgjöld sem eru gjaldfærð á rekstrarreikning í samræmi við 29. gr. fjórðu tilskipunarinnar og 17. gr. sjöundu tilskipunarinnar,
  - c) upplýsingar og sundurliðun dálksins „Aðrar reiknaðar skuldbindingar“ ef það kemur ekki fram í efnahagsreikningi skv. 4. lið,
  - d) óvissar skuldbindingar vegna umhverfis í samræmi við 7. lið 1. mgr. 43. gr. fjórðu tilskipunarinnar og 7. gr. 34. gr. sjöundu tilskipunarinnar ásamt frásögn sem er nógu ítarleg til að unnt sé að skilja eðli óvissunnar. Ef veruleg óvissa í mati gerir ókleift að áætla fjárhæð skuldbindingar vegna umhverfis skal greina frá því og ástæðum þess, ásamt öllum hugsanlegum niðurstöðum ef unnt er.
6. Til viðbótar kröfum fjórðu og sjöundu tilskipunar skal veita eftirfarandi upplýsingar í skýringunum:
  - a) lýsing á eðli og upplýsingar um tímasetningu og skilmála allra verulegra skuldbindinga vegna umhverfis. Skýring á umhverfisspjöllumunum og á lögum eða reglum þar sem krafist er úrbóta vegna þeirra og lagfæringar eða forvarnaaðgerða eða tillögur um þær. Ef eðli og skilyrði liðanna eru nægilega sambærileg er hægt að gefa þessar upplýsingar á samanteknu formi. Ef fjárhæð kostnaðarins er metin á grundvelli margra fjárhæða skal setja fram lýsingu á því hvernig staðið var að matinu og getið um væntanlegar breytingar á lögum eða núverandi tæknistigi sem endurspeglast í fjárhæðunum sem eru tilgreindar,
  - b) þegar núvirdisaðferðin hefur verið notuð og áhrif afvöxtunar eru umtalsverð skal veita upplýsingar um óafvaxtaða fjárhæð skuldbindingarinnar og vaxtahlutfall,
  - c) þegar um er að ræða langtímalagfæringu á svæði og ónýtingar- og niðurrífskostnað eru veittar upplýsingar um reikningsskilaaðferðina. Þegar félagið safnar upp reiknuðum skuldbindingum í áföngum skv. 29. lið 3. liðar skal gefa upplýsingar um heildarupphæð reiknaðrar skuldbindingar sem þyrfti til að standa undir öllum slíkum langtímakostnaði. Einnig skal taka tillit til ákvæða d- og e-liðar 6. liðar vegna upplýsinga um útgjöld til umhverfismála sem eru gjaldfærð á rekstrarreikning og um útgjöld vegna umhverfismála sem eru eignfærð,
  - d) fjárhæð útgjalda til umhverfismála sem er gjaldfærð á rekstrarreikning og á hvaða grundvelli slíkar fjárhæðir eru reiknaðar. Þar sem við á skal sundurgreina þá liði sem fyrirtækið hefur skilgreint sem útgjöld til umhverfismála á þann hátt sem hentar eðli og umfangi rekstrar félagsins og tegundum þeirra umhverfismála sem að því snúa. Sundurliða skal útgjöld eftir umhverfissviðum eins og tilgreint er í 4. lið 2. liðar að því marki sem er mögulegt og viðeigandi,
  - e) fjárhæð útgjalda til umhverfismála, sem var eignfærð á reikningsskilatímabilinu, að því marki sem hægt er að meta hana með áreiðanlegum hætti. Ef hægt er að koma því við skal einnig greina frá því hvaða hluti viðkomandi fjárhæðar tengist útgjöldum sem eiga að standa undir kostnaði við að fjarlægja mengunarefni eftir að þau verða til og hvaða hluti tengist viðbótarútgjöldum við að taka upp búnaðinn eða framleiðsluferlið til að minnka mengun (þ.e. sem tengist tækni eða starfsvenjum við mengunarvarnir). Sundurliða skal eignfærð útgjöld eftir umhverfissviðum eins og tilgreint er í 4. lið 2. liðar, að því marki sem unnt er og viðeigandi,



- 
- f) þegar það á við skal greina sérstaklega frá kostnaði, sem stofnað er til, vegna sekta eða skaðabóta þegar ekki hefur verið farið að umhverfisreglugerðum eða vegna bóta til þriðja aðila, t.d. vegna tjóns eða áverka sem má rekja til umhverfismengunar í fortíðinni, ef ekki hefur verið greint frá honum sérstaklega sem óreglulegum lið. Enda þótt þessi kostnaður tengist áhrifum af rekstri félagsins á umhverfið hindrar hann ekki, minnkar né lagfærir umhverfisspjöll og er því við hæfi að veita sérstakar upplýsingar um útgjöld til umhverfismála,
- g) ívilnanir frá stjórnvöldum í tengslum við umhverfisvernd sem félagið fær eða á rétt á. Skilmálar hvers viðkomandi liðar eða samantekt á skilyrðum þegar þau eru sambærileg. Einnig skal greina frá því hvaða reikningshaldslega meðferð er notuð.
-

## ÁKVÖRDUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 2367/2002/EB

2005/EES/58/32

frá 16. desember 2002

## um hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2003 til 2007 (\*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins <sup>(4)</sup> ber að koma á fót hagskýrsluáætlun Bandalagsins.
- 2) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 eru settar fram meginreglur um hagskýrslugerð Bandalagsins og gilda ákvæði hennar um þessa ákvörðun.
- 3) Efnahags- og myntbandalagið gerir miklar kröfur um að unnar séu hagskýrslur um peningamál, greiðsluþöfnuð og fjármál fyrir Bandalagið.
- 4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 322/97 verður Bandalagið að hafa aðgang tímanlega að tölulegum upplýsingum, sem eru samanburðarhæfar milli aðildarríkjanna, upp færðar, áreiðanlegar, viðeigandi og unnar á eins skilvirknan hátt og unnt er, til að geta mótað, framkvæmt, haft eftirlit með og metið stefnur sínar.
- 5) Forsenda þess að unnt sé að framkvæma stefnur Bandalagsins er oft að fyrir hendi séu upp færðar, samanburðarhæfar og vel unnar hagskýrslur.
- 6) Til að tryggja samkvæmni og samanburðarhæfi tölulegra upplýsinga í Bandalaginu er nauðsynlegt að koma á fót fimm ára hagskýrsluáætlun Bandalagsins

þar sem ákveðnar eru aðferðir, meginsvið og markmið aðgerða sem fyrirhugaðar eru með tilliti til þessara forgangsatriða.

- 7) Í þessu skyni skulu yfirvöld Bandalagsins sjá til þess að hagskýrslur séu sambærilegar og vandaðar.
- 8) Hin sérstaka aðferð, sem beitt er við hagskýrslugerð Bandalagsins, krefst afar náinnar samvinnu innan hagskýrslukerfisins sem verið er að þróa í Bandalaginu fyrir tilstilli hagskýrsluáætlunarnefndarinnar, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE <sup>(5)</sup>, að því er varðar aðlögun kerfisins, einkum með innleiðingu löggæringa sem nauðsynlegir eru til að gera áðurnefndar hagskýrslur. Taka ber tillit til fyrirhafnar svarenda, hvort sem um er að ræða fyrirtæki, heimili eða einstaklinga.
- 9) Hagskýrslugerð Bandalagsins innan lagaramma fimm ára áætlunarinnar er á ábyrgð innlendra yfirvalda á innlendum vettvangi en Bandalagsyfirlvalds (Hagstofu Evrópubandalaganna, Eurostat) á vettvangi Bandalagsins.
- 10) Þörf er á nánu, samræmdu og samstilltu samstarfi milli Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat) og innlendra yfirvalda til að þessu markmiði verði náð.
- 11) Í þessu skyni skal Hagstofa Evrópubandalaganna sjá um að ólík innlend yfirvöld séu samræmd í net sem myndar evrópska hagskýrslukerfið (ESS) til að tryggja að hagskýrslur liggi tímanlega fyrir og þjóni stefnumiðaðri hagskýrsluþörf Evrópusambandsins.
- 12) Framkvæmdastjórnin getur falið Evrópska hagskýrslukerfinu ítarlegar framkvæmdarráðstafanir varðandi einstakar hagskýrsluáðgerðir og skal setja þau markmið og ákveða þær ráðstafanir sem þetta varða.
- 13) Auk þess er framkvæmdastjórninni falið að inna af hendi tiltekin framkvæmdar- eða útfærsluverkefni við framkvæmd þessarar áætlunar, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 322/97, eins og þau eru skilgreind í gerðum sem varða einstakar hagskýrsluáðgerðir.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 358, 31.12.2002, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 43.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 75 E, 26.3.2002, bls. 274.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 125, 27.5.2002, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 25. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 30. september 2002 (Stjtið. EB C 275 E, 12.11.2002, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

- 14) Huga má að því hvort unnt væri að fela t.a.m. sérhæfðum framkvæmdaraðila einhver þessara verkefna sem um þessar mundir eru framkvæmd á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar.
- 15) Sundurliðun upplýsinga eftir kyni er mikilvæg á tilteknum sviðum sem falla undir mismunandi málaflokka Bandalagsins.
- 16) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga <sup>(1)</sup>.
- 17) Viðmiðunarreglur um að koma þessari áætlun á fót, í samræmi við 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97, hafa verið lagðar fyrir hagskýrsluáætlunarnefndina, evrópsku ráðgjafarnefndina um hagskýrslugerð á sviði efnahags- og félagsmála, sem stofnuð var með ákvörðun ráðsins 91/116/EBE <sup>(2)</sup>, og hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð sem stofnuð var með ákvörðun ráðsins 91/115/EBE <sup>(3)</sup>.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### Hagskýrsluáætluninni komið á fót

Hagskýrsluáætlun Bandalagsins fyrir tímabilið 2003 til 2007 (hér á eftir kölluð „áætlunin“) er hér með komið á fót. Áætlunin fylgir með í viðaukunum.

Í I. viðauka eru skilgreindar aðferðir, meginsvið og markmið aðgerða sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu og þar er einnig að finna samantekt yfir hagskýrsluþörf Evrópusambandsins með hliðsjón af stefnumiðaðri hagskýrsluþörf þess. Þessi þörf er sundurliðuð eftir bálkum sáttmálans.

Í II. viðauka er að finna samantekt yfir starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna.

*2. gr.*

#### Markmið og forgangsroðun við stefnumótun

Með tilliti til tiltæks fjármagns yfirvalda aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar skal þessi áætlun taka mið af forgangsroðun við stefnumótun Bandalagsins að því er varðar:

- Efnahags- og myntbandalagið,
- stækkun Evrópusambandsins,

- samkeppnisgetu, sjálfbæra þróun og framkvæmdaáætlunina um félagsmál.

Hún skal auk þess að tryggja að sá hagskýrslugrundvöllur, sem fyrir er, verði áfram til fyrir ákvarðanir innan núverandi málaflokka og fullnægi viðbótarþörf fyrir hagskýrslur sem nýtt stefnumótandi frumkvæði Bandalagsins kann að hafa í för með sér. Hún skal hafa hliðsjón af þörfinni fyrir stöðuga endurskoðun forgangsroðunar í hagskýrslugerð og nauðsyn hagskýrslugerðar með það í huga að nýta sem best tiltækt fjármagn og halda fyrirhöfn svarenda í lágmarki.

Enn fremur skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að hagskýrslur séu samanburðarhæfar og vel unnar.

*3. gr.*

#### Fjármögnun

Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd á tímabilinu 2003 til 2007 skal vera 192 500 000 evrur.

Fyrir tímabilið 2003 til 2006 eru ætlaðar 50 727 000 evrur. Fyrir árið 2007 eru ætlaðar 41 773 000. Fjárhæðin 41 773 000 evrur telst staðfest ef hún samrýmist fjárhagsáætlun fyrir tímabilið sem hefst 2007.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingarvaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlanna.

*4. gr.*

#### Skýrslur

Á þriðja framkvæmdarári áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin gera áfangaskýrslu um framvindu hennar og leggja fyrir hagskýrsluáætlunarnefndina.

Í lok tímabilsins, sem áætlunin tekur til, skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við hagskýrsluáætlunarnefndina, leggja fram viðeigandi matsskýrslu um framkvæmd áætlunarinnar að teknu tilliti til álits óháðra sérfræðinga. Ljúka skal við skýrsluna fyrir lok 2008 og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið í framhaldi af því.

*5. gr.*

#### Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 59, 6.3.1991, bls. 21. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun tæðsins 97/255/EB (Stjtið. EB L 102, 19.4.1997, bls. 32).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 59, 6.3.1991, bls. 19. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun ráðsins 96/174/EB (Stjtið. EB L 51, 1.3.1996, bls. 48).

6. gr.

**Viðtakendur**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. FISCHER BOEL

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

## FIMM ÁRA HAGSKÝRSLUÁÆTLUN: AÐFERÐIR

## INNGANGUR

## 1. Mikilvægi tölulegra upplýsinga fyrir mótun stefnu Evrópusambandsins

Stofnanir og borgarar Evrópusambandsins verða að geta metið á grundvelli staðreynda þörfina á stefnumótandi frumkvæði í Evrópu og framvindu þess. Vandaðar tölulegar upplýsingar skipta höfuðmáli við að uppfylla þessa þörf. Meginhlutverk Hagstofu Evrópubandalaganna er að taka saman og miðla í tæka tíð viðeigandi upplýsingum sem ná yfir breitt svið félags-, efnahags- og umhverfismála til að byggja á núverandi stefnu og framtíðarstefnu ESB. Í rafrænni Evrópu, sem er í stöðugri þróun, verða tölulegar upplýsingar að vera tiltækar á því formi þegar notandi þarf á þeim að halda. Því þarf, á áætlunartímabilinu, að gera frekara átak til að tryggja að borgararnir hafi aðgang að auknum grunnupplýsingum um þróun efnahags-, félags- og umhverfismála í ESB. Þróa þarf nánar skipulag og áætlanir evrópska hagskýrslukerfisins til að tryggja að með kerfinu í heild sé nauðsynlegum gæðum og skilvirkni viðhaldið og það þróað til unnt sé að koma fullnægja þörfum allra notenda.

*Uppbygging viðaukans*

Í þessum viðauka er lögð megináhersla á stefnumótandi þætti starfsáætlunarinnar og sett fram samantekt yfir hagskýrsluþörf Evrópusambandsins með hliðsjón af stefnumiðaðri hagskýrsluþörf þess. Þessar þær eru flokkaðar eftir bálkum sáttmálans um stofnun Evrópubandalagsins.

Fyrir hvern af þessum bálkum er að finna í viðaukanum:

- meginstefnumið í varðandi þá vinnu við hagskýrslugerð sem fara á fram á þessu fimm ára tímabili innan hvers málaflokks og þær sértæku aðgerðaráætlanir sem fyrirhugaðar eru, þ.m.t. fyrirhugaðir lagagerningar,
- þau vinnusvið í hagskýrslugerð sem mynda grundvöll fyrir stefnuna í viðkomandi bálk samkvæmt starfssviðum hagskýrslugerðar eins og þau eru skilgreind innan ramma verkgrundaðrar stjórnunar.

## 2. Framkvæmdaáætlanir

a) *Markmið*

Markmiðin, sem mælt er fyrir um í framkvæmdaáætlun Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat Corporate Plan), renna stöðum undir framkvæmd starfsáætlunarinnar sem skal unnin með tilliti til grundvallarreglunnar um kostnaðarhagkvæmni sem sett er í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97. Þessi markmið eru:

- að Hagstofa Evrópubandalaganna þjóni framkvæmdastjórninni,
- að Hagstofa Evrópubandalaganna þjóni öðrum Evrópustofnunum og öðrum notendum,
- að stuðla að viðhaldi og þróun evrópska hagskýrslukerfisins,
- að efla áhuga og ánægju starfsfólks,
- að auka gæði framleiðsluvar sinna og þjónustu,
- að auka innri framleiðni.

b) *Gerð hagskýrslna*

Hagstofa Evrópubandalaganna mun, í samvinnu við samstarfsaðila sína innan evrópska hagskýrslukerfisins, koma á fót framleiðsluferli sem tryggir að evrópskar hagskýrslur nái því gæðastigi sem krafist er til að framfylgja stefnu Evrópusambandsins. Einkum verður lögð áhersla á hagskýrslur fyrir evrusvæðið.

Hagstofa Evrópubandalaganna og samstarfsaðilar hennar innan evrópska hagskýrslukerfisins munu annast stöðuga endurskoðun á tölulegum upplýsingum frá ESB og aðildarríkjum þess til að tryggja að þær uppfylli bæði raunverulega þörf ESB og aðildarríkjanna og að þessar tvær hliðar séu að öllu leyti samþættar.

c) *Skilvirkni framkvæmdar*

Framkvæmdastjórnin mun áfram meta vinnuaðferðir sínar til að tryggja að fjármagn sé nýtt sem best. Reynst getur hentugt að fela framkvæmdastofnun framkvæmd og eftirfylgni tiltekinna verkefna á sviði hagskýrslna. Áður en slíki framkvæmdastofnun er komið á fót skal fara fram ítarleg greining í samræmi við ákvæði ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um slíkar stofnanir. Hagskýrsluáætlunarnefndin mun hafa samráð við samstarfsaðila innan evrópska hagskýrslukerfisins og fá allar upplýsingar um þetta ferli.

d) *Fjárhagsleg framkvæmd áætlunarinnar*

Fjárveitingar til vinnslu tölulegra upplýsinga samkvæmt þessari áætlun eru háðar árlegri fjárlagagerð með fyrirvara um fjárveitingar samkvæmt öðrum lagagæringum. Fjármagnið skal nota:

- til hagskýrslugerðar eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 322/97, þ.m.t. þróun og viðhald kerfa um tölulegar upplýsingar og tengdra, nauðsynlegra grunnvirkja,
- í styrki til samstarfsaðila innan evrópska hagskýrslukerfisins (Hagstofa Evrópubandalaganna fyrirhugar að gera rannsóknir og samstarfsaðila),
- til tækni- og stjórnsýsluáðstoðar svo og til annarra stuðningsráðstafana.

3. **Forgangsröðun**

Forgangsröðun í vinnu við hagskýrslugerð miðast við fjóra ólíka flokka starfsemi.

a) *Hagskýrsluþörf vegna stefnu Bandalagsins*

Framkvæmdastjórnin hefur skilgreint áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar innan helstu málaflokka Bandalagsins hverju sinni og má taka hana saman á eftirfarandi hátt:

- Efnahags- og myntbandalagið: allar nauðsynlegar hagskýrslur vegna III. áfanga Efnahags- og myntbandalagsins og vegna samnings um stöðugleika og vöxt,
- Stækkun ESB: þ.m.t. þau svið hagvísar sem mikilvægastir eru fyrir aðildarviðræður og aðlögun umsóknarlanda að evrópska hagskýrslukerfinu,
- samkeppnisgeta, sjálfbær þróun og framkvæmdaáætlunin um félagsmál: einkum hagskýrslur um vinnumarkaðinn, umhverfi, þjónustu, lífsskilyrði, fólksflutninga og rafræna Evrópu,
- opin samræming: að fyrir hendi séu vísar og tengdar hagskýrslur sem byggja á bættum aðferðum og samhæfðum gögnum í samræmi við umboð frá leiðtogaáðinu.

b) *Helstu verkefni*

Hér er um að ræða grundvallarstarfssvið sem eru nauðsynleg til að tryggja starfsemi kerfisins. Þau munu heyra undir formlega aðferð verkefnastjórnunar sem hér segir:

- Vinna við grunnvirki

Styrking á starfsemi Evrópska hagskýrslukerfisins í eflðri og stækkaðri Evrópu. Komið verður á ýmsum leiðum til að efla samstarf milli innlendra hagstofa og Hagstofu Evrópubandalaganna. Þær munu aðallega byggjast á gagnaskiptum milli innlendra hagskýrsluyfirvalda, sérhæfingu aðildarríkja á tilteknum sviðum og sveigjanleika í framkvæmd hagskýrslukannana til að fullnægja þörfum Evrópusambandsins og aðildarríkjanna.

Þróun kerfis þar sem unnt er að bregðast við breytilegri stefnumiðaðri hagskýrsluþörf og jafnframt er stuðlað að skoðanaskiptum milli tölfraðinga og stefnumótenda til að tryggja sveigjanleika varðandi svörum og mikilvægi afraksturs hagskýrslugerðar.

Þróun tæknilegra grunnvirkja á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna mun miða að því að tryggja aukna framleiðni, draga úr fyrirhöfn svarenda og veita notendum greiðari aðgang að tölulegum upplýsingum.

Þátttaka Hagstofu Evrópubandalaganna í framtaksverkefnunum um rafræna framkvæmdastjórn og rafræna Evrópu, svo og aðgangur evrópska hagskýrslukerfisins að rannsóknar- og þróunaráætlunum og áætluninni um gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana (IDA) mun tryggja samstarf og samvirkni í aðgerðum Bandalagsins og aðildarríkjanna.

Náði samstarf milli opinberra og fræðilegra tölfraðinga er gæðatrygging og vísindalegur grundvöllur fyrir hagskýrslur Bandalagsins.

- Sérstök verkefni

Hagskýrslur um hið nýja hagkerfi, þ.m.t. svið eins og upplýsingasamfélagið og nýsköpun.

Hagskýrslur um rannsóknir og þróun, þ.m.t. setning viðmiðana fyrir stefnur aðildarríkjanna í rannsóknnum og tækniþróun (RTD).

Skammtímahagskýrslur

Vísar til að styðja stefnur sem miða að sjálfbærri þróun.

Vísar um félagslega útskúfun og fátækt.

c) *Hagskýrslur til stuðnings við núverandi stefnur*

Hér er um að ræða áframhaldandi vinnu við hagskýrslugerð til stuðnings við stefnu Bandalagsins í málaflokkum sem þegar eru fyrir hendi, s.s. í landbúnaði, svæðastefnu og utanríkisverslun.

d) *Önnur svið*

Til að framkvæma stefnu Bandalagsins þarf einnig að safna tölulegum gögnum á öðrum sviðum sem ekki er fjallað um hér að framan.

Almennt hefur Hagstofa Evrópubandalaganna ásamt aðildarríkjunum, innan hagskýrsluáætlunarnefndar og hagskýrslunefndar um peningamál, fjármál og greiðsluþöfnun (CMFB), ákveðið hversu umfangsmikil og ítarleg gögnin skulu vera sem er safnað vegna starfsemi innan þessa forgangsramma. Það er samkvæmt reglum sem eru skilgreindar í reglugerð ráðsins um hagskýrslur Bandalagsins og í samræmi við samþykktar meginreglur fyrir slíkar ákvarðanir varðandi vinnustjórnun.

4. **Dreiffræði**

Lagaramminn í þessu tilviki samanstendur af:

1. Ákvörðun 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97
3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/281/EB frá 21. apríl 1997 um hlutverk Hagstofu Evrópubandalaganna í hagskýrslugerð Bandalagsins <sup>(1)</sup>.

Hagstofa Evrópubandalaganna ber ábyrgð á að tryggja skil á hagskýrslum Bandalagsins vegna stefnu ESB. Hagstofa Evrópubandalaganna getur einungis leyst þetta verkefni af hendi í samráði við hagskýrslufyrirvöld í aðildarríkjunum. Starfsemin byggist því alltaf á meginreglunni um dreiffræði. Þetta felur í sér samstarf við fjölda stofnana en þó aðallega innlendar hagstofur aðildarríkja ESB.

5. **Jafnvægið milli hagskýrsluþarfar og fjármagns**

Innan evrópska hagskýrsluferfisins skal fylgjast af árvekni með því að jafnvægi haldist milli þarfarinnar á upplýsingum vegna stefnu Bandalagsins og þess fjármagns sem þarf til að láta í té upplýsingarnar, bæði á vettvangi ESB og á lands- og svæðisvísu. Einkum er mikilvægt að nægilegt fjármagn fái á landsvísi til að uppfylla megi kröfur um tölulegar upplýsingar vegna stefnumótandi ákvarðana ESB. Hins vegar er einnig mikilvægt að viðhalda nægilegum sveigjanleika til að innlend yfirvöld geti uppfyllt þörf Bandalagsins fyrir tölulegar upplýsingar á sem kostnaðarhagkvæmasta hátt.

Til að styðja við áætlun um jafnvæga forgangsroðun skal, í árlega áætlunarferlinu, felast stöðug endurskoðun á því hvort áfram sé þörf fyrir fyrirbyggjandi hagskýrslur Bandalagsins, og tilgreint hverjar megi stytta eða fella niður. Þetta skal fara fram í náinni samvinnu við helstu notendur hagskýrslna og er mikilvægur þáttur þegar hafin eru ný framtaksverkefni á sviði hagskýrslna.

Í þessum viðauka er hagskýrsluþörf vegna stefnu Bandalagsins skilgreind í heild. Hinum ýmsu þáttum vinnu við hagskýrslugerð er forgangsraðað, með hliðsjón af heildarfjármagnsstýringu, í samræmi við þann ramma sem er lýst hér að framan.

**FIMM ÁRA HAGSKÝRSLUÁÆTLUN: MARKMIÐ OG AÐGERÐIR**

## STÆKKUN EVRÓPUSAMBANDSINS

*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Gert er ráð fyrir að samningaviðræðum um aðild ljúki með gerð aðildarsáttmála fyrir mörg umsóknarlandanna á gildistíma áætlunarinnar fyrir tímabilið 2003 til 2007. Til að geta fylgt eftir og hugsanlega lokið viðræðunum verður framkvæmdastjórnin að geta leitað í heildstætt safn áreiðanlegra hagskýrslna sem eru unnar með sömu aðferðafræði og hagskýrslur í löndum Evrópusambandsins. Sambandið mun þá standa frammi fyrir tveimur nokkuð ólíkum viðfangsefnum:

- að fella hugsanlega nýja aðila inn í öll kerfi Bandalagsins, þ.m.t. fjárhagsáætlanir með eigin fjármagni og þróunarsjóðir og öll önnur mál og áætlanir,
- að halda áfram undirbúningi hinna umsóknarlandanna og aðstoða þau við að uppfylla að fullu ákvæði gildandi laga Bandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 112, 29.4.1997, bls. 56.

Í hvorugu tilvikinu skal vanmeta þær ströngu kröfur sem gerðar eru um hagskýrslugerð umsóknarlandanna sem Hagstofa Evrópubandalaganna sannreynir og miðlar. Grunnhagskýrslur um efnahag eru að sjálfsögðu ómissandi, þ.m.t. skipting vergrar þjóðarframleiðslu eftir atvinnuvegum og svæðum, mannfjöldi og atvinna. Önnur mikilvæg svið eru þau sem nota má til að meta framkvæmd eins óskipts markaðar, þ.e.a.s. starfsemi sem hefur áhrif yfir landamæri, s.s. vöruviðskipti, þjónustuviðskipti og staðfesturéttur, greiðsluöfnuður, fjármagnsstreymi, hreyfanleiki fólks (farandlaunþegar, fólksflutningar, umsækjendur um hæli o.s.frv.), iðnframleiðsla og uppbygging iðnaðar með tilliti til bolmagns o.s.frv. Hagskýrslugerð þarf almennt að styðja við viðkomandi stefnu ESB, þ.m.t. kröfur í tengslum við myntbandalagið. Auk þess er þörf á hagskýrslum innan geira, sem eru viðkvæmir í sambandi við samningaviðræður, til að styðja við stefnu ESB í helstu málaflokkum þess, s.s. landbúnaði, flutningum, svæða- og umhverfismálum.

#### Samantekt

Á fimm ára tímabilinu mun vinnan einkum beinast að því að:

- styrkja söfnun samræmdra gagna vegna samningaviðræðna og til nota innan ESB,
- aðstoða áfram umsóknarlönd og nýja aðila við að bæta hagskýrslukerfi sitt til að uppfylla kröfur Bandalagsins, m.a. með skjótri upplýsingagjöf um nýja Bandalagslögjöf.

### I. BÁLKUR

#### Frjálsir vöruflutningar

##### Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar

Þegar einn óskiptur markaður gekk í gildi árið 1993 var tekið upp kerfi til tölfraðilegra mælinga á vöruviðskiptum milli aðildarríkjanna (Intrastat) og einnig var dregið úr fyrirhöfn upplýsingaveitenda, þannig var komið á meira viðeigandi hátt til móts við þarfir Efnahags- og myntbandalagsins. Hins vegar hefur, með tilliti til óska innlendra yfirvalda og fjölda faglegra samtaka, einungis verið dregið úr fyrirhöfn að því er marki að viðhalda megi nákvæmu hagskýrslukerfi um viðskipti innan Bandalagsins sem samrýmist hagskýrslum um viðskipti við lönd utan Bandalagsins.

Í samræmi við skipulagsáætlunina sem Hagstofa Evrópubandalaganna og aðildarríkin samþykktu árið 1999 verða nýjar breytingar á kerfinu kannaðar og prófaðar áður en umbætur verða gerðar á löggjöfinni. Með nýja kerfinu skal því lögð sérstök áhersla á að niðurstöður uppfylli þarfir Bandalagsins og séu í samræmi við strangar gæðakröfur að því er varðar umfang, áreiðanleika og tiltækileika. Skilgreina skal innihald niðurstaðnanna þannig að þær einfaldi núverandi kröfur jafnframt því að taka tillit til þess hvernig þarfirnar þróast eftir því sem samruna Evrópu vindur fram. Einnig verður gripið til aðgerða til að auka áreiðanleika hagskýrslna um inn- og útflutningsverð til að unnt verði að mæla innri samkeppnishæfni framleiðsluvara Sambandsins á skilvirkari hátt.

Samhliða þessu munu mögulegar afleiðingar þess að skipta yfir í sameiginlegt virðisaukaskattkerfi verða greindar með því að meta uppsprettu stjórnsýslulegra eða tölulegra upplýsinga, sem unnt er að nota sem viðmið, þar sem megináhersla er lögð á að viðhalda tengslum við virðisaukaskattkerfið og notkun almennrar fyrirtækjaskráar.

#### Samantekt

Við lok fimm ára áætlunarinnar mun framkvæmdastjórnin hafa aðlagð og bætt kerfi til tölfraðilegrar mælingar á vöruviðskiptum milli aðildarríkjanna og við þriðju lönd með tilliti til þróunar á upplýsingaþörf og til efnahags- og stjórnsýslumhverfisins.

##### Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

Bákur sáttmálans	Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna
I. BÁLKUR FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	53 Vöruviðskipti 44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	45 Orka 48 Flutningar 64 Jarðrækt 65 Búfjárrækt 66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði



## II. BÁLKUR

## Landbúnaður

*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

## Landbúnaður

Nær helmingur af fjárlögum Bandalagsins rennur til útgjalda vegna hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu (CAP). Framkvæmdastjórnin gegnir því mikilvægu hlutverki í sambandi við sameiginlegu landbúnaðarstefnuna, þ.m.t. hið hefðbundna hlutverk er snýr að því að móta, hafa eftirlit með, meta og aðlaga stefnuna. Framkvæmdastjórninni hefur verið falið viðtækt umboð til daglegrar stjórnunar. Á fimm ára tímabilinu frá 2003 til 2007 verður, eins og í áætluninni fyrir árin 1998 til 2002, lögð megináhersla á að nota þetta stóra safn hagskýrslna og að halda því við eins og nauðsynlegt er. Sérstakri athygli verður áfram beint að umhverfispættinum með þróun nauðsynlegra hagskýrslna til greiningar á innri tengslum landbúnaðar og umhverfis, þ.m.t. með því að bæta hagskýrslur um notkun tilbúins áburðar og varnarefna, um lífrænan búskap og aðgerðir til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og búsetu á landsbyggðinni.

Innan stjórnunarramma tæknilegu aðgerðaáætlunarinnar til að bæta landbúnaðarhagskýrslur (Tapas) fæst sameiginleg og gagnsæ aðferð til að bæta jafnt og þétt nýtingu tiltæks fjármagns aðildarríkjanna og Bandalagsins til að gera landbúnaðarhagskýrslur. Hagskýrslurnar, sem verða gerðar, verða notaðar í auknum mæli (t.d. til gerðar reiknilíkana og aðildarríkin og Evrópustofnanir fá beinan aðgang að þeim).

Ráðist verður í tvö verkefni með framtíðarsýn. Landbúnaðarhagskýrslur verða settar fram á þann hátt að þær uppfylli þarfr sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar sjö til tíu ár fram í tímann, með tilliti til þess hvernig stefnan getur tekið breytingum sem verða árangurinn af „Framkvæmdaáætlun 2000“. Vinna með gögn um umhverfismál í landbúnaði verður þróuð frekar. Einkum mun vinnu með vísa fyrir samþættingu umhverfissjónarmiða og sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og með vísa fyrir aðgerðir í landmótun haldið áfram. Athyglinni verður einnig beint að aukinni þörf fyrir upplýsingar um neytenda- eða velferðarþætti landbúnaðar og að hagskýrslum til stuðnings byggðarþróun í dreifbýli samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni. Niðurstöður óháðu heildarendurskoðunarinnar á núverandi kerfi verða notaðar til að aðlaga safn landbúnaðarhagskýrslna Bandalagsins svo að það geti uppfyllt nýjar eða breytilegar þarfr. Hitt verkefnið er að koma á reglubundnu streymi samanburðarhæfra gagna frá opinberum aðilum í öllum umsóknarlöndum um aðild að ESB.

## Skógrækt

Leggja þarf sérstaka áherslu, á þessu sviði, á að viðhalda og bæta samstarf við alþjóðastofnanir, fyrst og fremst til að auka gæði hagskýrslna um skógrækt, þ.m.t. sérstakar viðmiðanir og vísar sem eru nauðsynleg vegna umhverfisstjórnunar og sjálfbærrar skógvörslu. Samhliða þessu þarf einnig að þróa upplýsingar um sjálfbæra stjórnun í iðnaði sem byggir á efnun sem unnin eru úr timbri Taka þarf tillit til áhrifa samkomulagsins sem gert var í Bonn-í tengslum við Kýótó-bókunina við þróun þessarar vinnu.

## Fiskveiðar

Framtíðarþróun sameiginlegu fiskveiðistefnunnar mun snúast um samþættingu ýmissa atriða, allt frá líffræðilegum þáttum til fjármagns, með bættu eftirliti með starfsemi fiskiskipa. Ólíklegt er að með slíkum ráðstöfunum skapist frekari þörf á gögnum svo að helsta átakið á næstu árum felst í því að efla og bæta gagnastreymið (heilleika, rétta tímasetningu, samkvæmni, samanburðarhæfi og aðgengileika) á grundvelli núverandi löggjafar.

Félagslegar og efnahagslegar afleiðingar þess að takmarka starfsemi fiskiskipa og minnka fiskiskipaflota ESB leiða til aukinnar eftirspurnar eftir gögnum um færirbreytur til að meta félagslegt og efnahagslegt ástand. Líklegt má telja að þessi þróun verði mikilvægur liður í nýjum samningaviðræðum varðandi sameiginlegu fiskveiðistefnuna árið 2002. Hagstofa Evrópubandalaganna mun fylgjast náið með þessum samningaviðræðum til að tryggja að áætlun hennar um fiskveiði-hagskýrslur endurspegli áfram gagnþörf sameiginlegu fiskveiðistefnunnar.

*Samantekt*

Á áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin keppa að því að:

- beita TAPAS-kerfinu (tæknileg aðgerðaáætlun til að bæta landbúnaðarhagskýrslur) til að bæta jafnt og þétt það safn landbúnaðarhagskýrslna sem til er, einkum að því er varðar gæði, samanburðarhæfi, aukna skilvirkni, einföldun og rétta tímasetningu þeirra,
- skipuleggja þróun landbúnaðarhagskýrslna með það að markmiði að mæta framtíðarþörfum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar,
- leggja til vísa fyrir betri samþættingu umhverfissjónarmiða og sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og upplýsingar um neytenda- og velferðarþætti landbúnaðar,
- aðstoða við þróun samanburðarhæfra gagna í umsóknarlöndunum um aðild að ESB,
- efla, bæta og víkka út (vísa fyrir) hagskýrslur um skógrækt,
- efla og bæta gæði fiskveiðihagskýrslna.

*Stefnumiðuð hagskýrslubörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
II. BÁLKUR LANDBÚNAÐUR	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	61 Landnotkun og landmótun 62 Nýting bújarða 63 Hagstærðir í landbúnaði 64 Jarðrækt 65 Búfjárrækt 66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði 67 Samræming og umbætur á landbúnaðarhagskýrslum 68 Hagskýrslur um skógarnytjar 69 Hagskýrslur um fiskveiðar
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	53 Vöruviðskipti 70 Sjálfbær þróun 72 Svæðisbundnar hagskýrslur 74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar

## III. BÁLKUR

**Frjálsir fólksflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar***Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Hagskýrslur um greiðslujöfnuð ESB veita nokkuð nákvæmar upplýsingar um þjónustuviðskipti og beinar fjárfestingar. Verið er að þróa hagskýrslur um viðskipti erlendra útibúa. Þótt einkum sé verið að þróa þessar hagskýrslur í kjölfar Hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (GATS), og þ.a.l. til að veita upplýsingar um viðskipti við lönd utan Bandalagsins, telja aðildarríkin nauðsynlegt að halda áfram að taka saman innlenda greiðslujöfnuð (þ.m.t. streymi innan ESB) jafnvel innan Efnahags- og myntbandalagsins. Eins og sakir standa nær hagskýrslugerð bæði yfir viðskipti innan ESB og viðskipti við lönd utan ESB og uppfyllir því þarfir eins óskipts markaðar. Þó er hætta á óvissu varðandi þessar upplýsingar. Einnig er verið að endurskipuleggja kerfin til að taka saman gögn um greiðslujöfnuð (sjá VII. bálk). Þarfir framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði þarf að endurmeta og skilgreina.

Komið verður á fót kerfi fyrir vísa um hnattvæðingu. Ný tölfræðileg tæki, byggð á gagnaskiptum milli innlendra hagstofa og söfnun upplýsinga á evrópskum vettvangi, verða notuð sem undirstaða fyrir þróun á þessu sviði.

Með því að skilgreina og hafa eftirlit með erlendum hlutdeildarfélögum (FATS) verður hægt að mæla Evrópu- og alþjóðavæðingu framleiðslukerfanna.

Hagskýrslugerð mun í auknum mæli miða að því að greina sjálfbæra ferðaþjónustu ásamt sjálfbærri þróun með því að þróa hliðarreikninga.

Framkvæma þarf ákvörðun ráðsins um hagskýrslur um hljóð- og myndmiðla Hagstofa Evrópubandalaganna mun því halda áfram að efla þá vinnu sem þegar hefur farið fram frá árinu 1999 um að koma á fót grunnvirki fyrir tölulegar upplýsingar í Bandalaginu sem varða iðnað og markaði hljóð- og myndmiðlageirans og tengdra geira. Einnig þarf að þróa lagagrundvöll fyrir hagskýrslur um fjarskipti.

Smám saman verður komið á fót kerfi, sem er sveigjanlegt og hægt að aðlaga, til að safna upplýsingum um vísa um upplýsingasamfélagið á grundvelli fyrirliggjandi eða nýrra kannana í samræmi við forgangsrið ráðsins.

*Samantekt*

Á fimm ára tímabilinu mun framkvæmdastjórnin keppa að því að:

- þróa traust og sveigjanlegt safn vísa um hnattvæðingu,
- þróa traust og sveigjanlegt safn vísa um upplýsingasamfélagið, þ.m.t. hljóð- og myndmiðlaþjónustu,
- þróa áfram hliðarreikninga á sviði ferðaþjónustu.

*Stefnumiðuð hagskýrslubörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
III. BÁLKUR FRJÁLSIR FÓLKSFLUTNINGAR, FRJÁLS ÞJÓNUSTU- STARFSEMI OG FRJÁLSIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 48 Flutningar 49 Upplýsingasamfélagið 50 Ferðaþjónusta 54 Þjónustuviðskipti og greiðslujöfnuður
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	57 Hagskýrslur fyrir hagsveiflugreiningu 70 Sjálfbær þróun 71 Umhverfshagskýrslur

## IV. BÁLKUR

**Vegabréfsáritanir, hæli, innflutningur fólks og stefna á öðrum sviðum sem tengjast frjálsri för fólks***Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Lögsögu Bandalagsins í málefnum sem varða innflytjendur og hæli var komið á við gildistöku Amsterdam-sáttmálans 1. maí 1999. Að beiðni leiðtoga ráðsins sendi framkvæmdastjórnin frá sér tvær orðsendingar í nóvember 2000 til að hrinda af stað skoðanaskiptum í Bandalaginu um langtímaþætti sameiginlegrar stefnu ESB. Í báðum orðsendingum er fjallað um hagskýrslur í þessu samhengi. Í orðsendingunni um stefnu Bandalagsins í málefnum innflytjenda <sup>(1)</sup> er lögð áhersla á að þörf sé á meiri upplýsingum um straum og mynstur fólksflutninga til og frá ESB. Í orðsendingunni um hæli <sup>(2)</sup> er lögð áhersla á að til að hægt verði að koma á og framkvæma sameiginlegt evrópskt kerfi um hæli þurfi að fara fram ítarleg greining á umfangi streymi fólks, uppruna fólksins sem og greining á einkennum umsókna um vernd og viðbrögðum við þeim. Stækkun Sambandsins og þróun samvinnu við löndin á Miðjarðarhafssvæðinu mun einungis auka þörfina fyrir tölulegar upplýsingar á þessum sviðum.

*Samantekt*

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin:

- þróa staðlaðra flokkunarkerfi í fólksflutninga- og hælismálum í samstarfi við innlend yfirvöld,
- auka umfang og gæði hagskýrslna á þessu sviði til að uppfylla upphaflegu kröfurnar í orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar um málið.

*Stefnumiðuð hagskýrslubörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
IV. BÁLKUR VEGABRÉFSÁRITANIR, HÆLI, INNFLYTJENDUR OG STEFNA Á ÖÐRUM SVIÐUM SEM TENGJAST FRJÁLSRI FÖR FÓLKS Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	31 Mannfjöldi

## V. BÁLKUR

**Flutningar***Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Hagskýrslur Bandalagsins um flutninga eru nauðsynlegar til að styðja við sameiginlegu stefnuna í flutningamálum (70.–80. gr.) og flutningaþátt samevrópsku netkerfanna (154.–156. gr.).

<sup>(1)</sup> Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins um stefnu Bandalagsins í málefnum innflytjenda, 22. nóvember 2000 (COM(2000) 757, lokaútgáfa).

<sup>(2)</sup> Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins „Stefnt að sameiginlegri meðferð umsókna um hæli og samræmdrar réttarstöðu, sem gildir alls staðar í Sambandinu, fyrir einstaklinga sem veitt er hæli“, 22. nóvember 2000 (COM(2000) 755, lokaútgáfa).

Flutningar eru einnig mikilvægur hluti af svæða- og umhverfisstefnu Bandalagsins (sjá XVII. og XIX. bálk) og skal leggja sérstaka áherslu á vísa um sjálfbæra þróun.

Hagskýrslur Bandalagsins skulu mynda allsherjarupplýsingakerfi um flutninga, þ.m.t. gögn um vöru- og farþegastreymi, svo og um grunnvirki, búnað, umferð, hreyfanleika fólks, öryggi, orkunotkun og umhverfisáhrif, enn fremur gögn um flutningskostnað og –verð og um flutningafyrirtæki. Meginmarkmiðið verður að breyta vægi ólíkra flutningsmáta svo að hlutur flutninga með járnbrautum og á stuttum sjóleiðum aukist á kostnað flutninga á vegum og fjarlægja þannig þá tengingu sem nú er til staðar milli hagvaxtar og aukinnar umferðar á vegum. Nauðsynlegt verður að taka saman betri hagskýrslur um skiptingu milli mismunandi flutningsmáta, sem taka til bæði til farþega og farms, með tilliti til hvers konar flutningsmáta, og bæta þætti er varða rétta tímasetningu.

Opnun flutningsmarkaða fyrir samkeppni mun skapa þörf fyrir hlutlæg töluleg gögn til að hafa megi eftirlit með þróun á þessum mörkuðum og meta áhrif þessarar þróunar á atvinnuástand og vinnuskilyrði í flutningafyrirtækjum og á efnahagslega afkomu þessara fyrirtækja. Hún mun einnig auka kröfur um tölulega vísa í tengslum við öryggi og bætta þjónustu. Þróun markaðarins mun kalla á söfnun tölulegra gagna um vöruflutninga, sem beinast síður að einstökum flutningsmátum, heldur veita upplýsingar um heildarkeðju samþættra flutninga og um vöruflutninga frá sjónarhóli markaðarins.

Eftirlit með tengslunum milli flutninga og umhverfismála verður helsti drifkrafturinn til að auka gæði gagna um flutninga og til að þau nái yfir öll svið þeirra. Þetta mun einnig hafa í för með sér sérkröfur um viðbótargögn, t.d. um hreyfanleika fólks og flutningatæki. Bregðast þarf við auknum kröfum um umferðargögn, sem eru gefin upp í ökutækjakilómetrum, fyrir hvers konar flutningsmáta, með tilliti til þess að hægt er að nota þau til að fylgjast með umferðarþröng og losun lofttegunda.

Áframhaldandi umfangsmiklar fjárfestingar í evrópska samgöngugrunnvirkinu, einkum í flutningabætti samevrópsku netkerfanna, munu hafa í för með sér sérþarfir fyrir hagskýrslur um grunnvirki og markaðsþróun. Samevrópsku netkerfin, ásamt svæðastefnu Bandalagsins, munu áfram hafa í för með sér þörf fyrir gögn, sem eru betur sundurliðuð landfræðilega, um flutninganet og –flæði, sem skulu teljast óaðskiljanlegur hluti af heildarupplýsingakerfinu um flutninga.

#### Samantekt

Á fimm ára tímabilinu mun framkvæmdastjórnin keppa að því að:

- ljúka hagskýrslugerð Bandalagsins um flutninga er nái yfir hvers konar flutningsmáta og allar gerðir upplýsinga,
- aðlaga áfram og fullgera, ef nauðsyn krefur, lagagrundvöll fyrir hagskýrslur um flutninga,
- stuðla að söfnun frekari tölfræðilegra upplýsinga um keðjur samþættra flutninga sem og þeirra viðbótargagna sem eru nauðsynleg til að fylgjast með samþættingu umhverfissjónarmiða og stefnu í flutningamálum (TERM-aðgerðin).

#### Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

Bálkur sáttmálans	Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna
V. BÁLKUR FLUTNINGAR	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	48 Flutningar 72 Svæðisbundnar hagskýrslur
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 45 Orka 49 Upplýsingasamfélagið 50 Ferðaþjónusta 53 Vöruviðskipti 61 Landnotkun og landmótun 70 Sjálfbær þróun 71 Umhverfihagskýrslur 74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar

## VI. BÁLKUR

## Sameiginlegar reglur um samkeppni, sköttun og samræmingu laga

Ekki er þörf á beinni hagskýrsluáætlun. Tölulegar upplýsingar í tengslum við þennan bálk eru leiddar af gögnum og vísunum, sem eru unnin í tengslum við aðra bála í áætluninni.

*Stefnumiðuð hagskýrslubörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálkur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
VI. BÁLKUR SAMEIGINLEGAR REGLUR UM SAMKEPPNI, SKÖTTUN OG SAMRÆMINGU LAGA	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	32 Vinnumarkaðurinn 53 Vöruviðskipti
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 45 Orka 48 Flutningar 49 Upplýsingasamfélagið 63 Hagstæðir í landbúnaði 64 Jarðrækt 65 Búfjárrækt 66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði

## VII. BÁLKUR

## Stefna í efnahags- og peningamálum

*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Tilkoma Efnahags- og myntbandalagsins kallar á mjög náið hagskýrslueftirlit, til að renna stoðum undir samræmingu stefnunnar í efnahagsmálum og starfsemi seðlabankakerfis Evrópu í tengslum við stefnuna í peningamálum. Samningurinn um stöðugleika og vöxt hefur í för með sér aukna hagskýrslubörf. Þangað til er mikilvægt að mæla þá efnahagslegu samleitni sem aðildarríkin hafa náð.

Til að hagskýrslurnar verði nægilega viðtækar, samanburðarhæfar, tímanlegar og tíðar til að samræma þjóðhagslega stefnu og styðja starfsemi seðlabankakerfis Evrópu í tengslum við stefnuna í peningamálum, mun vinnan beinast að skammtímavísunum um eftirspurn, framleiðslu, vinnumarkaðinn, verðlag og kostnað. Nýjum aðferðum (t.d. skyndimati, samtíðarspá o.s.frv.) verður beitt til að bæta þjónustu við þá sem greina hagsveiflur þessi vinna kemur til viðbótar við frekari þróun peninga- og efnahagsvísa.

Þörf er á varanlegum umbótum að því er varðar að gögn séu unnin tímanlega og á umfangi þeirra innan ramma aðgerðaráætlunarinnar um hagskýrslubörf Efnahags- og myntbandalagsins. Til að hægt sé að reikna út samtölur evrusvæðisins á eins skömmum tíma og auðið er þurfa ársfjórðungslegir þjóðhagsreikningar að vera gerðir tímanlega og koma þarf á skyndimati. Enn fremur er þörf á mikilli vinnu innan stofnanageirans við gerð ársfjórðungslegra fjárhagsreikninga og reikninga, sem eru ekki fjárhagslegir, sem eru í fullu samræmi við ársreikninga og fjármál hins opinbera til skamms tíma. Fyrirspurnir um upplýsingar um mótaðila í fjárhagsreikningum, sem sýna tengsl milli geira (frá hverjum til hvers), eru mikilvægt tæki við greiningu á stefnu í peningamálum. Þessum upplýsingum skal safnað í áföngum á meðan fimm ára áætlunin varir.

Gert er ráð fyrir að mikilvægasti þáttur á tímabili þessarar áætlunar, frá 2003 til 2007, verði stækkun ESB úr 15 aðilum í 20 eða fleiri. Í þessu mun felast veruleg vinna, bæði fyrir nýju aðilana, sem þurfa að leggja fram hagskýrslugögn, og fyrir Hagstofu Evrópubandalaganna sem skal fullgilda þessi gögn. Til að styðja að fullu við stefnu framkvæmdastjórnarinnar um stækkun Bandalagsins, verður aðstoð við umsóknarlöndin haldið áfram og hún þróuð til að tryggja viðunandi aðgengi að gögnum, gæði þeirra, tímanleika og samanburðarhæfi.

Leggja skal aukna áherslu á gæði gagnanna, bæði með tilliti til fasts verðlags og gangverðs, að því er varðar öll aðildarríkin. Eigin tekjur á grundvelli vergra þjóðartekna nema 60% af fjárlögum ESB og eru eitt dæmi um notkun stjórnsýslunnar á þessum gögnum. Stór hluti verksins mun felast í því að halda áfram og bæta við það sem gert hefur verið til að samræma hagskýrslur um samleitnisviðmiðanir. Það markmið að viðhalda stöðugu verðlagi (105. gr. sáttmálans) og veita upplýsingar um peningamálastefnu Seðlabanka Evrópu á evrusvæðinu krefst þess, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs<sup>(1)</sup>, að gæðum samræmdra vísitalna neysluverðs verði viðhaldið og þau aukin frekar. Aðferðir við gerð samræmdra vísitalna neysluverðs skulu vera fullfrágengnar og samstilltar innan ramma framangreindrar reglugerðar ráðsins um samræmdar vísitölur neysluverðs.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1.

Eftirlit verður haft með fjárlagastöðunni og ríkisskuldum (104. gr. sáttmálans og samningurinn um stöðugleika og vöxt sem samþykktur var í Dublin) á grundvelli reikninga hins opinbera sem útbúnir eru eftir aðferðafræði evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í Evrópubandalaginu frá 1995 (ESA-'95) sem var samþykkt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu<sup>(1)</sup>. Samræming og samanburðarhæfi verða könnuð reglulega til að stofnanir, þar sem ákvarðanir eru teknar, hafi yfir að ráða góðum og samanburðarhæfum hagskýrslugögnum til að ekki verði lagt rangt mat á fjárlagastöðuna í hverju aðildarríki fyrir sig.

Eftirlit með hagþróun í aðildarríkjunum, eins og kveðið er á um í 99. gr. sáttmálans, eykur þörfina á að framkvæma að fullu nágildandi áætlun um gagnaflutning þjóðhagsreikninga samkvæmt reglugerð ESA-'95, einkum að því er varðar tímanleika og umfang, og að auka smám saman við hana þannig að hún nái til nýrra sviða með endurskoðun og rýmkun gildandi löggjafar.

Haldið verður áfram vinnu við að útbúa helstu samtölur reikninga, settar fram sem jafnvirðisgengi. Samþykkt reglugerðar ráðsins um jafngengisvirði skal marka lok endurskoðunar á aðferðum til að finna út jafngengisvirði, sem hófst meðan á fyrri fimm ára áætluninni stóð, til að niðurstöðurnar verði áreiðanlegri fyrir samunburðargreiningar.

Stofnun Efnahags- og myntbandalagsins hefur veruleg áhrif á hagskýrslur um greiðslujöfnuð. Viðmiðunarmörk fyrir skýrslugjöf eru sérstaklega mikilvæg hér, en ef þeim verður breytt eins og fyrirsjáanlegt er, mun það hafa í för með sér verulega þróunarvinnu til að tryggja að gæðum gagnanna verði viðhaldið. Mörg aðildarríki (einkum þar sem skýrslugjöf frá bönkum er helsta heimild þeirra sem taka saman greiðslujöfnuð) endurskoða nú kerfi sín við söfnun upplýsinga um greiðslujöfnuð til að takast á við nýjar aðstæður. Á komandi árum verður unnið að því að tryggja áfram að aðildarríkin leggi áfram fram vönduð og viðeigandi gögn til stofnana ESB og Seðlabanka Evrópu, einkum að því er varðar þjónustuviðskipti, beinar erlendar fjárfestingar og hagskýrslur um viðskipti við erlend dótturfélög. Söfnun (og greining) gagna frá umsóknarlöndum skal einnig njóta forgangs. Ýmsar þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar fara fram á þessi gögn, einkum þær sem fást við efnahagslegt eftirlit, viðskiptastefnu og utanríkismál.

#### Samantekt

Á fimm ára tímabilinu mun framkvæmdastjórnin stefna að því:

- að halda áfram þróun og gerð hagskýrslna, innan ramma aðgerðaráætlunar Efnahags- og myntbandalagsins, sem eru nauðsynlegar fyrir samræmi efnahagsstefnunnar og peningastefnunnar, fyrir samninginn um stöðugleika og vöxt og áframhaldandi mat á efnahagslegri samleitni,
- að efla framkvæmd reglugerðar ESA-'95,
- að endurskoða kerfið við söfnun hagskýrslna um greiðslujöfnuð.

#### Stefnumiðuð hagskýrslubörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

Bálkur sáttmálans	Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna
VII. BÁLKUR STEFNA Í EFNAHAGS- OG PENINGAMÁLUM	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	32 Vinnumarkaðurinn 40 Ársreikningar yfir þjóðarþúskapinn 41 Ársfjórðungsreikningar 42 Fjárhagsreikningar 44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 52 Peningar og fjármál 54 Þjónustuviðskipti og greiðslujöfnuður 55 Verðlag 57 Hagskýrslur fyrir hagsveiflugreiningu
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	53 Vöruviðskipti

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 359/2002 (Stjtið. EB L 58, 28.2.2002, bls. 1).

## VIII. BÁLKUR

## Atvinnumál

*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Þróun á hagskýrslum ESB um atvinnumál mun ákvarðast af eftirfarandi pólitískum þróunarferlum Stækkun ESB, evrópsku vinnumálaáætluninni, Efnahags- og myntbandalaginu og setningu viðmiðana (ásamt grunnhagvísum sem skal leggja fyrir leiðtogaráðið á hverju vori).

Hagskýrslur um atvinnumál falla að mestu leyti undir reglugerðir ESB. Því munu umsóknarlöndin hafa gert mikilvægar ráðstafanir til að uppfylla kröfur ESB fyrir árið 2003. Á tímabilinu 2003 til 2007 verður áskorunin sú að uppfylla kröfur að fullu, að gagnaflutningar verði reglulegir og haldið sé í við nýja þróun.

Leiðtogaráðið hefur, með setningu nýrra markmiða um atvinnuþátttöku fyrir árin 2005 og 2010, aukið þörfina á eftirliti með framkvæmd evrópsku vinnumálaáætlunarinnar, einkum árlegri framkvæmd viðmiðunarreglna um atvinnumál. Eftirlitið skal taka til framkvæmdar samfelldrar vinnumarkaðskönnunar og samþykktar á skrá hennar yfir breytur. Við eftirlitið verður þörf á tíðari og heildstæðari hagskýrslum til að mæla kynjamismun (einkum launamun í öllum atvinnugreinum) og mun á færni. Þetta mun fela í sér grunnhagtölur um uppbyggingu launa og athuganir á framkvæmd könnunar á lausum störfum í Bandalaginu.

Á jafnstóru svæði og því sem Efnahags- og myntbandalagið nær til er þróun launakostnaðar mikilvægasti hugsanlegi verðbólguvaldurinn og þarf því að fylgjast með honum með skjótri gerð vandaðra skammtímahagskýrslna. Framkvæmd reglugerðarinnar um vísitölu launakostnaðar og samfelldar umbætur á skammtímahagskýrslum um launakostnað eru afar brýnar, svo og bættar mælingar á framleiðni vinnuafli (sem fela í sér betri raðir yfir umfang vinnu).

*Samantekt*

- framkvæmd samfelldrar vinnumarkaðskönnunar sem gefur ársfjórðungslegar niðurstöður í öllum aðildarríkjunum,
- samræming á hluta af spurningalistunum,
- samantekt/greining á niðurstöðum launakerfiskönnunarinnar árið 2002,
- framkvæmd könnunar á launakostnaði fyrir árið 2004 sem nær yfir bála M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE),
- reglugerð ráðsins um vísitölu launakostnaðar komi til framkvæmda að fullu,
- framkvæmd launakerfiskönnunar árið 2006,
- hönnun kerfis fyrir evrópskar hagskýrslur um launakostnað.

*Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bákur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
VIII. BÁLKUR	
ATVINNUMÁL	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	32 Vinnumarkaðurinn 33 Menntun 35 Heilsa og öryggi 36 Tekjudreifing og líf skjör 37 Félagsleg vernd
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 49 Upplýsingasamfélagið 50 Ferðaþjónusta 63 Hagstærðir í landbúnaði

## IX. BÁLKUR

## Sameiginleg viðskiptastefna

*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Samkvæmt 133. gr. sáttmálans ber framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna ábyrgð á samningaviðræðum um viðskiptasamninga við þriðju lönd. Þetta nær yfir samninga um þjónustuviðskipti (Hinn almenna samning um þjónustuviðskipti). Í þessu skyni er mikilvægt að hafa aðgang að gögnum af göðum gæðum.

Á komandi árum verður unnið að því að tryggja að gögn um þjónustuviðskipti milli landa (sundurliðuð bæði landfræðilega og eftir efnisþáttum), beinar erlendar fjárfestingar og viðskipti við erlend dótturfélög uppfylli þær kröfur um gæðastaðla, nákvæmnistig og samræmingu sem gerðar eru af þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar, sem sér um að framfylgja viðskiptastefnunni.

Í Doha-lotunni, sem hófst í nóvember 2001, verður sjálfbær þróun og áhrif sameiginlegrar viðskiptastefnu á þróunarlönd lyklatríði. Þörf verður á samhæfðri vinnu við söfnun alhliða gagna.

Söfnun og greining gagna frá umsóknarlöndum skal einnig njóta forgangs á næstu árum. Einnig verður unnið að því að samhæfa frekar viðræður aðildarríkjanna um aðferðafræði þrátt fyrir að umtalsverð samræming hafi þegar náðst á því sviði. Til að hægt sé að setja fram heildstæðan greiðslujöfnuð ESB er grundvallaratriði að gerðar séu hagskýrslur um greiðslujöfnuð fyrir Bandalagið.

Unnið verður áfram að samræmingu á reglum um hagskýrslugerð með samræmdri aðferðafræði sem er í samræmi við alþjóðleg tilmæli sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu nýverið. Með skilvirkari notkun á innihaldi tollskýrslna fást betri tölulegar upplýsingar og tekið verður tillit til þarfa sem fylgja breytingum á Evrópusambandinu og alþjóðaviðskiptum (stækkun, hnattvæðingu, auknu frelsi í viðskiptum). Einnig verður gripið til aðgerða til að auka áreiðanleika hagskýrslna um inn- og útflutningsverð til að tryggja betri mælingu á samkeppnishæfni framleiðsluvara Sambandsins út á við.

#### *Samantekt*

Við lok fimm ára áætlunarinnar mun framkvæmdastjórnin hafa:

- felld smám saman inn gögn umsóknarlandanna,
- breytt og bætt kerfi til gagnasöfnunar og –framleiðslu,
- bætt og þróað frekar samræmda aðferðafræði í samræmi við alþjóðleg tilmæli, nýjar kröfur um upplýsingar og þróun efnahags- og tollaumhverfisins,
- aukið notkun fyrirbyggjandi gagna og greiningar á sjálfbærri þróun á hnattræna vísu.

#### *Stefnumiðuð hagskýrslubörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálgur sáttmálaus</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
IX. BÁLKUR	
SAMEIGINLEG VIÐSKIPTASTEFNA	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	53 Vöruviðskipti 54 Þjónustuviðskipti og greiðslujöfnuður
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	19 Samvinna við umsóknarlöndin um hagskýrslur 21 Samvinna við önnur þriðju lönd um hagskýrslur 42 Fjárhagsreikningar 52 Peningar og fjármál

#### X. BÁLKUR

##### **Tollasamvinna**

Ekki er þörf á beinni hagskýrsluáætlun. Tölulegar upplýsingar í tengslum við þennan bálg eru leiddar af gögnum og vísam sem unnin eru í tengslum við aðra bálg í áætluninni.

#### XI. BÁLKUR

##### **Félagsmálastefna, menntun, starfsnám og æskulýðsmál**

#### *Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Á meðan á þessari áætlun stendur verður þróuð samfelld skipulagsáætlun til að tryggja að fyrir hendi sé heildstætt safn vísa sem ná yfir öll félagsleg svið í nánu samræmi við aðgerðir skv. VIII. bálg. Gæði fyrirbyggjandi upplýsinga verða aukin og teknir verða upp nýir vísar sem taka til sviða sem skilgreind hafa verið sem forgangsverkefni, s.s félagsleg útskýfun og símenntun. Í tengslum við „skýrsluna um markviss markmið mennta- og starfsmenntunarkerfa“, sem var fullgilt á fundi leiðtogaaráðsins í Stokkhólmi, skal vera nán samvinna milli aðalskrifstofu mennta- og menningarmála og Hagstofu Evrópubandalaganna. Til viðbótar við áframhaldandi vinnu við hagskýrslugerð á þremur forgangssviðum ársins 2002 (grunnfærni, upplýsinga- og fjarskiptatekni, stærðfræði og tækni) er þörf á frekari vinnu til framkvæmdar öðrum markmiðum. Þróa þarf vísa þar sem gögn eru ekki fyrir hendi eða þau uppfylla ekki nauðsynlegar gæðakröfur en eru nauðsynleg til að markmiðin, sem mælt er fyrir um, náist.



Félagslegar hagskýrslur skulu taka til stærra landsvæðis þannig að það nái til allra umsóknarlandanna, svo og svæða utan Evrópu, s.s. MEDSTAT-landanna (samvinnuáætlun Evrópu og Miðjarðarhafslönda um hagskýrslugerð). Lýðfræðileg gögn verða viðmiðun þessarar þróunar og að lokinni vinnslu og útgáfu niðurstaðna manntalsins fyrir árið 2001 verður ferlið hluti af áætluninni um reglulega uppfærslu og undirbúning fyrir næstu lotu og stuðlar þannig að samhæfðri nálgun á stækkaða landsvæðinu sem lýst er hér að framan. Einnig verður þörf fyrir mannfjöldaspá fyrir allt svæðið á landsvísu.

Í þessari áætlun verður lögð sérstök áhersla á bættu söfnun og vinnslu gagna um hreyfanleika milli landa á sviði framhaldsnáms og rannsókna. Fyrsta verkefnið verður að samhæfa grunnskilgreiningar og mikilvægustu vísa.

Símenntun verður mikilvæg á þessu tímabili sem endurspeglar þá staðreynd að í kjölfar efnahagslegra breytinga þarf sífellt að endurnýja starfstengda og félagslega færni. Þörf verður á ítarlegu kerfi um „fræðslu“ hagskýrslur til grundvallar stefnu í atvinnu-, efnahags- og menntamálum með sérstakri áherslu á fjárfestingar einkaaðila og opinberra aðila í menntun. Gögn um fullorðinsfræðslu þurfa að koma til viðbótar þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru um menntun og þjálfun.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 2002 um nýja áætlun Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað er gerð krafa um fulla framkvæmd síðasta áfanga evrópskra hagskýrslna um vinnuslys (ESAW) og fyrsta áfanga evrópskra hagskýrslna um atvinnusjúkdóma (EODS). Visar um gæði vinnu, vinnutengd heilsufarsvandamál og félagslagfræðilegan kostnað við að viðhalda heilbrigði og öryggi á vinnustað verða einnig þróaðir frekar.

Í tengslum við 13. gr. sáttmálans og aðgerðir til að berjast gegn mismunun verður komið á aðferðum til gera reglubundnar hagskýrslur um aðlögun fatlaðra að samfélaginu.

Reikna má með því að verulegar félagslegar breytingar, sem eru þegar merkjanlegar, haldi áfram að eiga sér stað á meðan áætlunin varir (t.d. á aldursdreifingu, heimilisgerðum, þróun fólksflutninga, vinnumynstri, menntakerfi o.s.frv.) og þörf verður á nýju verkfæri til viðbótar við þau sem lýst er hér að framan. Hagskýrslur ESB um tekjur og lífskjör (EU-SILC) munu byggjast á margs konar heimildum og verður nýtt sú reynsla sem fékkst á tíunda áratugnum við framkvæmd einstakra umferða heimiliskönnunar Evrópubandalagsins (European Community household panel). Þessu verður komið á til að útvega fjölbreyttar upplýsingar um lífskjör evrópskra ríkisborgara á fimm ára tímabilinu og að því loknu.

#### Samantekt

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin:

- þróa samfellda áætlun til að tryggja að fyrir hendi sé heildstætt safn vísa sem ná yfir öll félagsleg svið,
- veita upplýsingar reglulega um lífskjör ríkisborgara með nýjum vísam,
- veita upplýsingar um umönnunar- og barnagæsluþjónustu.

#### Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

Bálgur sáttmálans	Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna
XI. BÁLGUR FÉLAGSMÁLASTEFNA, MENNTUN, STARFSNÁM OG ÆSKULÝÐSMÁL	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	31 Mannfjöldi 32 Vinnumarkaðurinn 33 Menntun 35 Heilsa og öryggi 36 Tekjudreifing og lífskjör 37 Félagsleg vernd 38 Önnur vinna á sviði lýðfræðilegra og félagslegra hagskýrslna (hagskýrslur um húsnæðismál) 72 Svæðisbundnar hagskýrslur
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	70 Sjálfbær þróun

## XII. BÁLKUR

## Menning

*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Aðgerðir Bandalagsins á sviði menningarmála eru grundvallaðar á 151. gr. sáttmálans. Einn meginþáttur á valdsviði Bandalagsins að því er varðar þessi málefni er að bæta þekkingu og miðlun upplýsinga um lykilþætti í menningu Evrópubúa. Enn fremur hefur verið skýrt mælt fyrir um að Bandalagið verði að taka tillit til menningarlegra þátta við skilgreiningu og framkvæmd stefnu sinnar í heild.

Helsta forgangsmál á sviði hagskýrslna um menningarmál innan ramma hagskýrsluáætlunar Bandalagsins fyrir tímabilið 2003 til 2007 verður efling forvinnu í atvinnumálum innan menningargeirans, þátttaka í menningarstarfsemi og hagskýrslur um útgjöld til menningarmála. Jafnframt mun hagskýrsluáætlunin, með náinni samvinnu við aðildarríkin og til þess bærar alþjóðastofnanir, styðja aðferðafræðilega vinnu og þróun hagskýrsla í tengslum við hagnað af fjárfestingum í menningarmálum. Lögð verður sérstök áhersla á að þróa alþjóðlega aðferðafræði þannig að framkvæma megi tölfraðilega mælingu og greiningu á þeim áhrifum sem þátttaka í menningarstarfsemi getur haft með því að stuðla að því að félagsleg markmið náist, eins og það að hækka menntunarstig, auka atvinnuþátttöku og draga úr glæpum og ójöfnuði á heilbrigðissviðinu.

*Samantekt*

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin:

- efla fyrirbyggjandi tölulegar upplýsingar um menningarmál,
- þróa aðferðir og beita þeim til að mæla menningarleg áhrif í samfélaginu.

Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna

<i>Bálkur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XII. BÁLKUR MENNING	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	34 Menning
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	49 Upplýsingasamfélagið

## XIII. BÁLKUR

## Lýðheilsa

*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Samkvæmt 152. gr. sáttmálans ná aðgerðir Bandalagsins á sviði lýðheilsu yfir heilsufarsupplýsingar. Innan evrópska hagskýrslukerfisins hefur verið settur grundvallarrámi hagskýrslna um lýðheilsu, sem nær yfir ástand í heilbrigðismálum, áhrifaþætti á heilsu og úrræði í heilbrigðismálum, til að styðja við aðgerðaáætlanir Bandalagsins á sviði lýðheilsu. Með samþykkt nýrrar aðgerðaráætlunar Bandalagsins um lýðheilsu<sup>(1)</sup> verður tölfraðilegur þáttur heilsufarsupplýsinga þróaður frekar í tengslum við hagskýrsluáætlun Bandalagsins, þ.m.t. gagnasöfnun sem er sundurliðuð, eftir því sem við á, eftir kyni, aldri, landfræðilegri staðsetningu og tekjustigi, ef það liggur fyrir. Á tímabilinu 2003 til 2007 verður haldið áfram að þróa safn hagskýrslna um heilsu til að bregðast við sérkröfunum sem leiða af nýrri aðgerðaáætlun um lýðheilsu. Bregðast þarf við sérstakri þörf fyrir vísa um sjálfbæra þróun.

Megináherslan verður lögð á að styrkja grunnvirkið fyrir grunnkerfi hagskýrslna um lýðheilsu (í aðildarríkjunum og á vettvangi ESB) og að samhæfa og bæta samburðarhæfi fyrirbyggjandi gagna í samvinnu við til þess bærar alþjóðastofnanir á sviði lýðheilsu (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD)).

<sup>(1)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um heilbrigðisstefnu Evrópubandalagsins og tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um samþykkt aðgerðaáætlunar Bandalagsins á sviði lýðheilsu (2001 til 2006) — COM (2000) 285, lokaútgáfa frá 16. maí 2000.

Til að tryggja samræmi og fyllingu skulu tilteknar aðgerðir í þessari áætlun beinast að því að tryggja að grunnhugtök, -skilgreiningar og -flokkun hagskýrsla um heilsufarsmál séu notuð á sviði heilsufarsupplýsinga í heild.

Í samræmi við viðeigandi samninga við viðkomandi lönd skulu hagskýrslur um lýðheilsu smám saman látnar taka til allra umsóknarlanda.

#### *Samantekt*

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin:

- halda áfram að þróa safn hagskýrsla um heilsufarsmál til að bregðast við sérkröfunum sem kunna leiða af aðgerðaáætluninni um lýðheilsu,
- styrkja grunnvirkið fyrir grunnkerfi hagskýrsla um lýðheilsu.

#### *Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XIII. BÁLKUR LÝÐHEILSA	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	35 Heilsa og öryggi 37 Félagsleg vernd
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	39 Neytendavernd 70 Sjálfbær þróun

#### XIV. BÁLKUR

##### **Neytendavernd**

#### *Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Neytendastefna hefur öðlast aukið vægi innan stofnana EB á undanförunum árum (153. gr. sáttmálans).

Framkvæmdastjórnin hefur komið á aðgerðaáætlun um neytendastefnu fyrir árin 1999 til 2001 sem verður fylgt eftir með aðgerðum í þágu neytenda. Gildandi aðgerðaáætlun, sem og undanfarar hennar, hefur verið takmörkuð að því leyti að ekki hafa legið fyrir nauðsynleg gögn til að taka upplýstar ákvarðanir. Undirbúningur aðgerðaáætlunar um neytendastefnu fyrir tímabilið 2002 til 2005 stendur yfir. Þar verður lögð áhersla á nauðsyn þess að grípa til kerfisbundnari og heildstæðari aðgerða til að þróa viðeigandi „þekkingargrunn“ sem nauðsynlegt verkfæri við stefnumótun.

Tilgangurinn með aðgerðum Hagstofu Evrópubandalaganna á þessu sviði er að leggja fram töluleg gögn, sem vekja almennt áhuga almennings, til að varpa ljósi á neyslu og neytendamál á vettvangi Evrópu og á lands- og svæðisvísu.

#### *Samantekt*

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun framkvæmdastjórnin:

- útbúa hagskýrslur um neytendavernd með notendavænna sniði, einkum í formi útgáfu,
- veita stuðning að því er varðar aðferðir í tengslum við slys á heimilum,
- auka vítund um neytendavernd á öllum viðeigandi starfssviðum hagskýrslugerðar,
- tryggja að tillit sé tekið til neytendaverndar í nýjum stefnum í hagskýrslugerð,
- stuðla að þróun hagskýrsla um neytendavernd á hagstofum aðildarríkjanna.

*Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XIV. BÁLKUR NEYTENDAVERND	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	36 Tekjudreifing og lífskjör 39 Neytendavernd
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	61 Landnotkun og landmótun 64 Jarðrækt 65 Búfjárrækt 66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði 69 Hagskýrslur um fiskveiðar 70 Sjálfbær þróun

## XV. BÁLKUR

**Samevrópsk netkerfi**

Ekki er þörf á beinni hagskýrsluáætlun. Tölulegar upplýsingar í tengslum við þennan bálg eru leiddar af gögnum og vísum sem unnin eru í tengslum við aðra bálgka í áætluninni.

*Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XV. BÁLKUR SAMEVRÓPSK NETKERFI	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	48 Flutningar 49 Upplýsingasamfélagið
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	45 Orka 53 Vöruviðskipti 61 Landnotkun og landmótun 71 Umhverfshagskýrslur 72 Svæðisbundnar hagskýrslur 73 Vísindi og tækni 74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar

## XVI. BÁLKUR

**Iðnaður***Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Í vinnu við hagskýrslugerð á sviði iðnaðar í víðasta skilningi þess orðs (þ.m.t. einkum byggingarstarfsemi, þjónusta, orka og landbúnaðarafurðir) verður aðaláherslan lögð á stuðning við stefnur sem eru ákvarðaðar á grundvelli Amsterdam-sáttmálans og á ýmsum fundum leiðtoga ráðsins sem haldnir hafa verið í kjölfarið (einkum í Lissabon í mars 2000). Þessi þróun er einkum fyrirhuguð á sviðum hnattvæðingar, innra og ytra skipulags fyrirtækja (og framleiðslukerfis í víðari skilningi) svo og samstarfs fyrirtækja, framtaks og stjórnunarháttar, eftirspurnar og loks atvinnu og mannauðs.

Framkvæmd mismunandi reglugerða um hagskýrslur um fyrirtæki mun njóta forgangs. Sérstök áhersla verður lögð á gæði niðurstaðna.

Komið verður á fót áætlun um þróun hagskýrslna um fyrirtæki í nánú samstarfi við innlend hagskýrslukerfi í því skyni að fylgja skipulagsbreytingum í iðnaði. Þessi þróun mun ná yfir aðlögun gildandi reglugerða, svo og stuðning við helstu stefnur í Evrópu, einkum að því er varðar einn óskiptan markað, stækkunina, efnahags- og peningamálastefnuna, upplýsingasamfélagið og atvinnumál, enn fremur stuðning við grunnhagvísa sem eru til grundvallar ársskýrslu Sambandsins.

Hagstofa Evrópubandalaganna mun kanna í samstarfi við aðildarríkin möguleikana á hámarkshagræðingu í söfnunar- aðferðum aðildarríkjanna, svo og samvinnu þeirra í því skyni að draga úr fyrirhöfn fyrirtækja eftir því sem unnt er. Gripið verður til sérstakra aðgerða til að bæta greiningu á einum óskiptum markaði með tölfræðilegum tækjum, sem þegar liggja fyrir eða hafa enn ekki verið þróuð, einkum vöruskrá EB (og sambærilegri þróun á sviði þjónustu).

*Orka*

Á sviði hagskýrslna um orkumál verður unnið að því að bæta orkujöfmuð, einkum á sviði orkunotkunar, til að bregðast betur við kröfum sem settar eru í tengslum við eftirlitskerfi með losun gróðurhúsalofttegunda. Núgildandi kerfi verður rýmkað til að bregðast betur við málefnum sem varða sjálfbæra þróun (orkunýtni, samhlíða framleiðsla rafmagns og hita, endurnýjanlegir orkugjafar) og verður árangri af samkeppni á frjálsum markaði og áhrif hennar á neytendur og orkuiðnaðinn fylgt eftir.

*Samantekt*

Á fimm ára áætlunartímabilinu mun fara fram vinna á eftirfarandi sviðum til að:

- bæta kerfið til þróunar hagskýrslna um skipulag fyrirtækja á grundvelli pólitískra þarfa og til að unnt sé að bregðast skjótt við breytilegum þáttum eins og umhverfi, stefnum og notendum,
- keppa að því að viðhalda nauðsynlegu grunnvirki eins og fyrirtækjaskrár og -flokkunum,
- leggja sérstaka áherslu á gæðamat og bætt gögn.

*Stefnumiðuð hagskýrslubörð og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XVI. BÁLKUR IÐNAÐUR	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 45 Orka 66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	49 Upplýsingasamfélagið 51 Fyrirtækjaskrár 53 Vöruviðskipti 70 Sjálfbær þróun 71 Umhverfshagskýrslur

## XVII. BÁLKUR

**Efnahagsleg og félagsleg samheldni***Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Leiðrétting félagslegs ójafnvægis og ójafnvægis milli svæða er einn lykilþáttanna í uppbyggingu Evrópusambandsins. Hún er helsta markmið þróunarsjóðanna. Frá umbótunum 1988 hefur framkvæmdastjórnin komið á samþættri stefnu á sviði félagslegrar og efnahagslegrar samheldni þar sem svæðisbundnar hagskýrslur gegna mikilvægu hlutverki í framkvæmdarferli ákvarðana: svæði sem eiga rétt á stuðningi samkvæmt svæðamarkmiðum eru skilgreind á grundvelli félagshagfræðilegra viðmiðana með tilliti til tiltekinna viðmunarmarka og fjáruhlutun til aðildarríkjanna er ákveðin hlutlægt á grundvelli vísa fyrir hagskýrslur. Að auki er mat á svæðisbundnum áhrifum stefna Bandalagsins og mæling á misræmi milli svæða einungis möguleg ef viðtækar svæðisbundnar hagskýrslur eru aðgengilegar.

Matsskýrslur sem framkvæmdastjórnin leggur reglulega fram (skýrsla um félagslega og efnahagslega samheldni<sup>(1)</sup>) um félagshagfræðilega þróun á svæðunum kalla á verulegt magn tölulegra upplýsinga. Leggja skal sérstaka áherslu á málefni þéttbýlis þar sem þeir sem taka pólitískar ákvarðanir fara í auknum mæli fram á mat á lífsgæðum í evrópskum borgum. Þeir þurfa samanburðarhæf gögn um alla bæi og borgir ESB til að byggja framtíðaraðgerðir sínar á. Í orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 1997 (þéttbýlisáætlun Evrópusambandsins) og 1998 (Sjálfbært þéttbýlisskipulag í Evrópusambandinu: aðgerðarammi) var einkum lögð áhersla á þörfina fyrir samanburðarhæfar upplýsingar.

Vinnan sem ráðist verður í innan ramma hagskýrsluáætlunarinnar fyrir tímabilið 2003 til 2007 mun því vera að miklu leyti metin út frá svæðastefnu Bandalagsins innan Evrópusambandsins eftir stækkun þess og nýju áætlunartímabili þróunarsjóðanna. Áætlað er að framkvæmdastjórnin samþykki þriðju skýrsluna um samheldni snemma árs 2004 en ályktanir hennar koma til framkvæmda (sem drög að reglugerðum) á þeim tíma sem eftir er af því ári. Meðal þeirra upplýsinga, sem gerð er krafa um, eru mannfjöldaspar á svæðisvísu og svæðisbundin lýðfræðigögn.

<sup>(1)</sup> Sjá „Eining, samstaða og fjölbreytni meðal íbúa Evrópu og á evrópsku yfirráðasvæði“, önnur skýrsla um efnahagslega og félagslega samheldni, framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, janúar 2001.

*Landfræðilegar upplýsingar*

Fjöldi deilda framkvæmdastjórnarinnar notar landfræðileg upplýsingakerfi við mótun, framkvæmd og mat á þeim stefnum sem þær bera ábyrgð á. Þessi þróun verður sífellt skýrari á næstu árum eftir því sem tækni fleygir fram og gögn verða aðgengilegri. Framtaksverkefni um evrópskt grunnvirki staðgagna munu hafa í för með sér ný viðfangsefni á þessu sviði. Hagstofa Evrópubandalaganna verður, sem stjórnandi tilvísunargagnagrunns framkvæmdastjórnarinnar, að takast á við þessi viðfangsefni.

*Samantekt*

Á fimm ára tímabilinu mun fara fram vinna á eftirfarandi sviðum til að:

- koma til framkvæmda hagskýrsluvísam sem gerð er krafa um fyrir næsta áfanga þróunarsjóðanna,
- leggja fram nauðsynleg gögn fyrir skýrsluna um samheldni og styðja tillögur framkvæmdastjórnarinnar varðandi þróunarsjóðina eftir árið 2006,
- samþætta frekar notkun landfræðilegra upplýsingakerfa við stjórnun stefnumála.

*Stefnumiðuð hagskýrslubörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálkur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XVII. BÁLKUR EFNAHAGSLEG OG FÉLAGSLEG SAMHELDNI	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	55 Verðlag 72 Svæðisbundnar hagskýrslur 74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	31 Mannfjöldi 32 Vinnumarkaðurinn 40 Ársreikningar yfir þjóðarþúskapinn 44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 50 Ferðaþjónusta 63 Hagstærðir í landbúnaði 71 Umhverfishagskýrslur

## XVIII. BÁLKUR

**Rannsóknir og tækniþróun*****Hagskýrslur um vísindi, tækni og nýjungar****Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Heildarmarkmiðið með stefnu Bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar er að efla vísinda- og tæknigrundvöll evrópsks efnahagskerfis og auka samkeppnishæfni þess á alþjóðavettvangi. Á fundi sínum í Lissabon árið 2000 setti leiðtogaáriðið fram skýrt skipulagsmarkmið í Evrópu fyrir næsta áratug. Mæling á samræmdu ílagi, afrakstri og félagshagfræðilegum áhrifum hagkerfis sem grundvallast á þekkingu mun áfram njóta forgangs í evrópsku rannsóknar-áætluninni eins og kemur skýrt fram í umræðunni um evrópska rannsóknarsvæðið.

Allar nýjar stefnur á sviði rannsókna, tækni og nýjunga hafa kallað á að gögn séu gerð tímanlega og þau samræmd en semja þarf um söfnun þeirra við aðildarríkin og Hagstofa Evrópubandalaganna þarf að samræma hana. Til að unnt sé að uppfæra árlega vísa fyrir bæði framtaksverkefnið verða kannanir að fara oft fram í aðildarríkjunum jafnframt því sem gæði þeirra verða aukin. Þróa ber möguleikann á gerð hagskýrslna um mannauð á sviði rannsókna og tækni, sem eru sundurliðaðar eftir kyni, til að stefnumótendur fái nauðsynleg gögn til að meta skilvirkni tengdra stefna Bandalagsins.

*Samantekt*

Á næstu fimm árum verður lögð megináhersla á:

- að auka gæði fyrirbyggjandi vísa og vinna áfram að hugmyndavinnu fyrir gerð og frekari þróun nýrra vísa til viðmiðunar fyrir stefnur aðildarríkjanna á sviði rannsókna og nýjunga, einkum til að mæla mannauð á sviði rannsókna og þróunar og hreyfanleika hans,
- að þróa frekar hagskýrslur um rannsóknir, tækni, þróun og nýjungar með skírskotun til evrópska rannsóknarsvæðisins, einkum til að þróa fræðilegan ramma fyrir tíðari hagskýrslur um rannsóknir, tækni, þróun og nýjungar,

- að þróa almennan ramma til mælinga á þekkingarsamfélaginu,
- að mæla tækniþróun með samræmdum hagskýrslum um einkaleyfi,
- að sameina umsóknarlöndin innan heildarrammans fyrir þróun samræmdra og sambærilegra hagskýrslna um rannsóknir, tækni, þróun og nýjungar.

### **Rannsóknir á sviði hagskýrslna**

#### *Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Einn liður í stefnu Bandalagsins á sviði rannsókna og þróunar er að stuðla að rannsóknarstarfsemi, sem styður við stefnur þess. Í ýmsum rammaáætlunum (þ.m.t. í drögum að sjöttu rammaáætluninni) hafa opinberar hagskýrslur verið skilgreindar sem eitt af þeim sviðum þar sem hafin verður rannsókn- og þróunarstarfsemi á vettvangi Bandalagsins.

Aukin notkun hagskýrslna við pólitíska ákvarðanatöku á síðari hluta tíunda áratugarins hefur haft í för með sér eftirspurn eftir nákvæmari og sambærilegri hagskýrslum, einkum að því er varðar skammtímavísa til að hafa eftirlit með þróun eins óskipts markaðar og myntbandalagsins. Fyrirsjáanleg stækkun Evrópusambandsins eykur nauðsyn þess að hafa greiðan aðgang að slíkum upplýsingum.

Samhliða þessu fylgja tækninni nýir möguleikar til gagnasöfnunar og miðlunar hagskýrslna. Jafnframt kvarta svarendur (fyrirtæki og einstaklingar) yfir fyrirhöfninni og krefjast þess að dregið verði úr henni með meiri sjálfvirkni og betri nýtingu fyrirbyggjandi upplýsinga. Rannsóknir og þróun á sviði hagskýrslugerðar eru mikilvægur Evrópuþáttur vegna þess að hagskýrslugerð er alþjóðleg í eðli sínu en aðeins fá aðildarríki hefðu bolmagn til þess á eigin vegum. Þetta hefur, ásamt aukinni áherslu á kostnaðar- og ábatagreiningu hagskýrslna, í för með sér nýjar kröfur um gerð evrópskra hagskýrslna. Tölfræðingar hjá hinu opinbera í Evrópu verða því að endurskoða verklagsreglur sem nú eru notaðar við söfnun og samantekt hagskýrslna um sífellt fleiri fyrirbæri.

Með þessum kröfum er lögð áhersla á mikilvægi þess að nota fyrirbyggjandi gagnaheimildir við hagskýrslugerð til ítarlegri tölfræðilegrar greiningar. Þetta hefur í för með sér að þróa verður aðferðir og tæki sem styðja sameiginlega notkun gagna (t.d. úr stjórnsýslugögnum og úrtakskönnunum eða hagtölum skemmra tímabils en árs og grunnhagtölum.

#### *Samantekt*

Á næstu fimm árum munu aðgerðir beinast að:

- þróun nýrra tækja og aðferða við að taka saman opinberar hagtölur,
- meiri hugmyndavinnu og þróun hagskýrslna til að mæla nýtilkomin félagshagfræðileg fyrirbæri,
- miðlun tækni og þekkingar innan evrópska hagskýrslukerfisins,
- auknum gæðum hagskýrslugerðarferlisins og sjálfrá hagskýrslanna.

#### *Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
<b>XVIII. BÁLKUR</b> <b>RANNSÓKNIR OG TÆKNIÞRÓUN</b>	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	22 Hagskýrslurannsóknir og aðferðafræði við hagskýrslugerð 73 Vísindi og tækni
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 49 Upplýsingasamfélagið

### **XIX. BÁLKUR**

#### **Umhverfismál**

#### *Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Meginmarkmið hagskýrslna um umhverfismál er að þær séu skilvirkt verkfæri til framkvæmdar og mats á umhverfisstefnu Evrópusambandsins. Helstu forgangsáðgerðir í umhverfismálum falla undir sjöttu aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála, áætlunina um sjálfbæra þróun og Cardiff-áætlunina um samþættingu umhverfismála við stefnur á öðrum sviðum.

Í tillögu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna að sjöttu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála, „Umhverfið 2010: Okkar framtíð, okkar val“, eru forgangssvið umhverfshagskýrslna tilgreind. Í nýju áætluninni eru tilgreindir fjórir aðalmaalaflokkar: loftslagsbreytingar, náttúra og líffræðileg fjölbreytni, umhverfi og heilsa og lífsgæði, náttúruauðlindir og úrgangur. Þar er lögð áhersla á nauðsyn þess að fella áfram umhverfissjónarmið inn í alla viðeigandi málaflokka og að tryggja borgurum betri og aðgengilegri upplýsingar um umhverfið. Einnig ber að þróa umhverfismeðvitaðra viðhorf gagnvart landnotkun.

Á fundi leiðtogaráðsins í Gautaborg í júní 2001 var samþykkt áætlun fyrir ESB um sjálfbæra þróun. Áætlunin byggist á fjórum þemum (loftslagsbreytingar, flutningar, heilsa og náttúruauðlindir) og verður haft eftirlit með henni árlega. Áætlunin mun að miklu leyti hafa áhrif á þörfina fyrir hagskýrslur um umhverfismál en sjálfbærni þátturinn mun einnig hafa áhrif á hagskýrslur um efnahags- og félagsmál. Til að mæla framfarir, verður sjálfbærni þróun bætt við skrána yfir grunnhagvísu fyrir samantektarskýrsluna og kynnt árlega á vörfundi leiðtogaráðsins, frá og með árinu 2002.

Á fundi leiðtogaráðsins í Gautaborg var einnig auglýst eftir áætlun um þátt annarra í sjálfbærni þróun og búist er við að allsherjarframkvæmdaáætlun verði samþykkt með tilliti til fundar æðstu ráðamanna Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra orku.

Að því er varðar þann hluta hagskýrsluáætlunarinnar sem fjallar um umhverfismál bendir aðgerðaáætlunin og áætlunin um sjálfbæra þróun til þess að rétt sé að halda áfram starfi á núverandi starfssviðum en einnig að þau skuli rýmkuð og aðlöguð. Helstu markmið hagskýrsluáætlunarinnar munu áfram beinast að hagskýrslum sem tengjast náð félagshagfræðilegum hagskýrslum, eins og álagi á umhverfið af völdum aðgerða manna og viðbrögðum fulltrúa samfélagsins. Þörf er á frekari vinnu til að hagskýrslur nái að sýna víxlverkunina milli félaglegrar, efnahagslegrar og umhverfislegrar þróunar. Áætlunin hefur verið hönnuð þannig að hún uppfylli þörf fyrir hagskýrslur, ásamt upplýsingum frá Umhverfisstofnun Evrópu um umhverfismál og munu starfssvið áfram vera til fyllingar hvort öðru.

Samþætting umhverfisþátta við stefnur á öðrum sviðum er mjög mikilvægur liður í sjálfbærni þróun en verulegur árangur hefur einungis náðst á þremur sviðum af níu (í flutningum, landbúnaði og orkumálum). Áfram verður unnið að því að samræma þátt umhverfismála í hagskýrslum Bandalagsins að fullu viðeigandi félagshagfræðilegum hagskýrslum svo að þær geti gegnt hlutverki sínu sem verkfæri fyrir slíka samþættingu stefna. Verulega hefur miðað áleiðis á undanföllum árum að því er varðar samantekt nokkurra viðeigandi hagskýrslna. Samsvarandi aðgerðir eru einnig nauðsynlegar í öðrum stefnumálum. Leggja skal mikla áherslu á vísa um líffræðilega fjölbreytni, nýtingu eða umfang nýtingar auðlinda og eiturefni og áhrif þeirra á heilsu manna. Verið er að bæta hagskýrslur um landnotkun með gerð hagskýrslna um landmótun. Hagskýrslur um fiskveiðar verða mikilvægur liður í því að sýna þróun þessara takmörkuðu auðlinda (sjá II. bálk). Samanlagðir vísar þar sem notaðar eru hagskýrslur um framleiðslu og viðskipti geta stuðlað að lýsingu á því hversu háð samfélagið er iðefnum. Einnig þarf að bæta umhverfisþætti við hagskýrslur um félagsmál í því skyni að endurspeglar neyslumynstur og möguleg heilsufarsleg áhrif frá mengun og iðefnanotkun.

Framkvæmd reglugerðarinnar um hagskýrslur um úrgang verður meginverkefni. Nýjar stefnur þar sem úrgangur er tengdur auðlindastjórnun kalla á hagskýrsluáðgerðir til að lýsa flæði efnis, nýtingu auðlinda, úrgangi, endurnotkun og umhverfisskilvirkni á samræmdan hátt. Framkvæmd rammatilskipunarinnar um vatn kallar á hagskýrslugrunn og betri samhæfingu hagskýrslna um vatn. Styrkari lagagrunnur fyrir slíkar hagskýrslur er nauðsynlegur. Hagskýrslugrunnur til framkvæmdar tilskipun um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun er mikilvægur til að tryggja samanburðarhæfi við hagskýrslur um fyrirtæki. Meginverkefni verður að endurskoða kvöð um skýrslugjöf og samhæfa skýrslugjöf um hagskýrslur og skýrslur um uppfyllingu krafna.

Einnig hafa verið þróaðir umhverfisreikningar sem tengjast þjóðhagsreikningum. Slíkir reikningar eru nauðsynlegur grunnur fyrir umhverfisgreiningu og þróun umfangsmeiri líkana yfir samspilið milli efnahagslífs og umhverfis. Þeir verða aðlagðir frekar og rýmkaðir þannig að þeir verði nauðsynlegt tölfræðilegt tæki til greiningar á sjálfbærni þróun.

#### *Samantekt*

Á næstu fimm árum verður lögð megináhersla á:

- að bæta grunnhagskýrslur um umhverfismál, einkum hagskýrslur um úrgang, vatn og útgjöld til umhverfismála, þar sem lögð verður áhersla á nauðsynlegar hagskýrslur fyrir vísa um umhverfismál og að setja nauðsynleg lög um slíkar hagskýrslur,
- gerð auðskiljanlegra vísa um umhverfismál og sjálfbærni í samvinnu við aðrar þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar og Umhverfisstofnun Evrópu,
- að vinna áfram að gerð umhverfisþátta félagshagfræðilegra hagskýrslna með það að markmiði að bregðast við þörfum í tengslum við vísa um samþættingu málefna í tengslum við umhverfi og sjálfbærni við aðrar stefnur,



- að vinna áfram að því að bæta umhverfisþætti við þjóðhagsreikninga með reglulegri gerð umhverfisreikninga og að aðlagja þá að forgangsmálum sem varða sjálfbærni,
- að taka þátt í endurskoðun á kvöð um skýrslugjöf og halda áfram náinni samvinnu við Umhverfisstofnun Evrópu með samræmdum aðgerðum og þannig að gagnasöfnun beggja stofnananna komi til fyllingar hvor annarri,
- að auka gagnasöfnun og greiningu á sjálfbærri þróun á hnattræna vísu.

*Stefnumiðuð hagskýrslugjöf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XIX. BÁLKUR UMHVERFISMÁL	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	45 Orka 65 Búfjárrækt 70 Sjálfbær þróun 71 Umhverfshagskýrslur 74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar
Önnur mikilvæg viðbótarstarfssvið	35 Heilsa og öryggi 39 Neytendavernd 44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 48 Flutningar 50 Ferðaþjónusta 61 Landnotkun og landmótun 62 Nýting bújarða 64 Jarðrækt 67 Samræming og umbætur á landbúnaðarhagskýrslum 68 Hagskýrslur um skógrækt 69 Hagskýrslur um fiskveiðar 72 Svæðisbundnar hagskýrslur

XX. BÁLKUR

**Þróunarsamvinna (og aðrar aðgerðir í samskiptum við önnur ríki)**

*Áhrif m.t.t. hagskýrslugerðar*

Heildarmarkmiðið er að styðja stefnu ESB um samskipti við önnur ríki með því að veita viðeigandi og hnitmíðaða tækniaðstoð á sviði hagskýrslugerðar til að auka afköst þeirra landa sem njóta aðstoðar ESB við hagskýrslugerð. Í framtíðaráætluninni er þó viðurkennt að þörf er á aðlögun til að bregðast við breytingum á stefnu ESB.

Endurspeglun stefnu ESB í samstarfi um hagskýrslugerð

Mikilvægasta stefnubreytingin er aukin og bein áhersla í þróunarstefnu EB á að draga úr fátækt, einkum í ríkjum Afríku, Karíbahafsins og Kyrrahafsins. Af þeim sökum mun samvinna í hagskýrslugerð í auknum mæli beinast að því að auka mælingar og eftirlit með fátækt og mun þetta hafa í för með sér aukna starfsemi, einkum á sviði félagslegra hagskýrslna. Á sama hátt verður aðalskrifstofum þróunarmála og samskipta við önnur ríki og þróunaraðstoð Evrópu veitt tæknileg ráðgjöf og stuðningur í tengslum við mælingu á þeim áhrifum sem þróunaráætlanir EB hafa á fátækt.

Áfram verður lögð áhersla á svæðisbundna samvinnu í áætluninni, sem endurspeglar aukna viðleitni landanna sjálfra til að styrkja eigið svæðisbundið skipulag. Sviðin sem stuðningurinn mun ná til eru m.a. marghliða eftirlit, umbætur á þjóðhagsreikningum, hagskýrslur um verðlag og landbúnaðarhagskýrslur, utanríkisverslun, hagskýrslur um fyrirtæki og þjálfun í hagskýrslugerð.

Aðalmarkmiðið með samvinnu við Miðjarðarhafs löndin 12, sem eru samstarfsaðilar, er að styrkja innlend hagskýrslukerfi með því að styrkja stofnanir og tengsl milli stofnana. Stuðlað verður að samræmingu hagskýrslna, hagskýrslugerð og bættum aðgangi notenda að gögnum til að veita traustan grunn fyrir pólitíska ákvarðanatöku og góða stjórnunarhætti. Að félagshagfræðilegum hagskýrslum frátöldum eru forgangssviðin fólksflutningar, ferðaþjónusta og umhverfismál.

Samstarf ESB og nýfrjálsu ríkjanna á sviði hagskýrslugerðar beinist að því að styðja við og fylgjast með efnahagssamvinnu og endurbótastarfi, jafnframt því að ýta undir markaðsbúskap. Efnahagslegar hagskýrslur og hagskýrslur um utanríkisverslun gegna lykilhlutverki.

Hagstofa Evrópubandalaganna mun halda áfram og efla þá viðleitni sína að auka samstarf meðal þeirra sem veita framlög (þ.e. tvíhliða og marghliða framlög). Því mun Hagstofa Evrópubandalaganna styðja starf, einkum í tengslum við þróunaraðstoðarnefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar, Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðabankann, við að meta þau áhrif sem þróunarsamvinna hefur á það að ná þúsaldarmarkmiðum í þróunarmálum sem voru samþykkt á þúsaldarfundi Sameinuðu þjóðanna árið 2000. Hún mun því gegna virku hlutverki í framtaksverkefninu PARIS 21 og í löndunum á Balkanskaganum. Einkum mun, í tæknisamstarfi, lögð áhersla á mikilvægi notenda og að efla gildi áætlana til margra ára.

Ráðist verður í nýsköpunarstarf með það að markmiði að þróa nálganir og aðferðir til að mæla og hafa eftirlit með mannréttindum og góðum stjórnunarháttum.

#### *Samantekt*

Á fimm ára tímabilinu mun vinnan einkum beinast að því:

- að veita tækniaðstoð á sviði hagskýrslugerðar til að auka afköst þeirra landa sem njóta aðstoðar ESB,
- að leggja meiri áherslu á að efla mælingu og eftirlit með fátækt,
- að þróa nálganir og aðferðir til að mæla og hafa eftirlit með mannréttindum og góðum stjórnunarháttum.

*Stefnumiðuð hagskýrsluþörf og hagskýrslugerð Hagstofu Evrópubandalaganna*

<i>Bálgur sáttmálans</i>	<i>Starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna</i>
XX. BÁLKUR ÞRÓUNARSAMVINNA	
Helstu nauðsynlegu starfssvið innan þessa málaflokks	21 Samvinna við önnur þriðju lönd um hagskýrslur

## II. VIÐAUKI

## Fimm ára hagskýrsluáætlun fyrir tímabilið 2003 til 2007: starfssvið Hagstofu Evrópubandalaganna

Kafli (undirstarfsemi)		Svið (aðgerð)
I.	Grundvöllur fyrir hagskýrslugerð, tæknilegt grunnvirki	10 Gæðastjórnun og -mat 11 Flokkun 12 Þjálfun í hagskýrslugerð 13 Grunnvirki upplýsingatækni og þjónusta við Hagstofu Evrópubandalaganna 14 Stöðlun á upplýsingatækni og samstarfsgrunnvirki fyrir evrópska hagskýrslukerfið 15 Tilvísunargagnasafn og geymsla lýsigagna 16 Upplýsingar 17 Miðlun 18 Samræming hagskýrslna 19 Samvinna við umsóknarlöndin um hagskýrslur 21 Samvinna við önnur þriðju lönd um hagskýrslur 22 Hagskýrslurannsóknir og aðferðafræði við hagskýrslugerð 25 Öryggi gagna og trúnaðarkvaðir í hagskýrslum
II.	Lýðfræðilegar og félagslegar hagskýrslur	31 Mannfjöldi 32 Vinnumarkaðurinn 33 Menntun 34 Menning 35 Heilsa og öryggi 36 Tekjudreifing og lífskjör 37 Félagsleg vernd 38 Önnur vinna á sviði lýðfræðilegra og félagslegra hagskýrslna 39 Neytendavernd
III.		
III.A.	Þjóðhagslegar hagskýrslur	40 Ársreikningar yfir þjóðarbúskapinn 41 Ársfjórðungsreikningar 42 Fjárhagsreikningar 43 Eftirlit með eigin tekjum 55 Verðlag 57 Hagskýrslur fyrir hagsveiflugreiningu
III.B.	Hagskýrslur um fyrirtæki	44 Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja 45 Orka 48 Flutningar 49 Upplýsingasamfélagið 50 Ferðaþjónusta 51 Fyrirtækjaskrár
III.C.	Hagskýrslur um peningamál, fjármál, viðskipti og greiðslujöfnuð	52 Peningar og fjármál 53 Vöruviðskipti 54 Þjónustuviðskipti og greiðslujöfnuður
IV.	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	61 Landnotkun og landmótun 62 Nýting bújarða 63 Hagstærðir í landbúnaði 64 Jarðrækt 65 Búfjárrækt 66 Hagskýrslur um iðnað tengdan landbúnaði 67 Samræming og umbætur á hagskýrslum um landbúnað 68 Hagskýrslur um skógrækt 69 Hagskýrslur um fiskveiðar

Kafli (undirstarfsemi)	Svið (aðgerð)
V. Hagskýrslur á ýmsum sviðum	70 Sjálfbær þróun
	71 Umhverfshagskýrslur
	72 Svæðisbundnar hagskýrslur
	73 Vísindi og tækni
	74 Landfræðilegar og staðbundnar upplýsingar
VII. Tilföng stjórnun	91 Alþjóðasamskipti og samskipti milli stofnana
	92 Stjórnun og hagskýrsluáætlanir
	93 Stjórnun mannauðs
	94 Fjármálastjórnun
	95 Umsjón með lagastoð
	96 Endurskoðun
	97 Almenn stjórnsýsla
	99 Dreifstýrð stjórnun

## ÁKVÖRDUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1230/2003/EB

2005/EES/58/33

frá 26. júní 2003

## um samþykkt áætlunar til margra ára um aðgerðir á sviði orkumála: „Skynsamleg stýring orkunotkunar í Evrópu“ (2003 — 2006) (\*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 251. gr. sáttmálans <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til náttúruauðlinda, sem í 174. gr. sáttmálans er kveðið á um að beri að nýta af varúð og skynsemi, teljast, að frátöldum endurnýjanlegum orkugjöfum, olía, jarðgas og eldsneyti í föstu formi sem eru nauðsynlegir orkugjafir en eru einnig helsta uppspretta koltvísýringslosunar. Eitt af markmiðum þeirrar greinar er að stuðla að ráðstöfunum á alþjóðavettvangi til að taka á svæðisbundnum eða alþjóðlegum umhverfisvandamálum.
- 2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, sem ber yfirskriftina „Sjálfbær Evrópa fyrir betri heim: skipulagsáætlun Evrópusambandsins á sviði sjálfbærrar þróunar“ og lögð var fyrir leiðtoga ráðið í Gautaborg 15. og 16. júní 2001, telst losun gróðurhúsalofttegunda og mengun af völdum flutninga vera meðal helstu hindrana í vegi sjálfbærrar þróunar. Til þess að ryðja úr vegi þessum hindrunum þarf að taka upp nýjar aðferðir við að framfylgja stefnu Bandalagsins og fá almenna borgara og fyrirtæki til að breyta notkunar- og fjárfestingarmynstrinu.

- 3) Leiðtoga ráðið samþykkti á fundi sínum í Gautaborg starfsáætlun á sviði sjálfbærrar þróunar og bætti umhverfispættinum við í Lissabon-ferlinu í tengslum við atvinnumál, efnahagslegar umbætur og félagslega samheldni.

- 4) Ráðstafanir, sem varða orkunýtni og endurnýjanlega orkugjafa, eru mikilvægur liður í þeirri aðgerð sem er nauðsynleg til að fara að ákvæðum Kýótó-bókunarinnar, eins og kveðið er á um í Evrópuáætluninni um loftslagsbreytingar (ECCP). Náttúrufarsbreytingar í Evrópu allri og annars staðar í heiminum benda til þess að brýn þörf sé á aðgerðum.

- 5) Í grænbók, sem ber yfirskriftina „Fram til evrópsks skipulags sem tryggir öruggar orkubirgðir“, er bent á að Evrópusambandið treystir æ meira á ytri orkugjafa og að eftir 20 til 30 ár gæti þörfin hafa aukist í 70% (í samanburði við 50% eins og sakir standa), og er í henni því lögð áhersla á að fundið sé jafnvægi í stefnumörkun varðandi framboð með því að grípa í tæka tíð til aðgerða varðandi eftirspurn og kallar hún einnig á breytt atferli neytenda þannig að eftirspurn sé miðuð við að stýra notkuninni þannig að hún sé skilvirkari og umhverfisvænni, einkum í flutninga- og byggingageirunum, og að þróun nýrra og endurnýjanlegra orkugjafa verði forgangsverkefni til að bregðast við þeim vandamálum sem fylgja hnattrænni hlýnun.

- 6) Í ályktun sinni um grænbókina „Fram til evrópsks skipulags sem tryggir öruggar orkubirgðir“ <sup>(5)</sup>, tilgreindi Evrópuþingið að orkunýtni og orkusparnaður væri forgangsverkefni. Það hvatti til „skynsamlegrar“ stýringar orkunotkunar sem myndi gera efnahagskerfi Evrópu að hagkvæmasta hagkerfi heims með tilliti til orkunýtingar.

- 7) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um aðgerðaáætlun um orkunýtni í Evrópubandalaginu er kveðið á um að bæta skuli orkunýtni um 1% á ári í samanburði við töluna 0,6% sem samsvarar þeirri þróun sem skráð hefur verið á síðustu tíu árum. Náist það markmið er hægt að ná tveimur þriðju hlutum mögulegs orkusparnaðar fyrir árið 2010 en hann er metinn 18% af heildarnotkun. Í aðgerðaáætluninni eru gerðar

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 29. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 45.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 203 E, 27.8.2002, bls. 47.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 61, 14.3.2003, bls. 38.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 73, 26.3.2003, bls. 41.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. febrúar 2003 (Stjtið. EB C 64 E, 18.3.2003, bls. 13) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. maí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 16. júní 2003.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 140 E, 13.6.2002, bls. 543.

tillögur um lagalegar ráðstafanir og stuðningsaðgerðir. Framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar krefst einnig að komið verði á skilvirku fyrirkomulagi eftirlits og eftirfylgni.

- 8) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar sem ber yfirskriftina „Orka framtíðarinnar: endurnýjanlegir orkugjafar — hvítbók um skipulags- og aðgerðaáætlun Bandalagsins“ er mælt með því sett verði það viðmiðunarmarkmið að fyrir árið 2010 komi 12% heildarorkunotkunar í Bandalaginu frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Ráðið, í ályktun sinni frá 8. júní 1998 um endurnýjanlega orkugjafa<sup>(1)</sup>, og Evrópuþingið, í ályktun sinni um hvítbókina, lögðu áherslu á þörfina á verulegri og varanlegri aukningu á notkun endurnýjanlegra orkugjafa í Bandalaginu og studdi skipulags- og aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t. um að styrkja áætlanir um endurnýjanlega orkugjafa. Í aðgerðaáætluninni er kveðið á um ráðstafanir til eflingar og þróunar á endurnýjanlegum orkugjöfum. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd skipulags- og aðgerðaáætlunar Bandalagsins um endurnýjanlega orkugjafa (1998-2000) er bent á þær framfarir sem orðið hafa en lögð áhersla á að þörf er á frekara átaki, bæði á vettvangi Bandalagsins og innanlands, til að þessi markmið náist, einkum með nýrri löggjöf um endurnýjanlega orkugjafa og eflingu þeirra.

- 9) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka hlutdeild rafmagns sem er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum, á innri raforkumarkaði<sup>(2)</sup> er þess krafist að aðildarríkin setji innlend viðmiðunarmarkmið sem eru í samræmi við heildarmarkmið Bandalagsins um 12% af heildarorkunotkun innanlands fyrir 2010 og einkum í samræmi við að 22,1% af heildarrafmagnsnotkun í Bandalaginu skuli fyrir 2010 framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum.

- 10) Í ályktun um notkun endurnýjanlegra orkugjafa í ríkjum í Afríku, Karíbahafi og Kyrrahafi (ACP-ríkjum)<sup>(3)</sup>, sem samþykkt var á sameiginlegu þingi ACP- og ESB-landanna 1. nóvember 2001, var „framkvæmdastjórnin hvött til þess að gera sjálfbæra orkugjafa, einkum þá sem hafa mikla orkunýtni og endurnýjanlega orkugjafa, að forgangsverkefni í nýrri stefnu sinni í þróunarmálum“.

- 11) Með „lokaútgáfu framkvæmdaáætlunar“ frá fundi æðstu ráðamanna heims um sjálfbæra þróun, sem

samþykkt var 2. september 2002, skuldbinda undirritarríkin, þ.m.t. ESB, sig til að:

- auka verulega, á alþjóðavísu, hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samsetningu orkugjafa,
- jafna samkeppnisskilyrði endurnýjanlegra orkugjafa í samanburði við aðra orkugjafa,
- stuðla að auknum rannsóknum og þróun á endurnýjanlegum orkugjöfum, orkunýtni og tækni er tengist hreinna, hefðbundnara eldsneyti og
- útvega þróunarlöndum fjármagn til að þróa sérþekkingu á þessu sviði, þ.m.t. á endurnýjanlegum orkugjöfum, orkunýtni og tækni er tengist hreinna, hefðbundnara eldsneyti,

í þeim tilgangi að ná sjálfbærni.

- 12) „Framtaksverkefni um orkumál til útrýmingar á fátækt og til sjálfbærrar þróunar“, sem samstarf er um innan ESB og var komið á fót 1. september 2002, byggist á meiri orkunýtni og aukinni notkun endurnýjanlegra orkugjafa, og hafa mörg þróunarlönd og svæðisbundin samtök, sem og einkafyrirtæki og samfélagið allt, kynnt sér þetta framtaksverkefni en meginreglur þess og skipulag er sett fram í „Orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um samstarf við þróunarlönd á sviði orkumála“.

- 13) Þar eð margar ráðstafanir Bandalagsins varðandi orkunýtni, einkum merkingar raf- og rafeindabúnaðar, skrifstofu- og fjarskiptabúnaðar og stöðlun ljósa-, hitunar- og loftræstibúnaðar, eru ekki bindandi fyrir aðildarríkin er þörf á sérstökum áætlunum á vettvangi Bandalagsins til að skapa skilyrði til þess að ná takmarkinu um sjálfbær orkukerfi.

- 14) Sama á við um ráðstafanir Bandalagsins til að auka markaðssókn endurnýjanlegra orkugjafa, einkum stöðlun búnaðar til framleiðslu eða notkunar á endurnýjanlegum orkugjöfum.

- 15) Ákvörðun ráðsins 1999/21/EB, KBE frá 14. desember 1998 um samþykkt rammaáætlunar til margra ára á sviði orkumála (1998-2002) og skyldar ráðstafanir<sup>(4)</sup>, ákvarðanirnar um séráætlanir, nánar tiltekið ákvörðun ráðsins 1999/22/EB frá 14. desember 1998 um samþykkt áætlunar til margra ára um rannsóknir,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 198, 24.6.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 283, 27.10.2001, bls. 33.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 78, 2.4.2002, bls. 35.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 7, 13.1.1999, bls. 16.

greiningar, spár og skylda starfsemi á sviði orkumála (1998-2002) <sup>(1)</sup> — ETAP-áætlunin, ákvörðun ráðsins 1999/23/EB frá 14. desember 1998 um samþykkt rammaáætlunar til margra ára um að stuðla að alþjóðasamvinnu á sviði orkumála (1998-2002) <sup>(2)</sup> — SYNERGY-áætlunin, ákvörðun ráðsins 1999/24/EB, KBE frá 14. desember 1998 um samþykkt áætlunar til margra ára um tæknilegar aðgerðir til að stuðla að skilvirkri notkun hreins eldsneytis í föstu formi (1998-2002) <sup>(3)</sup> — CARNOT-áætlunin, ákvörðun ráðsins 1999/25/KBE frá 14. desember 1998 um samþykkt áætlunar til margra ára (1998-2002) um aðgerðir á sviði kjarnorku sem varða öruggan flutning geislavirkra efna, öryggisráðstafanir og samvinnu á sviði iðnaðar til að efla tiltekna öryggisþætti kjarnorkuvirkja í þeim löndum sem nú taka þátt í TACIS-áætluninni <sup>(4)</sup> — SURE-áætlunin, ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 646/2000/EB frá 28. febrúar 2000 um samþykkt áætlunar til margra ára um að efla endurnýjanlega orkugjafa í Bandalaginu (1998 til 2002) <sup>(5)</sup> — ALTENER-áætlunin, og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 647/2000/EB frá 28. febrúar 2000 um samþykkt áætlunar til margra ára um að bæta orkunýtni (1998 til 2002) <sup>(6)</sup> — SAVE-áætlunin, féllu úr gildi 31. desember 2002.

16) Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/21/EB, KBE, hefur framkvæmdastjórnin fengið óháða sérfræðinga til að annast mat af hálfu utanaðkomandi aðila á framangreindum rammaáætlunum og séráætlunum. Matsaðilarnir viðurkenna í skýrslu sinni mikilvægi ALTENER-, SAVE-, SYNERGY og ETAP-áætlana í tengslum við framkvæmd stefnu í orkumálum og skipulag Bandalagsins um sjálfbæra þróun. Þeir benda á að fjármagn skorti til þessara áætlana svo að sinna megi raunverulegum þörfum og leggja til að það verði aukið.

17) Réttlæt看legt þykir að auka fjármagn til að tryggja að áætlunin „Skynsamleg stýring orkunotkunar í Evrópu“ verði heildstæðari.

18) Með tilliti til stefnu Bandalagsins varðandi sjálfbæra þróun og niðurstöður matsins á rammaáætluninni skal gera ráðstafanir til að auka stuðning Bandalagsins á þeim sviðum orkumála þar sem unnið er að sjálfbærri þróun með því að flokka þau saman og setja í eina áætlun, „Skynsamleg stýring orkunotkunar í Evrópu“, með fjórum sérsviðum.

19) Mikilvægi stuðnings Bandalagsins við endurnýjanlega orkugjafa innan ramma ALTENER-áætlunarinnar á

tímabilinu 1993 til 2002 og árangur af honum réttlætir að í núverandi áætlun sé gert ráð fyrir sérsviði fyrir endurnýjanlega orkugjafa — ALTENER-áætlunin.

20) Aukin þörf á stuðningi Bandalagsins við rökrétta orkunotkun og góður árangur SAVE-áætlunarinnar á tímabilinu 1991 til 2002 réttlæta að í núverandi áætlun sé gert ráð fyrir sérsviði er varðar orkunýtni — SAVE-áætlunin.

21) Bætt orkunotkun í flutningsgeiranum, þ.m.t. að nota margar tegundir eldsneytis, þar sem nýir orkugjafar eru þróaðir, s.s. vetni og endurnýjanlegir orkugjafar, sem geta skipt miklu máli, er afar mikilvægur þáttur í aðgerðum Bandalagsins til að draga úr neikvæðum áhrifum flutningageirans á umhverfið. Þetta réttlætir að í áætluninni „Skynsamleg stýring orkunotkunar í Evrópu“ sé gert ráð fyrir sérsviði er varðar orkunotkun innan flutningageirans — STEER-áætlunin.

22) Meðal helstu forgangsverkefna Bandalagsins, með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum, er að stuðla að þróun bestu starfsvenja á sviði endurnýjanlegra orkugjafa og orkunýtni í Bandalaginu, og miðla þeim einkum til þróunarlandanna, ásamt því að styrkja samvinnu um beitingu sveigjanleikaákvæða Kýótóbókunarinnar. Til þess að tryggja að aðgerðum SYNERGY-áætlunarinnar fyrrverandi á framangreindum sviðum verði haldið áfram skal í þessari áætlun gera ráð fyrir sérsviði þar sem unnið er að því að efla endurnýjanlega orkugjafa og bæta orkunýtni innan ramma alþjóðlegrar samvinnu — COOPENER-áætlunin.

23) Miðlun verkunnáttu, bestu starfsvenja og niðurstaðna úr verkefnum, samræmi bæði innan áætlunarinnar og við stefnumál Bandalagsins, samfelldni í tengslum við yfirstandandi áætlanir, festa í reglum um þátttöku, nægilegur mannauður, svo og hröð framkvæmd ræður úrslitum um árangur áætlunarinnar „Skynsamleg stýring orkunotkunar í Evrópu“. Í þessu sambandi gætu innlendar, svæðisbundnar eða staðbundnar stofnanir haft miklu hlutverki að gegna og stuðlað að framkvæmd þessarar áætlunar í gegnum samsvarandi innlendar áætlanir.

24) Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða er mikilvægur þáttur í öllum áætlunum Bandalagsins og skal taka tillit til þeirra innan ramma áætlunarinnar „Skynsamleg stýring orkunotkunar í Evrópu“.

25) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir á meðan áætlunin varir og er grunn

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 7, 13.1.1999, bls. 20.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 7, 13.1.1999, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 7, 13.1.1999, bls. 28.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 7, 13.1.1999, bls. 31.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 79, 30.3.2000, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 79, 30.2.2000, bls. 6.

viðmiðun fyrir fjárveitingavaldið í skilningi 33. liðar samstarfssamningsins milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1999 um eftirlit með fjárlögum og bættu fjárlagagerð <sup>(1)</sup>.

ráðstafana á sviði orkumála og tengja þar með þessar ráðstafanir með skilvirkum hætti aðgerðum sem eru framkvæmdar samkvæmt öðrum stefnumiðum Bandalagsins og aðildarríkjanna.

26) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiðum fyrirhugaðrar áætlunar nægilega vel hvert í sínu lagi, að því er varðar framkvæmd stefnu Bandalagsins á sviðum orkumála sem stuðla að sjálfbærri þróun, þar sem þau krefjast kynningarherferðar og miðlunar, sem byggist á náninni samvinnu á evrópska vísu milli ýmissa aðila á lands-, svæðis- og staðarvísu sem betra er að vinna að þeim á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í fyrrnefndri grein.

27) Ákvæði þessarar ákvörðunar eru með fyrirvara um 87. og 88. gr. sáttmálans, einkum viðmiðunarreglur Bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar.

28) Samþykkinga ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(2)</sup>.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Áætlun til margra ára um aðgerðir á sviði orkumála: „Skynsamleg stýring orkunotkunar í Evrópu“, hér á eftir nefnd „þessi áætlun“, er hér með samþykkt fyrir tímabilið 2003 til 2006.

2. Þessi áætlun mun styrkja sjálfbæra þróun á sviði orkumála, með því að stuðla jafnt að því að almennu markmiðunum sem hér fara á eftir verði náð: öryggi orkugjafa, samkeppnishæfni og umhverfisvernd.

3. Markmiðið með þessari áætlun er einnig að ná efnahagslegri og félagslegri samheldni og leitast er við að auka gagnsæi, samræmi og fyllid allra aðgerða og annarra skyldra

##### 2. gr.

Sérstök markmið þessarar áætlunar eru sem hér segir:

- a) að leggja til forsendur sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að nýta betur orkuna, auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa og þróa fjölbreytilegar tegundir eldsneytis, t.d. með nýjum eða endurnýjanlegum orkugjöfum, einnig í flutningageiranum, auka sjálfbærni, þróa möguleika landsvæða, einkum afskekktustu svæða og eyja, og undirbúa lagaákvæði sem eru nauðsynleg til að ná þessum skipulagsmarkmiðum,
- b) að þróa aðferðir og tæki sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta notað til að fylgja eftir, hafa eftirlit með og meta áhrif ráðstafana, sem Bandalagið og aðildarríki þess hafa samþykkt á sviði orkunýtni og endurnýjanlegra orkugjafa, þ.m.t. orkunotkun innan flutningageirans,
- c) að stuðla að því að framleiðsla og notkun orku sé bæði skilvirk og skynsamleg og sé byggð á traustum og sjálfbærum grunni, með því að efla vitund fólks, einkum í gegnum menntakerfið, og stuðla að miðlun reynslu og verkkunnáttu meðal helstu aðila sem hlut eiga að máli, fyrirtækja og almennra borgara, með því að styðja aðgerðir sem ætlaðar eru til að auka fjárfestingar í nýrri tækni og hvetja til útbreiðslu bestu starfsvenja og bestu fánlegu tækni, sem og með kynningarstarfi á alþjóðlegum vettvangi.

##### 3. gr.

1. Í þessari áætlun eru fjögur sérsvið sem hér segir:

- a) SAVE- áætlunin varðar bættu orkunýtni og skynsamlega orkunotkun, einkum í byggingargeiranum og iðnaðargeiranum, þó ekki aðgerðir samkvæmt STEER-áætluninni, þ.m.t. undirbúningur lagaákvæða og beiting þeirra.
- b) ALTENER-áætlunin varðar eflingu nýrra og endurnýjanlegra orkugjafa fyrir miðlæga og dreifstýrða framleiðslu á raforku og hita og samþættingu þeirra við nánasta umhverfi og orkukerfi, þó ekki aðgerðir samkvæmt STEER-áætluninni, þ.m.t. undirbúningur lagaákvæða og beiting þeirra.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.



c) STEER-áætlunin varðar stuðning við framtaksverkefni í tengslum við alla orkunotkun innan flutningageirans, fjölbreytileika eldsneytis, t.d. með nýjum orkugjöfum í þróun, og endurnýjanlegum orkugjöfum, og að efla endurnýjanlegt eldsneyti og orkunýtni í flutningageiranum, þ.m.t. undirbúningur lagaákvæða og beiting þeirra.

d) COOPENER-áætlunin varðar stuðning við framtaksverkefni í tengslum við eflingu endurnýjanlegra orkugjafa og orkunýtni í þróunarlöndunum, einkum innan ramma samvinnu Bandalagsins við þróunarlönd í Afríku, Asíu, Rómönsku Ameríku og Kyrrahafi.

2. Hrinda má í framkvæmd „lykilaðgerðum“, sem eru framtaksverkefni sem sameina mörg framangreindra sérsviða og/eða tengjast sérstökum forgangsverkefnum Bandalagsins, t.d. sjálfbærri þróun á afskekktustu svæðum eins og skilgreind er í 2. mgr. 299. gr. sáttmálans.

#### 4. gr.

1. Fjármagn Bandalagsins innan ramma þessarar áætlunar skal renna til aðgerða eða verkefna innan hvers hinna fjögurra sérsviða og lykilaðgerða sem um getur í 3. gr., sem miða að því:

a) að stuðla að sjálfbærri þróun, öryggi orkugjafa innan ramma innri markaðarins, samkeppnishæfni og umhverfisvernd, þ.m.t. þróun staðla og merkinga- og vottunarkerfa, frjálssar langtímaskuldbindingar sem ákveðnar verða í samráði við iðnaðinn og aðra hagsmunaaðila, sem og spár, skipulegar rannsóknir á grundvelli sameiginlegra greininga og reglulegt eftirlit með markaðsþróun og tilhneigingu í orkugeiranum, þ.m.t. undirbúningur lagaákvæða eða endurskoðun gildandi löggjafar,

b) að byggja upp, auka við eða endurskipuleggja kerfi og tæki til þróunar sjálfbærrar orku, þ.m.t. staðbundið og svæðisbundið skipulag og stjórnun orkumála, og þróun viðunandi fjármálaafurða og markaðsgerninga,

c) að styðja við sjálfbær orkukerfi og -búnað til að flýta fyrir markaðssetningu þeirra og hvetja til fjárfestinga til að greiða fyrir ferlinu frá kynningu til markaðssetningar á skilvirkari tækni, þ.m.t. miðlun bestu starfsvenja og nýrrar þverfaglegar tækni, herferðir til vitundarvakningar og uppbygging stofnanakerfa, sem miða að því að koma í framkvæmd aðferðum við að þróa hreina orku, og sameiginleg framkvæmd Kýótó-bókunarinnar,

d) að þróa kerfi upplýsinga, menntunar og hjálfunar, að hagnýta niðurstöður, efla og miðla verkkunnáttu og bestu starfsvenjum að því er varðar alla neytendur, dreifa upplýsingum um árangur af aðgerðum og verkefnum og vinna með aðildarríkjunum í gegnum rekstrarnet á vettvangi Bandalagsins og alþjóða-vettvangi,

e) að fylgjast með framkvæmd framtaksverkefna Bandalagsins og áhrifunum af þeim, svo og með stuðningsráðstöfunum,

f) að meta áhrif aðgerða og verkefna sem eru fjármöggnuð samkvæmt áætluninni.

2. Samkvæmt þessari áætlun skal fjárstuðningur til aðgerða eða verkefna á sérsviðunum fjórum og til lykilaðgerða, sem um getur í 3. gr. ákvarðaður á grundvelli þess hver virðisaukinn af fyrirhugaðri aðgerð verður fyrir Bandalagið og veltur á þeim ávinningi og þeim áhrifum sem vænst er. Skulu lítil og meðalstór fyrirtæki og svæðis- eða staðarbundin framtaksverkefni njóta forgangs, eftir því sem við á.

Stuðningurinn má ekki fara yfir 50% af heildarkostnaði aðgerðarinnar eða verkefnisins og skal greiða afganginn úr opinberum eða einkareknum sjóðum, eða hvoru tveggja. Stuðningurinn getur hins vegar numið öllum kostnaði við sumar aðgerðir eins og rannsóknir, dreifingu upplýsinga um niðurstöður úr verkefnum og aðrar aðgerðir við að undirbúa, bæta við, hrinda í framkvæmd og meta árangur ráðstafana Bandalagsins við skipulags- og stefnumótun og allra ráðstafana sem framkvæmdastjórnin hefur lagt fram til að hvetja til miðlunar reynslu og verkkunnáttu til að bæta samvinnu milli framtaksverkefna á vettvangi Bandalagsins, innanlands, á alþjóðavettvangi og annarra framtaksverkefna.

Bandalagið skal greiða allan kostnað við aðgerðir eða verkefni sem ráðist er í að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar og eru tilgreind sem slík skv. b-lið 2. mgr. 5. gr.

3. Til þess að stuðla að dreifingu upplýsinga um niðurstöður úr verkefnum skal framkvæmdastjórnin gera skýrslur um aðgerðir og verkefni aðgengilegar, á rafrænu formi ef við á.

#### 5. gr.

1. Innan sex mánaða frá samþykkt þessarar ákvörðunar skal framkvæmdastjórnin gera vinnuáætlun að höfðu samráði við nefndina sem um getur í 1. mgr. 8. gr. Þessi vinnuáætlun skal byggð á meginreglunum í 1. gr. (2. mgr.), 2., 3. og 4. gr. Hún skal undirbúin og uppfærð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr.

2. Í vinnuáætluninni skal eftirfarandi koma fram:

- a) Viðmiðunarreglurnar um hvert sérsviðanna og lykilaðgerðirnar, sem um getur í 3. gr., til framkvæmdar markmiðunum og þeim forgangsverkefnum, sem mælt er fyrir um í 1. gr. (2. mgr.), 2., 3. og 4. gr., með hliðsjón af því hver virðisauki Bandalagsins verður af öllum þeim ráðstöfunun sem eru fyrirhugaðar samanborið við núgildandi ráðstafanir.
- b) Fyrirkomulag við framkvæmd og skal greina á milli fyrirhugaðra aðgerða sem ráðist er í að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar annars vegar og aðgerða að frumkvæði viðkomandi geira og/eða markaðar hins vegar, sem og fyrirkomulag við fjármögnun svo og reglur um hverjir geti tekið þátt og með hvaða hætti.
- c) Viðmiðanir við val, sem endurspegla markmiðin sem um getur í þessari ákvörðun, og fyrirkomulag um hvernig þeim skuli beitt í hverri aðgerð, sem og aðferðir og tæki til að hafa eftirlit með og hagnýta niðurstöður aðgerðanna og/eða verkefnanna, þ.m.t. skilgreiningar á árangursvísibendum.
- d) Leiðbeinandi tímaáætlun um framkvæmd vinnuáætlunarinnar, einkum að því er varðar efni auglýsinga eftir tillögum.
- e) Nákvæmar reglur um samræmingu og tengsl við núgildandi stefnumið Bandalagsins. Ákvarða skal með hvaða hætti skuli þróa aðgerðir og hrinda þeim í framkvæmd í samræmi við aðgerðir aðildarríkjanna á sviði sjálfbærrar orku. Markmiðið er að skapa virðisauka í samanburði við þær ráðstafanir sem hvert aðildarríki um sig gerir. Með þessum ráðstöfunum verður hægt að ná fram ákjósanlegri samsetningu ýmissa úrræða sem bæði Bandalagið og aðildarríkin ráða yfir.
- f) Ef nauðsyn krefur, hagnýtar ráðstafanir til að hvetja afskekktustu svæðin og jaðarsvæði, þ.m.t. eyjur, og einnig lítil og meðalstór fyrirtæki til þátttöku í áætluninni.

Í áætluninni ber að hafa hliðsjón af reglum Bandalagsins um opinberan aðgang að upplýsingum, gagnsæi og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.

6. gr.

1. Fjárhagsrammi fyrir framkvæmd áætlunarinnar er 200 milljónir evra á tímabilinu 2003 til 2006.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

Setja skal fram leiðbeinandi viðmiðunarfjárhæðir fyrir hvert sérsvið. Leiðbeinandi skiptingu þessarar fjárhæðar er að finna í viðaukanum. Úthlutun fjármagns til mismunandi sviða skal vera sveigjanleg til að hægt sé að mæta betur breytilegum þörfum geirans; henni má breyta að fengnu samþykki nefndarinnar sem um getur í 8. gr.

2. Mæla skal fyrir um tilhögun fjárstuðnings Bandalagsins til aðgerða sem ráðist er í samkvæmt þessari áætlun í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerð sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>.

7. gr.

Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á framkvæmd þessarar áætlunar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um 2. mgr. 8. gr.

8. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

9. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal annast árlegt mat á framvindu áætlunarinnar og aðgerðanna sem ráðist er í á sérsviðunum fjórum og lykilaðgerða sem um getur í 3. gr. og skal gefa Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópu og svæðanefndinni skýrslu um það.

2. Við lok annars árs gildistíma áætlunarinnar og, í öllu falli, áður en lagðar eru fram tillögur um nýjar áætlanir skal framkvæmdastjórnin láta utanaðkomandi einstaklinga gera mat á heildarframkvæmd aðgerða Bandalagsins samkvæmt þessari áætlun og skal hún draga ályktanir af því. Óháðir sérfræðingar skulu vinna matið. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og svæðanefndinni niðurstöður sínar varðandi matið, þ.m.t., ef við á, allar breytingar á núverandi áætlun, einkum með tilliti til stækkunar, áður en hún leggur fram tillögur um hana eða tillögur að nýrri áætlun.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

## 10. gr.

1. Með fyrirvara um 2. og 3. mgr. er öllum lögaðilum, opinberum eða einkaaðilum, með staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna frjálst að taka þátt í þessari áætlun.

2. Umsóknarlöndunum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í aðildarsamningum Evrópusambandsins, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða, á grundvelli viðkomandi tvíhliða samninga.

3. Á sama hátt er EFTA-löndunum innan EES frjálst að taka þátt í áætluninni á grundvelli viðbótarsjóða og í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við þau.

## 11. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

## 12. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. júní 2003.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. TSOCHATZOPOULOS

*forseti.*

## VIÐAUKI

**Viðmiðunarúthlutun nauðsynlegrar, áætlaðrar fjárhæðar <sup>(1)</sup>**

<i>milljónir evra</i>	
Aðgerðasvið	2003-2006
1. Bætt orkunýtni og skynsamleg orkunotkun	69,8
2. Nýir og endurnýjanlegir orkugjafar og fjölbreytt orkuvinnsla	80
3. Orkuþættir innan flutningageirans	32,6
4. Aukin notkun endurnýjanlegra orkugjafa og orkunýtni á alþjóðavettvangi, einkum í þróunarlöndunum	17,6
Samtals	200 <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup>

<sup>(1)</sup> Þessi úthlutun er til viðmiðunar. Úthlutun fjármagns af fjárlögum er breytileg milli sviða til að hægt sé að mæta betur breytilegum þörfum geirans.

<sup>(2)</sup> Gera má ráð fyrir viðbótarframlagi, þar sem tekið er tillit til nýrra aðildarríkja, stærðar þeirra og sérstakra þarfa, frá og með árinu 2004 vegna stækkunar Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin getur lagt til að framlagið nemi a.m.k. 50 milljónum evra.

<sup>(3)</sup> Fjárveitingavaldið getur ákveðið fjárlög fyrir framkvæmdaraðila sem hundraðshluta af heildarfjáruðhlutun áætlunarinnar.

<b>2005/EES/58/23</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum . . . . .	133
<b>2005/EES/58/24</b>	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/20/EB frá 8. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/671/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta í ökutækjum innan við 3,5 tonn . . . . .	137
<b>2005/EES/58/25</b>	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/26/EB frá 3. apríl 2003 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB að því er varðar hraðatakmarkara og útblástur frá atvinnuökutækjum . . . . .	142
<b>2005/EES/58/26</b>	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa . . . . .	146
<b>2005/EES/58/27</b>	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/24/EB frá 14. apríl 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 98/18/EB um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip. . . . .	166
<b>2005/EES/58/28</b>	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip. . . . .	170
<b>2005/EES/58/29</b>	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu . . . . .	181
<b>2005/EES/58/30</b>	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2003 frá 16. janúar 2003 um notkun upplýsinga úr öðrum heimildum en tölfræðilegum könnunum og fresti til að skila niðurstöðum könnunar 2003 á framleiðsluskipan á bújörðum . . . . .	195
<b>2005/EES/58/31</b>	Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/453/EB frá 30. maí 2001 um það hvernig skuli færa, meta og gefa upplýsingar um umhverfismál í ársreikningum og ársskýrslum félaga. . . . .	198
<b>2005/EES/58/32</b>	Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2367/2002/EB frá 16. desember 2002 um hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2003 til 2007 . . . . .	208
<b>2005/EES/58/33</b>	Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1230/2003/EB frá 26. júní 2003 um samþykkt áætlunar til margra ára um aðgerðir á sviði orkumála: „Skynsamleg stýring orkunotkunar í Evrópu“ (2003 — 2006) . . . . .	235

### **3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

#### **4. Ráðgjafarnefnd EES**

## **II EFTA-STOFNANIR**

### **1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

### **2. Eftirlitsstofnun EFTA**

### **3. EFTA-dómstóllinn**

## **III EB-STOFNANIR**

### **1. Ráðið**

### **2. Framkvæmdastjórnin**

### **3. Dómstóllinn**